
	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2022/EES/68/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA Nr. 029/22/COL frá 9. febrúar 2022 um breytingu á efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldar eru inn nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2022/EES/68/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10790 – SALIC/OLAM/OLAM AGRI) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ...	95
2022/EES/68/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10800 – AHLSELL/SANISTAL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	96
2022/EES/68/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10892 – APOLLO/HINES/VI-BA/AEDES) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	97
2022/EES/68/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10906 – INFRAVIA/LIBERTY GLOBAL/TELEFÓNICA/OPAL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	98
2022/EES/68/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10910 – MACQUARIE/ABERDEEN/AIP/CERTAIN MÁSMÓVIL ASSETS) Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	99
2022/EES/68/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10925 – BNP PARIBAS/TERBERG BUSINESS LEASE GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	100

2022/EES/68/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10928 – ICI/BENVIC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	101
2022/EES/68/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10953 – ADD/TOTALENERGIES/TOTAL EGYPT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	102
2022/EES/68/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10347 – SYNTHOS/TRINSEO (SYNTHETIC RUBBER BUSINESS))	103
2022/EES/68/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10612 – NIS/HIPP)	103
2022/EES/68/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10660 – MONTAGU/HG/WAYSTONE/KB ASSOCIATES)	104
2022/EES/68/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10725 – SK CAPITAL PARTNERS/POLYMER ADDITIVES HOLDINGS)	104
2022/EES/68/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10819 – OMERS/APG/GROENDUS)	105
2022/EES/68/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10826 – GOLDMAN SACHS/NORGINE)	105
2022/EES/68/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10852 – 3D SYSTEMS/DUSSUR/JV)	106
2022/EES/68/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10863 – HANWHA Q CELLS/ENERCITY/LYNQTECH)	106
2022/EES/68/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10864 – AGC GLASS EUROPE/INTERPANE)	107
2022/EES/68/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10870 – CAPVEST/NATRA)	107
2022/EES/68/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10898 – PLATINUM EQUITY GROUP/HOP LUN)	108
2022/EES/68/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10902 – FEV CONSULTING/MI SUBISHI CORPORATION/JV)	108
2022/EES/68/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10909 – KFW/NEDERLANDSE GASUNIE/JV)	109
2022/EES/68/23	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti sem gilda frá 1. nóvember 2022	110
2022/EES/68/24	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	111

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2022/EES/68/01

Nr. 029/22/COL frá 9. febrúar 2022

um breytingu á efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldar eru inn nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA („ESA“) HEFUR,

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr.,

bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 1. mgr. 1. gr. I hluta,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skv. 24. gr. samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að framfylgja ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber ESA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um málefni á sviði EES-samningsins ef samningurinn eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um það, eða ESA álitur það nauðsynlegt.

Skv. 1. mgr. 1. gr. í I hluta bókunar 3, ber Eftirlitsstofnun EFTA að hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í EFTA-ríkjunum⁽¹⁾ og leggja til viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun og framkvæmd EES-samningsins.

Leiðbeiningar ESA um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014-2020 („leiðbeiningar ESA 2014-2020“)⁽²⁾, með áorðnum breytingum⁽³⁾, voru í gildi til 31. desember 2021.

Leiðbeiningar ESA 2014-2020 samsvara leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð sem veitt er til umhverfisverndar og orkumála 2014-2020 („leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar 2014-2020“)⁽⁴⁾. Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar 2014-2020, með áorðnum breytingum⁽⁵⁾, voru í gildi til 31. desember 2021.

(1) Í b-lið 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól er skýrt frá því að „hugtakið „EFTA-ríki“ vísi til lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og, í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. bókunar um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Furstaðæmisins Liechtenstein“.

(2) Ákvörðun ESA nr. 301/14/COL frá 16. júlí 2014 um nítugustu og áttundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella inn nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til umhverfisverndar og orkumála 2014-2020, Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2015, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 30, 28.5.2015, bls. 1.

(3) Ákvörðun ESA nr. 90/20/COL frá 15. Júlí 2020 um hundruðustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að breyta og framlengja tilteknar leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð. Stjtíð. ESB L 359, 29.10. 2020, bls. 16-19 og EES-viðbætur nr. 68, 29.10.2020, bls. 4.

(4) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar — leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til umhverfisverndar og orkumála 2014–2020. Stjtíð. ESB C 200, 28.6.2014, bls. 1.

(5) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar framlengingu og breytingar á leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til þess að örva áhættufjárfestingar, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014-2020, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum, orðsendingu um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins, orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – rammi um ríkisaðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar og orðsendingu frá framkvæmdastjórninni tilaðildarríkjanna um beitingu 107. gr. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar skammtímaútlutningsláantryggingar. 2020/C 224/02. Stjtíð. ESB C 224, 8.7.2020, bls. 2-4.

Frákvæmdastjórnin samþykkti hinn 27. janúar 2022 leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022 (“leiðbeiningarnar 2022”) ⁽⁶⁾.

Leiðbeiningarnar 2022 varða einnig Evrópska efnahagssvæðið („EES“).

Tryggja ber samræmda beitingu á EES-reglum um ríkisaðstoð hvarvetna á EES-svæðinu, í samræmi við einsleitnimarkmiðið sem sett er fram í 1. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt II. mgr. undir yfirskriftinni „ALMENNT“ í XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Leiðbeiningarnar 2022 geta vísað til tiltekinna stjórnþækja Evrópusambandsins og til tiltekinna reglugerða Evrópusambandsins sem hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn. ESA mun, í því skyni að tryggja samræmda beitingu ákvæða um ríkisaðstoð og jöfn samkeppnisskilyrði á EES-svæðinu, almennt beita sömu viðmiðum og framkvæmdastjórnin við mat á samræmi aðstoðar við framkvæmd EES-samningsins.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórnina.

Samráð hefur verið haft við EFTA-ríkin,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

- (1) Efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar er breytt með því að fella inn nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022. Leiðbeiningarnar 2022 fylgja í viðauka við þessa ákvörðun og eru óaðskiljanlegur hluti hennar.
- (2) Ákvæðum þessara leiðbeininga verður beitt í mati ESA á því hvort tilkynningarskyld aðstoð á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála, sem úthlutað er eða fyrirhugað er að úthluta frá 9. febrúar 2022, er samrýmanleg innri markaðnum. Aðstoð sem veitt hefur verið með ólögnum hætti verður metin í samræmi við reglurnar sem í gildi voru þegar aðstoðin var veitt.

2. gr.

ESA beitir leiðbeiningunum, m.a. en ekki einvörðungu, með eftirfarandi aðlögunartexta eftir því sem við á:

- (a) ef vísað er til „aðildarríkis/aðildarríkja“, túlkar ESA það sem vísun til „EFTA-ríkis/rikja“ ⁽⁷⁾, eða þar sem við á „EES-ríkis/rikja“;
- (b) ef vísað er til „framkvæmdastjórnar ESB“, túlkar ESA það, eftir því sem við á, sem vísun til „Eftirlitsstofnunar EFTA“.
- (c) ef vísað er til „sáttmálans“ eða „sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“, túlkar ESA það sem vísun til „EES-samningsins“;
- (d) Ef vísað er til „reglna Sambandsins um ríkisaðstoð“, túlkar ESA það sem vísun til „EES-reglna um ríkisaðstoð“.
- (e) ef vísað er til 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða undirkafla þeirrar greinar, túlkar ESA það sem vísun til 61. gr. EES-samningsins eða samsvarandi undirkafla þeirrar greinar;
- (f) ef vísað er til 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða undirkafla þeirrar greinar, túlkar ESA það sem vísun til 1. gr. í I. hluta bókunar 3. við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól eða samsvarandi undirkafla þeirrar greinar;
- (g) ef vísað er til reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 ⁽⁸⁾, túlkar ESA það sem vísun til II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól;

⁽⁶⁾ C(2022) 481 lokaútgáfa, leiðbeiningarnar hafa enn ekki verið birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

⁽⁷⁾ „EFTA-ríkin“ vísar til Íslands, Liechtenstein og Noregs.

⁽⁸⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9).

- (h) ef vísað er til reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 ⁽⁹⁾, túlkar ESA það sem tilvísun í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL;
- (i) ef vísað er til orðalagsins „samrýmist/samrýmist ekki sameiginlega markaðnum“, túlkar ESA það sem „samrýmist/samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins“;
- (j) ef vísað er til orðalagsins „innan (eða utan) Sambandsins“, túlkar ESA það sem „innan (eða utan) EES“;
- (k) ef vísað er til „viðskipta innan Sambandsins“, túlkar ESA það sem vísun til „viðskipta innan EES“;
- (l) ef leiðbeiningarnar setja fram að þær muni gilda um „allar atvinnugreinar“, beitir ESA þeim um „allar atvinnugreinar sem falla undir EES-samninginn“;
- (m) ef vísað er til orðsendinga framkvæmdastjórnarinnar, tilkynninga eða leiðbeinandi reglna, túlkar ESA það sem vísun til samsvarandi leiðbeinandi reglna ESA.

3. gr.

Eftirfarandi kemur í stað 468. liðar leiðbeinandi reglnanna:

„ESA leggur til eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir við EFTA-ríkin í samræmi við 1. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

- a) Stjórnvöld EFTA-ríkjanna geri, eigi síðar en 31. desember 2023, þær breytingar á gildandi aðstoðarkerfum á sviði umhverfisverndar og orkumála sem nauðsynlegar teljast til að þau samræmist ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna.
- b) EFTA-ríkin gefi til kynna skýrt og fyrirvaralaust samþykki sitt við þeim ráðstöfunum sem hér eru lagðar til fyrir 11. apríl 2022. Berist ekki svar mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt tillöguna.“

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Arne Røksund

forseti

stjórnarmaður sem fer með málaflökkinn

Árni Páll Árnason

stjórnarmaður

Stefan Barriga

Stjórnarmaður

Melpo-Menie Joséphidès

meðáritar sem deildarstjóri

lagaskrifstofu

VIÐAUKI: Orðsending framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (C(2022) 481 lokaútgáfa):

Leiðbeiningar um ríkisaðstoð á sviði loftslags, umhverfisverndar og orkumála 2022 (skjal nr. 1266066) og I. og II. viðaukar þeirra (skjal nr. 1266067).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1589 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

ORÐSENDING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022

1.	INNGANGUR.....	8
2.	GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR.....	9
2.1	Gildissvið.....	9
2.2	Aðstoðarráðstafanir sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur	10
2.3	Kaflaskipting.....	11
2.4	Skilgreiningar	11
3.	MAT Á ÞVÍ HVORT AÐSTOÐ GETUR TALIST SAMRÝMANLEG INNRI MARKAÐNUM MEÐ VÍSAN TIL STAFL. C) Í 3. MGR. 107. GR. SÁTTMÁLANS.....	22
3.1	Jákvætt skilyrði: aðstoðin greiði fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi	23
3.1.1	<i>Hvaða atvinnustarfsemi nýtur góðs af ráðstöfuninni, hvort hún er gagnleg samfélaginu í heild og (eftir því sem við á) hvort hún þjónar tilteknum stefnumiðum sambandsins</i>	23
3.1.2	<i>Hvamingaráhrif.....</i>	23
3.1.3	<i>Aðstoðin hafi ekki í för með sér brot á neinu ákvæði sambandslöggjafar á þessu sviði</i>	24
3.2	Neikvætt skilyrði: aðstoðarráðstöfunin spilli ekki viðskiptaskilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkjanna.....	24
3.2.1	<i>Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst.....</i>	24
3.2.1.1	Aðstoðin sé nauðsynleg	24
3.2.1.2	Aðstoð sé heppilegt úrræði	26
1.1.1.1.1	<i>Heppilegasta stjórn tækið sé notað</i>	26
1.1.1.1.2	<i>Heppilegasta aðstoðarúrræðið sé notað</i>	27
3.2.1.3	Meðalhóf.....	27
1.1.1.1.3	<i>Uppsöfnun.....</i>	29
3.2.1.4	Gagnsæi.....	29
3.2.2	<i>Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti.....</i>	30
3.3	Metið hvort jákvæð áhrif aðstoðar vega þyngra en neikvæð áhrif hennar á samkeppni og milliríkjavíðskipti.....	31
4.	TEGUNDIR AÐSTOÐAR.....	32
4.1	Aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa, þar á meðal stuðningur til nýtingar endurnýjanlegrar orku og til að auka orkunýtni.....	32
4.1.1	<i>Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....</i>	33
4.1.2	<i>Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....</i>	33
4.1.2.1	Aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orku gjafa	33
4.1.2.2	Önnur aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa og til að auka orkunýtni.....	33
4.1.3	<i>Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst.....</i>	34
4.1.3.1	Aðstoðin sé nauðsynleg	34
4.1.3.2	Aðstoð sé heppilegt úrræði	34
4.1.3.3	Styrkhæfi.....	35
4.1.3.4	Opinbert samráð.....	36
4.1.3.5	Meðalhóf.....	37
4.1.4	<i>Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat</i>	39
4.2	Aðstoð til að auka orkunýtni og umhverfishæfi húsnaðis	43
4.2.1	<i>Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....</i>	43
4.2.2	<i>Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....</i>	43

4.2.3	<i>Hvatningaráhrif</i>	44
4.2.4	<i>Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst</i>	44
4.2.4.1	Aðstoð sé heppilegt úrræði	44
4.2.4.2	Meðalhóf.....	44
4.2.4.3	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	45
4.3	Aðstoð til að draga úr mengun frá samgöngum	46
4.3.1	<i>Aðstoð til kaupa og leigu á lítt mengandi farartækjum og lítt mengandi færanlegum þjónustutækjum og til endurbóta á farartækjum og færanlegum þjónustutækjum í sama tilgangi</i>	46
4.3.1.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	46
4.3.1.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	47
4.3.1.3	Hvatningaráhrif	47
4.3.1.4	Milliríkjaviðskiptum og samkeppni sé raskað sem minnst.....	48
1.1.1.1.4	<i>Aðstoð sé heppilegt úrræði</i>	48
1.1.1.1.5	<i>Meðalhóf</i>	48
4.3.1.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	49
4.3.2	<i>Aðstoð til uppbyggingar á hleðslu- eða eldsneytisstöðvum</i>	50
4.3.2.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	50
4.3.2.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	51
4.3.2.3	Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst.....	51
1.1.1.1.6	<i>Aðstoðin sé nauðsynleg</i>	51
1.1.1.1.7	<i>Aðstoð sé heppilegt úrræði</i>	51
1.1.1.1.8	<i>Meðalhóf</i>	51
4.3.2.4	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	53
4.4	Aðstoð til að ná fram góðri auðlindanýtingu og styðja umskipti yfir til hringrásarhagkerfis	54
4.4.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	54
4.4.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	55
4.4.3	Hvatningaráhrif.....	56
4.4.4	<i>Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst</i>	57
4.4.4.1	Aðstoðin sé nauðsynleg	57
4.4.4.2	Aðstoð sé heppilegt úrræði	57
4.4.4.3	Meðalhóf.....	57
4.4.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti.....	59
4.5	Aðstoð til að fyrirbyggja eða takmarka mengun, aðra en losun gróðurhúsagasa	59
4.5.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	59
4.5.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	60
4.5.3	Hvatningaráhrif.....	60
4.5.4	<i>Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst</i>	60
4.5.4.1	Aðstoðin sé nauðsynleg	60
4.5.4.2	Meðalhóf.....	61
4.5.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti.....	61
4.6	Aðstoð til að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra	62
4.6.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	62
4.6.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	62

4.6.3	Hvatningaráhrif.....	63
4.6.4	Meðalhóf.....	64
4.7	Aðstoð sem fólgin er í lækkun skatta eða gjalda.....	64
4.7.1	Aðstoð sem fólgin er í lækkun umhverfisskatta og umhverfisgjalda.....	64
4.7.1.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	64
4.7.1.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	64
4.7.1.3	Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst.....	65
1.1.1.1.9	Aðstoðin sé nauðsynleg.....	65
1.1.1.1.10	Aðstoð sé heppilegt úrræði.....	66
1.1.1.1.11	Meðalhóf.....	66
4.7.2	Aðstoð í umhverfisverndarskyni sem fólgin er í lækkun skatta eða gjalda.....	66
4.7.2.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	66
4.7.2.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	67
4.7.2.3	Hvatningaráhrif.....	67
4.7.2.4	Meðalhóf.....	67
4.7.2.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti..	67
4.8	Aðstoð til að tryggja afhendingaröryggi raforku.....	68
4.8.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	68
4.8.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	68
4.8.3	Hvatningaráhrif.....	68
4.8.4	Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst.....	68
4.8.4.1	Aðstoðin sé nauðsynleg.....	69
4.8.4.2	Aðstoð sé heppilegt úrræði.....	70
4.8.4.3	Styrkhæfi.....	70
4.8.4.4	Opinbert samráð.....	71
4.8.4.5	Meðalhóf.....	72
4.8.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	73
4.9	Aðstoð vegna framkvæmda við orkumannvirki.....	74
4.9.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	74
4.9.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	76
4.9.3	Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst.....	76
4.9.3.1	Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði.....	76
4.9.3.2	Meðalhófs gætt við úthlutun aðstoðar.....	77
4.9.4	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	77
4.10	Aðstoð vegna framkvæmda við hita- og kæliveitur.....	77
4.10.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	78
4.10.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	78
4.10.3	Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði.....	79
4.10.4	Meðalhófs sé gætt við úthlutun aðstoðar.....	79
4.10.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat	79
4.11	Aðstoð sem fólgin er í afslætti af raforkugjöldum stórnotenda raforku.....	80
4.11.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð.....	80
4.11.2	Gildissvið: Gjöld sem heimilt er að veita afslátt af.....	81
4.11.3	Samkeppni og milliríkjaviðskiptum sé raskað sem minnst.....	81
4.11.3.1	Styrkhæfi.....	81

4.11.3.2	Meðalhófs sé gætt við úthlutun aðstoðar	82
4.11.3.3	Tegund ríkisaðstoðar	82
4.11.3.4	Orkuúttekt og stjórnunarkerfi.....	82
4.11.3.5	Reglur til bráðabirgða	83
4.12	Aðstoð vegna lokunar orkuvera sem brenna kolum, mó eða leirsteinsolíu og námarekstrar sem tengist vinnslu kola, mós eða leirsteinsolíu	84
4.12.1	<i>Aðstoð til að hætta arðbærri kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi fyrr en áætlað var</i>	84
4.12.1.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	84
4.12.1.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	85
4.12.1.3	Hvatningaráhrif	85
4.12.1.4	Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði	85
4.12.1.5	Meðalhóf	85
4.12.1.6	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti..	86
4.12.2	<i>Aðstoð vegna sérstaks kostnaðarauka sem til fellur þegar ósamkeppnishæf kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi er lögð niður</i>	86
4.12.2.1	Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð	86
4.12.2.2	Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja.....	86
4.12.2.3	Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði	86
4.12.2.4	Aðstoð hafi hvatningaráhrif og sé veitt í samræmi við meðalhóf	86
4.12.2.5	Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti..	87
4.13	Aðstoð til að stunda rannsóknir eða veita ráðgjafarþjónustu á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála	87
4.13.1	<i>Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja</i>	87
4.13.2	<i>Hvatningaráhrif</i>	88
4.13.3	<i>Meðalhóf</i>	88
5.	MAT	88
6.	SKÝRSLUGJÖF OG VÖKTUN	89
7.	NÁNAR UM GILDISSVIÐ REGLANNA.....	89
8.	ENDURSKOÐUN.....	90

1. INNGANGUR

1. Framkvæmdastjórnin hefur gert Grænan samfélagssáttmála Evrópu að sérstöku pólitísku áherslumáli með það að markmiði að breyta Evrópusambandinu í samfélag sem byggist á sanngirni og hagsæld, býr að nútímalegu og samkeppnishæfu hagkerfi með skilvirkri auðlindanýtingu, nær hlutleysi í losun gróðurhúsagasa fyrir árið 2050 og nýtur hagvaxtar sem er ekki háður auðlindanýtingu, á þann hátt að enginn verði útundan. Markmið framkvæmdastjórnarinnar á sviði loftslagsmála voru styrkt árið 2019 með útgáfu orðsendingarinnar um Grænan samfélagssáttmála Evrópu ⁽¹⁾ og er nú stefnt að því að engin nettólosun gróðurhúsagasa eigi sér stað árið 2050. Til að tryggja sanngirni, umhverfisvernd og hagsæld í þeirri viðleitni að gera efnahagskerfi okkar og samfélag kolefnishlutlaust fyrir árið 2050 hefur framkvæmdastjórnin einnig lagt til að dregið verði úr losun gróðurhúsagasa þannig að hún verði orðin að minnsta kosti 55% minni árið 2030 en var árið 1990 ⁽²⁾. Þessi háleitu markmið hafa verið lögfest í loftslagslögum Evrópusambandsins (European Climate Law) ⁽³⁾.
2. Til að stuðla að þessum markmiðum hafa nokkur lagafrumvörp verið lögð fram undir heitinu „55%-pakkinn“ („Fit for 55“) ⁽⁴⁾ og er þeim ætlað að gera sambandinu kleift að ná loftslagshlutleysi árið 2050.
3. Leggja þarf mikið af mörkum og veita fullnægjandi stuðning ef takast á að ná settum markmiðum um loftslagshlutleysi, aðlögun að loftslagsbreytingum, skilvirka auðlinda- og orkunýtingu og framfylgd reglunnar um „orkunýtni í fyrirrumi“, hringrásarhugsun, mengunarlaysi og endurheimt líffjölbreytni og að fylgja grænu umskiptunum í höfn. Til að ná því takmarki sem sett er í orðsendingunni um Grænan samfélagssáttmála Evrópu þarf að leggja í miklar fjárfestingar, meðal annars í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Það er mat framkvæmdastjórnarinnar að til að ná fyrir árið 2030 þeim aukna árangri á sviði loftslags-, orku- og samgöngumála sem nýlega hefur verið ákveðinn verði árleg fjárframlög að aukast um 390 milljarða evra frá því sem var árin 2011–2020 ⁽⁵⁾, en við það bætast 130 milljarðar evra sem áður hefur verið áætlað að nauðsynlegt sé að verja á hverju ári vegna annarra umhverfis-markmiða ⁽⁶⁾. Þessi gríðarlega fjárfestingarþörf veldur því að framlög þurfa að koma bæði frá einkageiranum og hinu opinbera og tryggja þarf að þau verði nýtt á hagkvæman hátt. Áhrifin af þessu ná til allra greina atvinnulífsins og þar með Evrópusambandsins í heild.
4. Samkeppnisreglur, og þá einkum reglur um ríkisaðstoð, hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að framfylgja stefnumálum Græns samfélagssáttmála. Í orðsendingunni um Grænan samfélagssáttmála Evrópu er sérstaklega tekið fram að ríkisaðstoðarreglurnar verði endurskoðaðar til að tryggja að tekið sé mið af þeim stefnumálum, hagkvæmni og sanngirni ráði ferð í umskiptunum til loftslagshlutleysis og horfið verði smám saman frá notkun jarðefnaeldsneytis, auk þess að búa fyrirtækjum jöfn samkeppnisskilyrði á innri markaðnum. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar endurspeglast í þessum leiðbeinandi reglum.
5. Til að koma í veg fyrir að ríkisaðstoð raski, eða sé til þess fallin að raska, samkeppni á innri markaðnum og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna er sú almenna regla sett í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að óheimilt sé að veita ríkisaðstoð. Slík aðstoð getur þó talist samrýmanleg innri markaðnum í vissum tilvikum samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.
6. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er skylt að tilkynna alla ríkisaðstoð í samræmi við 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að frátöldum ráðstöfunum sem fullnægja skilyrðum reglugerðar sem framkvæmdastjórnin hefur sett um hópundanþágu í samræmi við 1. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) 2015/1588 ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „The European Green Deal“, COM(2019) 640 lokaútg.

⁽²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Stepping up Europe’s 2030 climate ambition – Investing in a climate-neutral future for the benefit of our people“, COM(2020) 562 lokaútg.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um rammaákvæði er varða aðgerðir til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingar á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 [óstaðf. þýð.] (Stjttíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1.)

⁽⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Fit for 55’: delivering the EU’s 2030 Climate Target on the way to climate neutrality“, COM(2021) 550 lokaútg.

⁽⁵⁾ https://ec.europa.eu/info/sites/default/files/amendment-renewable-energy-directive-2030-climate-target-with-annexes_en.pdf

⁽⁶⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, Seðlabanka Evrópu, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „The EU economy after COVID-19“: implications for economic governance“, COM(2021) 662 lokaútg.

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar (Stjttíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1).

7. Í þessum leiðbeinandi reglum er gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdastjórnin hyggst meta hvort ráðstafanir sem gerðar eru í umhverfisverndarskyni, þar á meðal til verndar loftslaginu, og á sviði orkumála og skylt er að tilkynna samkvæmt stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans teljast samrýmanlegar innri markaðnum. Þegar hugtakið „umhverfisvernd“ er notað í þessum leiðbeinandi reglum ber að túlka það sem svo að átt sé við umhverfisvernd sem taki einnig til loftslagsverndar.
8. Samkvæmt ákvæði stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans er heimilt að lýsa aðstoðarráðstöfun samrýmanlega reglum innri markaðarins að því tilskildu að tveimur skilyrðum sé fullnægt, öðru jákvæðu, hinu neikvæðu. Jákvæða skilyrðið er að aðstoðin verður að greiða fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi. Neikvæða skilyrðið er að aðstoðin má ekki spilla viðskipta-skilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkjanna.
9. Það er almennt viðtekin skoðun að samkeppnismarkaðir leiði að jafnaði til hagkvæmrar niðurstöðu, hvort sem litið er til verðlagningar, framleiðslu eða aðfanganýtingar. Opinber afskipti geta þó verið nauðsynleg til að greiða fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi þegar þannig stendur á að uppbygging myndi ekki eiga sér stað án slíkrar aðstoðar eða gæti aðeins átt sér stað hægar eða við önnur skilyrði. Slík afskipti stuðla þá að hagvexti á skynsamlegum og sjálfbærum forsendum og í allra þágu.
10. Að því er varðar umhverfisvernd er hætt við því, þrátt fyrir opinber afskipti, að umhverfisúthrif, upplýsingaskortur og ófullnægjandi samhæfing leiði til þess að í ákvörðunum markaðsaðila um kaup á vöru eða þjónustu, fjárfestingar eða framleiðslu sé ekki tekið fullt tillit til alls kostnaðar og ávinnings af tiltekinni atvinnustarfsemi. Markaðsbrestir af því tagi, þ.e. aðstæður þar sem ólíklegt er að markaðir skili viðunandi árangri ef þeir eru látnir afskiptalausir, bitna á hag bæði neytenda og samfélagsins í heild á þann hátt að umhverfisvernd er ekki sinnt á fullnægjandi hátt í tengslum við atvinnustarfsemi sem stunduð er án opinberra styrkja.
11. Stjórnvöldum aðildarríkjanna ber að sjá til þess að ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar, skilyrðin sem ráða framkvæmd hennar, málsmeðferð vegna samþykktar hennar og starfsemin sem nýtur aðstoðar feli ekki í sér brot á umhverfislöggjöf Evrópusambandsins. Stjórnvöldum aðildarríkjanna ber einnig að sjá til þess að almenningi, sem málið varðar, gefist kostur á að koma skoðun sinni á framfæri þegar ákvarðanir eru teknar um aðstoð. Loks ber að tryggja að einstaklingar og lögaðilar geti vísað aðstoðinni eða ráðstöfunum sem lúta að framkvæmd hennar til dómstóla í landinu þegar þeir hafa undir höndum gögn því til stuðnings að ákvæði umhverfislöggjafar sambandsins hafi ekki verið virt ⁽⁸⁾.

2. GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

2.1 Gildissvið

12. Þessar leiðbeinandi reglur gilda um ríkisaðstoð sem úthlutað er til að greiða fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi með þeim hætti að stuðlað sé að aukinni umhverfisvernd, svo og þeirri starfsemi orkufyrirtækja sem fellur undir sáttmálann, að því leyti sem slíkar ráðstafanir falla undir ákvæði undirkafla 2.2 í reglunum. Þessar leiðbeinandi reglur gilda því einnig um atvinnugreinar sem Evrópusambandið hefur fellt undir sérreglur um ríkisaðstoð, nema mælt sé fyrir um annað í þeim sérreglum eða þær hafi að geyma ákvæði um aðstoð sem veitt er í umhverfisverndarskyni eða aðstoð við orkufyrirtæki sem varðar sömu ráðstöfun, en í slíkum tilvikum ganga sérreglur um viðkomandi atvinnugrein fram. Þessar leiðbeinandi reglur ganga framur ákvæði stafl. b) í 17. mgr. leiðbeinandi reglna um aðstoð vegna flugrekstrar ⁽⁹⁾ að því er varðar aðstoðarráðstafanir í umhverfisverndarskyni sem gerðar eru í þágu flugvalla sem þjóna yfir 5 milljónum farþega á ári.
13. Ákvæði þessara leiðbeinandi reglna gilda ekki um:

⁽⁸⁾ Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um aðgang að réttlátri málsmeðferð í málum sem varða umhverfið (Stjtið. ESB C 275, 18.8.2017, bls. 1) að því er varðar aðlögun landslaga að ákvæðum Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í málum sem varða umhverfið.

⁽⁹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð vegna starfsemi flugvallarfyrirtækja og flugrekenda (Stjtið. ESB C 99, 4.4.2014, bls. 3).

- (a) ríkisaðstoð sem fyrirtæki hljóta til að hanna og framleiða umhverfishæfar vörur, vélar, tækjabúnað eða flutningatæki í þeim tilgangi að draga úr notkun náttúruauðlinda í starfseminni eða vegna breytinga sem gerðar eru í verksmiðjum eða öðrum framleiðslustöðvum til að auka öryggi eða hreinlæti ⁽¹⁰⁾,
 - (b) ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar sem fellur undir reglurnar sem finna má í Rammaákvæðum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar ⁽¹¹⁾,
 - (c) ríkisaðstoð sem fellur undir reglur um ríkisaðstoð í landbúnaði og skógrækt ⁽¹²⁾ eða í sjávarútvegi og fiskeldi ⁽¹³⁾,
 - (d) ríkisaðstoð til kjarnorkuvinnslu.
14. Aðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála má ekki veita illa stöddum fyrirtækjum, sbr. leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum ⁽¹⁴⁾.
15. Ef aðstoð er veitt fyrirtæki sem sætir endurgreiðslukröfu í kjölfar fyrri ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem aðstoð er lýst ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðnum verður í mati framkvæmdastjórnarinnar höfð hliðsjón af þeirri fjárhæð aðstoðar sem enn hefur ekki verið innheimt ⁽¹⁵⁾.

2.2 Aðstoðarráðstafanir sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur

16. Framkvæmdastjórnin hefur skilgreint nokkrar tegundir ráðstafana á sviði umhverfisverndar og orkumála sem eru þess eðlis að ríkisaðstoð í tengslum við þær getur talist samrýmanleg innri markaðnum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 107. mgr. sáttmálans þegar vissum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa, þar á meðal stuðningur til nýtingar endurnýjanlegrar orku og til að auka orkunýtni.
 - (b) Aðstoð til að auka orkunýtni og umhverfishæfi húsnæðis.
 - (c) Aðstoð til kaupa og leigu á lítt mengandi farartækjum (til samgangna í lofti, á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og sjó) og lítt mengandi færanlegum þjónustutækjum, og til endurbóta á farartækjum og færanlegum þjónustutækjum í sama tilgangi.
 - (d) Aðstoð til uppbyggingar á hleðslu- eða eldsneytisstöðvum fyrir lítt mengandi farartæki.
 - (e) Aðstoð til að ná fram góðri auðlindanýtingu og styðja umskipti yfir til hringrásarhagkerfis.
 - (f) Aðstoð til að fyrirbyggja eða takmarka mengun, aðra en losun gróðurhúsagasa.
 - (g) Aðstoð til að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra.
 - (h) Aðstoð sem fólgin er í skatta- eða gjaldalækkunum.
 - (i) Aðstoð til að tryggja afhendingaröryggi raforku.

⁽¹⁰⁾ Aðstoð sem úthlutað er í umhverfisvemdarskyni veldur yfirleitt minni röskun og leiðir til aukins árangurs ef hún er látin renna til neytanda/notanda umhverfishæfu vörunnar í stað framleiðanda hennar. Stjórnvöldum aðildarríkjana er þó heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð í umhverfisvemdarskyni til að gera þeim kleift að auka árangur í umhverfisvernd í tengslum við framleiðsluna.

⁽¹¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Rammaákvæði um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar (Stjtið. ESB C 198, 27.6.2014, bls. 1).

⁽¹²⁾ Leiðbeinandi reglur Evrópusambandsins um ríkisaðstoð í landbúnaði og skógrækt og á strjálbýlum svæðum 2014–2020 (Stjtið. ESB C 204, 1.7.2014, bls. 1).

⁽¹³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – leiðbeinandi reglur um mat á ríkisaðstoð í sjávarútvegi og fiskeldi (Stjtið. ESB C 217, 2.7.2015, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármála fyrirtækjum (Stjtið. ESB C 249, 31.7.2014, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Sjá dóm undirréttar EB frá 13. september 1995, *TWD* gegn *framkvæmdastjórn*, T-244/93 og T-486/93, ECLI:EU:T:1995:160, 56. mgr. Sjá einnig orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurheimt aðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innra markaðnum (Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1).

- (j) Aðstoð vegna framkvæmda við orkumannvirki.
- (k) Aðstoð vegna framkvæmda við hita- og kæliveitur.
- (l) Aðstoð sem fólgin er í afslætti af raforkugjöldum stórnotenda raforku.
- (m) Aðstoð vegna lokunar orkuvera sem brenna kolum, mó eða leirsteinsólú og námarekstrar sem tengist vinnslu kola, mós eða leirsteinsólú.
- (n) Aðstoð til að stunda rannsóknir eða veita ráðgjafarþjónustu á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála.

2.3 Kaflaskipting

17. Í 3. kafla eru rakin viðmið sem gilda almennt um hvenær einstakar tegundir aðstoðar sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur teljast samrýmanlegar innri markaðnum. Ákvæði undirkafla 3.2.1.3.1 um uppsöfnun gilda um allar tegundir aðstoðar sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur. Í 4. kafla eru rakin sérstök viðmið sem ráða því hvenær aðstoðarráðstafanir sem fjallað er um í einstökum undirköflum þess kafla teljast samrýmanlegar innri markaðnum. Viðmiðin sem fram koma í 3. kafla gilda nema mælt sé fyrir um sértækari ákvæði í undirköflum 4. kafla um hverja einstaka tegund aðstoðar.
18. Skilyrðin sem lýst er í þessum leiðbeinandi reglum gilda bæði um aðstoðarkerfi og staka úthlutun aðstoðar, hvort sem sú úthlutun fer fram á grundvelli aðstoðarkerfis eða er sérákvæðin, nema annað sé tekið fram.

2.4 Skilgreiningar

19. Eftirtaldir skilgreiningar gilda í þessum leiðbeinandi reglum:
- (1) „Sérákvæðin aðstoð“: aðstoð sem er ekki úthlutað á grundvelli aðstoðarkerfis.
 - (2) „Aðstoðarhlutfall“: heildarfjárhæð veittrar aðstoðar sem hundradshluti styrkhæfs kostnaðar. Allar tölur, sem notaðar eru, skulu miðast við stöðu fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er úthlutað á annan hátt en sem styrkur skal reiknuð aðstoðarfjárhæð samsvara vergu styrkígildi aðstoðarinnar. Ef aðstoðinni er skipt á nokkrar greiðslur skal útreikningur á virði hennar miðast við daginn sem úthlutun var ákvæðin. Þegar aðstoð er fólgin í niðurgreiddu láni ⁽¹⁶⁾ skulu vextirnir sem notaðir eru við núvirðingu og útreikning aðstoðarfjárhæðar vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem aðstoðin er veitt. Aðstoðarhlutfallið er reiknað sérstaklega fyrir hvern aðstoðarþega.
 - (3) „Aðstoðarsvæði“: svæði sem tilgreind eru á byggðakorti sem samþykkt hefur verið með vísan til ákvæða stafl. a) og c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og er í gildi á þeim tíma sem aðstoð er úthlutað.
 - (4) „Jöfnun“ í tengslum við raforku: jöfnun samkvæmt skilgreiningu 10. tölul. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 ⁽¹⁷⁾.
 - (5) „Jöfnunaraðili“: jöfnunaraðili skv. skilgreiningu 14. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
 - (6) „Lífjölbreytni“: fjölbreytni lífríkisins skv. skilgreiningu 15. tölul. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ⁽¹⁸⁾.
 - (7) „Lífeldsneyti“: lífeldsneyti skv. skilgreiningu 33. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 ⁽¹⁹⁾.
 - (8) „Lífgas“: lífgas skv. skilgreiningu 28. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
 - (9) „Fljótandi lífeldsneyti“: fljótandi lífeldsneyti skv. skilgreiningu 32. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.

⁽¹⁶⁾ Láni á lægri vöxtum en markaðsvöxtum.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 frá 5. júní 2019 um innra raforkumarkaðinn [óstaðf. þýð.] (Stjtið. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 54).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærum fjárfestingum og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa [óstaðf. þýð.] (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

- (10) „Lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti vöru, úrgangs og efnaleifa sem eiga uppruna sinn í lífríkinu, sbr. skilgreiningu 24. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (11) „Lífmassaeldsneyti“: lífmassaeldsneyti skv. skilgreiningu 27. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (12) „Kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu“: kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu skv. skilgreiningu 22. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
- (13) „Föngun og binding kolefnis“: tækniáferðir af ýmsu tagi sem gera kleift að fanga koltvísýring (CO₂) við losun hans frá iðjuverum, að meðtalinni losun vegna framleiðsluferla, eða fanga hann beint úr andrúmsloftinu, flytja hann á geymslustað og dæla honum niður í hentug berglög með varanlega bindingu í huga.
- (14) „Föngun og nýting kolefnis“: tækniáferðir af ýmsu tagi sem gera kleift að fanga koltvísýring (CO₂) við losun hans frá iðjuverum, að meðtalinni losun vegna framleiðsluferla, eða fanga hann beint úr andrúmsloftinu, og flytja hann á stað þar sem koltvísýringur er notaður eða nýttur með það í huga að ná fram fullri nýtingu á þeim koltvísýringi.
- (15) „Föngun koltvísýrings“: starfsemi sem er fölginn í því að fjarlægja koltvísýring úr andrúmsloftinu og koma honum í varanlega geymslu í berglögum, jarðvegi, hafi eða framleiðsluvörum. Undir þetta falla eldri og nýjar áferðir til að auka upptöku koltvísýrings í viðtökum í lífríkinu og í bergi, svo og föngun og binding koltvísýrings sem tekinn er beint úr andrúmsloftinu, en ekki náttúruleg koltvísýringsbinding sem er ekki af mannavöldum.
- (16) „Kaupkvaðir birgja“: kerfi sem fölgð er í því að gera það verðmætt að útvega tiltekna vöru eða þjónustu með því að gefa út skírteini fyrir þá vöru eða þjónustu og gera birgjum eða neytendum skylt að kaupa slík skírteini.
- (17) „Lítt mengandi færanleg flugvallarþjónustutæki“: færanleg tæki sem notuð eru í þjónustustarfsemi sem tengist flug- eða sjóflutningum og valda engri beinni koltvísýringslosun (við notkun).
- (18) „Lítt mengandi færanleg þjónustutæki“: lítt mengandi færanleg farmstöðvartæki og lítt mengandi færanleg flugvallarþjónustutæki.
- (19) „Lítt mengandi færanleg farmstöðvartæki“: færanleg tæki til að ferma, afferma og umferma vörur eða fermingareiningar sem notaðar eru í samþættum flutningum, og til að flytja farm innan farmstöðvar, sem valda engri beinni koltvísýringslosun (við notkun) eða, séu engin tæki á markaði sem valda engri beinni koltvísýringslosun (við notkun), valda umtalsvert minni beinni koltvísýringslosun (við notkun) en hefðbundin farmstöðvartæki.
- (20) „Lítt mengandi farartæki“:
 - (a) Þegar um ræðir farartæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól:
 - (i) farartæki sem fellur undir ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og veldur engri beinni koltvísýringslosun við notkun, samkvæmt útreikningi í samræmi við áskilnað 24. gr. og V. viðauka þeirrar reglugerðar.
 - (b) Þegar um ræðir létt ökutæki:
 - (i) farartæki í flokki M1, M2 eða N1 sem veldur engri koltvísýringslosun við notkun, eins og sú losun er ákvörðuð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ⁽²⁰⁾.

⁽²⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1.)

- (ii) lítt mengandi farartæki samkvæmt skilgreiningu stafl. a) í 4. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB ⁽²¹⁾.
- (c) Þegar um ræðir þung ökutæki:
 - (i) þungt ökutæki án losunar samkvæmt skilgreiningu 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/33/EB,
 - (ii) til 31. desember 2025 þungt ökutæki með lítilli losun samkvæmt skilgreiningu 12. tölul. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 ⁽²²⁾,
 - (iii) til 31. desember 2025 lítt mengandi ökutæki samkvæmt skilgreiningu stafl. b) í 4. tölul. 4. gr. tilskipunar 2009/33/EB sem fellur ekki undir ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/1242.
- (d) Þegar um ræðir skip til nota á skipgengum vatnaleiðum:
 - (i) skip sem notað er í farþega- eða farmflutningum á skipgengum vatnaleiðum og veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun),
 - (ii) skip sem notað er í farþegaflutningum á skipgengum vatnaleiðum og er búið tvinnvél eða tvíbrennivél sem fær að minnsta kosti 50% orkunnar sem nýtt er við venjubundna notkun skipsins frá eldsneyti sem veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun) eða rafmagni úr almennu raforku-kerfi,
 - (iii) skip sem notað er í farmflutningum á skipgengum vatnaleiðum og veldur 50% minni beinni koltvísýringslosun (við notkun) á hvern tonnkilómeter (gCO₂/tkm), samkvæmt útreikningi (eða áætlun þegar um ný skip er að ræða) á grundvelli orkunýtnivísis Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*Energy Efficiency Operational Indicator*, EEOI), en sem nemur meðaltali viðmiðunargildis koltvísýringslosunar þungra ökutækja (undirhópur 5-LH) eins og það er ákveðið samkvæmt 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242.

Í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort skip telst vera lítt mengandi farartæki verður horft til þróunar mála í atvinnugreininni sem um ræðir, meðal annars með vísan til viðmiða sem ráða því hvort tiltekin starfsemi telst stuðla verulega að því að milda áhrif loftslagsbreytinga, samkvæmt viðkomandi framseldri gerð sem gefin er út í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852.
- (e) Þegar um ræðir skip til úthafssiglinga:
 - (i) skip til úthafs- og strandsiglinga sem notað er í farþega- eða farmflutningum, í hafnarstarfsemi eða skyldri starfsemi og veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun), eða
 - (ii) skip til úthafs- og strandsiglinga sem notað er í farþega- eða farmflutningum, í hafnarstarfsemi eða skyldri starfsemi og er búið tvinnvél eða tvíbrennivél sem fær að minnsta kosti 25% orkunnar sem nýtt er við venjubundna notkun skipsins á hafi úti og í höfnum frá eldsneyti sem veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun) eða rafmagni úr almennu raforku-kerfi, eða hefur verið úthlutað gildi samkvæmt vísitölu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir orkunýtnihönnun (*Energy Efficiency Design Index*, EEDI) sem er 10% undir þeim EEDI-kröfum sem í gildi eru 1. apríl 2022 og getur brennt eldsneyti sem veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun) eða eldsneyti sem framléitt er úr endurnýjanlegum auðlindum, eða

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun lítt mengandi ökutækja í vegasamgöngum til að efla samgöngur með lítilli losun koltvísýrings [óstaðf. þýð.] (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).

- (iii) skip til úthafs- og strandsiglinga, notað eingöngu til farmflutninga á strandsiglingaleiðum og stuttum siglingaleiðum milli landa sem komið er upp til að færa megi flutninga á farmi sem nú er fluttur á landi yfir á sjó og veldur beinni koltvísýringslosun (við notkun), samkvæmt útreikningi á grundvelli EEDI, sem er 50% minni en sem nemur meðaltali viðmiðunargildis koltvísýringslosunar þungra ökutækja (undirhópur 5-LH) eins og það er ákveðið samkvæmt 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242..

Í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort skip telst vera lítt mengandi farartæki verður horft til þróunar mála í atvinnugreininni sem um ræðir, meðal annars með vísan til viðmiða sem ráða því hvort tiltekin starfsemi telst stuðla verulega að því að milda áhrif loftslagsbreytinga, samkvæmt viðkomandi framseldri gerð sem gefin er út í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852.

- (f) Þegar um ræðir járnbrautarvagna:
- (i) járnbrautarvagnar sem valda engri beinni koltvísýringslosun (við notkun),
 - (ii) járnbrautarvagnar sem valda engri beinni koltvísýringslosun (við notkun) þegar þeir eru notaðir á járnbrautum með nauðsynlegum búnaði en eru knúnir hefðbundnum vélum þar sem slíkur búnaður er ekki fyrir hendi (tvöfalt vélarkerfi).
- (g) Þegar um ræðir flugvélar:
- (i) flugvél sem veldur engri beinni koltvísýringslosun (við notkun),
 - (ii) flugvél sem veldur umtalsvert minni umhverfisáhrifum en flugvél með sama flugtaksmassa sem er dæmigerð fyrir flugvélar sem eru á almennum markaði.
- (21) „Samvinnsla“, þ.e. varma- og raforkuvinnsla í sama orkuveri: samvinnsla samkvæmt skilgreiningu 30. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2012/27 ⁽²³⁾.
- (22) „Mengunarstaður“: staður sem staðfest er að sé mengaður af hlutum eða efnum vegna athafna manna að því marki að heilbrigði manna eða umhverfi stafi umtalsverð hætta af með hliðsjón af núverandi notkun lands, hafsbots eða vatnsfalla og samþykktum áformum um notkun í framtíðinni.
- (23) „Sýniverkefni“: sýniverkefni samkvæmt skilgreiningu 24. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
- (24) „Stafvæðing“: upptaka tækniáferða sem hvíla á notkun rafeindatækja og/eða rafeindakerfa sem gera kleift að auka notagildi vöru, byggja upp þjónustu á netinu, færa starfshætti til nútímahorfs eða taka upp viðskiptahætti sem miðast við að fækka milliliðum á sviði vöruframleiðslu og þjónustuveitingar, með árangri sem hefur víðtæk áhrif þegar fram í sækir.
- (25) „Förgun“: förgun samkvæmt skilgreiningu 19. tölul. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽²⁴⁾.
- (26) „Dreifikerfisstjóri“: dreifikerfisstjóri samkvæmt skilgreiningu 29. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 ⁽²⁵⁾.
- (27) „Hitaveita“ eða „kæliveita“: hitaveita eða kæliveita samkvæmt skilgreiningu 19. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2010/31 ⁽²⁶⁾.

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, um breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjttíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjttíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.)

⁽²⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2019/944/ESB frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur að því er varðar innra raforkumarkaðinn og breytingu á tilskipun 2012/27/ESB [óstaðf. þýð.] (Stjttíð. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 125).

⁽²⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjttíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).

- (28) „hitaveitu- og/eða kæliveitukerfi“: upphitunar- og/eða kælistöðvar, ásamt geymslu- og dreifikerfi sem samanstendur af stofn- og dreifiaðum og heimæðum, sem starfrækt er til að annast upphitun eða kælingu húsnæðis. Þegar orðið hitaveita er notað ber að skilja það sem svo að það taki til hitaveitu- og/eða kæliveitukerfa eftir því hvort upphitun og kælingu er sinnt samhliða í einu og sama kerfi eða skipt milli kerfa.
- (29) „Nýsköpun í þágu umhverfisins“: allar tegundir nýsköpunar, þar á meðal nýjar leiðir til iðnframleiðslu, nýjungar á sviði vöru og þjónustu og nýjar aðferðir við stjórnun og rekstur fyrirtækja, sem leiða til eða miðast að því að auka umhverfisvernd umtalsvert og draga verulega úr áhrifum mengunar á umhverfið. Með tilliti til þessarar skilgreiningar telst eftirfarandi ekki til nýsköpunar:
- (a) Starfsemi sem leiðir aðeins til lítilsháttar breytinga eða umbóta að því er varðar umhverfisvernd.
 - (b) Aukin framleiðslu- eða þjónustugeta sem rekja má til þess að bætt hefur verið við framleiðslu- eða aðfangakerfum sem svipar mjög til þeirra sem voru fyrir.
 - (c) Breytingar á viðskiptaháttum, vinnustaðaskipulagi eða samskiptum út á við á grundvelli skipulagsaðferða sem þegar voru í notkun í fyrirtækinu.
 - (d) Breytingar á stjórnunarstefnu.
 - (e) Fyrirtækjasamruni og fyrirtækjakaup.
 - (f) Ákvörðun um að hætta notkun framleiðslu- eða vinnuferils.
 - (g) Endurnýjun fastafjármuna og kaup á nýjum fastafjármunum.
 - (h) Breytingar sem stafa eingöngu af breyttu þáttaverði, sérvinnslu eða reglulegum árstíðabundnum eða sveiflukenndum breytingum.
 - (i) Viðskipti með nýjar eða mikið endurbættar vörur.
- (30) „Vistkerfi“: vistkerfi samkvæmt skilgreiningu 13. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.
- (31) „Orkunýtni“: orkunýtni samkvæmt skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.
- (32) „Geymsla orku“: geymsla orku í raforkukerfi samkvæmt skilgreiningu 59. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944.
- (33) „Orkugeymir“: orkugeymir í raforkukerfi samkvæmt skilgreiningu 60. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944.
- (34) „Orkunýtin hita- og kæliveita“: orkunýtin hita- og kæliveita samkvæmt skilgreiningu 41. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2012/27/ESB.
- (35) „Orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum“: orkuvinnsla í verum sem nota aðeins endurnýjanlega orkugjafa samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, auk þess hlutfalls orkuvinnslu, miðað við brennslugildi, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum í blendingsverum sem nota einnig hefðbundna orkugjafa; undir þetta fellur endurnýjanleg raforka sem er notuð til að fylla á orkugeyma sem eru tengdir innan við orkumæli, þ.e. kaupandamegin (hvort sem slík orkugeymsla er sett upp sem hluti af orkuverinu sem nýtir endurnýjanlega orku eða sem viðbót við það), en ekki raforka sem er tekin úr orkugeymslum.
- (36) „Orkumannvirki“: ⁽²⁷⁾ hvers kyns efnislegur búnaður eða aðstaða sem er að finna í Evrópusambandinu eða tengir það við eitt eða fleiri ríki utan þess og tilheyrir einhverjum eftirtalinna flokka:
- (a) Að því er varðar raforku:

(27) Mannvirki sem eru reist sérstaklega fyrir einn tiltekinn notanda, eða lítinn hóp slíkra notenda sem skilgreindur er fyrirfram, og sniðin að þörfum hans eða þeirra („mannvirki til sérstakra nota“) teljast ekki orkumannvirki.

- (i) Flutnings- og dreifikerfi; í því samhengi tekur hugtakið „flutningur“ til flutnings raforku um strengi bæði á landi og í hafi í samtengdu kerfi háspennulína og sérstakra háspennulína (e. *extra high-voltage*) í því skyni að afhenda hana dreifendum eða endanlegum notendum, en ekki orkusölu, og hugtakið „dreifing“ tekur til flutnings raforku um strengi bæði á landi og í hafi í háspennu-, miðspennu- og lágspegnudreifikerfum í því skyni að afhenda hana notendum, en ekki orkusölu.
 - (ii) Hvers kyns búnaður eða aðstaða sem koma þarf upp vegna öruggrar, tryggjar og skilvirkrar starfrækslu kerfanna sem um getur í lið i), þar á meðal varnar-, vöktunar- og stýrikerfi fyrir öll spennustig svo og aðveitustöðvar.
 - (iii) Búnaður sem er fyllilega samþættur hluti raforkukerfis samkvæmt skilgreiningu 51. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944.
 - (iv) Snjallvædd raforkukerfi, en með því er átt við kerfi, svo og einstaka hluta þeirra, bæði á flutnings- og dreifingarstigi, sem eru starfrækt með aðstoð tölvu- og fjarskiptatækni, svo sem stafrænna samskiptakerfa, stýrikerfa og skynjara, með það að markmiði að auka öryggi, skilvirkni og snjallstýringu flutnings- og dreifikerfis raforku, greiða fyrir upptöku nýrra tegunda vinnslu, geymslu og notkunar orku og ýta undir nýja viðskiptahætti og markaðsgerðir.
 - (v) Raforkukerfi á hafi úti, en með því er átt við hvers kyns búnað eða aðstöðu í flutnings- og dreifikerfi raforku, samkvæmt skilgreiningunni í lið i), sem hefur tvíþætt notagildi: að tengja saman raforkukerfi tveggja eða fleiri landa og annast flutning eða dreifingu endurnýjanlegrar raforku sem unnin er á hafi úti frá vinnslustað til þeirra landa. Undir þetta falla einnig snjallnet svo og hvers kyns búnaður eða aðstaða á hafi úti sem koma þarf upp í grenndinni vegna öruggrar, tryggjar og skilvirkrar starfrækslu, þar á meðal verndar-, vöktunar- og stýrikerfi, svo og nauðsynlegar aðveitustöðvar ef þær eru einnig notaðar til að tryggja tæknilegt rekstrarsamhæfi, meðal annars samhæfingu skilflata ólíkra tæknilausna.
- (b) Að því er varðar gas (jarðgas, lífgas – þar á meðal lífmetan – og/eða endurnýjanlegt gas sem er ekki af lífrænum uppruna):
- (i) Gasleiðslur sem eru hluti af flutnings- og dreifikerfi, að undanskildum háþrýstleiðslum sem notaðar eru ofarlega í dreifikerfi jarðgass.
 - (ii) Neðanjarðargeymar sem tengjast háþrýstigasleiðslum samkvæmt lið i).
 - (iii) Stöðvar þar sem fram fer viðtaka, geymsla, endurgösun eða þrýstingsmínkun á fljótandi eða þjöppuðu gasi.
 - (iv) Hvers kyns búnaður eða aðstaða sem koma þarf upp vegna öruggrar, tryggjar og skilvirkrar starfrækslu kerfisins eða vegna flutnings í báðar áttir, þar á meðal þjöppustöðvar.
 - (v) Snjallvædd gasdreifikerfi, en undir það fellur hvers kyns búnaður eða aðstaða samkvæmt eftirfarandi upptalningu sem hefur þann tilgang að gera kleift að nýta endurnýjanlegt og lítt kolefnislosandi gas (þar á meðal vetni og gas sem er ekki af lífrænum uppruna) og auðvelda notkun þess í kerfinu: stafræn kerfi, svo og einstakir hlutar þeirra, sem eru starfrækt með aðstoð tölvu- og fjarskiptatækni, stýrikerfa og skynjara til að gera kleifa gagnvirka og snjallvædda framkvæmd vöktunar, mælinga, gæðaeftirlits og umsjónar við framleiðslu, flutning, dreifingu og notkun í gasdreifikerfi. Undir snjallvædd dreifikerfi getur einnig fallið búnaður sem gerir kleift að láta gas streyma frá dreifihluta kerfisins til flutningshlutans og nauðsynlegar endurbætur á eldra kerfi í því samhengi.

- (c) Að því er varðar vetni ⁽²⁸⁾:
- (i) Leiðslur til flutnings á vetni undir háum þrýstingi, svo og leiðslur til dreifingar á vetni innan ákveðins svæðis, þannig að margir notendur hafi aðgang að kerfinu samkvæmt gagnsæjum reglum og á jafnræðisgrundvelli.
 - (ii) Geymslustöðvar, en með því er átt við stöðvar sem notaðar eru til geymslu á afar hreinu vetni, þar á meðal þann hluta vetnisstöðvar sem notaður er til að geyma vetnið en ekki þann hluta sem notaður er við framleiðsluna, sem og stöðvar sem aðeins eru notaðar í tengslum við starfsemi rekstraradila vetniskerfis. Undir vetnisgeymslustöðvar falla neðanjarðargeymar sem tengjast háþrýstleiðslum samkvæmt lið i) sem notaðar eru til flutnings eða dreifingar á vetni.
 - (iii) Stöðvar þar sem fram fer sending, viðtaka, endurgösun eða þrýstingsmínkun á vetni eða vetni bundnu í öðrum efnum, með það fyrir augum að vetnið verði leitt annaðhvort inn í almennt gasdreifikerfi eða hreint vetnisdreifikerfi.
 - (iv) Endastöðvar, en með því er átt við aðstöðu sem notuð er til að breyta fljótandi vetni í loftkennt áður en það er leitt inn í vetnisdreifikerfið. Til endastöðva telst einnig ýmis viðbótarbúnaður og nauðsynleg aðstaða til tímabundinnar geymslu á vetni meðan því er breytt í fljótandi form og áður en það er leitt inn í dreifikerfið, en ekki neinir aðrir hlutar endastöðvar sem notaðir eru til geymslu á vetni.
 - (v) Millilandatengingar, en með því er átt við vetnisdreifikerfi (eða einhvern hluta þess) sem liggur yfir landamæri eða nær yfir tiltekið svæði á landamærum, annaðhvort milli tveggja aðildarríkja eða milli aðildarríkis og þriðja ríkis allt að yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða hafsvæði í landhelgi þess aðildarríkis.
 - (vi) Hvers kyns búnaður eða aðstaða sem koma þarf upp vegna öruggrar, tryggjar og skilvirkrar starfrækslu vetniskerfisins eða vegna flutnings í báðar áttir, þar á meðal þjöppustöðvar.
- (d) Að því er varðar koltvísýring ⁽²⁹⁾:
- (i) Leiðslur, aðrar en leiðslur ofarlega í flutnings- eða dreifikerfi, sem notaðar eru til að flytja koltvísýring af breytilegum uppruna, þ.e. frá iðjuverum (að meðtöldum orkuverum) sem framleiða koltvísýring í fljótandi formi með bruna eða öðrum efnahvörfum jarðefnaeldsneytis eða annarra efnasambanda sem innihalda kolefni, í því skyni að binda koltvísýring í jarðlögum í samræmi við 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ⁽³⁰⁾ eða til að nota koltvísýring sem hráefni eða auka afrakstur lífrænna framleiðsluferla.
 - (ii) Aðstaða til að þétta og geyma koltvísýring í tengslum við fyrirhugaðan flutning eða geymslu hans.
 - (iii) Mannvirki sem komið er upp í jarðlögum sem notuð eru til varanlegrar geymslu koltvísýrings í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB og búnaður og aðstaða á yfirborði og til niðurdælingar í tengslum við þau.

⁽²⁸⁾ Mannvirki sem talin eru upp í lið i) til vi) að því er varðar vetni mega vera hvort heldur sem nýuppbyggð eða mannvirki sem áður voru notuð fyrir jarðgas og hefur verið breytt til nota fyrir vetni, eða einhver samsetning af þessu tvennu. Mannvirki sem talin eru upp í lið i) til vi) að því er varðar vetni og eru háð ákvæðum um aðgang þriðja aðila teljast orkumannvirki.

⁽²⁹⁾ Mannvirki sem talin eru upp í lið i) til iv) að því er varðar koltvísýring og eru háð ákvæðum um aðgang þriðja aðila teljast orkumannvirki.

⁽³⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB)nr. 1013/2006 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

- (iv) Hvers kyns búnaður eða aðstaða sem koma þarf upp vegna rétttrar, tryggjar og skilvirkar starfrækslu kerfisins, þar á meðal verndar-, vöktunar- og stýrikerfi. Undir þetta geta fallið færanleg tæki sem notuð eru við flutning og geymslu koltvísýrings, að því tilskildu að slík tæki fullnægi skilgreiningunni á lítt mengandi farartæki.
- (e) Mannvirki sem notuð eru til flutnings eða dreifingar á varmaorku í formi gufu, heits vatns eða kældra vökva frá ýmsum framleiðendum eða notendum í þeim tilgangi að nýta endurnýjanlega orku eða glatvarma frá iðjustarfsemi.
- (f) Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunamálum, sbr. skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 ⁽³¹⁾ og verkefni sem varða gagnkvæma hagsmuni samkvæmt 171. gr sáttmálans.
- (g) Aðrir mannvirkjaflokkar sem gera framleiðendum og notendum orku sem er framleidd með endurnýjanlegum eða kolefnislausum orkugjöfum kleift að tengjast sín í milli á ýmsum aðgangs- og útgangsstöðum, annað hvort með þráðtengingu eða þráðlaust, og eru aðgengilegir þriðju aðilum ótengdum fyrirtækjunum sem eiga eða starfrækja mannvirkin.
- (37) „Orkunýtni“: orkunýtni húsnæðis samkvæmt skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.
- (38) „Orkusparnaður“: orkusparnaður samkvæmt skilgreiningu 5. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.
- (39) „Umhverfisvernd“: hvers kyns framkvæmd eða starfsemi sem ráðist er í til að takmarka eða fyrirbyggja mengun, óæskileg umhverfisáhrif eða annað tjón á náttúrulegu umhverfi (þar á meðal lofti, vatni og jarðvegi), vistkerfum eða náttúruauðlindum vegna athafna manna, meðal annars til að milda áhrif loftslagsbreytinga, draga úr hættunni á slíku tjóni, vernda og endurreisa líffjölbreytni eða vinna að skilvirkari nýtingu náttúruauðlinda, þar á meðal orkusparnaðarráðstafanir og notkun endurnýjanlegra orkugjafa og annarra aðferða til að draga úr losun gróðurhúsagasa og annarra mengunarefna, ásamt því að taka upp aðferðir hringrásarhagkerfisins til að draga úr notkun grunnhræfna og bæta nýtingu þeirra. Hugtakið tekur einnig til aðgerða sem miðast að því að auka aðlögunarhæfni samfélagsins og gera það betur í stakk búið að þola áhrif loftslagsbreytinga.
- (40) „Umhverfisskattur eða umhverfisgjald“: skattur eða gjald sem lagt er á tiltekinn skattstofn, vöru eða þjónustu sem ótvírætt þykir hafa neikvæð áhrif á umhverfið eða til að tryggja að verð fyrir tiltekna starfsemi, vöru eða þjónustu taki tillit til umhverfiskostnaðar eða hvetja framleiðendur og neytendur til að snúa sér að starfsemi sem hlífir umhverfinu betur.
- (41) „Matsáætlun“: skjal sem varðar ríkisaðstoðarkerfi, eitt eða fleiri, og hefur að geyma umfjöllun um eftirtalin atriði hið minnsta:
- (a) markmiðin sem matið tekur til,
- (b) spurningarnar sem leitast verður við að svara í matinu,
- (c) árangursvísana,
- (d) aðferðina sem fyrirhugað er að nota við matið,
- (e) kröfur sem gerðar eru vegna gagnaöflunar,
- (f) fyrirhugaðar tímasetningar, þar á meðal hvenær áfangaskýrslu og lokaskýrslu matsins verður skilað,
- (g) lýsingu á því hvaða óháða aðila falið verður að annast matið eða hvaða viðmið verða notuð þegar hann er valinn, og hvernig staðið verður að opinberri kynningu á niðurstöðum matsins.
- (42) „Ákvæði um framlengda framleiðendaábyrgð“: ákvæði um framlengda framleiðendaábyrgð samkvæmt skilgreiningu 21. tölul. 2. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

⁽³¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 frá 17. apríl 2013 um leiðbeiningar um samevrópsk orkugrunnvirki [óstaðf. þýð.] og um niðurfellingu ákvörðunar nr. 1364/2006/EB og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 713/2009, (EB) nr. 714/2009 og (EB) nr. 715/2009 (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 39).

- (43) „Orkuframleiðandi“: fyrirtæki sem framleiðir raforku í þeim tilgangi að selja hana á markaði.
- (44) „Gróðurhúsagas“: hvers kyns gas sem eykur gróðurhúsaáhrifin með því að gleypa í sig innrauða geislun, þar á meðal koltvísýringur, metan, nituroxíð og flúruð gös á borð við við vetnisflúrkolefni.
- (45) „Skilvirk samvinnsla“: skilvirk samvinnsla orku samkvæmt skilgreiningu 34. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.
- (46) „Rekstraraðili vetniskerfis“: einstaklingur eða lögaðili sem annast vetnisflutninga um til þess gert kerfi og hefur með höndum rekstur, viðhald og, ef þörf er á, uppbyggingu slíks kerfis á tilteknu svæði, svo og, eftir því sem við á, tenginga við önnur vetniskerfi, og að tryggja að kerfið fullnægi spurn eftir vetnisflutningum til til langframa, miðað við forsendur sem eðlilegar geta talist.
- (47) „Ójöfnuður“: ójöfnuður samkvæmt skilgreiningu 8. tölul. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2195.
- (48) „Jöfnunaruppgjör“: jöfnunaruppgjör samkvæmt skilgreiningu 9. tölul. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2195.
- (49) „Jöfnunaruppgjörstímabil“: jöfnunaruppgjörstímabil samkvæmt skilgreiningu 15. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
- (50) „Stök úthlutun aðstoðar“: sérákveðin aðstoð eða tilkynningarskyld úthlutun aðstoðar á grundvelli ríkisástoðarkerfis.
- (51) „Ákvæði um rjúfanlega orku“: ráðstöfun á sviði afhendingaröryggis raforku sem ætlað er að tryggja stöðuga tíðni raforkukerfisins eða bregðast við skammvinnnum vanda á sviði afhendingaröryggis, til að mynda með því að rjúfa straum.
- (52) „Örfyrirtæki“: fyrirtæki sem fullnægir skilyrðum fyrir því að teljast örfyrirtæki sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum⁽³²⁾.
- (53) „Náttúruleg lausn“: lausn sem byggist á og hefur stuðning af því sem gerist í náttúrunni, er hagkvæm, hefur umhverfislega jafnt sem félagslega og efnahagslega kosti og stuðlar að auknum endurnýjunarkrafti, auk þess að auðga borgir, landslag og hafsvæði með aukinni útbreiðslu og fjölbreytni náttúru og náttúrulegra eiginleika og ferla á grundvelli aðgerða þar sem tekið er tillit til aðstæðna á hverjum stað, skilvirkrar auðlindanýtingar og viðþættrar nálgunar.
- (54) „Ráðstöfun til að koma í veg fyrir kerfisöng“: ráðstöfun sem gerð er til að tryggja afhendingaröryggi raforku og miðast að því að bæta upp ófullnægjandi flutningsgetu flutnings- eða dreifikerfis.
- (55) „Mengunarefni“: mengunarefni samkvæmt skilgreiningu 10. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.
- (56) „Mengunarvaldur“: mengunarvaldur samkvæmt skilgreiningu 3. liðar viðauka með tilmælum ráðsins 75/436/KBE, KSE, EBE⁽³³⁾.
- (57) „Mengun“: mengun skv. skilgreiningu 2. tölul. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB⁽³⁴⁾.
- (58) „Mengunarbótareglan“: sú regla að kostnaður við að verjast mengun skuli felldur á þann sem veldur menguninni.
- (59) „Undirbúningur endurnýtingar“: undirbúningur endurnýtingar samkvæmt skilgreiningu 16. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

⁽³²⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

⁽³³⁾ Tilmæli ráðsins frá 3. mars 1975 um hvemig opinber yfirvöld skiptakostnaði vegna umhverfismála (Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 1).

⁽³⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarnáttúruleg og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

- (60) „Hleðslustöð“: föst eða færanleg stöð sem notuð er til að hlaða lítt mengandi farartæki eða lítt mengandi færanleg þjónustutæki með rafmagni.
- (61) „Endurheimt“: endurheimt samkvæmt skilgreiningu 15. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- (62) „Endurvinnsla“: endurvinnsla samkvæmt skilgreiningu 17. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- (63) „Viðmiðunarverkefni“: verkefni sem notað er sem dæmi um algengt verkefni ákveðinnar gerðar fyrirtækja sem eru styrkhæf í tilteknu aðstoðarkerfi.
- (64) „Eldsneytisstöð“: föst eða færanleg stöð sem notuð er til áfyllingar á vetni, loftkenndu (þjöppuðu) jarðgasi (CNG) eða fljótandi jarðgasi (LNG), lífgasi eða líffeldsneyti, þar á meðal hátæknilíffeldsneyti, eða tilbúnu eldsneyti sem framleitt er með endurnýjanlegri eða lítt kolefnislosandi orku.
- (65) „Aðgerðir til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs“: framkvæmdir á sviði umhverfisstjórnunar í því skyni að færa vistkerfi að nokkru til fyrra horfs á stöðum sem hafa spillst, þar sem markmiðið er að áfram megi hafa gagn af vistkerfinu fremur en að stefnt sé að líffjölbreytni og óröskuðum einkennum náttúrulegs eða hálfnáttúrulegs vistkerfis sem haft er til viðmiðunar.
- (66) „Úrbætur“: framkvæmdir á sviði umhverfisstjórnunar á borð við að fjarlægja eða afeittra mengunarefni eða bæta úr ofgnótt næringarefna í jarðvegi og vatni, þar sem markmiðið er að uppræta orsakir mengunarinnar.
- (67) „Endurnýjanleg raforka“: raforka sem er unnin með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (68) „Samtök um nýtingu endurnýjanlegrar orku“: samtök um nýtingu endurnýjanlegrar orku samkvæmt skilgreiningu 16. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (69) „Endurnýjanleg orka“: orka sem er unnin með endurnýjanlegum orkugjöfum eða endurnýjanleg orka samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (70) „Endurnýjanlegt vetni“: vetni sem framleitt er með endurnýjanlegri orku í samræmi við aðferðir sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2018/2001 að því er varðar endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti fyrir samgöngutæki annað en eldsneyti með uppruna í lífríkinu.
- (71) „Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti fyrir samgöngutæki annað en eldsneyti með uppruna í lífríkinu“: endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti fyrir samgöngutæki annað en eldsneyti með uppruna í lífríkinu samkvæmt skilgreiningu 36. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
- (72) „Fullnægjandi orkuvinnslugeta“: orkuvinnslugeta sem telst nægilega mikil til að fullnægja eftirspurn á tilteknu útboðssvæði á hverju tímabili um sig, á grundvelli viðtekisins hagvísis sem notaður er í starfi samtaka sem gegna að mati stofnana Evrópusambandsins grundvallarhlutverki í uppbyggingu innri orkumarkaðar, til dæmis Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra (ENTSO-E).
- (73) „Göð auðlindanýting“: þegar dregið er úr því hversu mikið þarf af aðföngum til að framleiða tiltekna framleiðslueiningu eða afleidd aðföng eru notuð í stað frumaðfanga.
- (74) „Endurreisn“: starf sem unnið er til að ýta undir bata vistkerfis, með það fyrir augum að vernda líffjölbreytni og auka mótstöðuafli vistkerfisins, einkum gegn loftslagsbreytingum. Undir endurreisn vistkerfa falla ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta ástand vistkerfis og endurskapa eða endurreisa vistkerfi sem hafa spillst og til að auka viðnámsþol vistkerfis og getu þess til að aðlagast loftslagsbreytingum.
- (75) „Endurnýting“: endurnýting samkvæmt skilgreiningu 13. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, en þar er átt við hvers kyns starfsemi sem er fólgin í endurnýtingu á vörum eða íhlutum sem eru ekki úrgangur í einhverjum öðrum tilgangi en hinum upprunalega.

- (76) „Lítið fyrirtæki“: fyrirtæki sem fullnægir skilyrðum fyrir því að teljast lítið fyrirtæki sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum.
- (77) „Lítið og meðalstórt fyrirtæki“: fyrirtæki sem fullnægir skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum.
- (78) „Lítið fyrirtæki í hópi félaga með meðalhátt markaðsvirði“: fyrirtæki sem er ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki en hefur 499 starfsmenn eða færri, samkvæmt þeim útreikningi sem kveðið er á um í 3.–6. gr. I. viðauka með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014⁽³⁵⁾, og annað hvort ársveltu sem er ekki umfram 100 milljónir evra eða efnahagsreikning sem er ekki umfram 86 milljónir evra. Farið verður með tvo eða fleiri aðila sem eitt fyrirtæki ef fullnægt er einhverju þeirra skilyrða sem talin eru upp í 3. tölul. 3. gr. I. viðauka með reglugerð (ESB) nr. 651/2014.
- (79) „Snjallvædd hleðsla“: hleðsla sem á sér stað með rauntímastýringu á styrk rafmagnsins sem flæðir til rafgeymisins, á grundvelli upplýsinga sem aflað er með rafrænum samskiptum.
- (80) „Snjallvæðingarhæfi“: þeir eiginleikar húsnæðis eða einstakra byggingarluta sem gera kleift að laga rekstur þeirra að þörfum íbúa, meðal annars með því að auka orkunýtni og heildarsparnað og stýra rekstrinum í samræmi við merki frá raforkunetinu.
- (81) „Almenn jöfnunarábyrgð“: jöfnunarábyrgð án mismununar milli tæknaðferða sem felur ekki í sér undanþágu neins orkuframleiðanda frá jöfnunarábyrgð í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
- (82) „Upphaf framkvæmda“: fyrsta staðfesta skuldbinding (til dæmis pöntun á tækjum eða upphaf byggingarframkvæmda) sem gerir fjárfestingu óafturkræfa. Undir upphaf framkvæmda falla hvorki lóðarkaup né öflun tilskilinna leyfa og gerð hagkvæmniathugana til undirbúnings framkvæmdum. Þegar um uppkaupt er að ræða miðast upphaf framkvæmda við kaup eigna sem tengjast beint fyrirtækinu sem keypt er.
- (83) „Frátekið varaafli“: kerfi til að tryggja framboð á afli sem felst í því að tilteknum hluta afkastagetu í raforkukerfinu, til að mynda að því er varðar vinnslu og geymslu orku eða eftirspurnarstýringu, er haldið utan markaðar og aðeins gripið til hans við sérstakar aðstæður.
- (84) „Heildareignarhaldskostnaður“: allur kostnaður við að kaupa og eiga farartæki sem til fellur á rekstrartíma þess, þar á meðal kostnaður vegna kaupa eða leigu, eldsneytis-kostnaður, viðhalds- og viðgerðakostnaður, tryggingakostnaður, fjármunakostnaður og skattar.
- (85) „Flutningskerfisstjóri“: flutningskerfisstjóri samkvæmt skilgreiningu 35. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944.
- (86) „Farartæki“: eitt af eftirtöldu:
- (a) ökutæki í flokki M1, M2, N1, M3, N2, N3 eða L,
 - (b) skip sem notað er í farþega- eða farmflutningum á skipgengum vatnaleiðum eða í úthafs- og strandsiglingum,
 - (c) járnbrautarvagn,
 - (d) flugvél.
- (87) „Meðhöndlun“: meðhöndlun samkvæmt skilgreiningu 14. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

⁽³⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

- (88) „Lágmarksskattur í sambandinu“: lægsta heimilt skatthlutfall samkvæmt lögum Evrópusambandsins; að því er varðar orkugjafa og raforku er átt við lágmarksskattinn sem mælt er fyrir um í I. viðauka með tilskipun ráðsins 2003/96/EB ⁽³⁶⁾.
- (89) „Sambandskröfur“:
- (a) Lögboðnar reglur Evrópusambandsins sem mæla fyrir um hvaða árangri einstök fyrirtæki eiga að ná í umhverfisvernd, að undanskildum kröfum og markmiðum sem kveðið er á um í löggjöf sambandsins og binda hendur aðildarríkjanna en ekki einstakra fyrirtækja.
 - (b) Sú skylda að nota bestu tækni sem völ er á samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 2010/75/ESB og tryggja að losun sé ekki umfram það sem væri ef besta tækni sem völ er á væri notuð. Ef gildi sem sýna hversu mikil losun tengist bestu tækni sem völ er á ⁽³⁷⁾ eru tilgreind í framkvæmdargerðum sem gefnar hafa verið út samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB eða öðrum tilskipunum á þessu sviði skal tekið mið af þeim gildum að því er varðar ákvæði þessara leiðbeinandi reglna. Ef tiltekin efri og neðri mörk eru gefin upp fyrir slík losunargildi skal miða við losunina sem mælist þegar fyrirtækið nær fyrst að nýta bestu tækni sem völ er á.
- (90) „Úrgangur“: úrgangur samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- (91) „Glatvarmi“: glatvarmi samkvæmt skilgreiningu 9. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.

3. MAT Á ÞVI HVORT AÐSTOÐ GETUR TALIST SAMRÝMANLEG INNRI MARKAÐNUM MEÐ VÍSAN TIL STAFL. C) Í 3. MGR. 107. GR. SÁTTMÁLANS

20. Í þessum leiðbeinandi reglum kemur fram hvaða viðmiðum þarf að fullnægja til að aðstoð teljist samrýmanleg innri markaðanum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans þegar um ræðir ráðstafanir á sviði umhverfisverndar, þar á meðal til verndar loftslaginu, og markmið í orkumálum sem skylt er að tilkynna samkvæmt 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.
21. Samkvæmt ákvæði stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni heimilt að telja ríkisáðstoð samrýmanlega reglum innri markaðarins ef hún greiðir fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi í Evrópusambandinu (jákvætt skilyrði), enda raski hún ekki viðskiptaskilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkjanna (neikvætt skilyrði).
22. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort aðstoð til umhverfisverndar og á sviði orkumála getur talist samrýmanleg reglum innri markaðarins með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans verður litið til eftirtalinna þátta:
- (a) Að því er varðar fyrra (jákvæða) skilyrðið, þ.e. að aðstoðin verði að greiða fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi:
 - (i) Hvaða atvinnustarfsemi nýtur góðs af ráðstöfuninni, hvort hún er gagnleg samfélaginu í heild og (eftir því sem við á) hvort hún þjónar tilteknum stefnumiðum sambandsins (sjá undirkafla 3.1.1).
 - (ii) Hvort aðstoðin hefur hvatningaráhrif (sjá undirkafla 3.1.2).
 - (iii) Að aðstoðin hafi ekki í för með sér brot á neinu ákvæði sambandslöggjafar á þessu sviði (sjá undirkafla 3.1.3).
 - (b) Að því er varðar síðara (neikvæða) skilyrðið, þ.e. að aðstoðin megi ekki spilla viðskiptaskilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkjanna:
 - (i) Hvort opinberra afskipta er þörf (sjá kafla 3.2.1.1).
 - (ii) Hvort aðstoðin er heppilegt úrræði (sjá kafla 3.2.1.2).

⁽³⁶⁾ Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu lagaramma bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51).

⁽³⁷⁾ Gildi sem tilgreind eru á þann hátt geta verið losunargildi (ensk skammst. BAT -AEL), orkunýtnigildi (BAT -AEEL) eða umhverfisárangurgildi (BAT -AEPL).

- (iii) Hvort aðstoðin er í samræmi við meðalhóf (þ.e. ekki meiri en nauðsynlegt er til að ná settu markmiði), einnig að teknu tilliti til uppsöfnunar (sjá undirkafla 3.2.1.3).
- (iv) Hvort aðstoðarákvæðin eru gagnsæ (sjá kafla 3.2.1.4).
- (v) Hvort unnið er gegn óeðlilega hamlandi áhrifum aðstoðarinnar á samkeppni og milliríkjaviðskipti (sjá undirkafla 3.2.2).
- (vi) Mat á því hvort jákvæð eða neikvæð áhrif aðstoðarinnar veða þyngra (sjá kafla 3.3).

3.1 Jákvætt skilyrði: aðstoðin greiði fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi

3.1.1 *Hvaða atvinnustarfsemi nýtur góðs af ráðstöfuninni, hvort hún er gagnleg samfélaginu í heild og (eftir því sem við á) hvort hún þjónar tilteknum stefnumiðum sambandsins*

- 23. Þegar stjórnvöld aðildarríkjanna tilkynna aðstoð skulu þau gera grein fyrir atvinnustarfseminni sem greitt verður fyrir með aðstoðinni og hvernig stuðningi við uppbyggingu þeirrar starfsemi verður háttáð.
- 24. Aðstoð sem veitt er til að fyrirbyggja eða takmarka neikvæð áhrif atvinnustarfsemi á loftslagið eða umhverfið getur greitt fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi með því að auka sjálfbærni hennar. Aðstoðin getur einnig tryggt að starfsemin geti haldið áfram án þess að valda óeðlilega miklu umhverfistjóni og stuðlað að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi og þjónustu (svonefndu „grænu hagkerfi“).
- 25. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu einnig lýsa því hvort og þá hvernig aðstoðin muni stuðla að markmiðum loftslagsstefnu, umhverfisstefnu og orkustefnu sambandsins, og nánar tiltekið hvaða ávinningur muni fylgja aðstoðinni þegar litið er til framlags hennar til umhverfisverndar, þar á meðal aðgerða til að milda áhrif loftslagsbreytinga, eða til að tryggja snurðulausa starfsemi innri orkumarkaðarins.

3.1.2 *Hvatningaráhrif*

- 26. Aðstoð getur ekki talist greiða fyrir atvinnustarfsemi nema henni fylgi hvatningaráhrif. Aðstoð hefur hvatningaráhrif þegar hún hvetur þann sem hennar nýtur til að taka upp breytta starfshætti eða til að hefja rekstur nýrrar atvinnustarfsemi eða starfsemi sem hefur minni neikvæð umhverfisáhrif og væri ekki stunduð, eða með minni umsvifum eða á annan hátt, ef engin aðstoð hefði fengist.
- 27. Aðstoðina má hvorki nota til að niðurgreiða kostnað af starfsemi sem fyrirtækið myndi stunda óháð allri aðstoð né til að losa fyrirtæki undan eðlilegri viðskiptaáhættu sem fylgir allri atvinnustarfsemi⁽³⁸⁾.
- 28. Til að færa sönnur á að hvatningaráhrif séu fyrir hendi þarf að lýsa atvikarásinni sem aðstoðin leiðir til og þeirri sem líklegt er að komið hefði upp hefði engin aðstoð verið veitt⁽³⁹⁾. Athugun framkvæmdastjórnarinnar á þessu verður byggð á magnákvörðun samkvæmt undirkafla 3.2.1.3.
- 29. Litið er svo á að aðstoð hafi ekki hvatningaráhrif gagnvart aðstoðarþega þegar þannig stendur á að framkvæmdir hófust við verkefnið eða starfsemina áður en skrifleg umsókn aðstoðarþega um aðstoð var send hinu opinbera. Þegar aðstoðarþegi hleypir verkefni af stokkunum áður en sótt er um aðstoð verður almennt litið svo á að aðstoð sem úthlutað er til þess verkefnis sé ekki samrýmanleg innri markaðnum.

⁽³⁸⁾ Sjá dóm Evrópudómstólsins frá 13. júní 2013, *HGA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, C-630/11 P til C-633/11 P, ECLI:EU:C:2013:387, 104. mgr.

⁽³⁹⁾ Sú lýsing verður að vera trúverðug, sannferðug og taka til helstu þátta sem réðu viðskiptaákvörðunum aðstoðarþega um það leyti sem hann ákvað að ráðast í verkefnið. Stjórnvöld aðildarríkjanna eru hvött til að nýta sér opinber skjöl stjórnar, áhættumöt, fjárhagsskýrslur, eigin viðskiptaáætlanir fyrirtækisins svo og sérfræðiálit og aðrar athuganir á verkefninu sem matið tekur til. Skjöl með upplýsingum um áætlaða eftirspurn, útgjaldaspár, fjárhagsspár, skjöl sem berast fjárfestingarnefnd og fjalla um mismunandi fjárfestingar- eða rekstrarkosti og skjöl sem afhent eru fjármálastofnunum eru allt gögn sem geta nýst stjórnvöldum aðildarríkjanna til að færa sönnur á hvatningaráhrif aðstoðar. Öll slík gögn verða að vera frá þeim tíma sem unnið var að undirbúningi ákvörðunar um fjárfestinguna eða rekstur.

30. Umsókn um aðstoð getur tekið á sig ýmsar myndir, til dæmis getur verið um að ræða tilboð í samkeppnisútbóði. Í öllum umsóknum verða að koma fram að minnsta kosti nafn eða heiti umsækjanda, lýsing á verkefninu eða starfseminni, þar á meðal hvar unnið verður að framkvæmdum, og hversu mikillar aðstoðar er þörf til að ráðast megi í verkefnið.
31. Í vissum undantekningartilvikum getur aðstoð haft hvatningaráhrif enda þótt verkefnið hafi hafist áður en sótt var um aðstoð. Nánar tiltekið telst aðstoð hafa hvatningaráhrif þegar aðstæður eru sem hér segir:
- (a) Aðstoð er úthlutað með sjálfvirkum hætti í samræmi við málefnaleg sjónarmið og þannig að jafnræðis sé gætt og án þess að stjórnvöld aðildarríkisins beiti ákvörðunarvaldi að öðru leyti, og ráðstöfunin sem veiting aðstoðarinnar byggist á var ákveðin og hafði öðlast gildi áður en framkvæmdir hófust við verkefnið eða starfsemina sem aðstoðin rennur til, nema þegar aðstoðin er fölgin í skattvöxlunarkerfi sem tekur við af öðru slíku kerfi sem sama starfsemi féll þegar undir.
 - (b) Stjórnvöld hafa, fyrir upphaf framkvæmda, birt auglýsingu um að þau hyggist koma fyrirhugaðri aðstoðarráðstöfun á fót, með þeim fyrirvara að framkvæmdastjórnin samþykki ráðstöfunina í samræmi við áskilnað 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Sú auglýsing skal birt á vefsetri sem almenningur hefur aðgang að eða á öðrum miðlum með almennum og sambærilega víðtækum og auðveldum aðgangi og í henni skal koma skýrt fram hvers konar verkefni fyrirhugað er að skilgreina sem styrkhæf og frá hvaða tíma stjórnvöld hyggjast láta styrkhæfi slíkra verkefna gilda. Fyrirhuguð styrkhæfisviðmið mega ekki vera óeðlilega þröng. Aðstoðarþegi verður að hafa greint stofnuninni sem annast úthlutun aðstoðar frá því fyrir upphaf framkvæmda að fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun hafi verið forsenda ákvarðana um að ráðast í fjárfestinguna. Ef stjórnvöld aðildarríkis vísa til auglýsingar af þessu tagi til að færa sönnur á að aðstoð hafi hvatningaráhrif skulu þau láta fylgja tilkynningu sinni um ríkisaðstoðina afrit af auglýsingunni ásamt veffangi síðunnar sem hún birtist á eða samsvarandi sönnun þess að hún hafi verið birt almenningi.
 - (c) Rekstraraðstoð er úthlutað til iðjuvera sem þegar eru í rekstri til að stuðla að umhverfishæfri framleiðslu án þess að um eiginlegt „upphaf framkvæmda“ sé að ræða vegna þess að ekki er ráðist í verulegar nýjar fjárfestingar. Í slíkum tilvikum má færa sönnur á hvatningaráhrifin með vísan til þess að breytingar hafi verið gerðar til að taka upp umhverfishæfan rekstur í iðjuverinu í stað þess að halda áfram ódýrari rekstri með síðra umhverfishæfi.
32. Litið er svo á að aðstoð sem úthlutað er aðeins í þeim tilgangi að mæta kostnaði við að fylgja sambandskröfum hafi að jafnaði engin hvatningaráhrif. Það á almennt við að hvatningaráhrif geta aðeins talist fylgja aðstoð sem veitt er til að ganga lengra í umhverfisvernd en sambandskröfur gera ráð fyrir. Þegar þannig stendur á að mælt hefur verið fyrir um sambandskröfurnar sem um ræðir en þær hafa ekki tekið gildi getur aðstoð þó haft hvatningaráhrif ef hún hvetur fyrirtækið til að ráðast í fjárfestinguna og ljúka henni að fullu eigi síðar en 18 mánuðum áður en kröfurnar taka gildi, með fyrirvara um ákvæði undirkafla 4.1 til 4.13. Til að vinna ekki gegn því að stjórnvöld aðildarríkjanna mæli sjálf fyrir um kröfur sem eru strangari eða setja markið hærra en gert er í samsvarandi sambandskröfum verður litið svo á að hvatningaráhrif geti fylgt aðstoðarráðstöfunum óháð því hvort mælt hefur verið fyrir um slíkar kröfur í einstökum ríkjum eða ekki. Hið sama gildir um aðstoð sem úthlutað er þegar mælt hefur verið fyrir um kröfur í einstökum ríkjum án þess að nokkrum sambandskröfum sé til að dreifa.

3.1.3 *Aðstoðin hafi ekki í för með sér brot á neinu ákvæði sambandslöggjafar á þessu sviði*

33. Ef starfsemin sem styrkt er, eða aðstoðarráðstöfunin sjálf eða skilyrðin sem ráða framkvæmd hennar, að meðtalinni fjármögnunartilhögun sem er óaðskiljanlegur hluti hennar, er þess eðlis að hún hafi í för með sér brot á ákvæði sambandslöggjafar á þessu sviði er ekki unnt að lýsa aðstoðina samrýmanlega innri markaðnum. Dæmi um það er þegar aðstoðin er bundin skilyrðum sem tengja hana beint eða óbeint uppruna tiltekinnar vöru eða tækjabúnaðar, svo sem ef aðstoðarþega er gert skylt að kaupa vörur sem framleiddar eru í landinu.

3.2 **Neikvætt skilyrði: aðstoðarráðstöfunin spilli ekki viðskiptaskilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkjanna**

3.2.1 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*

3.2.1.1 Aðstoðin sé nauðsynleg

34. Fyrirhuguð ríkisaðstoð verður að beinast að aðstæðum sem eru þess eðlis að aðstoðin getur leitt til verulegra umbóta sem ekki nást fram fyrir tilstuðlan markaðsaflanna einna, til dæmis með því að ráða bót á markaðsbrestum sem tengjast verkefninu eða starfsemi sem aðstoð er veitt til. Þó að það sé almennt viðtekin skoðun að samkeppnismarkaðir leiði að jafnaði til hagkvæmrar niðurstöðu, hvort sem lítið er til verðlagningar, framleiðslu eða aðfanganýtingar, geta aðstæður sem rekja má til markaðsbresta verið þess eðlis að opinber afskipti sem eru fólgin í ríkisaðstoð efla starfsemi markaða og stuðli þannig að uppbyggingu atvinnustarfsemi við aðstæður þar sem viðunandi árangur næst ekki fyrir tilstuðlan markaðsaflanna einna. Stjórnvöldum aðildarríkisins ber að gera grein fyrir því hvaða markaðsbrestir standa í vegi fyrir því að nægilega góður árangur náist í umhverfisvernd eða að skilvirkni innri orkumarkaðarins aukist. Helstu markaðsbrestir á sviði umhverfisverndar og orkumála sem geta komið í veg fyrir æskilegustu niðurstöðu og þannig leitt til óviðunandi árangurs eru þessir:
- (a) Neikvæð úthrif: Slík áhrif koma helst fram í tengslum við aðstoðarráðstafanir á sviði umhverfisverndar þegar verðlagning mengunar er ekki rétt, þ.e. þegar fyrirtækið sem á í hlut ber ekki allan kostnað sem hlýst af menguninni. Við þær aðstæður kunna fyrirtæki sem hafa eigin hagsmuni að leiðarljósi að búa við ófullnægjandi hvata til að taka tillit til neikvæðra úthrifa atvinnustarfseminnar hvort heldur sem er þegar tiltekinn tæknibúnaður er valinn eða þegar umfang framleiðslunnar er ákveðið. Með öðrum öðrum endurspeglar kostnaður fyrirtækisins ekki að öllu leyti kostnað neytenda og þjóðfélagsins í heild. Fyrirtæki búa þannig venjulega ekki við nægilegan hvata til að draga úr mengun í starfsemi sinni eða gera sérstakar ráðstafanir til verndar umhverfinu.
 - (b) Jákvæð úthrif: Það getur dregið úr fjárfestingarvilja fyrirtækja renni væntanlegur ávinningur af fjárfestingu að nokkrum hluta til annarra markaðsaðila en fyrirtækisins sem stendur að fjárfestingunni. Jákvæð úthrif geta meðal annars komið fram í tengslum við fjárfestingar sem beinast að nýsköpun í þágu umhverfisins, kerfisstöðugleika, nýjum og nýskapandi tækniáferðum til að nýta endurnýjanlega orkugjafa og nýskapandi lausnum á sviði eftirspurnarstýringar, svo og í tengslum við orkumannvirki eða ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku sem nýtast mörgum aðildarríkjum eða stærri hópi orkunotenda.
 - (c) Ójafn aðgangur að upplýsingum: Þessi vandi kemur venjulega upp á mörkuðum þar sem mismunandi upplýsingar eru tiltækar markaðsaðilum eftir því hvorum megin borðs þeir sitja. Dæmi um það er þegar utanaðkomandi fjárfestar vita lítið um hversu mikillar ávöxtunar er að vænta af tilteknu verkefni og hversu mikil áhætta fylgir því. Sami vandi getur verið fyrir hendi í samstarfi ríkja um mannvirkjauppbyggingu þegar annar aðilinn býr yfir minni upplýsingum en hinn. Enda þótt áhætta og óvissa leiði ekki til markaðsbrests án þess að annað komi til er samhengi milli vandans sem tengist ójöfnum aðgangi að upplýsingum og þess hversu mikil áhætta eða óvissan er. Hvort tveggja er yfirleitt meira að umfangi þegar um ræðir fjárfestingar í umhverfisverndarskyni, sem venjulega hafa lengri afskriftatíma en aðrar fjárfestingar, en það getur stuðlað að skammtímahugsun sem fjármögnunarákvæði vegna slíkra fjárfestinga geta síðan ýtt enn frekar undir, einkum þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.
 - (d) Samhæfingarbrestir: Hér er vísað til þess að verkefni komist ekki á framkvæmdastig eða árangursrík útfærsla þess spillist vegna ólíkra hagsmuna fjárfestanna og mismunandi hvata sem þeir búa við (e. *split incentives*), kostnaðar af verktaka- eða ábyrgðartryggingu, óvissu um árangur samstarfs og kerfisáhrifa, til dæmis órofinnar afhendingar raforku. Dæmi um samhæfingarbrest er þegar ágreiningur kemur upp milli húseiganda og leigjanda um hvernig standa beri að orkusparandi breytingum. Upplýsingaskortur, einkum ójafn aðgangur að upplýsingum, getur gert samhæfingarbresti enn erfiðari viðfangs. Samhæfingarbrestir geta einnig stafað af þörfinni á að verkefni nái tiltekinni stærð áður en hagkvæmt telst að hefjast handa við það, og það atriði skiptir ekki síst máli í tengslum við (ríkjasamstarfs)verkefni á sviði mannvirkjaf framkvæmda.
35. Ríkisaðstoð getur þó ekki talist nauðsynleg af þeirri ástæðu einni að markaðsbrestir reynist vera fyrir hendi í tilteknu samhengi. Þegar kunna að vera í gildi aðrar opinberar reglur og ráðstafanir til að bæta úr sumum slíkum markaðsbrestum. Dæmi um það eru opinberar reglur sem settar eru um einstakar atvinnugreinar, lögboðnar sambandskröfur um varnir gegn mengun, afhendingarkvæðir, verðlagningarúrræði á borð við viðskiptakerfi sambandsins fyrir losunarheimildir („ETS“) og koltvísyringsgjald. Ráðstafanir sem koma þessu til viðbótar, þar á

meðal ríkisaðstoð, mega aðeins beinast að eftirstæðum markaðsbrestum, þ.e. þeim sem enn hefur ekki verið leyst úr með öðrum ráðstöfunum. Einnig er mikilvægt að sýna hvernig ríkisaðstoð styður aðrar opinberar reglur og ráðstafanir sem ætlað er að ráða bót á sömu markaðsbrestum. Þess vegna er meiri erfiðleikum bundið að sýna fram á nauðsyn ríkisaðstoðar ef ætla má að hún myndi vinna gegn öðrum ráðstöfunum sem beinast að sömu markaðsbrestum. Stjórnvöldum aðildarríkisins ber því einnig að gera grein fyrir þeim opinberu reglum og ráðstöfunum sem þegar eru í gildi og beinast að skilgreindum löggjafar- og markaðsbrestum.

36. Litið verður svo á að aðstoð sé nauðsynleg ef stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að hún beinist í raun að eftirstæðum markaðsbrestum, og þá einnig að teknu tilliti til annarra opinberra reglna og ráðstafana sem þegar kunna að vera í gildi og beinast að sumum hinna skilgreindu markaðsbresta.
37. Ef ríkisaðstoð er úthlutað vegna verkefna eða starfsemi sem svipar til verkefna eða starfsemi sem þegar er unnið að í Evrópusambandinu á markaðsforsendum, þegar litið er til tækniáferða, áhættustigs og umfangs, verður almennt gengið út frá því að enginn markaðsbrestur sé fyrir hendi og frekari sannana verður þá krafist fyrir því að ríkisaðstoðar sé þörf.
38. Til að færa sönnur á að aðstoð sé nauðsynleg skulu stjórnvöld aðildarríkisins sýna fram á að verkefnið, eða viðmiðunarverkefnið þegar stuðningur er veittur samkvæmt aðstoðarkerfi, yrði ekki unnið ef engin aðstoð fengist. Mat framkvæmdastjórnarinnar á þessu verður byggt á magnákvörðun samkvæmt undirkafla 3.2.1.3 eða sérstakri greiningu sem stjórnvöld aðildarríkisins byggja á traustum gögnum og sýnir fram á að aðstoðin sé nauðsynleg.

3.2.1.2 Aðstoð sé heppilegt úrræði

39. Fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun verður að vera heppilegt stjórnæki til að ná settu markmiði með aðstoðinni, en það merkir að sama árangri verður ekki náð með öðrum stjórnækjum og aðstoðarúrræðum sem valda minni röskun.

1.1.1.1.1 Heppilegasta stjórnækið sé notað

40. Ríkisaðstoð er ekki eina stjórnækið sem stjórnvöld aðildarríkjanna geta notað til að auka umhverfisvernd eða tryggja skilvirkni innri raforkumarkaðarins. Önnur og heppilegri stjórnæki geta verið tiltæk, til dæmis stjórnæki sem byggjast á viðskiptum á frjálsum markaði og ráðstafanir til að stýra eftirspurn með opinberum reglum, framfylgd reglunnar um orkunýtni í fyrirrúmi⁽⁴⁰⁾, opinber útboð eða stöðlun, svo og auknar fjárveitingar til opinberra framkvæmda og almennar skattareglur. Úrræði sem eru ekki bindandi, svo sem valkvæðar umhverfismerkingar og aðgerðir til að breiða út umhverfishæfar tæknilausnir, geta einnig haft mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri viðleitni að auka umhverfisvernd⁽⁴¹⁾.
41. Ef fleiri en einni tegund ráðstafana er beitt til að ráða bót á sama markaðsbresti geta ráðstafanirnar haft andstæð áhrif. Þannig hagar til þegar teknar hafa verið upp skilvirkar markaðstengdar aðferðir sérstaklega í þeim tilgangi að takast á við vanda sem tengist úthrifum, t.d. viðskiptakerfi Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir. Ef annarri stuðningsráðstöfun er beint gegn sama markaðsbresti er hætt við að það grafi undan árangrinum af því að nota slíkt

⁽⁴⁰⁾ Samkvæmt þeirri reglu ber stjórnvöldum aðildarríkjanna að haga skipulagi orkumála, svo og ákvörðunum að því er varðar opinbera stefnu og fjárfestingar, með þeim hætti að ítrasta tillit sé tekið til hagkvæmra orkusparandi ráðstafana sem komið geta í stað þeirra sem fyrir eru og auka skilvirkni eftirspumar og framboðs á orkumarkaði, einkum hagkvæmra orkusparnaðarlausna hjá endanotendum, bættrar eftirspurnarstýringar og skilvirkari umbreytingar, flutnings og dreifingar á orku, án þess að það komi niður á markmiðum slíkra ákvarðana. Sjá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 [óstaðf. þýð.] (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

⁽⁴¹⁾ Umbúðir með umhverfismerkingum og staðhæfingum um áhrif á umhverfið geta verið önnur leið til að auðvelda neytendum/notendum að ákveða innkaup sín á grundvelli réttra upplýsinga og auka spurn eftir umhverfishæfum vörum. Áreiðanlegar umhverfismerkingar og sannar staðhæfingar um áhrif á umhverfið geta – þegar vel er staðið að gerð þeirra og neytendur þekkja þær og skilja, treysta þeim og telja þær skipta máli – verið öflugt tæki til leiðbeiningar og til að móta hegðun (neytenda) á þann hátt að innkaup taki í ríkara mæli mið af áhrifum á umhverfið. Merkingar-eða vottunarkerfi, sem nýtur viðurkenningar, er byggt á skýrum viðmiðum og er háð ytra eftirliti (þ.e. af hálfu þriðja aðila) er ein áhrifaríkasta aðferðin sem fyrirtæki geta notað til að sýna neytendum og haghöfum fram á að þau reki starfsemi í samræmi við strangar umhverfiskröfur. Af þessum sökum hefur framkvæmdastjómin ákveðið að láta þessar leiðbeinandi reglur ekki taka til sérreglna um aðstoð vegna hönnunar og framleiðslu umhverfishæfra vara.

markaðstengt kerfi. Þegar aðstoðarkerfi er komið á fót til að bæta úr eftirstæðum markaðsbrestum verður því að haga slíku kerfi þannig að það grafi ekki undan árangri markaðstengda kerfisins.

42. Tilgangur þess að láta mengunarbótaregluna stýra ferð við setningu löggjafar á sviði umhverfismála er að tryggja að bætt sé úr markaðsbresti sem tengist neikvæðum úthrifum. Ríkisaðstoð er þess vegna óheppilegt úrræði, og því óheimil, ef þannig stendur á að unnt væri að fella ábyrgð vegna mengunarinnar á aðstoðarþegann samkvæmt gildandi ákvæðum Evrópulöggjafar eða landslaga.

1.1.1.1.2 Heppilegasta aðstoðarúrræðið sé notað

43. Ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála getur tekið á sig ýmsar myndir. Stjórnvöldum aðildarríkjanna ber þó að sjá til þess að úthlutað sé þeirri tegund aðstoðar sem síst er hætt við að raski milliríkjavíðskiptum og samkeppni.
44. Í því tilliti skulu stjórnvöld aðildarríkjanna skýra hvers vegna þau telja síður heppilegt að nota önnur aðstoðarform sem ætla má að valdi minni röskun, svo sem: endurgreiðsluskyld framlög fremur en beina styrki, skattafslátt fremur en skattalækkanir eða ýmsar tegundir aðstoðar sem byggjast á notkun fjárgerninga, svo sem lán fremur en hlutafjárframlög, þar á meðal lán á lágum vöxtum eða með vaxtabótum, ríkisábyrgðir eða annars konar fjármögnun á vildarkjörum.
45. Aðstoðarúrræðið sem ákveðið er að nota verður að vera heppilegt að teknu tilliti til markaðsbrestsins sem aðstoðinni er ætlað að bæta úr. Þegar óvissa er um rauntekjur, til dæmis í tengslum við orkusparnaðarráðstafanir, geta endurgreiðsluskyld framlög verið heppilegasta úrræðið.
46. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu færa sönnur á að aðstoðin og tilhögun hennar séu heppileg leið til að ná markmiðinu sem stefnt er að með ráðstöfuninni.

3.2.1.3 Meðalhóf

47. Meðalhófs telst hafa verið gætt við veitingu aðstoðar ef hver aðstoðarþegi hlýtur ekki meiri aðstoð en sem nemur lægstu fjárhæð sem komast má af með til að sinna verkefninu eða starfseminni sem aðstoð er veitt til.
48. Almennt verður litið svo á að aðstoð takmarkist við lægstu fjárhæð sem komast má af með til að sinna verkefninu eða starfseminni sem aðstoðin er veitt til ef hún samsvarar þeim hreina kostnaðarauka („fjármögnunarhallanum“) sem aðstoðarþegi verður að taka á sig til að ná markmiðinu sem stefnt er að með ráðstöfuninni, í samburði við atvikarás án aðstoðar. Hreini kostnaðaraukinn er reiknaður sem mismunur fjárhagslegs ávinnings og kostnaðar (að meðtöldum fjárfestingar- og rekstrarkostnaði), annars vegar í aðstoðarverkefninu og hins vegar í verkefninu sem raunhæft getur talist að aðstoðarþegi hefði ráðist í hefði engin aðstoð verið veitt.
49. Ekki verður krafist ítarlegrar greiningar á hreinum kostnaðarauka ef fjárhæð aðstoðarinnar er ákveðin á grundvelli samkeppnisútbóðs, því að með slíku útbóði fæst áreiðanlegt mat á því hversu litla aðstoð hugsanlegir aðstoðarþegar geta komist af með ⁽⁴²⁾. Af þessum sökum er talið öruggt að meðalhófs hafi verið gætt við veitingu aðstoðar ef eftirtöldum viðmiðum er fullnægt:
- (a) Útbóðið fari fram á samkeppnisgrundvelli, en það merkir að það er opið og byggt á skýrum og gagnsæjum reglum, að jafnræðis er gætt og að stuðst er við málefnaleg sjónarmið sem eru skilgreind fyrirfram í samræmi við markmiðið sem ráðstöfuninni er ætlað að ná og á þann hátt að dregið sé úr hættunni á verðboðum sem endurspeglar ekki raunverulegan framleiðslukostnað.

⁽⁴²⁾ Ef hugsanlegt er talið að fram komi tilboð þar sem ekki er farið fram á opinberan styrk þurfa stjórnvöld aðildarríkjanna þó að gera grein fyrir því hvernig tryggt verður að meðalhófs sé gætt í útbóðinu. Tilboð þar sem ekki er farið fram á opinberan styrk geta komið fram til dæmis vegna þess að gert er ráð fyrir vaxandi tekjum af markaðsviðskiptum þegar fram í sækir og/eða að hlutskarpir bjóðendur hljóta sérleyfissamninga eða annars konar ívilnanir auk verðstuðnings. Fordást ber að setja ákvæði um neðri eða efri verðmörk því að slík mörk geta grafið undan útbóðinu og dregið úr líkum á að meðalhófs sé gætt, jafnvel þótt þau séu sett við núll.

- (b) Viðmiðin séu gerð opinber nægilega löngu áður en tilboðsfrestur rennur út til að raunhæf samkeppni geti átt sér stað ⁽⁴³⁾.
- (c) Fjárveitingar vegna útboðsins eða magntölurnar sem það byggist á séu bindandi takmörkun í þeim skilningi að ekki muni allir bjóðendur hljóta aðstoð, bjóðendur eru taldir munu verða nógu margir til að raunhæf samkeppni sé tryggð, og starfrækslu aðstoðarkerfis sé hagað þannig að reynist þátttaka í tilteknum útboðum ófullnægjandi er tilhöguninni breytt til að raunhæf samkeppni komist aftur á í næstu útboðum á eftir, eða að öðrum kosti svo skjótt sem við verður komið.
- (d) Leitast sé við að komast hjá breytingum á niðurstöðum útboðs (til að mynda með samningum við bjóðendur eftirá eða sérstakri úthlutun milli bjóðenda) þar eð slíkar breytingar geta grafið undir árangri útboðsins.
50. Viðmiðin sem notuð eru til að gefa tilboðum einkunn og ákveða endanlega hvaða bjóðendur hljóta aðstoð í samkeppnisútboði eiga almennt að vera með þeim hætti að metið sé með beinum eða óbeinum hætti samhengið milli þess hversu vel tilboð stuðlar að helstu markmiðum ráðstöfunarinnar og hversu mikillar aðstoðar er óskað. Þetta má til að mynda gera með því að reikna hversu mikil aðstoðin verður sem hlutfall af tiltekinni einingu umhverfisverndar eða tiltekinni einingu orku ⁽⁴⁴⁾. Heppilegt getur verið að nota samhliða þessu önnur viðmið sem tengjast ekki beint eða óbeint helstu markmiðum ráðstöfunarinnar. Vægi slíkra viðmiða má þá ekki vera meira en 30% af öllum viðmiðum sem notuð eru. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu tilgreina ástæðurnar fyrir því að tiltekin tilhögun er valin og tryggja að hún sé heppileg leið til að ná settum markmiðum.
51. Ef aðstoð er úthlutað án þess að samkeppnisútboð sé haldið skal hreinn kostnaðarauki ákvarðaður með samanburði á því hver arðsemi verkefnisins eða starfseminnar verður með og án aðstoðar. Til að ákvarða fjármögnunarhallann í slíkum tilvikum skulu stjórnvöld aðildarríkisins leggja fram magnákvörðun á verkefninu, bæði miðað við atvikarás með aðstoð og á grundvelli trúverðugrar lýsingar á líklegri atvikarás án aðstoðar, þar sem tekið er tillit til allra helstu tekju- og útgjaldaliða, áætlaðs vegins meðalfjármunakostnaðar aðstoðarþega til afreiknings á sjóðstreymi í framtíðinni og hreins núvirðis verkefnisins bæði með og án aðstoðar allan rekstrartíma þess. Framkvæmdastjórnin metur hvort sú atvikarás er raunhæf ⁽⁴⁵⁾. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu færa rök fyrir forsendunum sem ráða einstökum atriðum magnákvörðunarinnar og skýra og réttlæta allar aðferðir sem notaðar eru. Dæmigerðan hreinan kostnaðarauka má áætla sem muninn á hreinu núvirði viðmiðunarverkefnisins allan rekstrartíma þess, annars vegar með aðstoð og hins vegar án aðstoðar.
52. Atvikarás án aðstoðar getur falist í því að aðstoðarþegi ráðist ekki í tiltekna starfsemi eða fjárfestingu, eða haldi áfram fyrri starfsemi án nokkurra breytinga. Ef fyrirleggjandi gögn styðja að sú atvikarás sé líklegasta niðurstaðan er að aðstoð ekki veitt má áætla hreinan kostnaðarauka á grundvelli neikvæðs hreins núvirðis verkefnisins sem hlýtur aðstoð allan rekstrartíma þess, eins og það reiknast miðað við þá forsendu að engin aðstoð sé veitt (þ.e. á þeim grundvelli að hreint núvirði þess að ráðast ekki í verkefnið sé núll) ⁽⁴⁶⁾. Þannig hagar helst til í tengslum við mannvirkjaframkvæmdir.

⁽⁴³⁾ Yfirleitt er nægilegt að sá fyrirvari sé sex vikur. Ef tilhögun útboðs er óvenju flókin eða nýstárleg getur fyrirvarinn þurft að veralengri. Í vissum tilvikum getur styttri fyrirvari komið til greina, til dæmis þegar um einföld eða regluleg/endurtekin útboð er að ræða.

⁽⁴⁴⁾ Í mati stjórnvalda aðildarríkjanna á einingum umhverfisverndar má til dæmis styðjast við aðferðir þar sem horft er til losunar gróðurhúsagasa eða annarrar mengunar á hverju stigi atvinnustarfseminnar sem aðstoð er veitt til, framkvæmdatíma verkefnisins eða kostnaðar við samþættingu kerfa. Í mati á samhenginu milli þess hversu vel tilboð stuðlar að helstu markmiðum sem unnið er að og hversu mikillar aðstoðar óskað er eftir geta stjórnvöld aðildarríkjanna til dæmis gefið hverju hlutlægu viðmiði tiltekið vægi og valið milli tilboða á grundvelli aðstoðarfjárhæðar á hverja einingu vegins meðaltals allra hlutlægra viðmiða, eða valið úr þeim tilboðum, sem miðast við lægsta aðstoðarfjárhæð á hverja einingu hlutlægra viðmiða, þau tilboð sem hljóta hæsta einkunn samkvæmt hlutlægu viðmiðunum. Forsendum allra slíkra aðferða skal haga þannig að jafnræðis sé gætt í útboðinu, að raunhæf samkeppni sé tryggð og að tekið sé tillit til efnahagslegs virðis tilboðanna.

⁽⁴⁵⁾ Fjárfestingar- eða rekstrarverkefnið sem notað er til samanburðar telst ekki raunhæft ef það miðast við framhald núverandi starfsemi sem er ekki umhverfislega sjálfbær til langframa.

⁽⁴⁶⁾ Ef ekki liggur fyrir lýsing á slíku verkefni sem nota má til samanburðar verður gengið úr skugga um að aðstoðin nemi ekki hærra fjárhæð en nauðsynlegt getur talist til að gera aðstoðarverkefnið nægilega ábatasamt, t.d. þannig að afkastavextir þess samsvari því sem algengt er í viðkomandi atvinnugrein eða þeirri viðmiðunar- eða lágmarksarðsemi sem fyrirtækið sjálf notast við. Einnig má nota í þessum tilgangi arðsemiskröfuna sem aðstoðarþeginn notar að jafnaði í öðrum fjárfestingarverkefnum svipaðs eðlis, fjármunakostnað fyrirtækisins í heild eða arðsemi sem algengt er að fyrirtæki sýni í atvinnugreininni sem um ræðir. Tekið skal tillit til alls kostnaðar og ávinnings sem tengist verkefninu og gera má ráð fyrir frá upphafi til loka þess.

53. Að því er varðar staka úthlutun aðstoðar og aðstoðarkerfi sem nýtast óvenju þröngum hópi aðstoðarþega verða útreikningar og spár samkvæmt 51. mgr. að taka til ítarlegrar viðskipta-áætlunar fyrir hvert einstakt verkefni, og byggjast á einu eða fleiri viðmiðunarverkefnum þegar um aðstoðarkerfi er að ræða. Á sama hátt gildir, ef ákvæði 52. mgr. eiga við, að framlögð gögn verða að taka til ítarlegrar viðskiptaáætlunar hvers einstaks verkefnis, og byggjast á einu eða fleiri viðmiðunarverkefnum þegar um aðstoðarkerfi er að ræða.
54. Í vissum tilvikum getur verið erfitt að gera fulla grein fyrir ávinningi og kostnaði aðstoðarþega og þar með að áætla hreint núvirði verkefnisins á grundvelli atvikarásar með og án aðstoðar. Þá má notast við aðrar aðferðir, sjá umfjöllun um einstakar tegundir aðstoðar í 4. kafla. Líta má svo, í slíkum tilvikum, að meðalhófs hafi verið gætt við úthlutun aðstoðar ef aðstoðarfjárhæðin er ekki umfram hæsta leyfilegt aðstoðarhlutfall.
55. Ef ekki er haldið samkeppnisútböð, mikil óvissa ríkir um þróun kostnaðar og tekna í framtíðinni og aðgangur að upplýsingum er afar ójafn kann stjórnvöldum aðildarríkisins að verða gert að byggja ákvarðanir um fjárhæð aðstoðar ekki eingöngu á fyrirframþekktum forsendum. Þess í stað yrði þá notuð tilhögun sem byggist á blöndu af fyrirframþekktum og eftirágreindum forsendum eða ákvæðum sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar eftirá eða skipulegt eftirlit með útgjöldum, ásamt því að búa aðstoðarþegum áfram hvata til að halda útgjöldum sínum í lágmarki og auka smám saman hagkvæmni í rekstrinum.

1.1.1.1.3 Uppsöfnun

56. Veita má aðstoð samtímis samkvæmt fleiri en einu aðstoðarkerfi, eða til viðbótar sérákveðinni aðstoð eða minniháttaraðstoð sem er veitt vegna sama styrkhæfa kostnaðar, að því tilskildu að heildarfjárhæð aðstoðar vegna tiltekins verkefnis eða starfsemi leiði ekki ofgreiðslu aðstoðar vegna þess verkefnis eða verði umfram hæstu leyfilegu aðstoðarfjárhæð samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum. Ef stjórnvöld aðildarríkisins heimila uppsöfnun aðstoðar samkvæmt tveimur eða fleiri mismunandi ráðstöfunum skulu þau tilgreina, að því er varðar hverja ráðstöfun, hvaða aðferð er notuð til að tryggja að skilyrðunum sem sett eru í þessari málsgrein sé fullnægt.
57. Styrkveitingar á vegum Evrópusambandsins sem eiga sér ekki stað beint eða óbeint samkvæmt ákvörðun stjórnvalda aðildarríkjanna teljast ekki ríkisaðstoð. Þegar slíkar styrkveitingar sambandsins koma til viðbótar ríkisaðstoð skal tryggt að heildarfjárhæð opinberra styrkja, sem úthlutað er vegna sömu styrkhæfu kostnaðarliða, leiði ekki til ofgreiðslu aðstoðar.

3.2.1.4 Gagnsæi

58. Til að unnið sé gegn neikvæðum áhrifum með því að tryggja að keppinautar fyrirtækja sem hljóta aðstoð geti nálgast upplýsingar um starfsemi sem nýtur styrkja skulu stjórnvöld aðildarríkisins sem á í hlut sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar birtist í einingu framkvæmda-stjórnarinnar fyrir gagnsæi við úthlutun ríkisaðstoðar⁽⁴⁷⁾ eða á vefsetri sem hefur að geyma ítarlegar upplýsingar um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið á lands- eða svæðisvísu:
- (a) Allur texti samþyktra heildarreglna um aðstoðarkerfið eða ákvörðunarinnar um staka úthlutun aðstoðar, ásamt framkvæmdarákvæðum, eða slóð sem vísar á þann texta.
- (b) Upplýsingar um alla aðstoð sem úthlutað er í samræmi við þessar leiðbeinandi reglur og nemur hærri fjárhæð en 100.000 evrum, hvort sem um er að ræða staka úthlutun sérákveðinnar aðstoðar eða aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi⁽⁴⁸⁾.
59. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu haga skipulagi vefsetra sem ítarlegar upplýsingar um ríkisaðstoð eiga að birtast á samkvæmt þessum undirkafla með þeim hætti að auðvelt sé að nálgast upplýsingarnar. Upplýsingarnar skulu birtar á töflureiknissniði sem er ekki háð einkaleyfi og gerir það kleift að leita í gögnunum, kalla þau fram, hlaða þau niður og dreifa þeim á netinu með auðveldum hætti, til dæmis CSV- eða XML-sniði. Almennigur verður að geta nálgast upplýsingar á vefsetrinu án nokkurra takmarkana. Óheimilt er að krefjast notendaskráningar áður en aðgangur er veittur að vefsetrinu.

⁽⁴⁷⁾ Sjá „State Aid Transparency Public Search“ á eftirfarandi vefsetri: <https://webgate.ec.europa.eu/competition/transparency/public?lang=en>.

⁽⁴⁸⁾ Falla má frá þessari kröfu ef stjórnvöld aðildarríkis leggja fram beiðni þess efnis, studda fullnægjandi gögnum sem sýna að birting þessara upplýsinga myndi grafa undan samkeppni í síðari útboðum, til dæmis með því að skapa hættu á verðboðum sem endurspeglar ekki raunverulegan framleiðslukostnað.

60. Að því er varðar aðstoðarkerfi sem eru fólgin í ívilnunum vegna skatta eða gjalda telst skilyrðum samkvæmt stafl. b) í 58. mgr. vera fullnægt ef stjórnvöld aðildarríkjanna birta tilskildar upplýsingar um einstakar aðstoðarfjárhæðir á eftirtöldum bilum (í milljónum evra):
- 0,1–0,5,
 - 0,5–1,
 - 1–2,
 - 2–5,
 - 5–10,
 - 10–30,
 - 30–60,
 - 60–100,
 - 100–250,
- [250 og þar yfir].
61. Frestur til að birta upplýsingar samkvæmt stafl. b) í 58. mgr. er sex mánuðir frá því að úthlutun var ákveðin; þegar aðstoðin er fólgin í skattívilnun er fresturinn þó eitt ár frá skilafresti skattframtals⁽⁴⁹⁾. Ef um er að ræða ólögmeta aðstoð, sem þó er samrýmanleg innri markaðnum, verður áskilið að stjórnvöld aðildarríkjanna birti þessar upplýsingar eftirá, innan sex mánaða frá dagsetningu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að lýsa aðstoðina samrýmanlega innri markaðnum. Til að tók séu á að framfylgja ríkisaðstoðarreglum sáttmálans verða upplýsingarnar að vera aðgengilegar um 10 ára skeið hið minnsta frá deginum sem úthlutun var ákveðin.
62. Slóðir sem vísa á vefsetur með upplýsingum um ríkisaðstoð, sbr. 59. mgr., verða birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.
- 3.2.2 *Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti*
63. Samkvæmt ákvæði stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa ríkisaðstoð sem greiðir fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi eða tiltekinnna efnahagssvæða samrýmanlega innri markaðnum, enda raski hún ekki viðskiptaskilyrðum að því marki að „striði gegn sameiginlegum hagsmunum“ aðildarríkjanna.
64. Til að beita megi því neikvæða skilyrði verður í fyrsta lagi að meta hversu mikil röskun getur orðið á viðskiptaskilyrðum af völdum aðstoðarinnar sem um ræðir. Allar aðstoðarráðstafanir eru þess eðlis að þær raska, eða geta raskað, samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna sökum þess að þær styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna sem hana þiggja, einnig þótt aðstoðarráðstöfunin sé nauðsynleg, heppileg, í samræmi við meðalhóf og byggð á gagnsæjum reglum.
65. Aðstoð sem veitt er í umhverfisverndarskygni hefur að jafnaði þau áhrif, eðli málsins samkvæmt, að ýta undir notkun á umhverfishæfum vörum og tækniáferðum í stað þeirra sem valda meiri mengun, og þau áhrif aðstoðarinnar geta að jafnaði ekki talist óeðlileg samkeppnisröskun því að með þeim er unnið gegn markaðsbrestum sem gera aðstoðina nauðsynlega. Með því að stuðla að aukinni notkun á umhverfishæfum vörum og tækniáferðum er einnig unnið að markmiðunum sem stefnt er að fyrir árin 2030 og 2050 samkvæmt umhverfislöggjöf Evrópusambandsins. Í tengslum við ráðstafanir sem gerðar eru í umhverfisverndarskygni verður athugun framkvæmdastjórnarinnar því bundin við áhrif til röskunar gagnvart þeim keppinautum aðstoðarþegans sem stunda einnig rekstur á umhverfishæfum grunni.
66. Litið er svo á að aðstoðarkerfi sem stendur opið breiðum hópi fyrirtækja valdi, eða muni að öllum líkindum valda, minni samkeppnisröskun en aðstoð sem beinist að litlum og afmörkuðum hópi aðstoðarþega, einkum ef aðstoðin stendur til boða öllum keppinautum sem treysta sér til að útvega sömu þjónustu, vöru eða ávinning.

⁽⁴⁹⁾ Ef hvergi er formlega áskilið að árleg tilkynning sé send um endurnýjun aðstoðar telst 31. desember árið sem aðstoð er úthlutað fyrir vera dagurinn sem úthlutun var ákveðin með tilliti til skráningar.

67. Ríkisaðstoð sem veitt er til að stuðla að markmiðum á sviði umhverfis- og orkumála getur haft þau ótilætluðu áhrif að rýra markaðsávinning þeirra framleiðenda sem sýna mesta hagkvæmni og nýsköpun í rekstrinum, og draga úr þeim hvata sem framleiðendur með óhagkvæmari rekstur hafa til að bæta eða endurskipuleggja starfsemina eða hætta rekstri. Hún getur líka leitt til óhagkvæmni með því að standa í vegi fyrir því að hugsanlegir keppinautar sem sýna meiri hagkvæmni og nýsköpun í rekstrinum geti hafið rekstur. Þegar fram í sækir getur slík röskun hamlað nýsköpun, dregið úr skilvirkni og unnið gegn því að minna mengandi tæknilausnir komist í notkun. Einkum er hætt við röskun af þessu tagi þegar aðstoð er úthlutað til verkefna sem hafa fremur takmarkaðan og tímabundinn ávinning í för með sér en standa um leið í vegi fyrir því um lengra tímabil að minna mengandi tæknilausnir komist í notkun, m.a. þær sem eru nauðsynlegar til að ná þeim loftslagsmarkmiðum til meðallangs og langs tíma sem kveðið er á um í loftslagslöggjöf Evrópusambandsins. Dæmi um þetta er stuðningur vegna ýmiss konar starfsemi sem byggist á notkun jarðefnaeldsneytis og leiðir þegar í stað til minni losunar gróðurhúsagasa en veldur hægari samdrætti losunar til lengri tíma lítið. Um þetta gildir, að öðru jöfnu, að því skemmri tími sem líður frá aðstoðarverkefninu þar til viðkomandi markmiði á að vera náð, þeim mun meiri líkur eru á að tímabundinn ávinningur af því sé léttvægari en þau letjandi áhrif sem það kann að hafa á að minna mengandi tæknilausnir komist í notkun. Í mati framkvæmdastjórnarinnar verður því horft til hamlandi áhrifa af þessu tagi á samkeppni og milliríkjavíðskipti, hvort sem þau eru skammvinn eða langvinn.
68. Aðstoð getur einnig raskað samkeppni með því að styrkja eða viðhalda stöðu aðstoðarþega með umtalsverðan markaðsstyrk. Jafnvel þótt aðstoð auki ekki slíkan markaðsstyrk fyrirtækis með beinum hætti getur hún gert það óbeint með því að draga úr vilja starfandi keppinauta til að færa út kvíarnar, stuðla að því að þeir hætta rekstri eða vinna gegn því að nýir keppinautar hefji starfsemi á markaðnum. Hafa þarf hliðsjón af þessu, sérstaklega þegar aðstoðarráðstöfunin beinist að litlum og afmörkuðum hópi aðstoðarþega og þegar tiltekin fyrirtæki hafa ríkjandi stöðu á markaðnum sem þau öðluðust áður en markaðsfrelsi var komið á, eins og stundum hagar til á raforkumörkuðum. Þetta atriði skiptir einnig máli þegar samkeppnisútböð eru haldin á mörkuðum sem eru að stíga sín fyrstu skref og hætt er við að markaðsaðili með sterka markaðsstöðu vinni flest slík útböð og komi að mestu í veg fyrir að önnur fyrirtæki nái fótfestu.
69. Auk þess að valda röskun á vörumörkuðum getur aðstoð haft áhrif á milliríkjavíðskipti og á staðarval fyrirtækja. Slík röskun getur teygst sig milli aðildarríkja, annaðhvort á þann hátt að samkeppni sé milli fyrirtækja sem starfa í mismunandi löndum eða að fyrirtæki velti fyrir sér stöðum í ólíkum löndum til fjárfestingar. Aðstoð sem veitt er til að viðhalda atvinnustarfsemi tiltekins svæðis eða laða hana þangað frá öðrum svæðum á innri markaðnum getur valdið tilflutningi starfsemi eða fjárfestingar af einum stað á annan án nokkurra breytinga á umhverfisáhrifum hennar. Í slíkum tilvikum verður gengið úr skugga um að aðstoðin hafi ekki umtalsverð hamlandi áhrif á samkeppni og milliríkjavíðskipti. Aðstoð sem ætlað er að stuðla að markmiðum á sviði umhverfisverndar eða orkumála verður til að mynda ekki talin samrýmanleg innri markaðnum ef hún hefur aðeins í för með sér tilflutning atvinnustarfsemi án þess að auka árangur aðildarríkjanna í umhverfisvernd.
70. Lengsti heimili gildistími ráðstafana samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum er 10 ár, en sá tími getur verið styttri í sumum tilvikum (sjá 76. mgr.). Ef stjórnvöld aðildarríkis hyggjast láta ráðstöfun gilda lengur geta þau tilkynnt hana að nýju að þeim tíma liðnum. Þetta merkir að veita má aðstoð samkvæmt samþykktu ráðstöfun um allt að 10 ára skeið eftir dagsetningu tilkynningar um þá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að lýsa aðstoðina samrýmanlega innri markaðnum.

3.3 Metið hvort jákvæð áhrif aðstoðar vega þyngra en neikvæð áhrif hennar á samkeppni og milliríkjavíðskipti

71. Að lokum er metið hvort telst vega þyngra, neikvæð áhrif fyrirhugaðrar aðstoðar á samkeppni og milliríkjavíðskipti eða jákvæð áhrif hennar á atvinnustarfsemina sem um ræðir, þar á meðal hversu vel hún stuðlar að umhverfisvernd og markmiðum á sviði orkumála, nánar tiltekið umskiptum í átt að umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi svo og lögbundnum markmiðum loftslagslöggjafar Evrópusambandsins og markmiðum sambandsins um árangur í orku- og loftslagsmálum til ársins 2030.

72. Í því vægismati verður litið sérstaklega til ákvæða 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þar á meðal reglunnar um að starfsemi megi ekki valda „verulegum skaða“⁽⁵⁰⁾, eða annarra sambærilegra matsaðferða. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti kann einnig að verða horft til hugsanlegra neikvæðra úthrifa starfseminnar sem aðstoð rennur til, eftir því sem við á, ef slík úthrif hamla samkeppni og viðskiptum milli aðildarríkjanna að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum þeirra með því að skerða skilvirkni markaðarins, og er þá einkum átt við úthrif sem geta valdið því að markmið í loftslagsmálum sem kveðið er á um í lögum sambandsins náist ekki⁽⁵¹⁾.
73. Aðstoðarráðstöfun verður ekki talin samrýmanleg innri markaðnum nema jákvæð áhrif hennar vegi þyngra en hin neikvæðu. Þegar fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun er þess eðlis að með henni er ekki unnið gegn vel skilgreindum markaðsbresti á heppilegan hátt og þannig að meðalhófs sé gætt, til dæmis vegna þess að ávinningur af henni yrði tímabundinn og að hún myndi valda langvinnri röskun, sbr. 67. mgr., vega samkeppnishamlandi áhrif ráðstöfunarinnar að líkindum þyngra en hvers kyns jákvæð áhrif sem hún kann að hafa. Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar verður því að líkindum sú að fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun sé ósamrýmanleg innri markaðnum.
74. Ef ráðstafanir fela í sér beinan eða óbeinan stuðning við notkun jarðefnaeldsneytis er ólíklegt að umhverfisáhrif þeirra séu jákvæð, einkum ef um er að ræða mest mengandi tegundir slíks eldsneytis, og oft eru áhrifin afar neikvæð vegna þess að ráðstafanir af því tagi geta aukið neikvæð umhverfisúthrif á markaðnum. Hið sama á við um ráðstafanir sem tengjast nýjum fjárfestingum á sviði jarðgassvinnslu, nema sýnt sé fram á að þær bindi fyrirtæki ekki við tilteknar tæknilausnir⁽⁵²⁾. Þetta þýðir að almennt er ólíklegt að áhrif slíkra ráðstafana verði talin jákvæð í heild í vægismati, sjá nánari skýringar í 4. kafla.
75. Framkvæmdastjórnin tekur almennt jákvæða afstöðu til þeirra atriða í fyrirhuguðum ráðstöfunum stjórnvalda aðildarríkjanna sem hafa þann tilgang að auðvelda þátttöku bæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og, eftir því sem við á, samtaka um nýtingu endurnýjanlegrar orku í samkeppnisútbodum, að því tilskildu að kostir þess að slík fyrirtæki taki þátt í útbodum og hljóti aðstoð vegi þyngra en hugsanleg röskunaráhrif.
76. Í mati á heildaráhrifum tiltekinna tegunda aðstoðarráðstafana í vissum tilvikum skal einnig tekið tillit til eftirfarandi þátta:
- (a) Hvort áskilið er að eftiráúttekt fari fram, sbr. ákvæði 5. kafla; framkvæmdastjórnin getur í slíkum tilvikum ákveðið að kerfin skuli hafa afmarkaðan gildistíma (venjulega ekki lengri en fjögur ár) en jafnframt sé heimilt að tilkynna þau á ný síðar með framlengingu í huga.
 - (b) Hvort áskilið er – þegar ekkert samkeppnisútbod er haldið – að tilkynna verði sérstaklega hvert einstakt aðstoðarverkefni sem er yfir tilteknum stærðarmörkum eða hefur tiltekna eiginleika.
 - (c) Hvort áskilið er að aðstoðarráðstafanir hafi afmarkaðan gildistíma.

4. TEGUNDIR AÐSTOÐAR

4.1 Aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa, þar á meðal stuðningur til nýtingar endurnýjanlegrar orku og til að auka orkunýtni

⁽⁵⁰⁾ Ráðstafanir sem eru sama eðlis og ráðstafanir endurreisnar- og viðnámsáætlana sem ráðið hefur samþykkt teljast fylgja reglunni um að valda ekki „verulegum skaða“, enda hefur þegar verið gengið úr skugga um það.

⁽⁵¹⁾ Annað dæmi um þetta er sú staða sem kemur upp þegar aðstoðin dregur úr virkni efnahagslegra stjórnækja sem beitt er í því skyni að fella slík neikvæð úthrif inn í rekstrarkostnað fyrirtækja (t.d. með því að bjaga verðmörkun viðskiptakerfis sambandsins fyrir losunarheimildir eða annarra svipaðra stjórnækja).

⁽⁵²⁾ Það má gera, svo dæmi sé tekið, með vísan til áætlunar með bindandi markmiðum um að draga úr kolefnislosun í landinu og/eða bindandi skuldbindinga aðstoðarþega um að taka í notkun tæknilausnir til að draga úr kolefnislosun, svo sem föngun og bindingu eða föngun og nýtingu kolefnis, láta jarðgas víkja fyrir endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi gasi eða leggja iðjuverid niður innan tímamarka sem samræmast loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins. Ef loftslagsmarkmið sambandsins fyrir árin 2030 og 2050 eiga að nást verður að draga verulega úr notkun alls jarðefnaeldsneytis, þar á meðal jarðgass. Í áhrifamati framkvæmdastjórnarinnar sem unnið var í tengslum við áætlun um markmið í loftslagsmálum til ársins 2030 kemur fram að árið 2050 verði svo komið að óbreyttu að nýting jarðgass verði orðin „ósamrýmanleg markmiðinu um kolefnishlutleysi og notkun þess [verði] að minnka um 66–71% frá því sem var árið 2015“ (SWD(2020) 176 lokaútg.).

4.1.1 *Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð*

77. Loftslagslöggjöf Evrópusambandsins hefur að geyma bindandi og háleit markmið um hversu mikið skuli draga úr losun gróðurhúsagasa fyrir hvort árið um sig, 2030 og 2050. Í reglugerð (ESB) 2018/1999 er lýst markmiðum Evrópusambandsins í orku- og loftslagsmálum til ársins 2030. Í orkunýtnitilskipun sambandsins koma fram bindandi markmið um árangur á sviði orkunýtni til ársins 2030. Nauðsynlegt getur reynst að veita ríkisaðstoð til að stuðla að þessum markmiðum sambandsins og tryggja að hvert aðildarríki leggi sitt að mörkum í þeim tilgangi.

4.1.2 *Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja*

78. Í undirkafla 4.1 kemur fram samkvæmt hvaða reglum ráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær varða aðstoð til að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þar á meðal aðstoð sem veitt er til orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum eða framleiðslu á tilbúnu eldsneyti með slíkri orku. Þar kemur einnig fram samkvæmt hvaða reglum aðstoðar-ráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær varða notkun ýmissa annarra tæknilausna í þeim helsta tilgangi að draga úr losun gróðurhúsagasa ⁽⁵³⁾.

4.1.2.1 *Aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa*

79. Í þessum undirkafla kemur fram samkvæmt hvaða reglum ráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær eru gerðar til að stuðla að nýtingu hvers kyns endurnýjanlegrar orku.
80. Stuðningur til að auka notkun á lífheldsneyti, fljótandi lífheldsneyti, lífgasi (þar á meðal lífmetani) og lífmassaeldsneyti verður ekki samþykktur nema eldsneytið sem um ræðir sé þess eðlis að fullnægt sé viðmiðum um sjálfbærni og losun gróðurhúsagasa samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerðum eða framseldum gerðum þeirrar tilskipunar.
81. Aðstoð sem veitt er til að nýta úrgang til orkuvinnslu getur talist samrýmanleg innri markaðnum samkvæmt ákvæðum þessa undirkafla ef hún takmarkast við úrgang sem samræmist skilgreiningunni á endurnýjanlegum orkugjöfum.
82. Aðstoð til framleiðslu á endurnýjanlegu vetni ⁽⁵⁴⁾ getur komið til mats samkvæmt þessum undirkafla.

4.1.2.2 *Önnur aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa og til að auka orkunýtni*

83. Undir þetta falla að öðru jöfnu allar tæknilausnir sem stuðla að minni losun gróðurhúsagasa, þar á meðal aðstoð til orkuvinnslu með lítilli kolefnislosun eða til framleiðslu á tilbúnu eldsneyti með slíkri orku, aðstoð til að auka orkunýtni, m.a. með skilvirkri samvinnslu, aðstoð til föngunar og bindingar eða föngunar og nýtingar kolefnis, aðstoð til að bæta eftirspurnarstýringu og annast geymslu orku þegar slíkt stuðlar að minni losun og aðstoð til að draga úr eða stöðva losun vegna iðjstarfsemi, þar á meðal hráefnavinnslu. Jafnframt fellur hér undir stuðningur til að að fjárlægja gróðurhúsagös úr umhverfinu. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um ráðstafanir sem hafa annan megingilgang en þann að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa. Ef ráðstöfun stuðlar bæði að minni losun gróðurhúsagasa og því að fyrirbyggja eða takmarka mengun af öðru tagi verður mat á því hvort hún er samrýmanleg innri markaðnum byggt á ákvæðum þessa undirkafla eða ákvæðum undirkafla 4.5, eftir því hvort markmiðið telst hafa meira vægi.
84. Ákvæði þessa undirkafla taka einnig til framkvæmda við mannvirki til sérstakra nota (þar á meðal geymslu eða dreifingar á vetni, öðrum lít kolefnislosandi gösum eða koltvísýringi) sem falla ekki undir skilgreiningu á orkumannvirkjum, svo og verkefni sem snúast um slík mannvirki og/eða orkumannvirki auk annað hvort framleiðslu eða notkunar/nýtingar.
85. Ákvæði undirkaflans taka einnig til aðstoðar sem veitt er litlum og meðalstórum fyrirtækjum og lítilla fyrirtækja í hópi félaga með meðalhátt markaðsvirði sem selja lausnir til að auka orkunýtni í því skyni að greiða fyrir gerð samninga um það efni, sbr. 27. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB, að því marki sem slík aðstoð ýtir undir fjárfestingar til að auka orkunýtni iðnfyrirtækja.

⁽⁵³⁾ Undir þetta falla fjárfestingar bæði á fyrrverandi iðnaðarlóðum og nýjum byggingarsvæðum.

⁽⁵⁴⁾ Undir þetta falla vetnisframleiðendur sem nota orku frá almenna raforkuferfinu og hafa gert orkukaupasamninga við fyrirtæki sem framleiða endurnýjanlega raforku í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem sett var á grundvelli 3. mgr. 27. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.

86. Aðstoð sem veitt er til að nýta úrgang til orkuvinnslu getur talist samrýmanleg innri markaðnum samkvæmt ákvæðum þessa undirkafla ef hún takmarkast við úrgang sem notaður er sem eldsneyti í stöðvum sem falla undir skilgreininguna á skilvirkri samvinnslu.
87. Aðstoð til framleiðslu á lítt kolefnislosandi vetni getur komið til mats samkvæmt þessum undirkafla.
88. Aðstoð til aukinnar rafvæðingar með notkun endurnýjanlegrar raforku og/eða raforku sem framleidd er með lítill kolefnislosun getur einnig komið til mats samkvæmt þessum undirkafla, þar á meðal stuðningur sem veittur er vegna upphitunar og iðjustarfsemi.

4.1.3 Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst

4.1.3.1 Aðstoðin sé nauðsynleg

89. Ákvæði 34.–37. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr losun gróðurhúsagasa. Stjórnvöld aðildarríkanna skulu gera grein fyrir því hvaða ráðstafanir hið opinbera hefur þegar gert til að draga úr losun gróðurhúsagasa. Hér er þó að athuga að þótt víðskiptakerfi Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir og opinberar reglur og ráðstafanir sem því tengjast hafi þann tilgang að fella ýmsan kostnað vegna losunar gróðurhúsagasa inn í rekstrarkostnað fyrirtækja er ekki tryggt að það markmið hafi náðst að því er varðar allan slíkan kostnað.
90. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu færa sönnur á að aðstoðarinnar sé þörf til að halda megi uppi fyrirhugaðri starfsemi, sbr. 38. mgr., að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem ella gætu komið upp ⁽⁵⁵⁾ auk alls kostnaðar og allra útgjalda í því samhengi, þar á meðal þeirra sem varða víðskiptakerfi losunarheimilda og opinberar reglur og ráðstafanir sem því tengjast, sbr. 89. mgr. Ef mikil óvissa ríkir um framtíðarþróun á stórum hluta þeirra markaða sem tengjast fyrirhuguðum rekstri (til að mynda þegar um ræðir fjárfestingar í endurnýjanlegri orku án beinnar tengingar orkusölutekna við aðfangakostnað) getur talist nauðsynlegt, til að tryggja að einkafjárfesting eigi sér stað, að styðja við hana með því að tryggja framleiðanda tilteknar lágmarkstekjur og draga þannig úr áhættu vegna óhagfelldrar markaðsþróunar. Til að tryggja að meðalhöfs sé gætt í slíkum tilvikum getur þurft að mæla fyrir um hversu mikill hagnaður framleiðandans má verða og/eða að setja ákvæði sem heimila endurkröfu ef rekstrarskilyrði reynast óvenju hagstæð.
91. Ef stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að aðstoðar sé þörf eins og fjallað er um í 90. mgr. verður gengið út frá því að markaðsbrestur sé enn fyrir hendi og að bregðast megi við honum með því að veita aðstoð til að draga úr kolefnislosun, nema framkvæmdastjórnin hafi undir höndum gögn sem sýna annað.
92. Ef stjórnvöld aðildarríkis fyrirhuga að starfrækja aðstoðarkerfi lengur en í þrjú ár skulu þau leggja fram staðfestingu þess efnis að greining á kostnaði og tekjum sem kerfið byggist á verði uppfærð eigi sjaldnar en þriðja hvert ár – eða, í kerfum sem úthlutun á sér stað úr sjaldnar en sem því nemur, áður en aðstoð er úthlutað hverju sinni – til að tryggja að áfram sé aðeins veitt aðstoð sem er nauðsynleg, í hverjum flokki styrkhæfra fyrirtækja. Þegar aðstoð telst ekki lengur nauðsynleg í tilteknum flokki aðstoðarþega skal fella þann flokk niður áður en frekari aðstoð er úthlutað ⁽⁵⁶⁾.
- 4.1.3.2 Aðstoð sé heppilegt úrræði
93. Ákvæði undirkafla 3.2.1.2 gilda ekki um ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr losun gróðurhúsagasa. Gengið er út frá því að ríkisaðstoð sé að jafnaði heppileg ráðstöfun þegar markmiðið er að draga úr kolefnislosun, með vísan til þess að yfirleitt næst ekki fullnægjandi árangur á því sviði með öðrum stjórnækjum, að því tilskildu að öðrum skilyrðum fyrir því að telja aðstoðina samrýmanlega innri markaðnum sé fullnægt. Heimild er veitt til að nota margvísleg úrræði í þessum tilgangi, þar á meðal beina styrki, með hliðsjón af því hversu umfangsmikið og aðkallandi verkefni hér er á ferðinni.
94. Aðstoð til að greiða fyrir gerð samninga um að auka orkunýtni, sbr. 85. mgr., má aðeins vera af eftirtöldum tegundum:

⁽⁵⁵⁾ Atvikarás án aðstoðar er starfsemin sem aðstoðarþegi hefði haft með höndum hefði engin aðstoð verið veitt. Í sumum verkefnum sem snúast um að draga úr kolefnislosun getur sú atvikarás verið fjárfesting í kostum með síðra umhverfishæfi. Í öðrum tilvikum er hugsanlegt að sú atvikarás sé að engin fjárfesting eigi sér stað, eða að henni sé frestað, en að þess í stað sé byggt á rekstrarákvörðunum sem leiða til minni umhverfisávinninga, til að mynda um áframhaldandi starfrækslu búnaðar í starfstöðinni og/eða um kaup á orku.

⁽⁵⁶⁾ Slík ákvörðun skerðir þó ekki rétt aðstoðarþega til aðstoðar sem þegar hefur verið ákveðið að úthluta (t.d. samkvæmt samningi til 10 ára).

- (a) Lán eða ábyrgð til fyrirtækis sem selur lausn til að auka orkunýtni samkvæmt samningi þess efnis.
- (b) Fjárgerningur sem gefinn er út til að endurfjármagna fyrirtækið sem um ræðir (t.d. innlend eða erlend kröfukaup).

4.1.3.3 Styrkhæfi

95. Þegar ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr kolefnislosun snúa að starfsemi sem keppir við starfsemi sem nýtur ekki opinberra styrkja má búast við að samkeppnisröskun verði meiri en þegar ráðstafanir standa opnar allri starfsemi á sama markaði. Stjórnvöldum aðildarríkisins ber því að skýra frá ástæðum þess að slíkar ráðstafanir eru ekki látnar taka til allra tæknilausna og verkefna sem samkeppni er milli – til dæmis allra verkefna á raforkumarkaðnum eða allra fyrirtækja sem framleiða staðkvæmar vörur og hafa tæknilega burði til að stuðla að minni losun gróðurhúsagasa á hagkvæman hátt ⁽⁵⁷⁾. Byggt skal á málefnalegum sjónarmiðum sem snúa til að mynda að skilvirkni, kostnaði eða öðrum atriðum sem hafa þýðingu í þessu samhengi. Vísa má til ábendinga sem komið hafa fram í opinberu samráði, sbr. undirkafla 4.1.3.4, eftir því sem við á.
96. Ástæðurnar sem tilgreindar eru verða vegnar og metnar og framkvæmdastjórnin lítur til dæmis svo á að þrengri styrkhæfisviðmið raski samkeppni ekki óeðlilega mikið ef:
- (a) ráðstöfun beinist að sérstöku markmiði sem varðar tiltekna atvinnugrein eða tæknilausn og mælt er fyrir um í lögum sambandsins ⁽⁵⁸⁾, til að mynda aðstoðarkerfi á sviði endurnýjanlegrar orku eða orkunýtni ⁽⁵⁹⁾,
 - (b) ráðstöfun er ætlað að styrkja sýniverkefni sérstaklega,
 - (c) ráðstöfun er ekki aðeins ætlað að stuðla að minni kolefnislosun heldur einnig að auka loftgæði eða vinna gegn mengun á annan hátt,
 - (d) stjórnvöld aðildarríkis leggja fram gögn því til stuðnings að ákvæði um styrkhæfi varði atvinnugreinar eða nýsköpunartækni sem ætla má að geti, til langs tíma lítið, stuðlað að umhverfisvernd og minni kolefnislosun með ríkum og hagkvæmum hætti.
 - (e) þörf er á ráðstöfun til að ná fram þeirri fjölbreytni orkuvinnslu sem nauðsynleg er til að auka ekki á vanda sem tengist kerfisstöðugleika ⁽⁶⁰⁾,
 - (f) búast má við að tiltölulega þröngar reglur um styrkhæfi lækki kostnaðinn við að ná settum umhverfisverndarmarkmiðum (til dæmis þannig að útgjöld vegna kerfissamhæfingar lækki sökum fjölbreyttari starfsemi einstakra framleiðenda, meðal annars með notkun fleiri endurnýjanlegra orkugjafa, en undir það getur einnig fallið starfsemi á sviði eftirspurnarstýringar og/eða geymslu orku) og/eða valdi minni samkeppnisröskun,

⁽⁵⁷⁾ Þess verður að jafnaði ekki krafist að ráðstafanir standi opnar fyrirtækjum í öðrum ríkjum, en slík tilhögun getur þó unnið gegn hugsanlegum samkeppnisvanda.

⁽⁵⁸⁾ Dæmi um það er framleiðsla vetnis með endurnýjanlegri orku, þegar það á við.

⁽⁵⁹⁾ Í slíkum tilvikum skal styrkhæfi aðeins takmarkað í samræmi við viðeigandi skilgreiningar, ef einhverjar eru, í sérlægum um atvinnugreinina. Aðstoðarkerfi sem komið er á fót til að vinna að yfirlitum Evrópusambandsins um endurnýjanlega orku skal þannig að jafnaði vera opið umsóknum vegna hvers kyns tæknilausna sem fullnægja skilgreiningu á „endurnýjanlegum orkugjöfum“ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa [óstaðf. þýð.] (Stjttíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 8), og aðstoðarkerfi sem komið er á fót til að vinna að skyldu undirmarkmiði skal vera opið umsóknum vegna hvers kyns tæknilausna sem geta stuðlað að því undirmarkmiði. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er þó einnig heimilt að þrengja gildissvið ráðstafana af þessu tagi enn frekar, meðal annars með því að binda þær við tilteknar tegundir endurnýjanlegra orkugjafa, á grundvelli annarra hlutlegra viðmiða á borð við þau sem talin eru upp í stafl. b)–g) í 96. mgr.

⁽⁶⁰⁾ Þegar málið varðar stuðning við einstakar byggðir skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að viðbótarþjónusta og reglur um endurdreifingu álags tryggji fullnægjandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, geymslu orku og eftirspurnarstýringar, eftir því sem við á, og að fjárhagsleg hvatning sé til að velja staði og tæknilausnir sem stuðla að kerfisstöðugleika, í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/943 og tilskipunar (ESB) 2019/944. Ef stjórnvöld aðildarríkisins komast að því að afhendingaröryggi sé ógnað staðbundnið og sá vandi verði ekki leystur þegar til meðallangs tíma er lítið (t.d. innan 5–10 ára) með bættu markaðsskipulagi eða nægilega mikilli styrkingu dreifikerfisins skal ráðstöfun til að ráða bót á þeim vanda miðast við ákvæði undirkafla 4.8 og metin á þeim grundvelli.

- (g) verkefni hefur orðið fyrir valinu að undangengnu opnu útboði um þátttöku í stóru samþætту samstarfsverkefni sem tvö eða fleiri aðildarríki standa að og er starfrækt í þeim tilgangi að stuðla með öflugum hætti að umhverfisvernd í þágu sameiginlegra hagsmuna sambandsins, og verkefnið byggist annað hvort á nýsköpunartækni sem orðið hefur til í rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarstarfi á vegum aðstoðarþegans sjálfs eða annars fyrirtækis, enda öðlist hinn fyrrnefndi rétt til að nýta árangurinn af því starfi, eða er meðal þeirra fyrstu sem byggjast á nýtingu tiltekinnar nýsköpunartækni í viðkomandi grein.
97. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu endurskoða styrkhæfisviðmið og reglur sem þeim tengjast með jöfnu millibili til að tryggja að ástæðurnar sem gefnar voru fyrir því að nota þröng styrkhæfisviðmið eigi við þar til gildistíma kerfisins lýkur, þ.e. að takmörkun styrkhæfis sé enn réttlætunleg þótt nýjar tæknilausnir eða aðferðir séu komnar fram eða nýjar upplýsingar séu komnar fram.
- 4.1.3.4 Opinbert samráð
98. Ákvæði undirkafla 4.1.3.4 gilda frá 1. júlí 2023.
99. Að frátöldum vissum undantekningartilvikum, sem rökstyðja þarf með fullnægjandi hætti, skulu stjórnvöld aðildarríkjanna, áður en aðstoð er tilkynnt, efna til opinbers samráðs um samkeppnisáhrif ráðstafana sem þau hyggjast tilkynna samkvæmt þessum undirkafla og hvort þær geta talist í samræmi við meðalhóf. Skylda að efna til samráðs gildir hvorki um breytingar á þegar samþykktum ráðstöfunum sem varða ekki gildissvið eða styrkhæfisviðmið þeirra ráðstafana og lengja ekki gildistíma þeirra umfram 10 ár frá dagsetningu tilkynningar um upphaflega ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að lýsa aðstoðina samrýmanlega innri markaðnum, né um tilvik samkvæmt 100. mgr. Opinbert samráð skal fara fram í eftirtöldum tilvikum til að skera úr um hvort tiltekin ráðstöfun á rétt á sér, að teknu tilliti til viðmiðanna sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum ⁽⁶¹⁾:
- a) Ef heildarfjárhæð aðstoðar sem úthlutað verður á hverju ári er áætluð að minnsta kosti 150 milljónir evra skal opinbert samráð standa um að minnsta kosti sex vikna skeið og skulu eftirtalin atriði vera meðal þess sem samráðið tekur til:
- (i) Styrkhæfi.
 - (ii) Aðferðin sem notuð er og áætluð fjárhæð styrks fyrir hvert tonn koltvísýringisígildis ⁽⁶²⁾ sem ekki er losað út í andrúmsloftið (í verkefninu eða viðmiðunarverkefni).
 - (iii) Hvaða samkeppnisútboð eru fyrirhuguð og til hvaða þátta þau eiga að taka, og fyrirhugaðar undanþágur.
 - (iv) Helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun aðstoðar ⁽⁶³⁾, meðal annars í því skyni að koma á samkeppni milli mismunandi flokka aðstoðarþega ⁽⁶⁴⁾.
 - (v) Helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar magnákvörðun til að sýna fram á að ráðstöfun muni hafa hvatningaráhrif, sé nauðsynleg og í samræmi við meðalhóf.
 - (vi) Ef nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu eða iðnframleiðslu með jarðgasi eru styrkhæfar skal greina frá því hvaða varnarákvæði verða sett til að tryggja að sú ráðstöfun samrýmist loftslagsmarkmiðum sambandsins (sjá 129. mgr.).

⁽⁶¹⁾ Stjórnvöld aðildarríkjanna geta fullnægt þessum áskilnaði með því að nýta sér samráðsleiðir sem þegar eru í notkun í landinu. Ef samráðið tekur til allra atriða sem talin eru upp í þessum leiðbeinandi reglum og ákvæði þeirra um samráðstíma eru virt er einskis frekara samráðs krafist. Frekara samráð kann sömuleiðis að vera óþarfi í þeim tilvikum sem fjallað er um í stafl. g) í 96. mgr.

⁽⁶²⁾ Koltvísýringisígildi (táknad CO₂ e) er mælieining sem notuð er til að bera saman losun mismunandi gróðurhúsagasa, á grundvelli þess hversu öflug gróðurhúsaáhrif þeirra eru, með því að umreikna tiltekið magn af gasi í samsvarandi magn koltvísýringis með sömu gróðurhúsaáhrifum.

⁽⁶³⁾ Til dæmis hversu langur tími má líða frá samkeppnisútboðinu þar til framkvæmd hefst og reglur um tilboð og verðákvörðun.

⁽⁶⁴⁾ Til dæmis þegar samningslengd er mismunandi, mismunandi aðferðir notaðar til að reikna hversu stór hluti afkasta- eða framleiðslugetu ólíkratækniáferða er styrkhæfur eða mismunandi aðferðir notaðar við útreikning eða útborgun styrkja.

- b) Ef áætlað meðaltal aðstoðar sem úthlutað verður á hverju ári er undir 150 milljónum evra skal samráðstími vera að minnsta kosti fjórar vikur og eftirtalin atriði vera meðal þess sem samráðið tekur til:
- (i) Styrkhæfi.
 - (ii) Hvaða samkeppnisútböð eru fyrirhuguð og til hvaða þátta þau eiga að taka, og fyrirhugaðar undanþágur.
 - (iii) Ef nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu eða iðnframleiðslu með jarðgasi eru styrkhæfar skal greina frá því hvaða varnarákvæði verða sett til að tryggja að sú ráðstöfun samrýmist loftslagsmarkmiðum sambandsins (sjá 129. mgr.).
100. Opinbers samráðs er ekki krafist vegna ráðstafana sem falla undir ákvæði stafl. b) í 99. mgr. ef samkeppnisútböð er haldið og enginn stuðningur rennur til fjárfestingarverkefna þar sem jarðefnaeldsneyti er notað til orkuvinnslu, iðnframleiðslu eða annarrar starfsemi.
101. Spurningarnar sem lagðar eru fyrir í opinbera samráðinu skulu birtar á vefsetri sem almenningur hefur aðgang að. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu birta svar við samráðinu þar sem fram kemur ágríp af umsögnum sem borist hafa og afstaða stjórnvalda til þeirra. Í svarinu skal meðal annars skýrt hvernig staðið var að ákvörðun gildissviðs eða styrkhæfisviðmiða fyrirhugaðrar ráðstöfunar með það í huga að draga sem mest úr hugsanlegum samkeppnishamlandi áhrifum hennar. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu láta slóð að samráðssvarinu fylgja þegar aðstoðar-ráðstöfun er tilkynnt í samræmi við þennan undirkafla.
102. Í undantekningartilvikum, sem rökstyðja þarf með fullnægjandi hætti, getur framkvæmdastjórnin fallist á að aðrar samráðsleiðir séu farnar, að því tilskildu að tekið sé tillit til sjónarmiða hagsðila við (áframhaldandi) framkvæmd aðstoðarinnar. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að einnig þurfi að koma til aðgerðir sem tryggja að samkeppnisröskun af völdum ráðstöfunarinnar verði sem minnst.
- 4.1.3.5 Meðalhóf
103. Aðstoð til að draga úr losun gróðurhúsagasa ber almennt að úthluta að undangengnu samkeppnisútböði samkvæmt 49. og 50. mgr. til að tryggja sé að markmið slíkrar ráðstöfunar⁽⁶⁵⁾ náist án þess að brotið sé gegn meðalhófi og þannig að röskun samkeppni og milliríkjavíðskipta verði sem minnst. Fjárveitingar vegna útboðsins eða magntölurnar sem það byggist á eru bindandi takmörkun í þeim skilningi að búast má við að sumir bjóðendur hljóti ekki aðstoð, bjóðendur eru taldir munu verða nógu margir til að raunhæf samkeppni sé tryggð, og starfrækslu aðstoðarkerfis er hagsað þannig að reynist þátttaka í tilteknum útboðum ófullnægjandi er tilhögun þeirra breytt til að raunhæf samkeppni komist aftur á í næstu útboðum á eftir, eða að öðrum kosti svo skjótt sem við verður komið⁽⁶⁶⁾.
104. Útböð skal að jafnaði standa opið öllum styrkhæfum fyrirtækjum til að tryggja hagkvæma úthlutun aðstoðar og vinna gegn samkeppnisröskun. Útböð má þó takmarka við einn eða fleiri flokka styrkhæfra fyrirtækja ef lögð eru fram gögn, þar á meðal hvers kyns ábendingar sem fram komu í opinbera samráðinu, sem sýna til að mynda að:
- a) almennt útböð sem stæði opið öllum styrkhæfum fyrirtækjum myndi skila ófullnægjandi niðurstöðu eða hindra að markmiðin með ráðstöfuninni næðust; í slíkum rökstuðningi má vísa til viðmiða samkvæmt 96. mgr.,
 - b) búast megi við umtalsverðum mun á tilboðum eftir flokki styrkhæfra fyrirtækja (það á almennt við ef munur á tilboðum er talinn munu verða meiri en 10% – samkvæmt greiningunni sem áskilin er samkvæmt 90. mgr.); við þær aðstæður má halda fleiri en eitt útböð til að ná fram samkeppni milli flokka styrkhæfra fyrirtækja með svipaðan framleiðslukostnað.

⁽⁶⁵⁾ Til dæmis markmið stjórnvalda aðildarríkisins um minni kolefnislosun.

⁽⁶⁶⁾ Nota má ýmsar samverkandi aðferðir til að ná fram slíkri bindandi takmörkun, þar á meðal að beita aðgerðum til að leysa úr hömlum á framboðshlið, láta magntölur ráðast af sennilegu framboði á ákveðnum tíma og/eða breyta tilhögun útboðsins (til dæmis styrkhæfisviðmiðum) á annan hátt, með það fyrir augum að ná markmiðinu að baki ráðstöfuninni (til dæmis markmiði aðildarríkisins um minni kolefnislosun) án þess að brotið sé gegn meðalhófi og þannig að röskun samkeppni og milliríkjavíðskipta verði sem minnst. Ásamt því að tryggja meðalhóf og standa vörð um samkeppni geta stjórnvöld aðildarríkjanna haft réttmætar væntingar fjárfesta til hliðsjónar.

105. Ef stjórnvöld aðildarríkis nýta sér undanþágur samkvæmt stafl. b) í 104. mgr. vegna aðstoðarkerfis sem starfrækt verður lengur en um þriggja ára skeið skal í greiningu samkvæmt 92. mgr. einnig hugað að því hvort þær undanþágur eiga enn við. Umfram allt skulu stjórnvöld aðildarríkjanna leggja fram staðfestingu á því að viðeigandi breytingar verði gerðar á slíkum aðstoðarkerfum á gildistíma þeirra til að tryggja að þegar búast má við að munur á tilboðum á grundvelli mismunandi tækniáferða verði minni en 10% verði eitt samkeppnisútbóð haldið fyrir allar slíkar áferðir. Stjórnvöld aðildarríkisins geta á sama hátt ákveðið að halda fleiri en eitt tilboð ef greining samkvæmt 92. mgr. leiðir í ljós að munur á kostnaði hafi aukist með þeim afleiðingum að munur á tilboðum verði meiri en 10%.
106. Ef greining samkvæmt 90. mgr. leiðir í ljós að umtalsverður munur geti orðið á tilboðum eftir flokki styrkhæfra fyrirtækja skulu stjórnvöld aðildarríkjanna taka til athugunar hvort hætta er á ofgreiðslu aðstoðar vegna ódýrustu tæknilausnanna. Í mati framkvæmdastjórnarinnar verður einnig hugað að þessu atriði. Eftir atvikum getur reynst nauðsynlegt að setja þak á tilboðsfjárhæðir til að takmarka hversu há tilboð einstakir bjóðendur í vissum flokkum geta lagt fram. Ef þak er sett á tilboðsfjárhæðir ber að rökstyðja að það sé nauðsynlegt með vísan til magnákvörðunar viðmiðunarverkefna samkvæmt 51., 52. og 53. mgr.
107. Víkja má frá áskilnaði um að aðstoð skuli úthlutað og fjárhæð aðstoðar ákveðin að undangengnu samkeppnisútbóði ef lögð eru fram gögn, þar á meðal ábendingar sem fram komu í opinbera samráðinu, sem sýna að eitt af eftirtöldu á við:
- a) Hugsanlegt heildarframboð eða hugsanlegur heildarfjöldi bjóðenda nægir ekki til að tryggja samkeppni. Þegar þannig stendur á skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að nægri samkeppni verði ekki komið á með því að minnka fjárveitingu vegna útbóðsins eða auðvelda þátttöku í útbóðinu (til dæmis með því að benda á fleiri lóðir sem nota mætti til uppbyggingar eða breyta forvalsviðmiðum) eftir því sem við á.
 - b) Hugsanlegir aðstoðarþegar eru lítil verkefni samkvæmt eftirfarandi skilgreiningum:
 - (i) Raforkuvinnsla eða geymsla raforku: verkefni þar sem uppsett afl er 1 MW eða minna.
 - (ii) Raforkunotkun: verkefni þar sem mesta orkuþörf samsvarar 1 MW eða minna.
 - (iii) Tæknilausnir til að framleiða varma eða gas: verkefni þar sem uppsett afl er 1 MW eða orkunotkun af öðru tagi sambærileg.
 - (iv) Eignarhald að fullu í höndum lítilla eða meðalstórra fyrirtækja eða starfræksla í höndum samtaka um nýtingu endurnýjanlegrar orku: verkefni þar sem uppsett afl eða mesta orkuþörf er 6 MW eða minna.
 - (v) Eignarhald að fullu í höndum lítilla fyrirtækja eða örfyrirtækja eða samtaka um nýtingu endurnýjanlegrar orku: aðeins vindorkuverkefni þar sem uppsett afl er 18 MW eða minna.
 - (vi) Ráðstafanir til að auka orkunýtni án orkuvinnslu sem nýtast litlum og meðalstórum fyrirtækjum: verkefni þar sem hver aðstoðarþegi fær í sinn hlut minna en 300.000 evrur í hverju verkefni.
 - c) Hvert einstakt verkefni fullnægir báðum eftirtöldum skilyrðum:
 - (i) Verkefnið hefur orðið fyrir valinu að undangengnu opnu útbóði um þátttöku í stóru samþætту samstarfsverkefni sem tvö eða fleiri aðildarríki standa að og er starfrækt í þeim tilgangi að stuðla með öflugum hætti að umhverfisvernd í þágu sameiginlegra hagsmuna sambandsins.
 - (ii) Verkefnið byggist annað hvort á nýsköpunartækni sem orðið hefur til í rannsókn-, þróunar- og nýsköpunarstarfi á vegum aðstoðarþegans sjálfs eða annars fyrirtækis, enda öðlist hinn fyrrnefndi rétt til að nýta árangurinn af því starfi, eða er meðal þeirra fyrstu sem byggjast á nýtingu tiltekinnar nýsköpunartækni í viðkomandi grein.
108. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er einnig heimilt að nota kerfi samkeppnisskírteina eða kaupkvaða birgja til að ákveða aðstoðarfjárhæðir og úthluta aðstoð, með eftirtöldum skilyrðum:
- a) Eftirspurn í slíku kerfi sé hagað þannig að hún sé minni en hugsanlegt framboð,

- b) Uppkaupsverðið eða gjaldið sem leggst á kaupanda eða seljanda orku sem hefur ekki keypt tilskilinn fjölda skírteina (þ.e. verðið sem samsvarar hæstu fjárhæð sem greidd yrði út í aðstoð) sé ákveðið nægilega hátt til að í því sé fólgin hvatning til að fullnægja kvöðinni. Gjaldið skal þó ákveðið á grundvelli magnákvörðunar samkvæmt 51., 52. og 53. mgr. til að tryggj sé að það verði ekki of hátt og leiði þannig til ofgreiðslu aðstoðar.
- c) Ef stjórnvöld aðildarríkjanna starfrækja aðstoðarkerfi sem fela í sér stuðning vegna notkunar lífoldsneytis, fljóttandi lífoldsneytis og lífmassaeldsneytis sé tekið tillit til upplýsinga um þegar fengna aðstoð í skýrslum massajafnaðarkerfis, sbr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, til að ekki komi til ofgreiðslu aðstoðar.
109. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta einnig hagað stuðningi til að draga úr kolefnislosun eða auka orkunýtni þannig að beitt sé skatta- eða gjaldalækkunum, til dæmis lækkun gjalda sem lögð eru á til að standa straum af opinberum aðgerðum á sviði umhverfismála. Ekki er skylt að halda samkeppnisútbod í tengslum við slík aðstoðarkerfi. Slíkri aðstoð skal þó að jafnaði úthlutað á sama hátt til allra styrkhæfra fyrirtækja sem starfrækt eru í sömu grein atvinnulífsins og búa við sömu eða sambærilegar aðstæður með tilliti til markmiðanna að baki aðstoðarráðstöfuninni. Þegar stjórnvöld aðildarríkis hafa tilkynnt aðstoð skulu þau tryggja með skipulegu árlegu eftirliti að aðstoðin sé enn nauðsynleg. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um lækkanir á sköttum eða gjöldum sem endurspeglar helstu kostnaðarliði raforkudreifingar eða þjónustu sem veitt er í tengslum við hana. Afsláttur af tengigjöldum og gjöldum sem innheimt eru til að standa straum af kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu fellur til að mynda utan gildissviðs þessa undirkafla.
110. Ef lækkun skatts eða gjalds lækkar reglulegan rekstrarkostnað fyrirtækis má slík aðstoð ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar muninum á kostnaði umhverfshæfa verkefnisins eða starfseminnar og kostnaði minna umhverfshæfs verkefnis sem unnið væri ef engin aðstoð fengist. Ef umhverfshæfara verkefnið eða starfsemin er þess eðlis að geta leitt til sparnaðar eða aukinna tekna skal tekið tillit til þess þegar metið er hvort aðstoðin sé í samræmi við meðalhóf.
111. Þegar stjórnvöld aðildarríkjanna koma upp aðstoðarkerfum skulu þau taka tillit til upplýsinga um þegar fengna aðstoð í skýrslum massajafnaðarkerfis samkvæmt 30. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001.
112. Ef aðstoðarráðstöfun tekur til sérleyfissamninga eða felur í sér aðrar ívilnanir – til dæmis réttinn til að nýta land, hafsbót eða vatnsföll eða réttinn til að tengjast tilteknum mannvirkjum – skulu stjórnvöld aðildarríkjanna sjá til þess að sérleyfissamningarnir séu gerðir á grundvelli málefnalegra og gagnsærra sjónarmiða sem tengjast markmiðunum að baki ráðstöfuninni (sjá 50. mgr.).
113. Ef aðstoðin er fólgin í forgangsláni til fyrirtækis sem selur lausn til að auka orkunýtni samkvæmt samningi þess efnis skulu lánaskjölin hafa að geyma ákvæði sem tryggja að allhátt hlutfall lánsfjárens komi frá almennum lánastofnunum. Gengið er út frá því að svo sé þegar það hlutfall er að minnsta kosti 30% af heildarandvirði undirliggjandi orkunýtnisamninga sem fyrirtækið hefur gert. Endurgreiðslur fyrirtækisins sem selur lausn til að auka orkunýtni verða að nema fjárhæð sem jafngildir að minnsta kosti nafnvirði lánsins. Ef aðstoðin er fólgin í ábyrgð má ábyrgð hins opinbera ekki taka til herra hlutfalls af höfuðstóli lánsins en 80% og hugsanlegt tap verður að falla á lánastofnunina og ríkið í réttu hlutfalli við veitta ábyrgð og samkvæmt sömu skilmálum. Ábyrgðarfjárhæðin skal lækkuð í samræmi við umsamið hlutfall þannig að ábyrgðin taki aldrei til herra hlutfalls af eftirstöðvum lánsins en 80%. Opinbert lán eða ábyrgð sem veitt er fyrirtæki sem selur lausn til að auka orkunýtni má ekki vera til lengri tíma en 10 ára.
- 4.1.4 *Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat*
114. Að 70. mgr. frátalinni gilda ákvæði undirkafla 3.2.2 og 3.3 ekki um ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr losun gróðurhúsagasa.
115. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda frá 1. júlí 2023. Fjárhæð styrks fyrir hvert tonn koltvísýringisígildis sem ekki er losað út í andrúmsloftið skal reiknuð fyrir hvert verkefni sérstaklega, eða hvert viðmiðunarverkefni þegar styrkur er veittur samkvæmt aðstoðarkerfi, og fram skal koma hvaða forsendur og aðferðir voru lagðar til grundvallar við þann útreikning. Í þeim útreikningi skal eftir fögum gera grein fyrir því hversu mikill heildarsamdráttur losunar verður vegna starfseminnar, að teknu tilliti til allrar nýrrar losunar og allrar losunar sem felld er niður frá upphafi til loka verkefnisins. Einnig skal hugað að samspili við hvers kyns aðrar

- opinberar reglur og ráðstafanir á þessu sviði, til skamms eða langs tíma, þar á meðal viðskiptakerfi Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir. Til að kostnaður af mismunandi ráðstöfunum sem gerðar eru í umhverfisverndarskyni verði sambærilegur skulu stjórnvöld aðildarríkis að jafnaði nota svipaðar aðferðir í tengslum við allar ráðstafanir sem þau styrkja ⁽⁶⁷⁾.
116. Til að aðstoðin leiði til minni kolefnislosunar og hafi þannig jákvæð umhverfisáhrif má hún ekki hafa þau áhrif ein að valda tilflutningi losunar frá einni grein atvinnulífsins yfir í aðra, heldur verður heildarlosun gróðurhúsagasa að dragast saman.
117. Til að ekki komi til tvöfaldrar opinberra styrkja og til að ganga megi úr skugga um hversu mikið dregur úr losun gróðurhúsagasa verður aðstoð sem veitt er til að draga úr kolefnislosun í iðjustarfsemi að draga úr losun sem rekja má beint til þeirrar starfsemi. Aðstoð sem veitt er til að auka orkunýtni iðjustarfsemi verður að auka orkunýtni eigin starfsemi aðstoðarþegans.
118. Sú undantekning er gerð frá áskilnaði síðasta málsliðar 117. mgr. að ráðstafanir til að auka orkunýtni iðjustarfsemi má styrkja með aðstoð sem úthlutað er til að greiða fyrir gerð samninga um að auka orkunýtni.
119. Ef aðstoð er úthlutað til að greiða fyrir gerð samninga um að auka orkunýtni án þess að samkeppnisútbod sé haldið skal ríkisaðstoð að jafnaði úthlutað á sama hátt til allra styrkhæfra fyrirtækja sem starfrækt eru í sömu grein atvinnulífsins og búa við sömu eða svipaðar aðstæður með tilliti til markmiðanna að baki aðstoðarráðstöfuninni.
120. Til að tiltækum fjármunum sé ekki úthlutað til verkefna sem ekki verða að veruleika, og hamli þannig nýrri starfsemi á markaðnum, skulu stjórnvöld aðildarríkjanna færa sönnur á að eðlilegar ráðstafanir verði gerðar til að tryggja að verkefni sem aðstoð er úthlutað til komist í raun til framkvæmda, til dæmis með því að mæla fyrir um að verkefni skuli unnin innan tiltekins frests, tryggja að aðeins raunhæf verkefni standist forval vegna styrkveitingar, krefjast þátttakendur um tryggingar eða viðhafa eftirlit með þróun og framkvæmd verkefnis. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er þó heimilt að beita sveigjanlegum forvalsviðmiðum vegna verkefna sem eru þróuð á vegum lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða samtaka um nýtingu endurnýjanlegrar orku, og eru að fullu í eigu þeirra, til að gera þeim auðveldara að sækja sér styrki ⁽⁶⁸⁾.
121. Aðstoð til að stuðla að minni kolefnislosun getur tekið á sig margvíslegar myndir og getur meðal annars verið um að ræða fyrirframgreidda styrki eða samninga um reglulegar greiðslur, til dæmis mismunarsamninga ⁽⁶⁹⁾. Aðstoð til að mæta kostnaði sem tengist fyrst og fremst rekstri en ekki fjárfestingum skal aðeins veitt ef stjórnvöld aðildarríkisins geta fært sönnur á að hún stuðli að rekstrarákvörðunum sem gera starfsemina umhverfishæfari.
122. Ef aðstoðar er þörf fyrst og fremst til að standa undir sveiflukennendum skammtímakostnaði, til að mynda kostnaði vegna kaupa á lífmassaeldsneyti eða aðfangakostnaði raforku, og útgreiðslur dreifast á lengra tímabil en eitt ár skulu stjórnvöld aðildarríkjanna leggja fram staðfestingu á því að fylgst verði með framleiðslukostnaðinum sem lagður er til grundvallar við útreikning aðstoðar og aðstoðarfjárhæðin leiðrétt að minnsta kosti einu sinni á ári.
123. Aðstoð skal haga þannig að ekki verði ótilhlýðileg röskun á eðlilegri starfsemi markaða, og þá fyrst og fremst að virkni rekstrarhvata og verðmörkunar haldist óskert. Til dæmis verður áhætta af verðbreytingum og markaðssveiflum að hvíla áfram á aðstoðarþegum nema með því sé grafið

⁽⁶⁷⁾ Gagnlegt er að hafa til viðmiðunar reglurnar sem notaðar eru til að reikna út losun gróðurhúsagasa í tengslum við starfsemi Nýsköpunarsjóðs Evrópusambandsins, sjá: https://ec.europa.eu/info/funding-tenders/opportunities/docs/2021-2027/innovfund/wp-call/2021/call-annex_c_innovfund-lsc-2021_en.pdf. Ef raforka er hluti aðfanganna verður aðferðin sem notuð er þó að taka tillit til losunar við framleiðslu raforkunnar. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er heimilt, en ekki skylt, að nota fjárhæð styrks fyrir hvert tonn koltvísýringisgildis sem ekki er losað út í andrúmsloftið sem viðmið við val á aðstoðarþegum.

⁽⁶⁸⁾ Við þetta bætist, eins og nefnt er í 75. mgr., að framkvæmdastjórnin tekur almennt jákvæða afstöðu til annarra atriða í fyrirhuguðum ráðstöfunum stjórnvalda aðildarríkjanna sem hafa þann tilgang að auðvelda þátttöku bæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og samtaka um nýtingu endurnýjanlegrar orku í samkeppnisútbodum, að því tilskildu að kostir þess að slík fyrirtæki taki þátt í útboðum og hljóti aðstoð vegi þyngra en hugsanleg röskunaráhrif.

⁽⁶⁹⁾ Samkvæmt mismunarsamningi öðlast aðstoðarþegi rétt til greiðslu sem samsvarar muninum á föstu lausnarverði og viðmiðunarverði – til dæmis markaðsverði, fyrir hverja framleiðslueiningu. Slíkir samningar hafa verið notaðir undanfarin ár í tengslum við ráðstafanir á sviði raforkuvinnslu en viðmiðunarverð í þeim gæti einnig tengst viðskiptakerfi losunarheimilda – þar væri þá um að ræða mismunarsamninga vegna kolefnislosunar. Mismunarsamningar vegna kolefnislosunar geta nýst til að koma inn á markaðinn nýjum tæknilausnum sem valda straumhvöfum og geta verið nauðsynlegar til að draga úr kolefnislosun í iðnaði. Mismunarsamningar geta einnig haft að geyma ákvæði um endurgreiðslur aðstoðarþega til skattgreiðenda eða neytenda vegna tímabila þar sem viðmiðunarverðið er hærra en lausnarverðið.

undan markmiðinu að baki aðstoðinni. Umfram allt eiga aðstoðarþegar ekki að búa við hvata til að bjóða framleiðslu sína á verði sem er undir jaðarkostnaði þeirra og ekki má veita þeim aðstoð vegna framleiðslu á tímabilum þegar markaðsvirði framleiðslunnar er neikvætt ⁽⁷⁰⁾.

124. Mat framkvæmdastjórnarinnar á ráðstöfunum sem snúa meðal annars að mannvirkjum til sérstakra nota ræðst af niðurstöðu athugunar í hverju einstöku máli. Í matinu verður meðal annars litið til þess hversu stór mannvirkjafjárfestingin er í hlutfalli við markaðinn sem um ræðir, hverju hún breytir um líkurnar á að ráðist verði í hliðstæðar fjárfestingar á markaðs-forsendum, í hversu ríkum mæli mannvirkin eru í upphafi ætluð einum notanda eða notendahópi og hvort fyrir liggur trúverðug áætlun eða staðfest skuldbinding um að tengjast stærra dreifikerfi, hversu lengi undanþágur (ef einhverjar eru) frá ákvæðum um innri markaðinn eiga að gilda, hvernig markaðurinn sem um ræðir er byggður upp og hver staða væntanlegra aðstoðarþega er á þeim markaði.
125. Ef mannvirkin nýtast í upphafi aðeins takmörkuðum hópi notenda verða röskunaráhrif þeirra til dæmis mildari ef sú tilhögun er þáttur í áætlun um að byggja upp stærra kerfi í Evrópu-sambandinu á grundvelli eftirtalinna viðmiða:
- Bókhald vegna mannvirkjanna skal greint frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi og gagnsæjar upplýsingar gefnar um tengi- og notkunargjöld.
 - Með fyrirvara um að ekki sé grafið undan markmiðunum að baki aðstoðinni skal aðstoðin bundin skilyrðum um að þriðju aðilar geti tengst mannvirkjunum ⁽⁷¹⁾ samkvæmt sanngjörnum og eðlilegum skilmálum og þannig að jafnræðis sé gætt (meðal annars má auglýsa opinberlega eftir óskum um tengingu á jöfnum kjörum).
 - Í sumum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að jafna ávinninginn sem aðstoðarþegar njóta fram til þess að ráðist er í viðtækari uppbyggingu af ofangreindu tagi, til dæmis með því að þeir leggi sitt að mörkum við stækkun kerfisins.
 - Nauðsynlegt getur reynst að takmarka hversu mikils ávinnings valinn hópur notenda kerfisins nýtur og/eða tryggja að aðrir njóti einnig þess ávinnings.
126. Til að ekki sé grafið undan markmiðinu að baki ráðstöfuninni eða öðrum umhverfisverndar-markmiðum Evrópusambandsins er óheimilt að haga málum þannig að hvatt sé til orkuvinnslu sem getur rutt minna mengandi orkugjöfum til hliðar. Dæmi um það er að ef stuðningur er veittur vegna samvinnslu þar sem óendurnýjanlegir orkugjafar eru notaðir, eða vegna orkuvinnslu úr lífmassa, skal tryggt eftir föngum að sá stuðningur feli ekki í sér hvata til að framleiða raforku eða varma á þeim tímum sem slíkt myndi draga úr framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum sem valda engri loftmengun.
127. Aðstoð til að draga úr kolefnislosun getur raskað samkeppni ef hún ryður til hliðar fjárfestingum í öðrum og minna mengandi búnaði sem þegar er á markaði eða bindur fyrirtæki við tilteknar tæknilausnir og hamlar þannig frekari uppbyggingu markaðar fyrir minna mengandi lausnir og notkun þeirra. Af þeim sökum verður einnig gengið úr skugga um að aðstoðarráðstöfunin ýti ekki undir eða framlengi notkun jarðefnaeldsneytis og raforku sem framleidd er með slíkum orkugjöfum ⁽⁷²⁾, með þeim afleiðingum að haldið sé aftur af þróun minna mengandi tæknilausna og almennur umhverfisávinningur af fjárfestingarverkefninu þannig skertur verulega. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu skýra hvernig þau hyggjast sneiða hjá þessu, meðal annars með vísan til bindandi skuldbindinga framleiðenda um að nota fyrst og fremst endurnýjanlegt eða lítt kolefnislosandi eldsneyti eða hætta smám saman notkun jarðefnaeldsneytis.
128. Litið er svo á að vissar aðstoðarráðstafanir hamli samkeppni og milliríkjavíðskiptum svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp. Einkum eru vissar aðstoðarráðstafanir þess eðlis að þær geta aukið á markaðsbresti og leitt til óhagkvæmni sem bitnar á neytendum og velferð samfélagsins. Dæmi um það er að ráðstafanir sem ýta undir nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu eða iðnframleiðslu sem byggist á notkun mest mengandi gerða jarðefnaeldsneytis, svo sem kola, dísilólú, brúnkola, olú, mós og leirsteinsólú, auka neikvæð umhverfisúthrif á markaðnum. Slíkar ráðstafanir teljast ekki hafa nein jákvæð umhverfisáhrif með vísan til þess að eldsneyti af þessu tagi er ósamrýmanlegt loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins.

⁽⁷⁰⁾ Heimilt er að veita litlum rafstöðvum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa beina verðstyrki sem standa undir öllum rekstrarkostnaði þeirra og án kvaðar um að raforkan sé seld á almennum markaði, sbr. undanþágu 3. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001. Rafstöðvar teljast litlar ef uppsett afl þeirra er undir þeim mörkum sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.

⁽⁷¹⁾ Hér er átt við mannvirkin sem talin eru upp í 36. tölu. 19. mgr.

⁽⁷²⁾ Þar á meðal lítt kolefnislosandi eldsneyti sem framleitt er með óendurnýjanlegum orkugjöfum og orkubera sem valda ekki losun við notkun en eru framleiddir með aðferðum sem hafa í för með sér mikla losun kolefnis.

129. Með svipuðum hætti geta ráðstafanir sem ýta undir nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu eða iðnframleiðslu sem byggist á notkun jarðgass dregið úr losun gróðurhúsagasa og annarra mengunarefna til skamms tíma lítið en valdið meiri neikvæðum umhverfisúthrifum en önnur hugsanleg fjárfestingarverkefni þegar til lengri tíma er lítið. Til að fjárfestingar í jarðgasi geti talist hafa jákvæð umhverfisáhrif verða stjórnvöld aðildarríkjanna að skýra hvernig þau hyggjast tryggja að fjárfestingin stuðli að loftslagsmarkmiði Evrópusambandsins fyrir árið 2030 og markmiðinu um loftslagshlutleysi árið 2050. Þau skulu einkum skýra hvað gert verður til að koma í veg fyrir að fjárfestingin bindi fyrirtæki við jarðgasknúin orkuvinnslu- eða iðnframleiðslutæki til langframa. Það má gera, svo dæmi sé tekið, með vísan til áætlunar með bindandi markmiðum um að draga úr kolefnislosun í landinu og/eða bindandi skuldbindinga aðstoðarþega um að taka í notkun tæknilausnir til að draga úr kolefnislosun, svo sem föngun og bindingu eða föngun og nýtingu kolefnis, láta jarðgas víkja fyrir endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi gasi eða leggja iðjuverið niður innan tímamarka sem samræmast loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins. Slíkar skuldbindingar þurfa meðal annars að taka til eins eða fleiri trúverðugra áfanga í vinnunni við að draga úr losun með það fyrir augum að ná loftslagshlutleysi fyrir árið 2050.
130. Framleiðsla lífeldsneytis úr jurtum sem almennt eru hafðar til matar eða fódurs getur aukið spurn eftir jarðnæði og orðið til þess að ræktun hefjist á svæðum þar sem mikið er af kolefnisríkum gróðri og gróðurleifum, svo sem í skóglendi, votlendi og mómýrum, og valdið þannig aukinni losun gróðurhúsagasa. Af þeim sökum eru settar skordur við því í tilskipun (ESB) 2018/2001 hversu mikið af lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti, sem unnið er úr matar- og fódurjurtum, heimilt er að telja til endurnýjanlegrar orku með tilliti til markmiða um að auka notkun slíkrar orku. Vissar aðstoðarráðstafanir eru taldar geta aukið á óbein neikvæð úthrif. Því verður almennt lítið svo á að ríkisaðstoð sem veitt er til að styðja framleiðslu á lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti, lífgasi og lífmassaeldsneyti, umfram það sem heimilt er að taka tillit til við útreikning á vergri heildarnotkun orku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum í viðkomandi aðildarríki samkvæmt 26. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, muni tæpast hafa nægilega mikil jákvæð áhrif til að vega upp neikvæð áhrif slíkrar ráðstöfunar.
131. Ef einnig er talin hætta á samkeppnisröskun af öðru tagi eða ráðstafanirnar eru óvenju nýstárlegar eða flóknar getur framkvæmdastjórnin sett tiltekin skilyrði í samræmi við 76. mgr.
132. Þegar um ræðir stakar aðstoðarráðstafanir eða aðstoðarkerfi sem nýtast óvenju þröngum hópi aðstoðarþega eða fyrirtæki með ríkjandi stöðu á markaði skulu stjórnvöld aðildarríkjanna jafnframt færa sönnur á að fyrirhuguð ráðstöfun muni ekki valda samkeppnisröskun, til dæmis á þann hátt að auka markaðsstyrk fyrirtækjanna. Jafnvel þótt aðstoðin auki ekki markaðsstyrk fyrirtækis með beinum hætti getur hún gert það óbeint með því að draga úr vilja starfandi keppinauta til að færa út kvíarnar, stuðla að því að þeir hætti rekstri eða vinna gegn því að nýir keppinautar hefji starfsemi. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á neikvæðum áhrifum slíkra aðstoðarráðstafana verður greiningin einkum látin snúast um fyrrsjáanleg áhrif aðstoðarinnar á samkeppni milli fyrirtækja á vörumarkaðnum sem um ræðir, svo og á aðliggjandi eða fráliggjandi markaði ef það á við, og um hættuna á að afkastageta aukist umfram þörf. Í mati framkvæmdastjórnarinnar verður einnig hugað að hugsanlegum neikvæðum áhrifum á milliríkjaviðskipti, þar á meðal hættunni á að upp komi styrkjakapphlaup milli aðildarríkjanna, einkum að því er varðar staðarval fyrirtækja.
133. Ef aðstoð er úthlutað án þess að samkeppnisútboð sé haldið og ráðstöfunin nýtist óvenju þröngum hópi aðstoðarþega eða fyrirtæki með ríkjandi stöðu á markaði getur framkvæmdastjórnin gert stjórnvöldum aðildarríkisins að tryggja að aðstoðarþeginn komi þekkingunni sem safnast í aðstoðarverkefninu á framfæri opinberlega til að flýta fyrir því að tæknilausnir sem sannað hafa gildi sitt komist í almenna notkun.
134. Að því tilskildu að öllum öðrum skilyrðum sé fullnægt fyrir því að telja aðstoð samrýmanlega innri markaðnum má búast við að niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar verði sú að ráðstafanir til að draga úr kolefnislosun hafi í heild jákvæð áhrif (þ.e. að jákvæð áhrif þeirra vegi þyngra en sú röskun sem þær valda á innri markaðnum) með vísan til þess að þær komi að gagni við að milda áhrif loftslagsbreytinga, en þar er um að ræða umhverfismarkmið samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852, og/eða með vísan til þess að þær stuðli að markmiðum Evrópusambandsins í orku- og loftslagsmálum, ef engar augljósar vísbendingar eru um brot gegn reglunni um að valda ekki „verulegum skaða“⁽⁷³⁾. Ef ofangreint á ekki við verður metið hvort jákvæð áhrif

(73) Ráðstafanir sem eru sama eðlis og ráðstafanir endurreisnar- og viðnámsáætlana sem ráðið hefur samþykkt teljast fylgja reglunni um að valda ekki „verulegum skaða“, enda hefur þegar verið gengið úr skugga um það.

ráðstöfunar (þar á meðal að fullnægt sé ákvæðunum í undirkafla 4.1.4 og skuldbindingum samkvæmt 129. mgr., ef einhverjar eru) vega þyngra en neikvæð áhrif hennar á innri markaðinn.

4.2 Aðstoð til að auka orkunýtni og umhverfishæfi húsnæðis

4.2.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

135. Ráðstafanir sem gerðar eru til að auka orkunýtni og umhverfishæfi húsnæðis beinast að því að draga úr neikvæðum úthrifum með því að skapa einstökum fyrirtækjum hvata til að ná tilteknum markmiðum á sviði orkusparnaðar og minni losunar gróðurhúsagasa og loftmengunarefna. Auk þeirra almennu markaðsbresta sem fjallað er um í 3. kafla getur orðið vart sértækra markaðsbresta á sviði orkunýtni og umhverfishæfis húsnæðis. Dæmi um það er að þegar ráðist er í endurbætur á húsnæði rennur ávinningur af orkusparandi ráðstöfunum að jafnaði ekki til eiganda húsnæðisins eingöngu, þótt hann standi yfirleitt undir kostnaði við endurbæturnar, heldur einnig til leigjandans. Framkvæmdastjórnin lítur því svo á að nauðsynlegt geti verið að veita ríkisaðstoð til að stuðla að fjárfestingum í því skyni að auka orkunýtni og umhverfishæfi húsnæðis.

4.2.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

136. Veita má aðstoð til að auka orkunýtni húsnæðis.

137. Samhliða þeirri aðstoð má veita aðstoð vegna einnar eða fleiri eftirtalinna ráðstafana:

- a) Uppsetning í eða nálægt húsnæðinu á sambyggðum stöðvum sem nýta endurnýjanlega orku til framleiðslu á rafmagni eða varma eða til kælingar.
- b) Uppsetning búnaðar til að geyma orku sem framleidd er, í eða nálægt húsnæðinu, í stöðvum sem nýta endurnýjanlega orku.
- c) Bygging og uppsetning hleðslustöðva sem ætlaðar eru notendum húsnæðisins og uppsetning nauðsynlegs búnaðar vegna þeirra, svo sem raflagna, ef bílastæðin eru annað hvort í húsnæðinu sjálfu eða við hlið þess.
- d) Uppsetning stafræns búnaðar til að halda utan um umhverfis- og orkustjórnun húsnæðisins, og einkum til að auka snjallvæðingarhæfi þess, að meðtalinni uppsetningu almennra lagna eða lagnakerfa fyrir gagnanet í húsnæðinu og annars búnaðar fyrir almennar lagnir á lóðinni sem húsnæðið tilheyrir, en að undanskildum lögnum fyrir gagnanet utan lóðar.
- e) Aðrar fjárfestingar sem auka orkunýtni eða umhverfishæfi húsnæðisins, að meðtöldum fjárfestingum í grænum þökum og aðstöðu til að safna regnvatni.

138. Einnig má veita aðstoð til að auka orkunýtni hitunar- eða kælibúnaðar í húsnæðinu. Aðstoð sem veitt er vegna hitunar- eða kælibúnaðar sem er tengdur hita- eða kæliveitukerfum beint kemur til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð vegna hitaveitu og kæliveitu samkvæmt undirkafla 4.10. Aðstoð sem veitt er til að auka orkunýtni iðnframleiðslu og vegna tækja sem framleiða orku til að knýja vélar kemur til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð til að draga úr eða stöðva losun gróðurhúsagasa samkvæmt undirkafla 4.1.

139. Aðstoðin verður að leiða til þess að eftirtaldar breytingar komi fram:

- a) Við endurbætur á eldra húsnæði: bætt orkunýtni sem leiðir til þess að frumorkunotkun dregst saman um að minnsta kosti 20% frá því sem var áður en ráðist var í fjárfestinguna eða—sé bætt orkunýtni hluti af endurbótum sem framkvæmdar eru í áföngum—að frumorkunotkun dregst saman um að minnsta kosti 30% frá því sem var áður en ráðist var í fjárfestinguna, á fimm ára tímabili.
- b) Við endurbætur sem snúast um uppsetningu eða endurnýjun aðeins einnar tegundar byggingarþátta⁽⁷⁴⁾ samkvæmt skilgreiningu 9. tölul. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB: samdráttur í frumorkunotkun sem nemur að minnsta kosti 10% frá því sem var áður en ráðist var í fjárfestinguna, enda færi stjórnvöld aðildarríkisins sönnur á að ráðstöfunin sem um ræðir hafi veruleg áhrif í þá átt að draga úr frumorkunotkun þegar litið er til aðstoðarkerfisins í heild.

⁽⁷⁴⁾ Slíkar fjárfestingar geta til dæmis snúist um að endurnýja glugga eða kynditæki húsnæðisins eða bæta einangrun.

- c) Í nýbyggingum: bætt orkunýtni sem leiðir til þess að frumorkunotkun verður að minnsta kosti 10% minni en sem nemur þeim mörkum sem sett eru fyrir því að telja húsnæði „nánast núllorkubyggingu“ samkvæmt innlendum laga- eða reglugerðarákvæðum til framkvæmdar tilskipun 2010/31/ESB.
140. Aðstoð til að auka orkunýtni húsnæðis má einnig veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum og litlum fyrirtækjum í hópi félaga með meðalhátt markaðsvirði sem selja lausnir til að auka orkunýtni til að greiða fyrir gerð samninga um að auka orkunýtni, sbr. 27. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.
- 4.2.3 *Hvatningaráhrif*
141. Áskilnaður samkvæmt 142. og 143. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
142. Litið er svo á að aðstoð hafi almennt ekki hvatningaráhrif ef endurgreiðslutími verkefnis ⁽⁷⁵⁾ er styttri en fimm ár. Stjórnvöld aðildarríkisins geta þó lagt fram gögn því til stuðnings að veita þurfi aðstoð til að koma í kring breytingum á háttsemi fyrirtækja þótt verkefnið hafi styttri endurgreiðslutíma.
143. Ef fyrirtækjum er skylt samkvæmt lögum Evrópusambandsins að fylgja lágmarkskröfum um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum telst aðstoð til að gera fyrirtækjum kleift að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar í því skyni ávallt hafa hvatningaráhrif, að því tilskildu að úthlutun aðstoðar eigi sér stað áður en fyrirtækinu sem um ræðir er orðið skylt að fylgja kröfunum ⁽⁷⁶⁾. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu sjá til þess að aðstoðarþegar leggi fram nákvæma áætlun og tímaramma fyrir endurbæturnar sem sýni að endurbæturnar sem aðstoðin er veitt til séu að minnsta kosti nægilega umfangsmiklar til að húsnæðið nái samræmi við þær lágmarkskröfur um orkunýtni.
- 4.2.4 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*
- 4.2.4.1 *Aðstoð sé heppilegt úrræði*
144. Áskilnaður samkvæmt 145. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.2.
145. Aðstoð sem veitt er til að greiða fyrir gerð samninga um orkunýtni getur verið fölgin í láni eða ábyrgð sem veitt er fyrirtæki sem selur lausn til að auka orkunýtni samkvæmt samningi þess efnis, en einnig getur verið um að ræða fjárgerning sem gefinn er út til að fjármagna fyrirtækið (t.d. innlend eða erlend kröfukaup).
- 4.2.4.2 *Meðalhóf*
146. Til styrkhæfs kostnaðar telst fjárfestingarkostnaður sem tengist beint þeirri viðleitni að auka orkunýtni eða umhverfishæfi.
147. Aðstoðarhlutfallið má ekki verða hærra en 30% af styrkhæfum kostnaði vegna ráðstafana samkvæmt stafl. a) og c) í 139. mgr. Að því er varðar ráðstafanir samkvæmt stafl. b) í 139. mgr. má aðstoðarhlutfallið ekki verða hærra en 25%. Ef úthlutun aðstoðar vegna fjárfestinga sem gera fyrirtækjum kleift að fylgja lágmarkskröfum um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum á sér stað þegar minna en 18 mánuðir eru þar til sambandskröfurnar taka gildi má aðstoðarhlutfallið ekki verða hærra en 20% af styrkhæfum kostnaði að því er varðar ráðstafanir samkvæmt stafl. a) og c) í 139. mgr. og 15% af styrkhæfum kostnaði að því er varðar ráðstafanir samkvæmt stafl b) í 139. mgr.
148. Að því er varðar aðstoð sem úthlutað er til að auka orkunýtni eldra húsnæðis er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig ef endurbæturnar auka orkunýtni nægilega mikið til að frumorkunotkun dragist saman um að minnsta kosti 40%. Þessi heimild til hækkunar á aðstoðarhlutfalli fellur þó niður ef verkefnið er þess eðlis, enda þótt það leiði til samdráttar í frumorkunotkun um 40% eða meira, að það eykur ekki orkunýtni húsnæðisins umfram lágmarkskröfur um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum sem taka gildi áður en 18 mánuðir eru liðnir frá veitingu aðstoðar.

⁽⁷⁵⁾ Endurgreiðslutími er hér tíminn sem það tekur að endurheimta fjárfestingarkostnað (án þess að aðstoð komi til).

⁽⁷⁶⁾ Þetta á við hvenær sem fyrirtækjum er veitt aðstoð til að fylgja lágmarkskröfum um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum áður en fyrirtækinu sem um ræðir er orðið skylt að fylgja þeim kröfum, óháð því hvort áður samþykktar sambandskröfur eru í gildi.

149. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 20 prósentustig þegar um ræðir aðstoð til lítilla fyrirtækja og um 10 prósentustig þegar um ræðir aðstoð til meðalstórra fyrirtækja.
150. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.
151. Ef ráðstöfunin gefur tilefni til geta stjórnvöld aðildarríkisins einnig lagt fram gögn, á grundvelli greiningar á fjármögnunarahalla, sbr. 48., 51. og 52. mgr., því til stuðnings að nauðsynlegt sé að veita meiri aðstoð. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar fjármögnunarahallanum, sbr. 51. og 52. mgr. Ef úthlutun aðstoðar vegna fjárfestinga sem gera fyrirtækjum kleift að fylgja lágmarkskröfum um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum á sér stað þegar minna en 18 mánuðir eru þar til sambandskröfurnar taka gildi má aðstoðin ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 70% af fjármögnunarahallanum.
152. Ef aðstoðinni er úthlutað að undangengnu samkeppnisútbóði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr. telst aðstoðarfjárhæðin hafa verið ákvörðuð þannig að meðalhófs sé gætt. Ef úthlutun aðstoðar vegna fjárfestinga sem gera fyrirtækjum kleift að fylgja lágmarkskröfum um orkunýtni sem jafngilda sambandskröfum á sér stað þegar minna en 18 mánuðir eru þar til sambandskröfurnar taka gildi skulu stjórnvöld aðildarríkisins gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki komi til ofgreiðslu aðstoðar, til dæmis með því að setja þak á tilboðsfjárhæðir.
153. Hæstu leyfileg aðstoðarhlutföll samkvæmt 147.–151. mgr. gilda ekki um aðstoð sem er fólgin í útgáfu fjárgerninga. Ef aðstoðin er fólgin í ábyrgð má sú ábyrgð ekki taka til herra hlutfalls af undirliggjandi láni en 80%. Ef aðstoðin er fólgin í láni verða endurgreiðslur eiganda/eigenda húsnæðisins til lánveitanda, hvort sem hann er sjóður sem starfræktur er með það fyrir augum að auka orkunýtni eða notkun endurnýjanlegra orkugjafa eða fjármálamililiður af öðru tagi, að nema að minnsta kosti nafnvirði lánsins.
- 4.2.4.3 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat
154. Áskilnaður samkvæmt 155.–157. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
155. Aðstoð sem veitt er til fjárfestinga í tækjum sem brenna jarðgasi með það fyrir augum að auka orkunýtni húsnæðis getur stuðlað að minni orkuþörf til skamms tíma lítið en valdið meiri neikvæðum umhverfisúthrifum en önnur hugsanleg fjárfestingarverkefni þegar til lengri tíma er lítið. Aðstoð vegna uppsetningar á tækjum sem brenna jarðgasi getur raskað samkeppni ef hún ryður til hliðar fjárfestingum í öðrum og minna mengandi búnaði sem þegar er á markaði eða bindur fyrirtækið við tilteknar tæknilausnir og hamlar þannig uppbyggingu markaðar fyrir minna mengandi lausnir og notkun þeirra. Ávinningur af ráðstöfunum sem hafa slík ruðnings- eða bindingaráhrif getur tæpast vegið upp samkeppnishamlandi áhrif þeirra. Í mati framkvæmdastjórnarinnar verður hugað að því hvort jarðgasknúnu tækin koma í stað tækja sem ganga fyrir þeim tegundum jarðefnaeldsneytis sem valda mestri mengun, svo sem olíu eða kolum.
156. Búnaður sem komið getur í stað tækja sem ganga fyrir mengandi jarðefnaeldsneyti á borð við olíu og kol er þegar á markaði. Með vísan til þess er aðstoð til uppsetningar á orkunýtnum tækjum sem eru knúin slíku eldsneyti ekki talin hafa jákvæð áhrif á sama hátt og aðstoð sem veitt er til uppsetningar á minna mengandi tækjum. Í fyrsta lagi kemur meiri kolefnislosun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis á móti þeim tiltölulega litla samdrætti sem verður í heildarorkunotkun. Í öðru lagi er afar hætt við að aðstoð til uppsetningar á tækjum sem ganga fyrir föstu eða fljótandi jarðefnaeldsneyti bindi fyrirtæki við tæknilausnir sem byggjast á notkun slíks eldsneytis og ryðji til hliðar fjárfestingum í minna mengandi og meira nýskapandi lausnum sem þegar eru á markaði á þann hátt að minni eftirspurn beinist að tækjum sem ganga ekki fyrir föstu eða fljótandi jarðefnaeldsneyti. Með því væri einnig tafið fyrir frekari uppbyggingu markaðar fyrir tæknilausnir sem byggjast ekki á nýtingu jarðefnaeldsneytis. Framkvæmdastjórnin lítur því svo á að aðstoð sem veitt er til uppsetningar á tækjum sem ganga fyrir föstu eða fljótandi jarðefnaeldsneyti hamli samkeppni svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp.

157. Ef aðstoðin er fólgin í styrktarsjóði, eiginfjárframlagi, ábyrgð eða láni sem rennur til sjóðs sem starfræktur er með aukna orkunýtni eða aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir augum, eða til fjármálamililiðar af öðru tagi, verður gengið úr skugga um að öll skilyrði séu fyrir hendi til að sjóður sem starfræktur er með aukna orkunýtni eða aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir augum, eða aðrir fjármálamililiðir, njóti ekki óeðlilega mikils hagræðis og hagi framkvæmd ráðstöfunarinnar um veitingu aðstoðar til að auka orkunýtni í samræmi við trausta fjárfestingarstefnu. Nánar tiltekið verður eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:
- (a) Val á fjármálamililiðum eða sjóðstjórum ráðist af niðurstöðu opins útboðs þar sem gagnsæis og jafnræðis er gætt og farið er að ákvæðum sambandslaga og landslaga á þessu sviði.
 - (b) Sett séu skilyrði til að tryggja að rekstur fjármálamililiða, þar á meðal sjóða sem starfræktir eru með aukna orkunýtni eða aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir augum, miðist við viðskiptalegar forsendur og tryggt sé að ákvarðanir um fjármögnun séu teknar með hagnað fyrir augum.
 - (c) Stjórnendur sjóða sem starfræktir eru með aukna orkunýtni eða aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir augum, og stjórnendur annarra fjármálamililiða, láti endanlega aðstoðarþega (eiganda/eigendur eða leigjanda/leigjendur húsnæðisins) njóta ávinningsins eftir því sem framast er unnt með því að auka fjármögnun, slaka á kröfum um veðhlutfall, lækka áhættuálag eða lækka vexti.

4.3 Aðstoð til að draga úr mengun frá samgöngum

158. Í undirköflum 4.3.1 og 4.3.2 kemur fram hvaða skilyrði eru sett fyrir því að ríkisaðstoð vegna tiltekinna fjárfestinga sem ráðist er í til að draga úr eða stöðva losun koltvísýrings og annarra mengunarefna frá flug-, vega-, járnbrauta- og sjó- og vatnasamgöngum geti talist greiða fyrir uppbyggingu tiltekkinnar atvinnustarfsemi á umhverfishæfan hátt án þess að raska viðskiptaskilyrðum að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkja sambandsins.
159. Þessar leiðbeinandi reglur taka ekki til aðstoðar vegna fjárfestinga í létum og þungum ökutækjum sem eru knúin gasi (einkum fljótandi eða þjöppuðu jarðgasi eða lífgasi), eða í gasáfyllingarstöðvum fyrir slík ökutæki, að frátöldum eldsneytisstöðvum sem þjóna eingöngu þungum ökutækjum sem ganga fyrir fljótandi jarðgasi. Að teknu tilliti til núverandi stöðu markaðarins eru slíkar tæknilausnir taldar munu koma að umtalsvert minna gagni við að milda áhrif loftslagsbreytinga og draga úr loftmengun en aðrar tæknilausnir sem valda minni mengun og byggjast á meiri nýsköpun, og valda þannig óeðlilega mikilli samkeppnisröskun með því að ryðja til hliðar fjárfestingum í slíkum minna mengandi tæknilausnum og binda fyrirtæki við samgöngulausnir sem samræmast ekki markmiðum sem sett hafa verið fyrir árin 2030 og 2050.

4.3.1 *Aðstoð til kaupa og leigu á lítt mengandi farartækjum og lítt mengandi færanlegum þjónustutækjum og til endurbóta á farartækjum og færanlegum þjónustutækjum í sama tilgangi*

4.3.1.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

160. Til að ná lögbundnu markmiði sambandsins um loftslagshlutleysi árið 2050 var það mark sett í orðsendingu um Grænan samfélagssáttmála Evrópu að losun frá samgöngum skyldi dragast saman um að minnsta kosti 90% til ársins 2050 frá því sem var árið 1990. Í orðsendingunni um áætlun um sjálfbærni og snjallausnir í samgöngum⁽⁷⁷⁾ er fjallað um leiðir til að vinna að því markmiði með minni kolefnislosun bæði í einstökum tegundum farartækja og í samgöngu-keðjunni í heild⁽⁷⁸⁾.

⁽⁷⁷⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Sustainable and Smart Mobility Strategy: putting European transport on track for the future“, COM(2020) 789 lokag.

⁽⁷⁸⁾ Í orðsendingunni er meðal annars lýst því markmiði að árið 2030 verði í notkun 30 milljónir einkabíla og 80 þúsund flutningabíla sem valda engri kolefnislosun og að árið 2050 verði nær allir einkabílar, sendibílar og hópferðabílar og nær öll ný þung ökutæki losunarlaus.

161. Þó að gildandi opinberar reglur geti falið í sér hvatningu til aukinnar notkunar lítt mengandi farartækja með því að setja framleiðendum bindandi markmið um koltvísýringslosun frá nýjum ökutækjum⁽⁷⁹⁾, fella loftslags- og umhverfisúthrif inn í rekstrarkostnað fyrirtækja⁽⁸⁰⁾ eða auka spurn eftir slíkum farartækjum gegnum opinber útboð⁽⁸¹⁾ er óvíst að það sé nægilegt til að ráða að fullu bót á markaðsbrestum í þeim greinum. Þrátt fyrir slíkar opinberar reglur er hugsanlegt að ekki verði leyst úr vissum markaðshindrunum og markaðsbrestum, og má þar nefna innkaupsverð lítt mengandi ökutækja í samanburði við hefðbundin ökutæki, of hæga uppbyggingu hleðslu- og eldsneytisstöðva og umhverfisúthrif af ýmsu tagi. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er því heimilt að veita aðstoð til að bæta úr slíkum eftirstæðum markaðsbrestum og styðja uppbyggingu lítt mengandi samgangna.
- 4.3.1.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja
162. Aðstoð má úthluta til kaupa og leigu á nýjum eða notuðum lítt mengandi ökutækjum og til kaupa og leigu á lítt mengandi hreyfanlegum þjónustutækjum.
163. Einnig má úthluta aðstoð til endurbóta, endurnýjunar og aðlögunar á farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum í eftirtöldum tilvikum:
- (a) Þegar slík aðstoð verður til þess að farartækin eða þjónustutækin flokkast sem lítt mengandi.
 - (b) Þegar slík aðstoð er nauðsynleg til að gera kleift að taka upp, eða auka, notkun líffeldsneytis og tilbúins eldsneytis í skipum og flugvélum, þar á meðal notkun endurnýjanlegs fljótandi og loftkennds samgöngueldsneytis sem er ekki af lífrænum uppruna, jafnframt jarðefnaeldsneyti eða í stað þess.
 - (c) Þegar slík aðstoð er nauðsynleg til að gera kleift að nýta vindorku til að knýja skip.
- 4.3.1.3 Hvatningaráhrif
164. Áskilnaður samkvæmt 165.–169. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
165. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu leggja fram trúverðuga lýsingu á líklegri atvikarás án aðstoðar. Atvikarás án aðstoðar er fólgin í fjárfestingarverkefni sem er sambærilegt umhverfishæfa fjárfestingarverkefninu að því er varðar afkastagetu, rekstrartíma og, eftir atvikum, tiltekin tæknileg atriði. Ef fjárfestingarverkefnið varðar kaup eða leigu á lítt mengandi farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum er atvikarás án aðstoðar venjulega fólgin í kaupum eða leigu á farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum í sama flokki og með sömu flutninga- eða afkastagetu sem fullnægja að minnsta kosti sambandskröfum, eftir því sem við á, og keypt yrðu eða leigð ef aðstoðin væri ekki veitt.
166. Atvikarás án aðstoðar getur verið fólgin í því að rekstri eldri farartækja eða færanlegra þjónustutækja sé haldið áfram jafnlengi og sem nemur rekstrartíma umhverfishæfa fjárfestingarverkefnisins. Í slíkum tilvikum skal tekið tillit til afskrifta vegna viðhalds, viðgerða og endurbóta á því skeiði.
167. Í öðrum tilvikum getur atvikarás án aðstoðar falist í því að endurnýjun farartækis eða færanlegs þjónustutækis sé frestað, og skal þá tekið tillit til afskrifaðs verðmætis farartækisins eða færanlega þjónustutækisins og núvirða muninn á rekstrartíma beggja tegunda tækja. Sú nálgun getur einkum komið til greina þegar um ræðir farartæki með langan endingartíma, svo sem skip, járnbrautarvagna og flugvélar.
168. Þegar um ræðir farartæki eða færanleg þjónustutæki sem tekin eru á kaupleigu skal afskrifað verðmæti kaupleigu á lítt mengandi farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum borð saman við afskrifað verðmæti kaupleigu á minna umhverfishæfum farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum sem notuð yrðu ef engin aðstoð fengist.

⁽⁷⁹⁾ Reglugerð (ESB) 2019/1242 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísýringslosun nýrra fólksbífreidda og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13).

⁽⁸⁰⁾ Til dæmis á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB frá 17. júní 1999 um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum (Stjtið. EB L 187, 20.7.1999, p. 42) og viðskiptakerfi sambandsins fyrir losunarheimildir.

⁽⁸¹⁾ Til dæmis á grundvelli tilskipunar 2009/33/EB.

169. Ef fjárfestingarverkefnið snýst um að koma fyrir búnaði í eldra farartæki eða færanlegu þjónustutæki til að auka umhverfishæfi þess (til dæmis stjórnkerfum til að hafa hemil á mengun) má telja allan fjárfestingarkostnaðinn til styrkhæfs kostnaðar.

4.3.1.4 Milliríkjaviðskiptum og samkeppni sé raskað sem minnst

1.1.1.1.4 Aðstoð sé heppilegt úrræði

170. Áskilnaður samkvæmt 171. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.2.

171. Við mat á því hvort ríkisaðstoð er heppilegra úrræði en önnur stjórnæki skal litið til þess hvort opinber afskipti önnur en ríkisaðstoð getu örvað uppbyggingu markaðar fyrir lítt mengandi samgöngutæki og hvaða áhrif slík afskipti myndu hafa í samanburði við fyrirhugaða ráðstöfun. Dæmi um afskipti af því tagi eru almennar ráðstafanir til að hvetja til kaupa á lítt mengandi farartækjum, svo sem umhverfis- eða förgunarstyrkir eða afmörkun svæða í hlutaðeigandi aðildarríki þar sem aðeins eru leyfð ökutæki með lítilli losun.

1.1.1.1.5 Meðalhóf

172. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaðinum sem ráðast þarf í til að greiða fyrir uppbyggingu atvinnustarfseminnar sem um ræðir á þann hátt að aukinn árangur náist í umhverfisvernd (þ.e. með umskiptum frá hefðbundnum yfir til lítt mengandi farartækja og lítt mengandi færanlegra þjónustutækja) frá því sem væri ef engin aðstoð væri veitt. Ríkisaðstoð getur talist úthlutað þannig að meðalhófs sé gætt ef skilyrðum 173.–181. mgr. er fullnægt.

173. Aðstoð skal almennt úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr.

174. Ef samkeppnisútboðið byggist á viðmiðum öðrum en aðstoðarfjárhæðinni sem bjóðandi óskar eftir gilda ákvæði 50. mgr. Slík viðmið geta til dæmis snúið að væntanlegum umhverfisávinningsi af fjárfestingarverkefninu, reiknuðum í koltvísýringsígildum, eða öðrum samdrætti mengunar frá upphafi til loka verkefnisins. Til að auðveldara verði að greina umhverfisávinnings verkefnisins geta stjórnvöld aðildarríkisins í slíkum tilvikum gert umsækjendum skylt að gefa til kynna í tilboðum hversu mikið kolefnislosun er talin munu dragast saman vegna fjárfestingarinnar í samanburði við losun frá sambærilegu farartæki sem fullnægir sambandskröfum, eftir því sem við á. Umhverfisviðmið sem notuð eru í samkeppnisútboðinu geta einnig tekið til þátta sem tengjast endingartíma, svo sem umhverfisáhrifa vegna förgunar vörunnar.

175. Samkeppnisútboðum skal haga þannig að þau feli í sér nægilega hvatningu fyrir umsækjendum til að senda inn tilboð vegna verkefna sem snúast um kaup á losunarlausum farartækjum, sem eru almennt dýrari en minna umhverfishæf farartæki, að því marki sem slík farartæki eru fánleg fyrir þann samgöngumáta. Meðal annars ber að tryggja að viðmiðum sem ráða vali á umsækjendum sé ekki beitt þannig að slík verkefni standi lakar að vígi en verkefni sem snúast um önnur farartæki sem eru lítt mengandi en ekki losunarlaus. Umhverfisviðmið geta til dæmis verið byggð á stigagjöf með þeim hætti að þau verkefni hljóti fleiri stig sem hafa í för með sér meiri umhverfisávinnings en aðeins þann að standast styrkhæfisviðmið eða fullnægja því skilyrði að stuðla að höfuðmarkmiði ráðstöfunarinnar. Eftir atvikum getur reynst nauðsynlegt að setja þak á tilboðsfjárhæðir til að takmarka hversu há tilboð einstakir bjóðendur í vissum flokkum geta lagt fram. Ef þak er sett á tilboðsfjárhæðir ber að rökstyðja að það sé nauðsynlegt með vísan til magnákvörðunar viðmiðunarverkefna samkvæmt 51., 52. og 53. mgr.

176. Sú undanþága er gerð frá ákvæðum 173.–175. mgr. að úthluta má aðstoð í eftirtöldum tilvikum án þess að samkeppnisútboð sé haldið:

- (a) Þegar bjóðendur eru taldir munu verða of fáir til að tryggja virka samkeppni eða til að sneiða hjá hættunni á verðboðum sem endurspeglu ekki raunverulegan framleiðslukostnað.

- (b) Þegar stjórnvöld aðildarríkisins leggja fram fullnægjandi gögn því til stuðnings að samkeppnisútbod samkvæmt 49. og 50. mgr. sé ekki heppileg leið til að tryggja að meðalhófs verði gætt og að hættan á óeðlilegri samkeppniströskun aukist ekki þótt notaðar verði aðrar aðferðir samkvæmt 177.–180. mgr. ⁽⁸²⁾, með fyrirvara um einstök atriði ráðstöfunarinnar eða atvinnugreinanna eða samgöngumátanna sem um ræðir.
- (c) Þegar aðstoðinni er úthlutað til kaupa eða leigu á farartækjum sem tekin verða í notkun hjá fyrirtækjum sem starfa á sviði almenningssamgangna á landi, járnbrautum eða vatni.
177. Í þeim tilvikum sem um getur í 176. mgr. telst aðstoð vera úthlutað þannig að meðalhófs sé gætt ef aðstoðarfjárhæðin nemur ekki hærra hlutfalli styrkhæfs kostnaðar en 40%. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig vegna losunarlausra farartækja, um 10 prósentustig þegar meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða.
178. Til styrkhæfs kostnaðar telst hreinn kostnaðarauki vegna fjárfestingarinnar. Sá kostnaðarauki er reiknaður sem munurinn á heildareignarhaldskostnaði þess lítt mengandi farartækis sem fyrirhugað er að kaupa eða leigja, annars vegar, og úthlutaðri aðstoð og heildareignarhaldskostnaði verði engin aðstoð veitt, hins vegar. Kostnaður er ekki styrkhæfur nema hann tengist beint þeirri viðleitni að auka umhverfisvernd.
179. Að því er varðar endurbætur á farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum í samræmi við 169. mgr. getur allur kostnaður við endurbæturnar talist styrkhæfur kostnaður, að því tilskildu að atvikarás án aðstoðar sé fólgin í því að endingartími farartækjanna eða færanlegu þjónustutækjanna sé óbreyttur þótt engar endurbætur séu gerðar.
180. Ef ráðstöfunin gefur tilefni til geta stjórnvöld aðildarríkisins einnig lagt fram gögn, á grundvelli greiningar á fjármögnunarahalla, sbr. 48., 51. og 52. mgr., því til stuðnings að nauðsynlegt sé að veita meiri aðstoð. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu þá ganga úr skugga um það eftirá að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum og setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar, sbr. 55. mgr. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar fjármögnunarahallanum, sbr. 51. og 52. mgr.
181. Þegar um ræðir staka úthlutun aðstoðar má ákveða aðstoðarfjárhæðina á grundvelli greiningar á fjármögnunarahalla eins og lýst er í 48., 51. og 52. mgr. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu þá ganga úr skugga um það eftirá að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum og setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar, sbr. 55. mgr.
- 4.3.1.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat
182. Áskilnaður samkvæmt 183.–189. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
183. Litið er svo á að aðstoð vegna fjárfestinga í jarðgasknúnum farartækjum og færanlegum þjónustutækjum geti dregið úr losun gróðurhúsagasa og annarra mengunarefna til skamms tíma litið en valdið meiri neikvæðum umhverfisúthrífum en önnur hugsanleg fjárfestingarverkefni þegar til lengri tíma er litið. Aðstoð vegna kaupa á jarðgasknúnum farartækjum og færanlegum þjónustutækjum getur raskað samkeppni óeðlilega mikið ef sú fjárfesting ryður til hliðar fjárfestingum í öðrum og minna mengandi búnaði sem þegar er á markaði eða bindur fyrirtæki við tiltekna tæknilausnir, og hamlar þannig uppbyggingu markaðar fyrir minna mengandi lausnir og notkun þeirra. Í slíkum tilvikum er því litið svo á að aðstoð sem úthlutað er vegna jarðgasknúinna farartækja og færanlegra þjónustutækja hafi svo mikil hamlandi áhrif að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp.
184. Þó má líta svo á að aðstoð vegna kaupa eða leigu á farartækjum til nota í sjó- og vatnasamgöngum og færanlegum þjónustutækjum, knúnum þjöppuðu eða fljótandi jarðgasi, bindi fyrirtæki ekki við tiltekna tæknilausnir til langframa og ryðji ekki til hliðar fjárfestingum í minna mengandi lausnum ef stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að minna mengandi lausnir séu ekki á almennum markaði og að ekki sé að vænta breytinga á því í brád ⁽⁸³⁾.

⁽⁸²⁾ Það má sýna með því að tryggja að gagnsæis og jafnræðis sé gætt við úthlutun aðstoðar og að þau sem kynnu að vilja sækja um aðstoð fái fullnægjandi upplýsingar um gildissvið ráðstöfunarinnar og hugsanleg skilyrði fyrir úthlutun.

⁽⁸³⁾ Í slíku mati verður að jafnaði hugað að tímabili sem getur verið, eftir því hvaða atvinnugreinar og samgöngumátar koma við sögu, tvö til fimm ár eftir að aðstoðarráðstöfunin er tilkynnt eða framkvæmd hennar hefst. Framkvæmdastjórnin byggir matið á markaðsrannsóknnum óháðra aðila sem stjórnvöld aðildarríkjanna koma á framfæri eða öðrum viðeigandi gögnum.

185. Nú þegar eru á markaði farartæki sem komið geta í stað þeirra sem ganga fyrir mest mengandi tegundum jarðefnaeldsneytis, svo sem dísilolíu, bensíni eða fljótandi jarðolíugasi (LPG), í vegasamgöngum, sjó- og vatnasamgöngum og járnbrautasamgöngum. Ef aðstoð er úthlutað vegna slíkra farartækja er afar hætt við að hún bindi fyrirtæki við hefðbundnar tæknilausnir og ryðji til hliðar fjárfestingum í minna mengandi tæknilausnum sem eru á markaði á þann hátt að minni eftirspurn beinist að umhverfishæfari farartækjum. Með því væri einnig tafið fyrir frekari uppbyggingu markaðar fyrir tæknilausnir sem byggjast ekki á nýtingu jarðefnaeldsneytis. Með vísan til þess er aðstoð til kaupa eða leigu á farartækjum af ofangreindu tagi, einnig nýjum tegundum farartækja sem fullnægja enn strangari kröfum en sambandskröfum eftir því sem við á, ekki talin hafa sömu jákvæðu áhrif og aðstoð til kaupa eða leigu á lítt mengandi farartækjum sem valda engri beinni koltvísyringslosun (við notkun). Framkvæmdastjórnin lítur því svo á að aðstoð sem úthlutað er vegna farartækja sem nota mest mengandi tegundir jarðefnaeldsneytis, svo sem dísilolíu, bensín eða LPG, hamli samkeppni svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp.
186. Ekki er gert ráð fyrir að losunarlausar flugvélar, knúnar rafmagni eða vetni, komi á almennan markað í bráð. Með vísan til þess er lítið svo á að ávinningur af ríkisaðstoð vegna lítt mengandi flugvéla annarra en losunarlausra geti vegið þyngra en hamlandi áhrif hennar ef hún stuðlar að markaðsinnleiðingu eða hraðari útbreiðslu nýrra, sparneytnari og til muna umhverfishæfari flugvéla, til samræmis við stefnu um að ná loftslagshlutleysi, án þess að binda fyrirtæki við tilteknar tæknilausnir eða ryðja til hliðar fjárfestingum í minna mengandi lausnum.
187. Á sviði flugsamgangna getur framkvæmdastjórnin áskilið, ef heppilegt þykir til að draga úr afar miklum röskunaráhrifum aðstoðar, meðal annars með vísan til markaðsstöðu aðstoðarþega, eða til að auka ávinning af ráðstöfuninni, að aðstoðarþegi taki úr notkun sambærilegan fjölda minna umhverfishæfra flugvéla með svipaðan flugtaks massa og flugvélar sem eru keyptar eða leigðar með ríkisaðstoð.
188. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á samkeppnisröskun af völdum aðstoðar sem úthlutað er til kaupa eða leigu á farartækjum eða færanlegum þjónustutækjum verður hugað að því hvort rekstur nýrra farartækja geti valdið markaðsbrestum eða aukið á þá sem fyrir eru, til dæmis þannig að afkastageta aukist umfram þörf í greininni.
189. Vegna þeirrar auknu röskunar sem búast má við af völdum ráðstafana sem beinast sérstaklega að einum aðstoðarþega eða litlum og afmörkuðum hópi aðstoðarþega⁽⁸⁴⁾ þegar ekkert samkeppnisútbod er haldið skulu stjórnvöld aðildarríkisins rökstyðja slíka tilhögun með fullnægjandi hætti og færa sönnur á að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar vegna aukinnar hættu á samkeppnisröskun⁽⁸⁵⁾.

4.3.2 Aðstoð til uppbyggingar á hleðslu- eða eldsneytisstöðvum

4.3.2.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

190. Viðtækt kerfi hleðslu- og eldsneytisstöðva er nauðsynlegt til að lítt mengandi farartæki geti náð almennri útbreiðslu og til að markmiðið um losunarlausar samgöngur verði að veruleika. Til að lítt mengandi farartæki nái útbreiðslu þarf að yfirstíga þá erfiðu hindrun hversu lítið er enn um hleðslu- og eldsneytisstöðvar. Slíkar stöðvar dreifast sömuleiðis mjög ójafnt milli aðildarríkjana. Meðan lítt mengandi farartæki eru lítið hlutfall farartækja í notkun er hætt við að nauðsynlegum hleðslu- og eldsneytisstöðvum verði ekki komið upp fyrir tilstuðlan markaðs-aflanna einna.
191. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB⁽⁸⁶⁾ er kveðið á um sameiginlegan ramma ráðstafana um uppbyggingu eldsneytisstöðva til dreifingar á óhefðbundnu eldsneyti fyrir samgöngutæki í sambandinu og mælt fyrir um tilteknar sameiginlegar ráðstafanir vegna þeirrar uppbyggingar. Auk þess geta verið í gildi aðrar opinberar reglur sem miðast að því að auka útbreiðslu lítt mengandi farartækja og fela þegar í sér hvata til uppbyggingar hleðslu- og

⁽⁸⁴⁾ Sjá 66. mgr.

⁽⁸⁵⁾ Meðal annars geta stjórnvöld aðildarríkisins þurft að tryggja að ekki komi til ofgreiðslu aðstoðar með því að ganga úr skugga um að veitt aðstoð sé ekki meiri en sem nemur hreinum kostnaðarauka, en það má gera með samanburði á því hver fjármögnunarhalli verkefnisins verður með og án aðstoðar, og fullvissa sig um það með skipulegum hætti eftir að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum, auk þess að setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar.

⁽⁸⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti (Stjtf. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1).

eldsneytisstöðva. Óvíst er þó að slík ákvæði séu fullnægjandi lausn á þessum markaðsbrestum. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er því heimilt að úthluta aðstoð til að bregðast við slíkum eftirstæðum markaðsbrestum og styðja uppbyggingu hleðslu- og eldsneytisstöðva.

4.3.2.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

192. Úthluta má aðstoð til byggingar, uppsetningar, endurbóta og stækkunar á hleðslu- og eldsneytisstöðvum.

193. Verkefni sem hljóta aðstoð geta einnig snúist um uppsetningu á snjallhleðslubúnaði og aðstöðu til framleiðslu á endurnýjanlegri raforku eða endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi vetni á staðnum og með beinni tengingu við hleðslu- eða eldsneytisstöð, svo og uppsetningu á geymslustöð á staðnum til að geyma raforku eða endurnýjanlegt eða lítt kolefnislosandi vetni sem afgreitt verður sem eldsneyti á farartæki. Nafnafköst búnaðarins sem notaður er til rafmagns- eða vetnisframleiðslu á staðnum skulu vera í réttu hlutfalli við málafli eða málafköst hleðslu- eða eldsneytisstöðvarinnar sem hann tengist.

4.3.2.3 Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst

1.1.1.1.6 Aðstoðin sé nauðsynleg

194. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu fullvissa sig um að nauðsynlegt sé að veita aðstoð til að örva uppbyggingu hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem eru sömu gerðar og stöðvar sem komið yrði upp fyrir ríkisaðstoð⁽⁸⁷⁾ með því að efna til opinbers samráðs fyrirfram eða styðjast við markaðsrannsókn óháðs aðila eða önnur viðeigandi gögn, sbr. undirkafla 3.2.1.1. Nánar tiltekið skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að litlar líkur séu á að ráðist verði í uppbyggingu sambærilegra stöðva á almennum viðskiptagrundvelli í bráð⁽⁸⁸⁾ og huga að áhrifum viðskiptakerfis losunarheimilda í því samhengi eftir því sem við á.

195. Við mat á því hvort nauðsynlegt er að veita aðstoð til uppbyggingar á hleðslu- og eldsneytisstöðvum sem eru opnar öðrum notendum en viðtakanda eða viðtakendum aðstoðarinnar, þar á meðal hleðslu- eða eldsneytisstöðvum sem eru opnar almenningi, má líta til markaðshlutdeildar lítt mengandi farartækja sem slíkar stöðvar myndu þjóna og hversu mikið er um umferð slíkra farartækja á svæðinu eða svæðunum sem um ræðir.

1.1.1.1.7 Aðstoð sé heppilegt úrræði

196. Áskilnaður samkvæmt 197. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.2.

197. Við mat á því hvort ríkisaðstoð er heppilegra úrræði en önnur stjórnþæki skal litið til þess hvort opinber afskipti af öðru tagi gætu flýtt fyrir skiptunum yfir í lítt mengandi samgöngutæki og hvaða áhrif slík afskipti myndu hafa í samanburði við fyrirhugaða ráðstöfun.

1.1.1.1.8 Meðalhóf

198. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaðinum sem ráðast þarf í til að greiða fyrir uppbyggingu atvinnustarfseminnar sem um ræðir, á þann hátt að aukinn árangur náist í umhverfisvernd. Aðstoðinni getur talist úthlutað þannig að meðalhófs sé gætt ef skilyrðum 199.–204. mgr. er fullnægt.

199. Aðstoð skal úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr. Samkeppnisútboðum skal haga þannig að þau feli í sér nægilega hvatningu fyrir umsækjendur til að leggja fram tilboð vegna verkefna sem varða uppbyggingu hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem eingöngu eru notaðar til dreifingar á endurnýjanlegri raforku eða endurnýjanlegu vetni. Úthlutunarviðmiðum má ekki beita þannig að verkefni sem snúast um uppbyggingu hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem eingöngu eru notaðar til dreifingar á endurnýjanlegri raforku eða endurnýjanlegu vetni standi lakar að vígi en verkefni sem snúast um uppbyggingu hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem dreifa einnig rafmagn eða vetni sem framleitt er með meiri koltvísýringslosun en endurnýjanlegt rafmagn eða vetni, eða er ekki framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Eftir atvikum getur reynst nauðsynlegt að setja þak

⁽⁸⁷⁾ Til dæmis, að því er varðar hleðslustöðvar, hvort þær eru gerðar fyrir venjulega hleðslu eða hraðhleðslu.

⁽⁸⁸⁾ Í mati framkvæmdastjórnarinnar á þessu atriði verður að jafnaði hugað að því hvort uppbygging hleðslu- eða eldsneytisstöðva á almennum viðskiptagrundvelli er talin munu eiga sér stað á því tímabili sem eðlilegt er að taka tillit til með vísan til gildistíma ráðstöfunarinnar. Matið verður byggt á niðurstöðum opinbera samráðsins sem efnit er til fyrirfram, markaðsrannsóknnum óháðra aðila sem stjórnvöld aðildarríkjanna koma á framfæri eða öðrum viðeigandi gögnum.

á tilboðsfjárhæðir til að takmarka hversu há tilboð einstakir bjóðendur í vissum flokkum geta lagt fram. Ef þak er sett á tilboðsfjárhæðir ber að rökstyðja að það sé nauðsynlegt með vísan til magnákvörðunar viðmiðunarverkefna samkvæmt 51., 52. og 53. mgr.

200. Sú undanþága er gerð frá ákvæðum 199. mgr. að úthluta má aðstoð í eftirtöldum tilvikum án þess að samkeppnisútbod sé haldið:
- (a) Þegar bjóðendur eru taldir munu verða of fáir til að tryggja virka samkeppni eða til að sneiða hjá hættunni á verðboðum sem endurspeglar ekki raunverulegan framleiðslu- og kostnað.
 - (b) Þegar þess er enginn kostur að halda samkeppnisútbod í samræmi við ákvæði 49. og 50. mgr.
 - (c) Þegar aðstoðin er veitt vegna hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem eingöngu eða fyrst og fremst eru ætlaðar fyrirtækjum sem annast almenningssamgöngur á landi, járnbrautum eða sjó- og vatnaleiðum ⁽⁸⁹⁾.
 - (d) Þegar aðstoðin er veitt vegna hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem eingöngu eða fyrst og fremst eru ætlaðar aðstoðarþega sjálfum og almenningur hefur ekki aðgang að ⁽⁹⁰⁾, ef stjórnvöld viðkomandi aðildarríkis rökstyðja það á fullnægjandi hátt.
 - (e) Þegar aðstoðin er veitt vegna hleðslu- eða eldsneytisstöðva sem ætlaðar eru tilteknum tegundum farartækja sem hafa hver um sig (þ.e. hver tegund farartækis) afar litla markaðshlutdeild í viðkomandi aðildarríki eða þegar afar lítil umferð slíkra farartækja er á svæðinu eða svæðunum sem um ræðir ⁽⁹¹⁾.
201. Í þeim tilvikum sem talin eru upp í 200. mgr. má ákveða aðstoðarfjárhæðina á grundvelli greiningar á fjármögnunarahalla eins og lýst er í 48., 51. og 52. mgr. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu ganga úr skugga um það eftir á að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum og setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar, sbr. 55. mgr.
202. Í stað þess sem fram kemur í 201. mgr. getur meðalhófs talist gætt við úthlutun aðstoðar ef hún nemur ekki hærri fjárhæð en 30% styrkhæfs kostnaðar, og það hlutfall má vera 40% styrkhæfs kostnaðar ef hleðslu- eða eldsneytisstöðin er eingöngu notuð til dreifingar á endurnýjanlegri raforku eða endurnýjanlegu vetni. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.
203. Í slíkum tilvikum telst allur fjárfestingarkostnaður vegna byggingar, uppsetningar, endurbóta og stækkunar á hleðslu- og eldsneytisstöðvum til styrkhæfs kostnaðar. Það getur til að mynda verið kostnaður við:
- (a) hleðslu- eða eldsneytisstöðina og tæknibúnað sem fylgir henni,
 - (b) uppsetningu eða endurbætur á rafbúnaði og öðrum hlutum hleðslu- eða eldsneytisstöðvarinnar, þar á meðal raflögnum og spennum, sem þörf er á til að tengja hana við rafkerfið eða við stöð sem notuð er til framleiðslu eða geymslu á rafmagni eða vetni á staðnum og til að tryggja snjallvæðingarhæfi stöðvarinnar,
 - (c) mannvirkjaframkvæmdir, jarðvinnu og vegaframkvæmdir, uppsetningu og leyfi vegna framkvæmdanna.

⁽⁸⁹⁾ Hleðslu- eða eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru ætlaðar fyrirtækjum sem annast almenningssamgöngur á landi, járnbrautum eða sjó- og vatnaleiðum geta þar að auki verið opnar starfsmönnum, undirverktökum eða birgjum fyrirtækjanna.

⁽⁹⁰⁾ Hleðslu- eða eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru ætlaðar aðstoðarþega sjálfum geta þar að auki verið opnar starfsmönnum, undirverktökum eða birgjum aðstoðarþegans.

⁽⁹¹⁾ Til dæmis ráðstöfun sem snýst um aðstoð vegna fjárfestinga í vetnisstöðvum fyrir þung ökutæki sem notuð eru í farmstöðvum og farmdreifingarmiðstöðvum í aðildarríki þar sem markaðshlutdeild þungra vetnisknúinna ökutækja er minni en 2%.

204. Ef verkefni tekur til framleiðslu á endurnýjanlegri raforku eða endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi vetni á staðnum eða geymslu á raforku eða endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi vetni á staðnum má telja fjárfestingarkostnað vegna framleiðslustöðvanna og orkugeymanna talist til styrkhæfs kostnaðar.
- 4.3.2.4 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti og vægismat
205. Áskilnaður samkvæmt 206.–216. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
206. Nýjar hleðslustöðvar sem nota má til hleðslu með allt að 22 kW útafli verða að styðja snjallhleðslubúnað. Þannig er tryggt að hleðslu sé stýrt á æskilegan hátt og þannig að álagstoppar myndist ekki og framboð á endurnýjanlegri raforku og lágu raforkuverði í kerfinu nýtist að fullu.
207. Til að tvær eða fleiri stöðvar séu ekki settar upp að óþörfu á sama stað, og til að nýta sem best mannvirki sem eru ekki komin að lokum endingartíma síns, gildir um eldsneytisstöðvar sem notaðar eru til dreifingar á tilbúnu eldsneyti á farartæki til nota í sjó- og vatnasamgöngum og í flugsamgöngum, þar á meðal endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu samgöngueldsneyti öðru en af lífrænum uppruna, eða lífveldsneyti⁽⁹²⁾, að stjórnvöld aðildarríkisins verða að rökstyðja þörfina á nýjum stöðvum að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika eldsneytisins sem fyrirhugað er að dreifa frá þeim. Að því er varðar tilbúið eldsneyti og lífveldsneyti sem notað er sem staðgöngueldsneyti⁽⁹³⁾ verða stjórnvöld aðildarríkisins að huga að því í hversu ríkum mæli stöðvar sem þegar eru í notkun henta til dreifingar á slíku eldsneyti.
208. Aðstoð vegna byggingar, uppsetningar, endurbóta eða stækkunar á eldsneytisstöðvum getur raskað samkeppni óeðlilega mikið ef slík fjárfesting ryður til hliðar fjárfestingum í öðrum og minna mengandi búnaði sem þegar er á markaði eða bindur fyrirtækið við tilteknar tæknilausnir og hamlar þannig uppbyggingu markaðar fyrir minna mengandi lausnir og notkun þeirra. Í slíkum tilvikum er því litið svo á að aðstoð vegna eldsneytisstöðva sem notaðar eru til dreifingar á eldsneyti sem unnið er úr jarðgasi hamli samkeppni svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp.
209. Að teknu tilliti til núverandi stöðu markaðar fyrir lítt mengandi tæknilausnir á sviði sjó- og vatnasamgangna má líta svo á að aðstoð vegna byggingar, uppsetningar, endurbóta eða stækkunar á eldsneytisstöðvum sem notaðar eru til dreifingar á þjöppuðu eða fljótandi jarðgasi til nota í sjó- og vatnasamgöngum bindi fyrirtæki ekki við tilteknar tæknilausnir til langframa og ryðji ekki til hliðar fjárfestingum í minna mengandi lausnum ef stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að minna mengandi lausnir séu ekki á almennum markaði og að ekki sé að vænta breytinga á því í bráð⁽⁹⁴⁾, og að því tilskildu að stöðvarnar verði notaðar til að flýta fyrir umskiptum yfir í notkun lítt kolefnislosandi eldsneytis. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á slíkri aðstoð verður horft til þess hvort fjárfestingin er þáttur í trúverðugri áætlun um að draga úr kolefnislosun og hvort aðstoðin stuðlar að markmiðum sambandslöggjafar um uppbyggingu stöðva til dreifingar á óhefðbundnu eldsneyti.
210. Losunarlaus farartæki eru þegar raunhæfur kostur í vegasamgöngum, einkum að því er varðar létt ökutæki. Framboð þungra ökutækja á almennum markaði er talið munu vaxa hratt á næstu árum. Aðstoð sem veitt er eftir árið 2025 vegna eldsneytisstöðva sem notaðar eru til dreifingar á fljótandi jarðgasi fyrir þung ökutæki mun því að öllum líkindum hamla samkeppni svo mjög að hugsanlegur ávinningur getur tæpast vegið það upp. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á aðstoð vegna eldsneytisstöðva sem notaðar eru til dreifingar á eldsneyti fyrir þung ökutæki verður horft til þess hvort hún stuðlar að markmiðum sambandslöggjafar um uppbyggingu eldsneytisstöðva til dreifingar á óhefðbundnu eldsneyti.
211. Þegar er á markaði eldsneyti sem komið getur í stað jarðefnaeldsneytis í vegasamgöngum, sumum greinum sjó- og vatnasamgangna og í jarnbrautasamgöngum. Með vísan til þess er aðstoð til uppbyggingar á eldsneytisstöðvum sem notaðar eru til dreifingar á eldsneyti sem framleitt er með jarðefnaeldsneyti eða með rafmagni framleiddu með slíku eldsneyti, þar á

⁽⁹²⁾ Að meðtöldu flugvélaeldsneyti sem framleitt er á sjálfbæran hátt.

⁽⁹³⁾ Orðið staðgöngueldsneyti er hér notað um eldsneyti sem kemur að sömu notum og jarðefnaeldsneyti sem nú er í notkun og er að fullu samþýðanlegt núverandi dreifikerfi og búnaði og aflvélum farartækja.

⁽⁹⁴⁾ Í slíku mati verður að jafnaði hugað að tímabili sem getur verið tvö til fimm ár eftir að aðstoðarráðstöfunin er tilkynnt eða framkvæmd hennar hefist. Framkvæmdastjórnin byggir matið á markaðsrannsóknnum óháðra aðila sem stjórnvöld aðildarríkjanna koma á framfæri eða öðrum viðeigandi gögnum.

meðal vetni sem framleitt er á þann hátt ⁽⁹⁵⁾, hafi ekki jákvæð áhrif á sama hátt og aðstoð sem úthlutað er til uppbyggingar á stöðvum fyrir eldsneyti sem er ekki unnið úr jarðefnaeldsneyti eða lítt kolefnislosandi eldsneyti. Í fyrsta lagi er sennilegt að á móti samdrætti í koltvísýringslosun í samgöngum komi áframhaldandi koltvísýringslosun í tengslum við framleiðslu og notkun jarðefnaeldsneytis, einkum þegar föngun og bindingu er ekki sinnt með fullnægjandi hætti. Í öðru lagi er hætt við að úthlutun aðstoðar vegna eldsneytisstöðva sem notaðar eru til dreifingar á jarðefnaeldsneyti sem er ekki lítt kolefnislosandi bindi fyrirtæki við tilteknar framleiðsluaðferðir og ryðji til hliðar fjárfestingum í minna mengandi tæknilausnum á þann hátt að minni eftirspurn beinist að iðnframleiðslu sem byggist ekki á notkun jarðefnaeldsneytis eða raforku sem framleidd er með slíku eldsneyti, eða er lítt kolefnislosandi. Um leið væri unnið gegn uppbyggingu markaðar fyrir lítt mengandi tæknilausnir í losunarlausum samgöngum sem byggjast ekki á notkun jarðefnaeldsneytis og markaðar fyrir framleiðslu á eldsneyti og raforku án brennslu jarðefnaeldsneytis. Framkvæmdastjórnin lítur því svo á að aðstoð sem úthlutað er vegna uppbyggingar eldsneytisstöðva til dreifingar á jarðefnaeldsneyti, þar á meðal vetni sem unnið er úr slíku eldsneyti, án þess að föngun gróðurhúsagasa sem losna við vetnisframleiðsluna sé sinnt með fullnægjandi hætti, hamli samkeppni svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp nema fyrir hendi sé trúverðug áætlun um að auka framboð og notkun endurnýjanlegs eða lítt kolefnislosandi eldsneytis til meðallangs tíma lítið.

212. Því má líta svo á að aðstoð vegna uppbyggingar á eldsneytisstöðvum sem eru ekki eingöngu notaðar til dreifingar á endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi vetni bindi fyrirtæki ekki við tilteknar tæknilausnir til langframa og ryðji ekki til hliðar fjárfestingum í minna mengandi lausnum ef stjórnvöld aðildarríkisins geta sýnt að fylgt sé trúverðugri áætlun um að hætta dreifingu vetnis sem er ekki endurnýjanlegt eða lítt kolefnislosandi í eldsneytisstöðvunum fyrir árið 2035.
213. Ef heppileg varnarákvæði skortir getur aðstoðin orðið til þess að skapa eða efla sterk markaðsítök tiltekinna fyrirtækja og hamlað þannig virkri samkeppni á nýmörkuðum og vaxtarmörkuðum. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu því haga aðstoðarráðstöfuninni þannig að heppileg varnarákvæði séu sett til að bægra frá þeirri hættu. Dæmi um slík varnarákvæði getur verið að eitt og sama fyrirtæki megi aðeins fá úthlutað tilteknu hlutfalli fjárveitingar vegna ráðstöfunarinnar.
214. Þegar viðeigandi þykir verður metið hvort fullnægjandi varnarákvæði hafa verið sett til að tryggja að rekstraraðilar hleðslu- eða eldsneytisstöðva, sem bjóða eða heimila að greiðslur fyrir notkun stöðvanna fari fram á grundvelli samninga, mismuni samgöngufyrirtækjum ekki með óeðlilegum hætti, til dæmis með því að setja ómálefnaleg skilyrði um vildaraðgang eða með ómálefnalegum frávikum í verðlagningu. Ef slík varnarákvæði skortir er lítið svo á að ráðstöfunin sé til þess fallin að hafa ótilhlýðileg neikvæð samkeppnisáhrif á markaði fyrir samgönguþjónustu.
215. Ef þriðja aðila er falið, með sérleyfissamningi eða á annan hátt, að annast rekstur hleðslu- eða eldsneytisstöðvar verður það að gerast á samkeppnisgrundvelli og þannig að gagnsæis og jafnræðis sé gætt, og að teknu fullu tilliti til reglna sambandsins um opinber útboð, eftir því sem við á.
216. Ef aðstoð er úthlutað til byggingar, uppsetningar, endurbóta eða stækkunar á hleðslu- og eldsneytisstöðvum sem eru opnar öðrum notendum en viðtakanda eða viðtakendum aðstoðarinnar, þar á meðal hleðslu- eða eldsneytisstöðvum sem eru opnar almenningi, verða stöðvarnar að vera opnar almenningi og notendum verður að bjóðast aðgangur á jafnræðisgrundvelli, meðal annars að því er varðar gjaldskrá, auðkenningar- og greiðsluaðferðir og önnur kjör og skilmála, eftir því sem við á hverju sinni. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu jafnframt sjá til þess að gjöld sem öðrum notendum en viðtakanda eða viðtakendum aðstoðarinnar er gert að greiða vegna notkunar á hleðslu- eða eldsneytisstöð séu í samræmi við það sem tíðkast á markaði.

4.4 Aðstoð til að ná fram góðri auðlindanýtingu og styðja umskipti yfir til hringrásarhagkerfis

4.4.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

⁽⁹⁵⁾ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „A hydrogen strategy for a climate-neutral Europe“, COM(2020) 301 lokaútg., bls. 3.

217. Aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfið (*Circular Economy Action Plan*, CEAP) ⁽⁹⁶⁾ hefur að geyma markmiðasetningu til framtíðar sem miðast að því að hraðari umskipti yfir til hringrásarhagkerfis í sambandinu verði þáttur í þeim djúpstæðu breytingum sem mælt er fyrir um í orðsendingunni um Grænan samfélagssáttmála Evrópu. Tilgangur aðgerðaáætlunarinnar er að ýta undir hringrásarhugsun, stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu og tryggja að unnið verði gegn myndun úrgangs og að auðlindir verði nýttar á þann hátt að þær haldist í hagkerfi sambandsins eins lengi og kostur er. Þessi markmið eru jafnframt forsenda þess að takast megi að ná markmiði sambandsins um loftslagshlutleysi árið 2050 jafnframt því að draga úr mengun og auka sjálfbærni í hagkerfinu.
218. Í aðgerðaáætluninni er sérstaklega tekið fram að markmið á sviði hringrásarhagkerfisins verði að endurspeglast í endurskoðuðum leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði loftslags- og orkumála. Fjárstuðningur sem fólgin er í ríkisaðstoð og úthlutað er samkvæmt víðtækum, skýrum og samræmdum reglum getur í þessu tilliti skipt sköpum um að stutt sé nægilega við hringrásaraðferðir í iðnframleiðslu í tengslum við víðtækari umbyltingu iðnaðar í sambandinu í átt að loftslagshlutleysi og aukinni samkeppnishæfni til framtíðar. Hann getur einnig skipt höfuðmáli í þeirri viðleitni að koma á fót traustum markaði fyrir afleidd hráefni og draga þannig úr álagi á náttúruauðlindir og skapa grundvöll fyrir sjálfbærum vexti og vinnumarkaði ásamt því að auka viðnámsþol hagkerfisins.
219. Í aðgerðaáætluninni er enn fremur bent á vaxandi mikilvægi lífauðlinda í hagkerfi Evrópu-sambandsins. Eins og fram kemur í áætlun Evrópusambandsins um lífhagkerfið ⁽⁹⁷⁾ styður lífhagkerfið markmiðin sem sett eru í Grænum samfélagssáttmála Evrópu á þann hátt að það stuðlar að kolefnishlutleysi í hagkerfinu, eykur umhverfislega, efnahagslega og félagslega sjálfbærni og eflir grænan hagvöxt. Fjárstuðningur sem fólgin er í ríkisaðstoð getur skipt sköpum um að stutt sé nægilega við uppbyggingu sjálfbærra framleiðsluhátta í lífhagkerfinu, svo sem með því að styðja sjálfbæra framleiðslu á efnum og vörum úr lífrænum hráefnum sem stuðla að markmiðinu um loftslagshlutleysi og myndu ekki ná útbreiðslu fyrir tilstuðlan markaðsaflanna einna.

4.4.2 *Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja*

220. Eftirtaldir tegundir fjárfestingar geta hlotið aðstoð samkvæmt þessum undirkafla:
- (a) Fjárfestingar sem miðast að því að bæta auðlindanýtingu með einhverjum eftirtalinnna aðferða:
- (i) Dregið úr heildarnotkun aðfanga við framleiðslu á sama vörumagni ⁽⁹⁸⁾.
 - (ii) Afleidd (endurnýtt eða endurunnin) eða endurheimt hráefni notuð í stað frumaðfanga.
 - (iii) Hráefni af lífrænum uppruna notuð í stað hráefna sem unnin eru úr jarðefnaeldsneyti.
- (b) Fjárfestingar sem snúast um að draga úr eða stöðva myndun úrgangs hjá aðstoðarþega, undirbúning endurnýtingar, efnaendurheimt, hreinsun og endurvinnslu úrgangsins ⁽⁹⁹⁾.
- (c) Fjárfestingar sem snúast um undirbúning endurnýtingar, efnaendurheimt, hreinsun og endurvinnslu úrgangs sem verður til hjá þriðja aðila og færi að öðrum kosti til förgunar eða til úrvinnslu á lægra þrepi í metakerfi úrgangs ⁽¹⁰⁰⁾ eða til minna skilvirkrar úrvinnslu, eða myndi leiða til rýrari endurvinnslu.

⁽⁹⁶⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „A new Circular Economy Action Plan – For a cleaner and more competitive Europe“, COM(2020) 98 lokaútg.

⁽⁹⁷⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „A sustainable Bioeconomy for Europe: Strengthening the connection between economy, society and the environment“, COM(2018)673 lokag. og SWD(2018)431.

⁽⁹⁸⁾ Til aðfanga má hér telja öll efnisleg aðföng sem notuð eru við framleiðsluna, að frátalinni orku. Samdráttinn má staðfesta með mælingu eða mati á aðfanganotkun fyrir og eftir að aðstoðarráðstöfunin komst í framkvæmd, að teknu tilliti til leiðréttinga vegna ytri aðstæðna sem geta ráðið nokkru um aðfanganotkunina.

⁽⁹⁹⁾ Sjá skilgreiningar á endurnýtingu, endurheimt, undirbúningi endurnýtingar, endurvinnslu og úrgangi í 59., 61., 62., 75. og 90. lið 19. mgr.

⁽¹⁰⁰⁾ Þrepi í metakerfi úrgangs eru a) varnir gegn myndun úrgangs, b) undirbúningur endurnýtingar, c) endurvinnsla, d) önnur endurheimt, t.d. endurheimt orku, og e) förgun. Sjá 1. tölu. 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

- (d) Fjárfestingar sem snúast um að draga úr eða stöðva myndun annarra vara, efnisþátta eða iðefna hjá aðstoðarþega eða þriðja aðila og um undirbúning endurnýtingar, efnaendurheimt, hreinsun og endurvinnslu slíkra efna ⁽¹⁰¹⁾, sem teljast ekki ótvírætt úrgangur og færur að öðrum kosti til spillis, til förgunar eða til minna skilvirkrar endurheimtar, myndu teljast úrgangur ef þau væru ekki endurnýtt eða myndu leiða til rýrari endurvinnslu.
- (e) Fjárfestingar sem snúast um að koma á sérsöfnun ⁽¹⁰²⁾ og flokkun úrgangs eða annarra vara, efnisþátta eða iðefna með undirbúning endurnýtingar eða endurvinnslu fyrir augum.
221. Þegar vissum skilyrðum er fullnægt er heimilt að veita aðstoð til að standa undir rekstrar-kostnaði í tengslum við sérsöfnun og flokkun úrgangs sem fellur til í tilteknum úrgangs-straumum eða tegundum úrgangs (sjá 247. mgr.).
222. Aðstoð sem tengist endurheimt afgangsvarma frá iðnframleiðslu og aðstoð sem tengist föngun og nýtingu kolefnis kemur til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð til að draga úr losun gróðurhúsagasa samkvæmt undirkafla 4.1.
223. Aðstoð sem veitt er til að nýta úrgang til framleiðslu á lífheldsneyti, fljótandi lífheldsneyti, lífgasi og lífmassaeldsneyti kemur til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð til að draga úr losun gróðurhúsagasa samkvæmt undirkafla 4.1.
224. Aðstoð til að nýta úrgang til orkuvinnslu kemur til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð til að draga úr losun gróðurhúsagasa samkvæmt undirkafla 4.1. Ef aðstoð sem veitt er til að nýta úrgang til raforku- eða varmavinnslu tengist fjárfestingum í hita- eða kæliveitukerfum eða útgjöldum vegna rekstrar þeirra kemur hún til mats í samræmi við skilyrði sem gilda um aðstoð vegna hita- og kæliveitukerfa samkvæmt undirkafla 4.10.
- 4.4.3 *Hvatningaráhrif*
225. Áskilnaður samkvæmt 226.–233. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
226. Að því er varðar þann áskilnað 28. mgr. að stjórnvöld aðildarríkisins skuli leggja fram trúverðuga lýsingu á líklegri atvikarás án aðstoðar er slík atvikarás að jafnaði fólgin í fjárfestingarverkefni sem er sambærilegt umhverfishæfa fjárfestingarverkefninu að því er varðar afkastagetu, rekstartíma og, eftir atvikum, tiltekin tæknileg atriði.
227. Atvikarás án aðstoðar getur einnig falist í því að rekstri eldri búnaðar eða tækja sé haldið áfram jafnlengi og sem nemur rekstartíma umhverfishæfa fjárfestingarverkefnisins. Í slíkum tilvikum skal tekið tillit til afskrifta vegna viðhalds, viðgerða og endurbóta á því skeiði.
228. Í vissum tilvikum getur atvikarás án aðstoðar falist í því að endurnýjun búnaðar eða tækja sé frestað, og skal þá tekið tillit til afskrifaðs verðmætis búnaðarins eða tækjanna og núvirda muninn á endingartíma beggja tegunda búnaðar eða tækja.
229. Þegar um ræðir tæki sem tekin eru á kaupleigu skal afskrifað verðmæti kaupleigu á umhverfishæfu tækjunum borið saman við afskrifað verðmæti kaupleigu á minna umhverf- ishæfum tækjum sem notuð yrðu ef engin aðstoð fengist.
230. Ef fjárfestingarverkefnið er fólgið í því að bæta búnaði eða tækjum við eldri starfstöðvar, búnað eða tæki telst allur fjárfestingarkostnaðurinn til styrkhæfs kostnaðar.
231. Litið er svo á að aðstoð hafi almennt ekki hvatningaráhrif ef endurgreiðslutími verkefnis er styttri en fimm ár. Stjórnvöld aðildarríkisins geta þó lagt fram gögn því til stuðnings að veita þurfi aðstoð til að koma í kring breytingum á háttsemi fyrirtækja þótt verkefnið hafi styttri endurgreiðslutíma.

⁽¹⁰¹⁾ Til annarra vara, efnisþátta eða iðefna teljast aukaafurðir (samkvæmt skilgreiningu 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB), leifar sem verða til í landbúnaði, fiskeldi, fiskvinnslu og skógrækt, skolp, regnvatn og frárennslisvatn, steinefni, námaúrangur, næringarefni, afgangsgös úr iðnframleiðslu, afgangsvörur, afgangshlutir og afgangsefni o.s.frv. Afgangsvörur, afgangshlutir og afgangsefni eru vörur, hlutir og efni sem eigandi þarf ekki lengur á að halda eða nýttast honum ekki, en henta vel til endurnýtingar.

⁽¹⁰²⁾ Sjá skilgreiningu á „sérstakri söfnun“ í 11. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

232. Aðstoð telst ekki hafa hvatningaráhrif ef henni er úthlutað vegna fjárfestinga sem gera fyrirtækjum aðeins kleift að fylgja lögboðnum sambandskröfum sem þegar hafa tekið gildi (sjá 32. mgr.). Eins og fram kemur í 32. mgr. getur aðstoð talist hafa hvatningaráhrif ef hún gerir fyrirtæki kleift að auka árangur sinn í umhverfisvernd í samræmi við lögboðnar kröfur í viðkomandi ríki sem eru strangari en samsvarandi sambandskröfum eða mælt hefur verið fyrir um án þess að nokkrum sambandskröfum sé til að dreifa.
233. Ef fyrirtæki hlýtur aðstoð til að fylgja sambandskröfum sem mælt hefur verið fyrir um en hafa ekki tekið gildi telst aðstoðin hafa hvatningaráhrif ef fyrirtækið ræðst í fjárfestinguna og lýkur henni að fullu eigi síðar en 18 mánuðum áður en kröfurnar taka gildi.
- 4.4.4 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*
- 4.4.4.1 Aðstoðin sé nauðsynleg
234. Áskilnaður samkvæmt 235. og 236. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.1.
235. Fjárfestingarverkefnið verður fela í sér aðgerðir sem ganga lengra en almennt tíðkast í verkefnum sem unnin eru á viðskiptagrundvelli í Evrópusambandinu, hver sem tæknilausnin er ⁽¹⁰³⁾.
236. Þegar aðstoð er veitt vegna sérsöfnunar og flokkunar úrgangs eða annarra vara, efnisþátta eða íðefna skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að sérsöfnun eða flokkun af því tagi sé skammt á veg komin í því aðildarríki ⁽¹⁰⁴⁾. Ef aðstoð er veitt til að standa undir rekstrarkostnaði skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að slíkrar aðstoðar sé þörf tímabundið til að greiða fyrir uppbyggingu starfsemi sem tengist sérsöfnun og flokkun úrgangs. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu horfa til hvers kyns skuldbindinga sem fyrirtæki kunna að hafa gengist undir samkvæmt ákvæðum um framlengda framleiðendaábyrgð sem kunna að hafa verið sett í landinu í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- 4.4.4.2 Aðstoð sé heppilegt úrræði
237. Áskilnaður samkvæmt 238. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.2.
238. Samkvæmt mengunarbótareglunni ⁽¹⁰⁵⁾ skulu fyrirtæki ekki leyst undan kostnaði vegna meðferðar úrgangs sem myndast í starfsemi þeirra. Veitt aðstoð má því ekki verða til þess að fyrirtæki sem skila frá sér úrgangi séu leyst undan kostnaði eða skyldum í tengslum við meðhöndlun úrgangs sem þau bera ábyrgð á samkvæmt sambandslögum eða landslögum, þar á meðal ákvæðum um framlengda framleiðendaábyrgð. Aðstoðin má ekki heldur verða til þess að leysa fyrirtæki undan kostnaði sem verður að teljast til venjulegra útgjalda hjá hverju fyrirtæki.
- 4.4.4.3 Meðalhóf
239. Til styrkhæfs kostnaðar telst kostnaðarauki vegna fjárfestinga sem reiknaður er með því að bera heildarfjárfestingarkostnað verkefnis saman við heildarfjárfestingarkostnað síður umhverfishæfs verkefnis eða starfsemi, sem getur verið eitt af eftirtöldu:
- (a) Sambærilegt fjárfestingarverkefni samkvæmt 226. mgr. sem raunhæft getur talist að ráðist yrði í án aðstoðar og leiðir ekki til jafngóðrar auðlindanýtingar.
 - (b) Meðhöndlun úrgangs á grundvelli aðferðar sem er á lægra þrepi í metakerfi úrgangs eða leiðir til lakari auðlindanýtingar.
 - (c) Hefðbundin framleiðsluáferð að því er varðar frumhráefnið eða meginframleiðsluvöruna, enda sé endurnýttta eða endurunna (afleidda) varan þess eðlis að tæknileg og efnahagsleg staðkvæmd sé milli hennar og frumhráefnisins eða meginframleiðsluvörunnar.
 - (d) Hvers kyns önnur atvikarás án aðstoðar sem byggist á vel rökstuddum forsendum.

⁽¹⁰³⁾ Í tæknilegu tilliti þarf fjárfestingin að leiða til þess að hærra hlutfall efna fari til endurvinnslu eða gæði endurunnu efnanna aukist frá því sem almennt tíðkast.

⁽¹⁰⁴⁾ Ef stjórnvöld aðildarríkisins færa fullnægjandi sönnur á sérstöðu svæðisins eða svæðanna sem um ræðir má einnig taka tillit til hennar.

⁽¹⁰⁵⁾ Sjá skilgreiningu í 58. lið 19. mgr.

240. Ef varan, íðefnið eða efnisþátturinn yrði að úrgangi ef engin endurnýting ætti sér stað og engin lögbundin krafa er um förgun eða aðra meðhöndlun þeirrar vöru, íðefnis eða efnisþáttar getur styrkhæfur kostnaður samsvarað fjárfestingunni sem nauðsynlegt er að ráðast í til að endurheimta vöruna, íðefnið eða efnisþáttinn sem um ræðir.
241. Aðstoðarhlutfallið má ekki verða hærra en sem samsvarar 40% af styrkhæfum kostnaði.
242. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða.
243. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.
244. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig vegna nýsköpunarverkefna í þágu umhverfisins ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Um sé að ræða nýsköpunarverkefni í þágu umhverfisins sem felur í sér nýnæmi eða veigamiklar endurbætur á þeim aðferðum sem tíðkast í viðkomandi atvinnugrein í Evrópusambandinu ⁽¹⁰⁶⁾.
 - (b) Væntanlegur umhverfisávinningur sé til muna meiri en sem nemur endurbótum vegna almennrar þróunar aðferða sem tíðkast í sambærilegri starfsemi ⁽¹⁰⁷⁾.
 - (c) Nýsköpunarþætti starfseminnar fylgi augljós áhætta – tæknileg, markaðsleg og fjárhagsleg – umfram þá áhættu sem almennt fylgir sambærilegri starfsemi sem byggist ekki á nýsköpun ⁽¹⁰⁸⁾.
245. Sú undanþága er gerð frá ákvæðum 241.–244. mgr. að stjórnvöldum aðildarríkisins er einnig heimilt að leggja fram gögn, á grundvelli greiningar á fjármögnunarhalla, sbr. 48., 51. og 52. mgr., því til stuðnings að aðstoðarhlutfallið þurfi að vera hærra. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu þá ganga úr skugga um það eftirá að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum og setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar, sbr. 55. mgr. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar fjármögnunarhallanum, sbr. 51. og 52. mgr.
246. Ef aðstoðinni er úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr. telst aðstoðarfjárhæðin hafa verið ákvörðuð þannig að meðalhófs sé gætt.
247. Veita má aðstoð vegna rekstrarkostnaðar ef hann tengist sérsöfnun og flokkun úrgangs eða annarra vara, efnisþátta eða íðefna í tilteknum úrgangsstraumum eða tegundum úrgangs með undirbúning endurnýtingar eða endurvinnslu fyrir augum, að því tilskildu að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- (a) Aðstoð sé úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr. og opið er á jafnræðisgrundvelli öllum fyrirtækjum sem annast sérsöfnun og flokkun úrgangs.

⁽¹⁰⁶⁾ Til að sýna fram á nýnæmi geta stjórnvöld aðildarríkjanna til dæmis lagt fram nákvæma lýsingu á því í hverju nýjungin er fólgin og hvaða forsendur eru fyrir innleiðingu hennar eða útbreiðslu á markaði, auk samanburðar við þær framleiðslu- eða skipulagsaðferðir sem tíðkast í öðrum fyrirtækjum í greininni.

⁽¹⁰⁷⁾ Þegar unnt er að nota mælanlega þætti til að bera saman nýsköpunarstarf í þágu umhverfisins og v enjulega starfsemi sem byggist ekki á nýsköpun merkir „til muna meiri“ að jaðarávinningur sem nýsköpunarstarf á sviði umhverfismála er talið munu hafa í för með sér og fólgin er í minni umhverfisáhættu eða mengun eða bættri orku- eða auðlindanýtingu er að minnsta kosti tvöfalt meiri en væntanlegur jaðarávinningur af almennri þróun sambærilegrar starfsemi sem byggist ekki á nýsköpun. Ef þessi aðferð þykir ekki henta, eða engum samanburði á grundvelli mælanlegra þátta verður við komið, skal umsókn um ríkisaðstoð fylgja nákvæm lýsing á aðferðinni sem notuð var við mat á þessu viðmiði þannig að fram komi að sú aðferð sé sambærileg þeirri sem hér er lögð til.

⁽¹⁰⁸⁾ Eftirtalið er dæmi um atriði sem stjórnvöld aðildarríkisins geta vísað til í því samhengi: kostnaður sem hlutfall af veltu fyrirtækisins, tími sem verja þarf til þróunarvinnu, væntanlegur ávinningur viðkomandi nýsköpunarstarfs í þágu umhverfisins í samanburði við út gjöld sem því tengjast, og hversu líklegt er að verkefnið fari út um þúfur.

- (b) Ef mikil óvissa ríkir um hvernig rekstrarkostnaður muni þróast á þeim tíma sem ráðstöfunin er í gildi mega reglur um samkeppnisútbóðið fela í sér ákvæði sem takmarka hversu mikilli aðstoð er úthlutað í tilteknum vel skilgreindum aðstæðum, að því tilskildu að gerð sé grein fyrir þeim ákvæðum og aðstæðum fyrirfram.
- (c) Fjárfestingaraðstoð sem veitt er vegna starfstöðvar sem notuð er við sérsöfnun og flokkun úrgangs sem tengist tilteknum úrgangsstraumum eða tegundum úrgangs komi til frádráttar aðstoð sem veitt er vegna rekstrarkostnaðar sömu stöðvar ef báðum tegundum aðstoðar er úthlutað á grundvelli sama styrkhæfa kostnaðar.
- (d) Aðstoðartímabilið sé ekki lengra en fimm ár.

4.4.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti

- 248. Áskilnaður samkvæmt 249.–252. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
- 249. Aðstoðin má ekki verða til þess að ýta undir myndun úrgangs eða auka aðfanganotkun.
- 250. Aðstoðin má ekki hafa þau áhrif ein að auka spurn eftir úrgangi eða öðrum efnum og aðföngum sem sóst er eftir til endurnýtingar, endurvinnslu eða endurheimtar, án þess að söfnun slíkra efna aukist.
- 251. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á markaðsáhrifum aðstoðarinnar verður horft til hugsanlegra áhrifa hennar á starfsemi markaða fyrir frumhráefni og afleidd hráefni sem notuð eru við framleiðslu viðkomandi vöru.
- 252. Einkum verður horft til þess, við mat á markaðsáhrifum aðstoðar sem veitt er vegna rekstrar-kostnaðar við sérsöfnun og flokkun úrgangs eða annarra vara, efnisþátta eða íðefna í tilteknum úrgangsstraumum eða tegundum úrgangs með undirbúning endurnýtingar eða endurvinnslu fyrir augum, hvaða samspil getur orðið milli aðstoðarinnar og ákvæða um framlengda framleið-endaábyrgð sem eru í gildi í aðildarríkinu.

4.5 Aðstoð til að fyrirbyggja eða takmarka mengun, aðra en losun gróðurhúsagasa

4.5.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

- 253. Markmiðinu um mengunarleysi og umhverfi án eiturefna sem fram kemur í orðsendingunni um Grænan samfélagsáttmála Evrópu er ætlað að tryggja að árið 2050 hafi mengun dregist nægilega mikið saman til að fólki og vistkerfum stafi ekki lengur hætta af og að hún haldist innan þeirra marka sem jörðin ræður við, þannig að umhverfið verði laust við eiturefni í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030⁽¹⁰⁹⁾ og langtímamarkmið 8. aðgerðaáætlunar á sviði umhverfismála⁽¹¹⁰⁾. Evrópusambandið hefur sett sérstök markmið um að draga úr mengun sem snúa meðal annars að hreinna lofti⁽¹¹¹⁾ og mengunarleysi vatnshlota⁽¹¹²⁾, minni hávaðamengun, sem allra minnstri notkun og losun varasamra efna, plastrusli og mengun og úrgangi af völdum örplasts⁽¹¹³⁾, svo og markmið sem

⁽¹⁰⁹⁾ Lesa má um markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 á eftirfarandi slóð:

<https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/21252030%20Agenda%20for%20Sustainable%20Development%20web.pdf>.

⁽¹¹⁰⁾ Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um almenna aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2030, COM(2020) 652 lokag.

⁽¹¹¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „A Clean Air Programme for Europe“, COM(2013) 918 lokaútg. Sjá einnig tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölrhinga, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti (Stjtið. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1) að því er varðar ósón við yfirborð jarðar, svifagnir, nituroxíð, hættulega þungmálma og ýmis önnur mengunarefni. Sjá einnig tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr losun tiltekinnna loftmengunarefna í hverju aðildarríki, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og um niðurfellingu tilskipunar 2001/81/EC [óstaðf. þýð.] (Stjtið. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1) að því er varðar helstu loftmengunarefni sem geta leitað yfir landamæri: brennisteinstvöldi, nituroxíð, ammóníak, lífræn rokefni önnur en metan og svifagnir.

⁽¹¹²⁾ Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1) ber að tryggja gott vistfræðilegt ástand allra yfirborðsvatnshlota og grunnvatnshlota nema að því leyti sem undanþágur eiga við.

⁽¹¹³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Pathway to a Healthy Planet for All EU Action Plan: Towards Zero Pollution for Air, Water and Soil“, COM(2021) 400 lokaútg.

varða ofauðgun næringarefna og áburðarefni, hættuleg varnarefni og efni sem valda sýkingalyfjaónæmi ⁽¹¹⁴⁾.

254. Fjárstuðningur sem fólgin er í ríkisaðstoð getur stuðlað mjög að því umhverfismarkmiði að draga úr ýmiss konar mengun annarri en losun gróðurhúsagasa.

4.5.2 *Gildissvið og tegundir atvinnustarfssemi sem heimilt er að styrkja*

255. Veita má aðstoð í því skyni að fyrirbyggja eða takmarka mengun aðra en losun gróðurhúsagasa í tengslum við fjárfestingar sem gera fyrirtækjum kleift að taka stærri skref en skylt er samkvæmt sambandskröfum um umhverfisvernd, auka árangur í umhverfisvernd á sviðum sem engar sambandskröfur gilda um eða fara að sambandskröfum sem mælt hefur verið fyrir um en hafa ekki tekið gildi.

256. Ef aðstoð er fólgin í framseljanlegum heimildum ⁽¹¹⁵⁾ skal haga aðstoðarráðstöfuninni þannig að hún stuðli að því að fyrirbyggja eða takmarka mengun umfram það sem skylt er samkvæmt sambandskröfum sem hlutaðeigandi fyrirtækjum er skylt að fylgja.

257. Aðstoðin verður að beinast að því að fyrirbyggja eða takmarka mengun sem tengist beint eigin starfsemi aðstoðarþega.

258. Aðstoðin má ekki hafa þau áhrif ein að valda tilflutningi mengunar frá einni atvinnugrein til annarrar eða frá einum hluta umhverfisins til annars (til dæmis frá lofti til vatns). Ef aðstoðin er veitt í því skyni að draga úr mengun verður hún að leiða til þess að heildarmengun dragist saman.

259. Ákvæði undirkafla 4.5 gilda ekki um aðstoðarráðstafanir sem fjallað er um í undirkafla 4.1. Ef ráðstöfun stuðlar bæði að því að fyrirbyggja eða takmarka losun gróðurhúsagasa og fyrirbyggja eða takmarka mengun af öðru tagi verður mat á því hvort aðstoðin er samrýmanleg innri markaðnum byggð á ákvæðum undirkafla 4.1 eða ákvæðum þessa undirkafla, eftir því hvort markmiðið telst hafa meira vægi ⁽¹¹⁶⁾.

4.5.3 *Hvatningaráhrif*

260. Áskilnaður samkvæmt 261. og 262. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.

261. Aðstoð telst hafa hvatningaráhrif ef hún gerir fyrirtæki kleift að fyrirbyggja eða takmarka mengun sem engar sambandskröfur gilda um eða umfram sambandskröfur sem þegar hafa tekið gildi. Eins og fram kemur í 32. mgr. getur aðstoð einnig talist hafa hvatningaráhrif ef hún gerir fyrirtæki kleift að fyrirbyggja eða takmarka mengun í samræmi við lögbodnar kröfur í viðkomandi ríki sem eru strangari en samsvarandi sambandskröfum eða mælt hefur verið fyrir um án þess að nokkrum sambandskröfum sé til að dreifa.

262. Ef fyrirtæki hlýtur aðstoð til að fylgja sambandskröfum sem mælt hefur verið fyrir um en hafa ekki tekið gildi telst aðstoðin hafa hvatningaráhrif ef fyrirtækið ræðst í fjárfestinguna og lýkur henni að fullu eigi síðar en 18 mánuðum áður en kröfurnar taka gildi.

4.5.4 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*

4.5.4.1 Aðstoðin sé nauðsynleg

263. Áskilnaður samkvæmt 264. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.1.

264. Þegar aðstoð er fólgin í framseljanlegum heimildum ⁽¹¹⁷⁾ skulu stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

⁽¹¹⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „A Farm to Fork Strategy for a fair, healthy and environmentally-friendly food system“, COM(2020) 381 lokaútg.

⁽¹¹⁵⁾ Framseljanlegar heimildir geta talist hafa í sér fólgn ríkisaðstoð, einkum ef stjórnvöld aðildarríkjanna úthluta heimildum og kvótum á lægra verði en sem nemur markaðsvirði.

⁽¹¹⁶⁾ Til að geta metið hvort markmiðið hefur meira vægi kann framkvæmdastjórnin að krefja stjórnvöld aðildarríkisins um samanburð á árangrinum sem ráðstöfunin er talin munu leiða til að því er varðar að fyrirbyggja eða takmarka losun gróðurhúsagasa annars vegar og annarra mengunarefna hins vegar, með vísan til trúverðugra og ítarlegra tölulegra gagna.

⁽¹¹⁷⁾ Framseljanlegar heimildir geta talist hafa í sér fólgn ríkisaðstoð, einkum ef stjórnvöld aðildarríkjanna úthluta heimildum og kvótum á lægra verði en sem nemur markaðsvirði.

- (a) Útboð á öllum losunarheimildum leiði til umtalsverðrar hækkunar framleiðslukostnaðar í hverri atvinnugrein eða hverjum flokki einstakra aðstoðarþega.
- (b) Fyrirtæki eigi þess ekki kost að fella slíka umtalsverða hækkun framleiðslukostnaðar inn í verð til viðskiptamanna án þess að það hafi verulegan sölusamdrátt í för með sér ⁽¹¹⁸⁾.
- (c) Einstök fyrirtæki í viðkomandi grein hafi ekki tök á að draga úr losun til að lækka verð skírteinanna nægilega mikið til að það verði viðráðanlegt fyrir þau fyrirtæki. Til að færa sönnur á að ekki séu tök á að draga úr notkun má bera losunartölur saman við árangurinn sem næst með skilvirkustu tækni sem tekin hefur verið í gagnið á Evrópska efnahags-svæðinu. Fyrirtæki sem nota skilvirkustu tæknina geta aðeins fengið úthlutun í kerfi framseljanlegra heimilda sem samsvarar þeirri aukningu framleiðslukostnaðar sem þau geta ekki fellt inn í verð til viðskiptamanna. Fyrirtæki sem ná lakari umhverfisárangri fá minni úthlutun í réttu hlutfalli við umhverfisárangur sinn.

4.5.4.2 Meðalhóf

- 265. Til styrkhæfs kostnaðar telst kostnaðarauki vegna fjárfestinga sem tengjast beint þeirri viðleitni að auka umhverfisvernd.
- 266. Kostnaðarauki vegna fjárfestinga er munurinn á fjárfestingarkostnaði sem aðstoð er veitt til og fjárfestingarkostnaði í atvikarás án aðstoðar eins og lýst er í 226.–230. mgr. Ef verkefnið er fólgið í því að taka snemma upp sambandskröfur sem hafa ekki tekið gildi skal atvikarás án aðstoðar að jafnaði vera sú sem lýst er í 228. mgr.
- 267. Aðstoðarhlutfallið má ekki verða hærra en sem samsvarar 40% af styrkhæfum kostnaði.
- 268. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða.
- 269. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5 prósentustig vegna fjárfestinga sem ráðist er í á aðstoðarsvæðum sem fullnægja skilyrðum stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.
- 270. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig vegna nýsköpunarverkefna í þágu umhverfisins ef öllum skilyrðum sem fram koma í stafl. a)–c) í 244. mgr. er fullnægt:
- 271. Sú undanþága er gerð frá ákvæðum 267.–270. mgr. að stjórnvöldum aðildarríkisins er einnig heimilt að leggja fram gögn, á grundvelli greiningar á fjármögnunarhalla, sbr. 48., 51. og 52. mgr., því til stuðnings að aðstoðarfjárhæðin þurfi að vera hærri. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu þá ganga úr skugga um það eftirá að áætluð aðstoðarþörf hafi verið byggð á réttum forsendum og setja ákvæði sem heimila endurheimt ofgreiddrar aðstoðar, sbr. 55. mgr. Veitt aðstoð má ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar fjármögnunarhallanum, sbr. 51. og 52. mgr.
- 272. Ef aðstoðinni er úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við viðmið samkvæmt 49. og 50. mgr. telst aðstoðarfjárhæðin hafa verið ákvörðuð þannig að meðalhófs sé gætt.
- 273. Ef aðstoðin er fólgin í framseljanlegum heimildum verður einnig gengið úr skugga um:
 - (a) að úthlutun fari fram á gagnsæjan hátt, með vísan til málefnaþregra sjónarmiða og á grundvelli traustustu gagnaheimilda sem tiltækar eru og
 - (b) að heildarfjöldi framseljanlegra heimilda, sem hverju fyrirtæki er úthlutað á lægra verði en sem nemur markaðsvirði, sé ekki umfram áætlaða þörf fyrirtækisins við aðstæður þar sem ekkert viðskiptakerfi er fyrir hendi.

4.5.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti

- 274. Áskilnaður samkvæmt 275. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
- 275. Ef aðstoðin er fólgin í framseljanlegum heimildum verður einnig gengið úr skugga um:

⁽¹¹⁸⁾ Greiningu á þessu má byggja á mati á verðnæmi í atvinnugreininni sem um ræðir, auk annarra þátta, en einnig á áætluðum tölum um hversu mikið sala gæti dregist saman hjá hlutaðeigandi aðstoðarþega og áhrif slíkrar breytingar á arðsemi hans.

- (a) að aðstoðarþegar séu valdir með vísan til málefnaþega og gagnsærra sjónarmiða og að aðstoð sé að jafnaði úthlutað á sama hátt til allra keppinauta í sömu grein sem búa við sambærilegar aðstæður,
- (b) að aðferðirnar sem ráða úthlutun ívinni ekki tilteknum fyrirtækjum⁽¹¹⁹⁾ eða greinum nema slíkt helgist af þeim tilgangi kerfisins sjálfs að stuðla að umhverfisvernd svo og þegar nauðsynlegt er að haga reglum með þeim hætti til að gæta samkvæmni við aðrar opinberar reglur á sviði umhverfisverndar.
- (c) að ný fyrirtæki á markaði fái ekki úthlutað losunarheimildum með hagfelldari skilyrðum en eldri fyrirtæki sem starfa á sama markaði,
- (d) að sé úthlutun til starfstöðva sem þegar eru í rekstri hærrí en til nýrra starfstöðva leiði það ekki til óhóflegra aðgangshindrana.

4.6 Aðstoð til að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra

4.6.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

276. Markmið áætlunar um líffjölbreytni 2030⁽¹²⁰⁾ eru náttúruvernd, að snúa við hnignun vistkerfa og tryggja að líffjölbreytni í Evrópusambandinu verði á batavegi árið 2030. Áætlunin er mikilvægur hluti orðsendingarinnar um Grænan samfélagsáttmála Evrópu og í henni koma fram háleit markmið og skuldbindingar um hvernig vinna má að heilbrigði og endurnýjunarkrafti vistkerfa til ársins 2030.
277. Fjárstuðningur sem fólgin er í ríkisáðstoð getur með ýmsum hætti stuðlað verulega að því umhverfismarkmiði að vernda og endurreisa líffjölbreytni og vistkerfi, þar á meðal með því að hvetja til þess að bætt verði úr tjóni á mengunarstöðum, unnið að því að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi sem hafa spillst til fyrra horfs eða ráðist í fjárfestingar til verndar vistkerfum.
278. Markmið áætlunar Evrópusambandsins um aðlögun að loftslagsbreytingum⁽¹²¹⁾ eru að efla fjárfestingar í náttúrulegum aðlögunarlausnum⁽¹²²⁾ með vísan til þess að viðtæk innleiðing slíkra lausna myndi auka viðnámsþol gegn loftslagsbreytingum og stuðla að margvíslegum markmiðum Græns samfélagsáttmála Evrópu.

4.6.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

279. Í þessum kafla kemur fram samkvæmt hvaða reglum aðstoðarráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar aðstoðin er veitt til að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra.
280. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um eftirtaldar tegundir aðstoðar:
- (a) Aðstoð til úrbóta eða til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs í kjölfar lokunar orkuvera og námarekstrar, að því leyti sem slík aðstoð fellur undir ákvæði undirkafla 4.12⁽¹²³⁾.
 - (b) Aðstoð til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, hvirfilbylja, fellibylja, eldgosa og elda sem kvikna í náttúrunni.
281. Eftirtaldar tegundir starfsemi geta hlotið aðstoð samkvæmt þessum undirkafla:

⁽¹¹⁹⁾ Til dæmis nýjum fyrirtækjum á markaði eða þvert á móti starfandi fyrirtækjum eða starfstöðvum.

⁽¹²⁰⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „EU biodiversity Strategy for 2030 bringing nature back into our lives“, COM(2020) 380 lokag.

⁽¹²¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Forging a climate-resilient Europe – the new EU Strategy on Adaptation to Climate Change“, COM(2021) 82 lokaútg.

⁽¹²²⁾ <https://www.eea.europa.eu/publications/nature-based-solutions-in-europe/>.

⁽¹²³⁾ Ákvæði undirkafla 4.6 geta til dæmis tekið til aðstoðar sem úthlutað er til endurheimtar á mómyrum en er ótengd aðstoð til að hætta mótun fyrir en áætlað var eða aðstoð vegna sérstaks kostnaðarauka í tengslum við slíka starfsemi.

- (a) Úrbætur vegna umhverfistjóns, þar á meðal tjóns sem rýrir gæði jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns eða spillir hafsumhverfi.
 - (b) Aðgerðir til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi sem hafa spillst til fyrra horfs.
 - (c) Verndun eða endurreisn líffjölbreytni eða vistkerfa í því skyni að stuðla að eða viðhalda góðu ástandi þeirra.
 - (d) Innleiðing náttúrulegra lausna til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra.
282. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um aðstoðarráðstafanir sem fjallað er um í undirkafla 4.1. Ef aðstoðarráðstöfun stuðlar bæði að minni losun gróðurhúsagasa og úrbótum vegna umhverfistjóns, aðgerðum til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernd eða endurreisn líffjölbreytni og innleiðingu náttúrulegra lausna til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra verður mat á því hvort ráðstöfunin er samrýmanleg innri markaðnum byggt á ákvæðum undirkafla 4.1 eða ákvæðum þessa undirkafla, eftir því hvort markmiðið telst hafa meira vægi ⁽¹²⁴⁾.
- 4.6.3 Hvatningaráhrif*
283. Áskilnaður samkvæmt 284.–287. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
284. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB og annarra sambandsreglna á þessu sviði ⁽¹²⁵⁾ getur aðstoð til að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra aðeins talist hafa hvatningaráhrif ef ekki liggur fyrir hvaða aðili eða fyrirtæki olli umhverfistjóninu eða engar lagalegar forsendur eru fyrir því að draga þann aðila til ábyrgðar og skylda hann til að standa straum af kostnaði við að fyrirbyggja og bæta umhverfistjón í samræmi við mengunarbótaregluna.
285. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu færa sönnur á að allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal réttarlegar, hafi verið gerðar til að grafast fyrir um hvaða aðili eða fyrirtæki olli umhverfistjóninu og gera þeim aðila eða því fyrirtæki að bera kostnaðinn af úrbótum. Ef ekki liggur fyrir hvaða aðili eða fyrirtæki ber umhverfisábyrgðina samkvæmt gildandi lögum eða þeim aðila eða fyrirtæki verður ekki gert að bera kostnaðinn er heimilt að veita aðstoð vegna alls kostnaðar við úrbætur eða aðgerðir til að færa vistkerfi til fyrra horfs og slík aðstoð getur þá talist hafa hvatningaráhrif. Líta má svo á að fyrirtæki verði ekki gert að bera kostnað af úrbótum vegna umhverfistjóns sem það hefur valdið ef það er ekki lengur til í lagalegum skilningi og ekkert annað fyrirtæki getur talist hafa tekið við lagalegu eða rekstrarlegu hlutverki þess ⁽¹²⁶⁾, svo og þegar fjárhagslegar ábyrgðir nægja ekki til að tryggja að kostnaðurinn verði greiddur.
286. Engin hvatningaráhrif fylgja aðstoð vegna innleiðingar mótvægisáðgerða sem um getur í 4. tölul. 6. gr. tilskipunar ráðsins 92/43/EBE ⁽¹²⁷⁾. Aðstoð sem veitt er vegna kostnaðarauka sem ráðast þarf í til að víkka gildissvið eða markmið slíkra ráðstafana umfram lögfestar skuldbindingar samkvæmt 4. tölul. 6. gr. tilskipunarinnar getur talist hafa hvatningaráhrif.

⁽¹²⁴⁾ Til að geta metið hvort markmiðið hefur meira vægi kann framkvæmdastjórnin að krefja stjórnvöld aðildarríkisins um samanburð á árangrinum sem ráðstöfunin er talin munu leiða til að því er varðar að fyrirbyggja eða takmarka losun gróðurhúsagasa annars vegar og hins vegar að bæta úr umhverfistjóni, færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs, vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra, eftir atvikum með vísan til trúverðugra og ítarlegra tölulegra gagna.

⁽¹²⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56). Sjá einnig auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar að því er varðar sameiginlegan skilning á hugtakinu „umhverfistjón“ eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess (Stjtíð. ESB C 118, 7.4.2021, bls. 1).

⁽¹²⁶⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2012) 558 lokag. frá 17. október 2012 í máli SA.33496 (2011/N) – Austurríki – Einzelfall, Altlast, DECON Umwelttechnik GmbH, 65.–69. liður (Stjtíð. ESB C 14, 17.1.2013, bls. 1).

⁽¹²⁷⁾ Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrulegra búsvæða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

287. Aðstoð sem veitt er til úrbóta vegna umhverfistjóns og til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs telst hafa hvatningaráhrif ef kostnaður vegna þeirra aðgerða er meiri en hækkunin sem verður á verðmæti landareignarinnar (sjá 288. mgr.).

4.6.4 Meðalhóf

288. Að því er varðar fjárfestingar vegna aðgerða til að bæta úr umhverfistjóni eða færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs teljast til styrkhæfs kostnaðar öll útgjöld vegna þeirrar starfsemi að frádreginni hækkuninni sem verður á verðmæti landareignar eða fasteignar. Mat á auknu verðmæti landareignar eða fasteignar vegna aðgerða til úrbóta eða til að færa náttúruleg heimkynni lífvera og vistkerfi til fyrra horfs skal vera í höndum óháðs sérfræðings með viðeigandi þekkingu.

289. Að því er varðar aðstoð sem veitt er til að vernda eða endurreisa líffjölbreytni og innleiða náttúrulegar lausnir til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra teljast til styrkhæfs kostnaðar öll útgjöld vegna starfsemi sem stuðlar að vernd eða endurheimt líffjölbreytni eða innleiðingu náttúrulegra lausna til að bregðast við loftslagsbreytingum og milda áhrif þeirra.

290. Ef aðstoð er úthlutað vegna innleiðingar náttúrulegra lausna í húsnæði sem orkunýtnivottorð er til fyrir skulu stjórnvöld aðildarríkjanna færa sönnur á að þær fjárfestingar hindri ekki að gerðar verði orkunýtniráðstafanir samkvæmt tilmælum á orkunýtnivottorðinu.

291. Aðstoðarhlutfallið má vera allt að 100% styrkhæfs kostnaðar.

4.7 Aðstoð sem fólgin er í lækkun skatta eða gjalda

292. Ákvæði undirkafla 4.7 taka til aðstoðar á sviði umhverfisverndar sem er fólgin í lækkun skatta eða gjalda. Undirkaflinn skiptist í tvo hluta með ólíkri nálgun. Í undirkafla 4.7.1 er fjallað um skatta eða gjöld sem lögð eru á til að vinna gegn umhverfisskaðlegri háttsemi og hafa því þann tilgang að beina fyrirtækjum og neytendum í átt að umhverfishæfari kostum. Samkvæmt ákvæðum undirkafla 4.7.2 er stjórnvöldum aðildarríkjanna heimilt að beita sértækum skatta- eða gjaldalækkunum til að hvetja fyrirtæki til breyttrar háttsemi og auka umhverfishæfi verkefna sinna eða starfsemi.

4.7.1 Aðstoð sem fólgin er í lækkun umhverfisskatta og umhverfisgjalda

4.7.1.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

293. Álagning umhverfisskatta og umhverfisgjalda hefur þann tilgang að fella ytri kostnað af umhverfisskaðlegri háttsemi inn í rekstrarkostnað fyrirtækja, en þannig er dregið úr hvata til slíkrar háttsemi með því að setja á hana verðmiða og unnið að aukinni umhverfisvernd. Álagning umhverfisskatta og umhverfisgjalda skal að jafnaði endurspegla heildarkostnaðinn sem leggst á samfélagið (ytri kostnað), og öllum fyrirtækjum sem gerð eru ábyrg fyrir umhverfisskaðlegri háttsemi skal gert að greiða sömu fjárhæð umhverfisskatts eða umhverfisgjalds fyrir hverja einingu kolefnislosunar, annarra mengunarvalda eða aðfanganotkunar. Lækkun umhverfisskatta eða umhverfisgjalda getur unnið gegn því markmiði að auka umhverfisvernd, en slíkar ráðstafanir geta þó verið nauðsynlegar þegar þannig stendur á að aðstoðarþegarnir stæðu að öðrum kosti svo höllum fæti í samkeppnislegu tilliti að óraunhæft væri að innheimta nokkurn umhverfisskatt eða umhverfisgjald.

294. Ef þannig stendur á að umhverfisskattar eða umhverfisgjöld verða ekki innheimt án þess að stefna rekstri tiltekinna fyrirtækja í óvissu er hugsanlegt að auka megi heildartekjur af slíkum sköttum með því að láta sum fyrirtæki njóta ívilnunar. Við vissar aðstæður geta lækkanir á umhverfissköttum eða umhverfisgjöldum þannig stuðlað að aukinni umhverfisvernd á óbeinan hátt. Lækkanirnar mega þó ekki grafa undan því almenna markmiði umhverfisskatts eða umhverfisgjalds að vinna gegn umhverfisskaðlegri háttsemi og/eða auka kostnað fyrirtækja af slíkri háttsemi þegar þannig stendur á að ekki er unnt að vinna að því markmiði á fullnægjandi hátt með öðrum aðferðum.

4.7.1.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

295. Litið verður svo á að veita megi aðstoð sem fólgin er í skatta- eða gjaldalækkunum ef stjórnvöld aðildarríkisins færa sönnur á að báðum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

- (a) Lækkanirnar beinist að fyrirtækjum sem umhverfisskatturinn eða umhverfisskatturinn leggst þyngst á og gætu ekki haldið rekstri áfram á sjálfbæran hátt án slíkrar lækkunar.
- (b) Árangur í umhverfisvernd verði betri ef slíkum lækkunum er beitt en verið hefði ef engum lækkunum hefði verið beitt.
296. Til að færa sönnur á að skilyrðunum tveimur í 295. mgr. sé fullnægt skulu stjórnvöld aðildarríkisins senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:
- (a) Lýsingu á þeim atvinnugreinum eða flokkum styrkhæfra fyrirtækja sem gefinn verður kostur á lækkunum.
- (b) Nöfn helstu aðstoðarþega í hverri þessara atvinnugreina, veltu þeirra, markaðshlutdeild, skattstofn og það hlutfall af hagnaði þeirra fyrir skatt sem greitt yrði sem umhverfisskattur eða umhverfisgjald með og án lækkunar.
- (c) Lýsingu á stöðu þessara aðstoðarþega með skýringum á því hvers vegna þeir myndu ekki geta greitt umhverfisskatt eða umhverfisgjald samkvæmt almennu skatthlutfalli.
- (d) Skýringu á því hvernig skatta- eða gjaldalækkun myndi stuðla að betri raunárangri í umhverfisvernd en unnt væri að ná án lækkunar (til dæmis með því að bera saman skattlagningu samkvæmt almennu skatthlutfall með lækkun og samkvæmt almennu skatthlutfalli án lækkunar, tilgreina hversu mörg fyrirtæki myndu greiða skattinn eða gjaldið samtals eða greina frá öðrum atriðum sem gefa til kynna raunbreytingu á umhverfisskaðlegri háttsemi).
- 4.7.1.3 Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst
297. Þegar þannig stendur á að umhverfisskattar hafa verið samræmdir kann framkvæmdastjórnin að taka upp einfaldaða aðferð við mat á því hvort aðstoð er nauðsynleg og veitt í samræmi við meðalhóf. Með vísan til ákvæða tilskipunar 2003/96/EB verður þá beitt einfaldaðri aðferð vegna skattalækkana sem samræmast lágmarksskatthlutfalli í sambandinu samkvæmt 298. og 299. mgr.
298. Aðstoð sem fólgin er í lækkunum á samræmdum sköttum telst nauðsynleg og veitt þannig að meðalhófs sé gætt ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Aðstoðarþegar greiði skatt sem nemur að minnsta kosti lágmarksskatthlutfalli í sambandinu samkvæmt þeirri tilskipun sem við á hverju sinni.
- (b) Aðstoðarþegar séu valdir með vísan til málefnaþgra og gagnsærra sjónarmiða.
- (c) Aðstoð sé að jafnaði úthlutað á sama hátt til allra keppinauta í sömu grein sem búa við sambærilegar aðstæður.
- (d) Stjórnvöld aðildarríkisins gangi úr skugga um að nauðsynlegt sé að veita aðstoðina til að stuðla óbeint að aukinni umhverfisvernd með því að efna til opinbers samráðs fyrirfram og leggja fram í því samhengi greinargóða lýsingu á atvinnugreinunum sem gefinn verður kostur á lækkunum og lista yfir helstu aðstoðarþega í hverri grein.
299. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta ákveðið að aðstoð skuli vera fólgin í lækkun skatthlutfalls, fastri árlegri greiðslu (skattendurgreiðslu) eða einhverri blöndu af þessu tvennu. Skattendurgreiðslur hafa þann kost að fyrirtæki búa áfram við verðmörkunina sem umhverfisskatturinn felur í sér. Skattendurgreiðslan skal reiknuð á grundvelli sögulegra upplýsinga, þ.e. framleiðslutalna og gagna sem sýna hver aðfanganotkun fyrirtækisins var eða hversu mikilli mengun það olli tiltekið viðmiðunarár. Skattendurgreiðslan má ekki verða hærri en svo að greiddur skattur sé að minnsta kosti lágmarksskattur í sambandinu eins og hann hefði ella reiknast á viðmiðunarárinu.
300. Þegar þannig stendur á að umhverfisskattar hafa ekki verið samræmdir eða aðstoðarþegar greiða minni skatt en sem nemur lágmarki samræmds skatts í sambandinu, sé það heimilt samkvæmt tilskipuninni sem við á hverju sinni, skal fara fram ítarlegt mat á því hvort aðstoðin er nauðsynleg og veitt í samræmi við meðalhóf, eins og lýst er í undirköflum 4.7.1.3.1 til 4.7.1.3.3.
- 1.1.1.1.9 Aðstoðin sé nauðsynleg**
301. Áskilnaður samkvæmt 302. og 303. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.1.
302. Litið verður svo á að aðstoðin sé nauðsynleg ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- (a) Aðstoðarþegar séu valdir með vísan til málefnaþega og gagnsærra sjónarmiða og aðstoðinni sé úthlutað á sama hátt til allra styrkhæfra fyrirtækja sem starfrækt eru í sömu grein atvinnulífsins og búa við sömu eða svipaðar aðstæður með tilliti til markmiðanna að baki aðstoðarráðstöfuninni.
 - (b) Álagning umhverfisskatts eða umhverfisgjalds án lækkunar myndi valda umtalsverðri hækkun framleiðslukostnaðar eins og hann reiknast sem hlutfall af heildarvinnsluvirði í hverri atvinnugrein eða hverjum flokki styrkhæfra fyrirtækja.
 - (c) Sú umtalsverða hækkun framleiðslukostnaðar verði ekki felld inn í verð til viðskiptamanna án þess að það hafi verulegan sölusamdrátt í för með sér.
303. Þegar skattalækkun varðar lífoldsneyti, fljótandi lífoldsneyti eða lífmassaeldsneyti skulu stjórnvöld aðildarríkisins setja ákvæði til að tryggja eftirlit með því að ráðstöfunin sé enn nauðsynleg, og beita í því samhengi nauðsynjarskilyrðum undirkafla 4.1.3.1, og gera viðeigandi ráðstafanir á borð við að afnema undanþáguna eða draga úr aðstoðinni.

1.1.1.1.10 Aðstoð sé heppilegt úrræði

304. Áskilnaður samkvæmt 305. og 306. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.1.2.
305. Lengsti heimili gildistími aðstoðarkerfa er 10 ár, en að þeim tíma liðnum geta stjórnvöld aðildarríkisins tilkynnt ráðstöfunina að nýju ef þau telja að aðstoðin sem um ræðir sé enn heppilegt úrræði.
306. Ef aðstoðin er fólgin í skattendurgreiðslu skal fjárhæðin sem endurgreidd er reiknuð á grundvelli sögulegra upplýsinga, þ.e. framleiðslutalna og gagna sem sýna hver aðfanganotkun fyrirtækisins var eða hversu mikilli mengun það olli tiltekið viðmiðunarár.

1.1.1.1.11 Meðalhóf

307. Ákvæði undirkafla 3.2.1.3 gilda ekki um aðstoð sem fólgin er í lækkun umhverfisskatta og umhverfisgjalda.
308. Litið verður svo á að meðalhófs hafi verið gætt ef að minnsta kosti einu eftirtalinna skilyrða er fullnægt:
- (a) Hver aðstoðarþegi greiði að minnsta kosti 20% af nafnfjárhæð umhverfisskatts eða umhverfisgjalds sem þeim aðstoðarþega hefði borið að greiða ef engin lækkun hefði verið ákveðin.
 - (b) Lækkun skattsins eða gjaldsins nemi ekki meira en 100% af álögdum umhverfisskatti eða umhverfisgjaldi og sé bundin því skilyrði að stjórnvöld og aðstoðarþegar, eða samtök þeirra, geri með sér samninga þess efnis að aðstoðarþegarnir eða samtök þeirra skuldbindi sig til að ná árangri í umhverfismálum sem er sambærilegur því sem verið hefði ef aðstoðarþegarnir eða samtök þeirra hefðu greitt að minnsta kosti 20% af álögdum skatti eða gjaldi. Samningar og skuldbindingar af þessu tagi geta meðal annars varðað aðgerðir til að minnka orkunotkun, draga úr losun koltvísýrings og annarra mengunarefna eða hvers kyns aðrar ráðstafanir sem stuðla að umhverfisvernd.
309. Slíkir samningar verða að fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:
- (a) Efnisatriði samninganna séu niðurstaða viðræðna við stjórnvöld aðildarríkisins, tiltekin séu markmiðin sem unnið verður að og föst áætlun sé gerð um hvenær þeim markmiðum skuli náð.
 - (b) Stjórnvöld aðildarríkisins tryggi að óháður aðili hafi reglulegt eftirlit með því að skuldbindingum samkvæmt samningunum sé framfylgt.
 - (c) Samningarnir séu endurskoðaðir með reglulegu millibili með hliðsjón af tæknilegum framförum og annarri þróun mála og hafi að geyma virk ákvæði um viðurlög sem beitt verður ef skuldbindingar eru ekki virtar.

4.7.2 Aðstoð í umhverfisverndarskyni sem fólgin er í lækkun skatta eða gjalda

4.7.2.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

310. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta horft til þess að nota skatta- eða gjaldalækkunarir til að hvetja fyrirtæki til þátttöku í verkefnum eða starfsemi sem leiðir til aukinnar umhverfisverndar. Ef markmið slíkra lækkana er að hvetja aðstoðarþega til að takast á hendur verkefni eða starfsemi sem leiðir til minni mengunar eða minni aðfanganotkunar fer mat framkvæmdastjórnarinnar á þeim ráðstöfunum fram í ljósi ákvæða undirkafla 4.7.2.
- 4.7.2.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja
311. Ákvæði þessa undirkafla gilda um aðstoð sem úthlutað er vegna umhverfishæfra verkefna og starfsemi sem ákvæði undirkafla 4.2 til 4.6 gilda um og er fólgin í lækkunum á sköttum eða gjöldum.
312. Ef tilgangur skatta- eða gjaldalækkunarinnar er fyrst og fremst sá að draga úr kolefnislosun gilda ákvæði undirkafla 4.1.
313. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um lækkunarir á sköttum eða gjöldum sem endurspeglja helstu kostnaðarliði raforkudreifingar eða þjónustu sem veitt er í tengslum við hana. Afsláttur af tengigjöldum og gjöldum sem innheimt eru til að standa straum af kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu fellur til að mynda utan gildissviðs undirkafla 4.7.2. Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um afslátt af gjöldum sem lögð eru á raforkunotkun til að standa straum af stefnumiðum á sviði orkumála.
- 4.7.2.3 Hvatningaráhrif
314. Áskilnaður samkvæmt 315. og 316. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
315. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu láta í té magnákvörðun samkvæmt 51. mgr. fyrir hvert styrkhæft verkefni, og hvert viðmiðunarverkefni fyrir tiltekinn flokk styrkhæfra fyrirtækja, eða sambærileg gögn, til að gefa framkvæmdastjórninni kost á að meta þau, þar sem borið er saman hver arðsemi viðmiðunarverkefnisins eða -starfseminnar verður með og án skatta- eða gjaldalækkunar og sýnt fram á að lækkunin muni hvetja til þess að ráðist verði í umhverfishæft verkefni eða starfsemi.
316. Aðstoð vegna verkefna sem hleypt er af stokkunum áður en umsókn um aðstoð er lögð fram telst hafa hvatningaráhrif ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Í ráðstöfuninni sé fólgin réttur til aðstoðar sem úthlutað er í samræmi við málefnaleg sjónarmið og þannig að jafnræðis sé gætt, og án þess að stjórnvöld aðildarríkisins beiti ákvörðunarvaldi að öðru leyti.
- (b) Ráðstöfunin hafi verið ákveðin og öðlast gildi áður en framkvæmdir hófust við verkefnið eða starfsemina sem aðstoðin rennur til, nema þegar aðstoðin er fólgin í kerfi skatt- eða gjaldaávilnana sem tekur við af öðru slíku kerfi sem sama starfsemi féll þegar undir.
- 4.7.2.4 Meðalhóf
317. Ákvæði undirkafla 3.2.1.3 gilda ekki um aðstoð á sviði umhverfisverndar sem er fólgin í skatta- eða gjaldalækkunum.
318. Aðstoðin má ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar almennu skatt- eða gjaldhlutfalli eða þeirri fjárhæð skatts eða gjalds sem innheimt hefði verið án aðstoðar.
319. Ef skatta- eða gjaldalækkunin tengist fjárfestingarkostnaði telst aðstoðin veitt þannig að meðalhófs sé gætt, að því tilskildu að hún sé ekki meiri en sem nemur þeim aðstoðarhlutföllum og hámarksfjárhæðum aðstoðar sem mælt er fyrir um í undirköflum 4.2–4.6. Áskilnaður um samkeppnisútbod í þeim undirköflum gildir ekki um aðstoð sem fólgin er í skatta- eða gjaldalækkunum.
320. Ef lækkun skatts eða gjalds lækkar reglulegan rekstrarkostnað fyrirtækis má slík aðstoð ekki nema hærri fjárhæð en sem samsvarar muninum á rekstrarkostnaði umhverfishæfa verkefnisins eða starfseminnar og rekstrarkostnaði minna umhverfishæfs verkefnis sem unnið væri ef engin aðstoð fengist. Ef umhverfishæfara verkefnið eða starfsemin er þess eðlis að geta leitt til sparnaðar eða aukinna tekna skal tekið tillit til þess þegar metið er hvort aðstoðin sé í samræmi við meðalhóf.
- 4.7.2.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti

321. Áskilnaður samkvæmt 322.–324. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.2.2.
322. Ríkisaðstoð skal úthlutað á sama hátt til allra styrkhæfra fyrirtækja sem starfrækt eru í sömu grein atvinnulífsins og búa við sömu eða svipaðar aðstæður með tilliti til markmiðanna að baki aðstoðarráðstöfuninni.
323. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu tryggja að aðeins sé veitt aðstoð sem er nauðsynleg allan gildistíma aðstoðarkerfa sem starfrækt eru lengur en þrjú ár og að úttekt fari fram á slíkum kerfum eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.
324. Ef skatta- eða gjaldalækkunin varðar verkefni sem falla undir ákvæði
- (a) undirkafla 4.2 gilda jafnframt ákvæði 154.–156. mgr.,
 - (b) undirkafla 4.3.1 gilda jafnframt ákvæði 183.–188. mgr.,
 - (c) undirkafla 4.3.2 gilda jafnframt ákvæði 206.–216. mgr.

4.8 Aðstoð til að tryggja afhendingaröryggi raforku

4.8.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

325. Markaðs- og löggjafarbrestit geta valdið því að verðmörkun skili sér ekki í virkum hvötum til fjárfestinga og afleiðing þess getur til dæmis orðið óheppileg samsetning orkugjafa í raforkukerfinu eða ófullnægjandi afköst, sveigjanleiki eða staðsetning. Við það bætist að umbyltingar í orkugeiranum vegna tæknibreytinga og vandans sem við er að glíma í loftslagsmálum geta af sér ný úrlausnarefni sem snúa að því að tryggja afhendingaröryggi raforku. Þó að sífellt meiri samþætting raforkumarkaðarins muni almennt gera það auðveldara að miðla raforku milli Evrópusambandsríkjanna og draga þannig úr vandkvæðum sem tengjast afhendingaröryggi í einstökum ríkjum geta þær aðstæður myndast, jafnvel á samtengdum mörkuðum, að afhendingaröryggi sé ekki alltaf tryggt í sumum aðildarríkjum eða á sumum svæðum. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta þess vegna horft til þess að gera ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku samkvæmt ákveðnum viðmiðum.

4.8.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

326. Í þessum undirkafla kemur fram samkvæmt hvaða reglum aðstoðarráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar markmið þeirra er að auka afhendingaröryggi raforku. Undir þetta falla kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu og hvers kyns aðrar ráðstafanir til að leysa úr langvinnnum eða skammvinnnum vanda á sviði afhendingaröryggis sem rekja má til markaðsbresta sem standa í vegi fyrir fullnægjandi fjárfestingum í raforkuvinnslu, geymslu raforku, eftirspurnarstýringu og tengingu orkukerfa, svo og ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng sem miðast að því að bæta upp ófullnægjandi flutningsgetu flutnings- og dreifikerfa⁽¹²⁸⁾.
327. Ráðstafanir af því tagi geta einnig verið sniðnar að markmiðum á sviði umhverfisverndar, til dæmis þannig að sú orkuvinnsla sem veldur mestri mengun komi ekki til greina eða að umhverfishæfasta orkuvinnslan njóti forgangs í útboðinu.
328. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu geta þess í tilkynningunni hvaða atvinnustarfsemi verður byggð upp fyrir tilstuðlan aðstoðarinnar. Aðstoð sem úthlutað er til að auka afhendingaröryggi raforku stuðlar með beinum hætti að uppbyggingu atvinnustarfsemi á sviði raforkuvinnslu, geymslu raforku og eftirspurnarstýringar, þar á meðal nýjum fjárfestingum, svo og skilvirkri endurnýjun og viðhaldi eldri mannvirkja. Hún getur einnig stutt óbeint við margvíslega atvinnustarfsemi sem byggist á notkun raforku, þar á meðal rafvæðingu húsahtunar og samgangna.

4.8.3 Hvatningaráhrif

329. Hér gilda reglur 29., 30., 31. og 32. mgr. um hvatningaráhrif.

4.8.4 Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst

⁽¹²⁸⁾ Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um viðbótarþjónustu, þar á meðal ráðstafanir samkvæmt kerfisverndaráætlunum sem komið er upp í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2196, sem hefur það markmið að tryggja rekstraröryggi og flutningskerfisstjórar eða dreifikerfisstjórar annast kaup á að undangengnu samkeppnisútbóði sem haldið er á jafnræðisgrundvelli og er opið umsóknum vegna hvers kyns tilfanga sem geta komið að gagni við að fullnægja rekstraröryggisþörfinni sem um ræðir, án þess að ríkisvaldið eigi aðild að útboðinu eða fjármögnun þjónustunnar.

- 4.8.4.1 Aðstoðin sé nauðsynleg
330. Ákvæði undirkafla 3.2.1.1 gilda ekki um ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja afhendingaröryggi raforku.
331. Þegar vísað er til vanda á sviði afhendingaröryggis raforku skal fara fram vandleg greining á eðli, orsökum og umfangi þess vanda, og um leið á því hvort ríkisaðstoðar er þörf til að tryggja afhendingaröryggið, þar á meðal hvenær og hvar vandinn er talinn munu koma upp, með vísan, eftir því sem við á, til áreiðanleikaviðmiða samkvæmt skilgreiningu 25. gr. reglugerðar (EB) 2019/943. Að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng skulu stjórnvöld aðildarríkisins leggja fram greiningu (að höfðu samráði við stjórnsýslustofnunina sem fer með ábyrgð á þeim málum og að teknu tilliti til sjónarmiða hennar) þar sem fram kemur hvaða stig afhendingaröryggis fyrirhuguð ráðstöfun á að tryggja ásamt kostnaðar- og ábatagreiningu því til stuðnings. Í tengslum við allar ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi skal lýsa því hvaða mælieining og reikniaðferð er notuð við magnákvörðunina, með tilvísun til ákvæða um slíkt, ef til eru, í sérlægum um viðkomandi atvinnugrein.
332. Þegar við á skal vandi á sviði afhendingaröryggis raforku skilgreindur í samræmi við nýjustu tiltæku greiningu sem ENTSO-E hefur unnið á þessu í samræmi við löggjöf um innri orkumarkaðinn, einkum:
- (a) að því er varðar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi orkuvinnslugetu það mat á orkuvinnslugetu í Evrópu sem um getur í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943,
 - (b) að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng þær skýrslur um kerfisöng vegna uppbyggingar eða takmarkana dreifikerfisins milli og innan útboðssvæða sem um getur í 2. tölul. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.
333. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta einnig vísað til innlendra úttekta á orkuvinnslugetu til að færa sönnur á að nauðsynlegt sé að starfrækja kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu, að því leyti sem það er heimilt samkvæmt 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943. Að því er varðar aðrar ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi, þar á meðal til að koma í veg fyrir kerfisöng, geta stjórnvöld aðildarríkjanna einnig vísað til innlendra úttekta á nauðsyn fyrirhugaðra ráðstafana. Innlendar úttektir samkvæmt þessari málsgrein skulu hafa hlotið samþykki stjórnsýslustofnunarinnar sem fer með ábyrgð á þessu sviði eða yfirferð á hennar vegum.
334. Ráðstafanir sem tengjast hættunni á raforkuskorti skulu koma fram í landsáætlun um viðbúnað í því skyni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/941 ⁽¹²⁹⁾.
335. Ef stjórnvöld aðildarríkis hyggjast gera fleiri en eina ráðstöfun til að tryggja afhendingaröryggi raforku skulu þau skýra ítarlega hvernig því markmiði verður náð á hagkvæman hátt með samspili ólíkra ráðstafana, til dæmis, að því er varðar kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu, með því að skýra hvernig ráðstafanirnar fullnægja áreiðanleikaviðmiðum samkvæmt 331. mgr. (án þess að ganga lengra en svo).
336. Gera skal grein fyrir því hvaða löggjafar- og markaðsbresti við er að glíma, svo og hvaða önnur vandkvæði standa í vegi fyrir því að fullnægjandi afhendingaröryggi raforku (og fullnægjandi umhverfisvernd ef það á við) sé tryggt án opinberra afskipta.
337. Einnig skal gera grein fyrir ráðstöfunum sem þegar eru í gildi og beinast að markaðs- eða löggjafarrestum eða öðrum vandkvæðum samkvæmt 336. mgr.
338. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu gera grein fyrir því af hvaða ástæðum markaðurinn er talinn ófær um að tryggja afhendingaröryggi raforku án þess að til ríkisaðstoðar komi, að teknu tilliti til áformaðra markaðsumbóta í aðildarríkinu og væntanlegrar tækniþróunar.
339. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu láta í té eftirtalin gögn sem höfð verða til hliðsjónar í mati framkvæmdastjórnarinnar:
- (a) Úttekt á áhrifum sveiflna í orkuvinnslu, að meðtöldum sveiflum sem eiga upphaf sitt í nágrenniakerfum.

⁽¹²⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/941 frá 5. júní 2019 um viðbúnað við áhættu í raforkugeiranum [óstaðf. þýð.] (viðbúnaðarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 1).

- (b) Úttekt á áhrifum af þátttöku markaðsaðila á eftirspurnarhlið og þeirra sem reka orkugeyma, ásamt lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að ýta undir eftirspurnarstjórnun.
- (c) Úttekt á millilandatengingum sem eru eða gætu verið fyrir hendi og helstu mannvirkjum í flutningskerfi landsins, að meðtalinni lýsingu á yfirstandandi eða áformuðum framkvæmdum á því sviði.
- (d) Úttekt á hvers kyns öðrum þáttum sem geta orsakað eða aukið á vandkvæði á sviði afhendingaröryggis raforku, svo sem ákvæðum um hámarksheildsöluverð og öðrum löggjafarveilum eða markaðsbrestum. Í þeim tilvikum sem það er áskilið í reglugerð (ESB) 2019/943 skal innleiðingaráætlun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar borin undir framkvæmdastjórnina áður en aðstoð er veitt. Í mati á nauðsyn aðstoðarinnar verður höfð hliðsjón af innleiðingaráætluninni og álitum framkvæmdastjórnarinnar á henni.
- (e) Hvers kyns atriði sem fram koma í aðgerðaáætlun sem gerð er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943 og máli geta skipt.

4.8.4.2 Aðstoð sé heppilegt úrræði

- 340. Ákvæði undirkafla 3.2.1.2 gilda ekki um ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja afhendingaröryggi raforku.
- 341. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu fyrst og fremst huga að öðrum aðferðum en ríkisaðstoð til að tryggja afhendingaröryggi raforku, einkum þeim að haga skipulagi raforkumarkaðar með þeim hætti að unnið sé gegn markaðsbrestum sem grafa undan afhendingaröryggi raforku. Þetta má gera til dæmis með því að gera jöfnunaruppgjör raforku virkara, fella sveiflukenna orkuvinnslu betur inn í raforkukerfið, koma upp hvötum til eftirspurnarstýringar og geymslu raforku og fella báðar tegundir þjónustu inn í raforkukerfið, tryggja virkni verðmörkunar, fjarlægja hindranir sem standa í vegi orkusölu milli landa og bæta raforkumannvirki, þar á meðal millilanda-tengingar. Aðstoð getur talist heppileg ráðstöfun til að tryggja afhendingaröryggi þegar ekki hefur tekist að leysa úr vandkvæðum á því sviði með umbótum á skipulagi markaða sem staðið er að á heppilegan hátt og þannig að meðalhófs sé gætt⁽¹³⁰⁾ og með fjárfestingum í dreifikerfinu, fyrirhuguðum eða þegar framkvæmdum.
- 342. Að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng skulu stjórnvöld aðildarríkjanna að auki skýra hvað gert er til að auka skilvirkni ráðstafana um endurdreifingu álags í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.

4.8.4.3 Styrkhæfi

- 343. Aðstoðarráðstöfunin skal standa opin öllum aðstoðarþegum og verkefnum sem hafa tæknilega burði til að stuðla að settu markmiði á sviði afhendingaröryggis á hagkvæman hátt. Þar er átt við orkuvinnslu, geymslu orku og eftirspurnarstýringu svo og klösun minni eininga slíkra afkasta.
- 344. Heppilegt er talið að setja þau skilyrði fyrir þátttöku í ráðstöfunum til að tryggja afhendingaröryggi að ekki verði unnið gegn umhverfisvernd (sjá 368. og 369. mgr.).
- 345. Stjórnvöld aðildarríkjanna eru hvött til að bæta í ráðstafanir sínar til að tryggja afhendingaröryggi öðrum viðmiðum eða ákvæðum til að stuðla að notkun grænna tæknilausna (eða draga úr notkun mengandi lausna) á þann hátt sem nauðsynlegur er til að umhverfisverndarmarkmið Evrópusambandsins geti náðst. Viðmið eða ákvæði sem þannig er bætt við verða að byggjast á forsendum sem eru málefnalegar, gagnsæjar og reistar á jafnræðisgrundvelli að teknu tilliti til skýrt skilgreindra umhverfisverndarmarkmiða og mega ekki leiða til ofgreiðslu aðstoðar til aðstoðarþega.
- 346. Þegar tæknilegar forsendur eru fyrir hendi skulu ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku standa opnar beinni þátttöku fyrirtækja í öðrum aðildarríkjum⁽¹³¹⁾. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu tryggja að erlend fyrirtæki sem geta boðið tæknilegar lausnir jafngildar þeim sem bjóðast innanlands eigi kost á þátttöku í sömu samkeppnisútböðum og innlend

⁽¹³⁰⁾ Að teknu tilliti til ákvæða reglugerðar (ESB) 2019/943 og tilskipunar (ESB) 2019/944.

⁽¹³¹⁾ Gengið er út frá því að tæknilegur samhæfanleiki hafi verið tryggður ef um er að ræða kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu sem skylt er að veita fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum aðgang að samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/943.

fyrirtæki. Stjórnvöld geta áskilið að vinnslu- eða þjónustugetuna sé að finna í aðildarríki sem hefur beina tengingu við raforkukerfi aðildarríkisins sem stendur að ráðstöfuninni. Jafnframt ber að fylgja reglum um þetta efni sem mælt er fyrir um í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943 eftir því sem við á.

4.8.4.4 Opinbert samráð

347. Ákvæði undirkafla 4.8.4.4 gilda frá 1. júlí 2023.

348. Að frátöldum vissum undantekningartilvikum, sem rökstyðja þarf með fullnægjandi hætti, skulu stjórnvöld aðildarríkjanna, áður en aðstoð er tilkynnt, efna til opinbers samráðs um samkeppnisáhrif ráðstafana sem þau hyggjast tilkynna samkvæmt þessum undirkafla og hvort þær geta talist í samræmi við meðalhóf. Skylda að efna til samráðs gildir hvorki um breytingar á þegar samþykktum ráðstöfunum sem varða ekki gildissvið eða styrkhæfisviðmið þeirra ráðstafana og lengja ekki gildistíma þeirra umfram 10 ár frá dagsetningu upphaflegrar ákvörðunar, né um tilvik samkvæmt 349. mgr. Opinbert samráð skal fara fram í eftirtöldum tilvikum til að skera úr um hvort tiltekin ráðstöfun á rétt á sér, að teknu tilliti til viðmiðanna sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum ⁽¹³²⁾:

- (a) Ef heildarfjárhæð aðstoðar sem úthlutað verður á hverju ári er áætluð að minnsta kosti 100 milljónir evra skal opinbert samráð standa um að minnsta kosti sex vikna skeið og skulu eftirtalin atriði vera meðal þess sem samráðið tekur til:
 - (i) Styrkhæfi.
 - (ii) Hvaða samkeppnisútböð eru fyrirhuguð og til hvaða þátta þau eiga að taka, og fyrirhugaðar undanþágur.
 - (iii) Helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun aðstoðar ⁽¹³³⁾, meðal annars í því skyni að koma á samkeppni milli mismunandi flokka aðstoðarþega ⁽¹³⁴⁾.
 - (iv) Aðferðirnar sem notaðar eru til að yfirfæra kostnaðinn af ráðstöfuninni á neytendur.
 - (v) Sé samkeppnisútböð ekki haldið: forsendur og gögn sem liggja til grundvallar magnákvörðuninni sem notuð er til sýna fram á að aðstoðin sé í samræmi við meðalhóf, þar á meðal upplýsingar um kostnað, tekjur, rekstrarforsendur og rekstrartíma og veginn meðalfjármunakostnað.
 - (vi) Ef nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu með jarðgasi eru styrkhæfar skal greina frá því hvaða varnarákvæði verða sett til að tryggja að sú ráðstöfun samrýmist loftslagsmarkmiðum sambandsins.
- (b) Ef áætlað meðaltal aðstoðar sem úthlutað verður á hverju ári er undir 100 milljónum evra skal samráðstími vera að minnsta kosti fjórar vikur og eftirtalin atriði vera meðal þess sem samráðið tekur til:
 - (i) Styrkhæfi.
 - (ii) Hvaða samkeppnisútböð eru fyrirhuguð og til hvaða þátta þau eiga að taka, og fyrirhugaðar undanþágur.
 - (iii) Aðferðirnar sem notaðar eru til að yfirfæra kostnaðinn af ráðstöfuninni á neytendur.
 - (iv) Ef nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu með jarðgasi eru styrkhæfar skal greina frá því hvaða varnarákvæði verða sett til að tryggja að sú ráðstöfun samrýmist loftslagsmarkmiðum sambandsins.

⁽¹³²⁾ Stjórnvöld aðildarríkjanna geta fullnægt þessum áskilnaði með því að nýta sér samráðsleiðir sem þegar eru í notkun í landinu. Ef samráðið tekur til allra atriða sem hér eru talin upp er einskis frekara samráðs krafist.

⁽¹³³⁾ Til dæmis hversu langur tími má líða frá samkeppnisútböðinu þar til framkvæmd hefst og reglur um tilboð og verðákvörðun.

⁽¹³⁴⁾ Til dæmis þegar samningslengd er mismunandi, mismunandi aðferðir notaðar til að reikna hversu stór hluti afkasta- eða framleiðslugetu ólíkra tækniáferða er styrkhæfur eða mismunandi aðferðir notaðar við útreikning eða útborgun styrkja.

349. Opinbers samráðs er ekki krafist vegna ráðstafana sem falla undir ákvæði stafl. b) í 348. mgr. ef samkeppnisútbod er haldið og enginn stuðningur rennur til fjárfestingarverkefna þar sem jarðefnaeldsneyti er notað til orkuvinnslu.
350. Spurningarnar sem lagðar eru fyrir í opinbera samráðinu skulu birtar á vefsetri sem almenningur hefur aðgang að. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu birta svar við samráðinu þar sem fram kemur ágríp af umsögnum sem borist hafa og afstaða stjórnvalda til þeirra. Í svarinu skal meðal annars skýrt hvernig staðið var að ákvörðun gildissviðs eða styrkhæfisviðmiða fyrirhugaðrar ráðstöfunar með það í huga að draga sem mest úr hugsanlegum samkeppnishamlandi áhrifum hennar. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu láta slóð að samráðssvarinu fylgja þegar aðstoðar-ráðstöfun er tilkynnt í samræmi við þennan undirkafla.
351. Í undantekningartilvikum, sem rökstyðja þarf með fullnægjandi hætti, getur framkvæmdastjórnin fallist á að aðrar samráðsleiðir séu farnar, að því tilskildu að tekið sé tillit til sjónarmiða hagaðila við (áframhaldandi) framkvæmd aðstoðarinnar. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að einnig þurfi að koma til aðgerðir sem tryggja að samkeppnisröskun af völdum ráðstöfunarinnar verði sem minnst.
- 4.8.4.5 Meðalhóf
352. Áskilnaður samkvæmt 353., 354., 355., 356. og 357. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt 49., 50., 51., 52., 53. og 55. mgr.
353. Eftirspurn í ráðstöfunum til að tryggja afhendingaröryggi skal hagað í samræmi við áreiðanleikaviðmið eða kostnaðar- og ábatagreiningu samkvæmt 331. mgr., og byggt skal á greiningu samkvæmt 332., 333. og 334. mgr. á þeim aðföngum sem nauðsynleg eru til að tryggja fullnægjandi afhendingaröryggi. Greiningin sem ákvörðun um eftirspurnina byggist á má ekki vera eldri en 12 mánaða þegar sú ákvörðun er tekin.
354. Tíminn sem líður frá úthlutun aðstoðar þar til frestur til að koma verkefnum til framkvæmda rennur út skal vera nægilega langur til að tryggja raunhæfa samkeppni milli styrkhæfra verkefna af mismunandi tagi.
355. Aðeins má víkja frá þeim áskilnaði að aðstoð skuli úthlutað og fjárhæð aðstoðar ákveðin að undangengnu samkeppnisútbóði í eftirfarandi tilvikum:
- (a) Þegar lögð eru fram gögn, þar á meðal ábendingar sem fram hafa komið í opinbera samráðinu, eftir því sem við á, því til sönnunar að hugsanleg heildarþátttaka í slíku útbóði nægi að líkindum ekki til að tryggja samkeppni.
- (b) Aðeins í tengslum við ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng: þegar stjórnvöld aðildarríkisins leggja fram greiningu (að höfðu samráði við stjórnsýslustofnunina sem fer með ábyrgð á þeim málum og að teknu tilliti til sjónarmiða hennar) studda gögnum, þar á meðal ábendingum sem fram hafa komið í opinbera samráðinu, eftir því sem við á, sem sýna að útbod myndi leiða til minni hagkvæmni, til dæmis vegna hættunnar á verðboðum sem endurspeglar ekki raunverulegan framleiðslukostnað eða vegna markaðsröskunar.
356. Fyrirtæki sem njóta ráðstafana til að tryggja afhendingaröryggi verða að búa við nægilega öflugna hvata til að vinna að afhendingaröryggi allan framkvæmdatímann. Slíkir hvatar skulu að jafnaði tengdir verðmæti óafhentrar orku⁽¹³⁵⁾ í augum raforkukaupenda. Ef fyrirtæki sem nýtur slíkrar ráðstöfunar getur ekki afhent raforku skal það því sæta viðurlögum sem tengd eru verðmæti óafhentrar orku. Að undanskildum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir kerfisöng skulu slík viðurlög að jafnaði tekin af verði sem greitt er við jöfnunaruppgjör raforku, til að engin röskun verði á eðlilegri starfsemi markaða.
357. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er einnig heimilt að notast við kerfi samkeppnisskrteina eða kaupkvaða birgja, að því tilskildu að:
- (a) eftirspurn í slíku kerfi sé hagað þannig að hún sé minni en hugsanlegt framboð og
- (b) uppkaupsverðið eða gjaldið sem leggst á kaupanda eða seljanda orku sem hefur ekki keypt tilskilinn fjölda skírteina (þ.e. verðið sem samsvarar hæstu fjárhæð sem greidd yrði út í aðstoð) er ákveðið nægilega hátt til að koma í veg fyrir ofgreiðslu aðstoðar til aðstoðarþega.

(135) Eins og það er áætlað í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.

- 4.8.5 *Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat*
358. Að 70. mgr. undanskilinni gilda ákvæði undirkafla 3.2.2 ekki um ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku.
359. Aðstoð skal haga þannig að ekki verði röskun á eðlilegri starfsemi markaða og að virkni rekstrarhvata og verðmörkunar haldist óskert.
360. Ekki má búa fyrir tækjum hvata til orkuvinnslu sem getur rutt minna mengandi orku til hliðar.
361. Áskilnaði 359. og 360. mgr. er að jafnaði fullnægt þegar ráðstöfun miðast við greiðslur fyrir vinnslugetu (EUR/MW) í stað greiðslna fyrir orkuframleiðslu (EUR/MWh). Ef greitt er fyrir hverja MWh þarf að huga sérstaklega að því að tryggja að ekki komi til markaðsröskunar og að minna mengandi orkugjöfum sé ekki rutt til hliðar.
362. Ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi verða að fullnægja öllum skilyrðum um tilhögun slíkra ráðstafana sem við eiga samkvæmt 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943 ⁽¹³⁶⁾.
363. Að því er varðar frá tekið varaafli og aðrar ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja fullnægjandi orkuvinnslugetu, þar á meðal ákvæði um rjúfanlega orku, þar sem afkastagetu er haldið utan markaðar, eru eftirtalin viðbótarskilyrði sett til að tryggja að ekki verði röskun á verðmyndun á markaði, og verður þeim öllum að vera fullnægt:
- Afl sem er til ráðstöfunar sé aðeins tengt inn á flutningskerfið ef sennilegt virðist að flutningskerfisstjórar verði uppiskroppa með jöfnunarafl til að koma á jafnvægi milli eftirspurnar og framboðs ⁽¹³⁷⁾.
 - Á jöfnunaruppgjörstímabilum sem afl samkvæmt ráðstöfuninni er tengt inn á kerfið sé ójöfnuður á markaðnum gerður upp á verði sem samsvarar að minnsta kosti verðmæti óafhentrar orku eða tæknilegum verðmörkum innan dags ⁽¹³⁸⁾, hvort sem er hærra af þessu tvennu.
 - Orkunni sem framleidd er með aflinu eftir að það er tengt inn á kerfið sé úthlutað til jöfnunaraðila samkvæmt gildandi ákvæðum um jöfnunaruppgjör.
 - Engar greiðslur komi fyrir aflið frá heildsölumarkaði eða jöfnunarmörkuðum raforku.
 - Afl samkvæmt ráðstöfuninni haldist utan orkumarkaða að minnsta kosti jafnlengi og sem nemur samningstímanum.
364. Að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng, þar sem aflgetu er haldið utan markaðar, mega engar greiðslur koma fyrir það afl frá heildsölumarkaði eða jöfnunarmörkuðum raforku og það verður að haldast utan orkumarkaða að minnsta kosti jafnlengi og sem nemur samningstímanum.
365. Að því er varðar kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu, önnur en frá tekið varaafli, skulu stjórnvöld aðildarríkjanna sjá til þess að ráðstöfunin:
- fylgi tilhögun sem tryggi að verðið sem greitt er fyrir tiltækt afl leiti sjálfkrafa í átt að núlli þegar framboð er talið munu verða nægilegt til að mæta eftirspurn,
 - feli aðeins í sér greiðslur til að tryggja að afl sé tiltækt og tryggi að þær greiðslur hafi ekki áhrif á ákvarðanir hlutaðeigandi fyrirtækis um hvort afl skuli framleitt eða ekki og
 - sé þess eðlis að skuldbindingar til að hafa afl tiltækt megi framselja milli styrkhæfra fyrirtækja.
366. Ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku skulu ekki:
- raska starfsemi markaða óeðlilega mikið eða hindra víðskipti milli raforkusvæða,

⁽¹³⁶⁾ Sjá einnig 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar ráðstafanir sem falla undir viðbúnaðaráætlun samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/941.

⁽¹³⁷⁾ Skilyrðið gildir með þeim fyrirvara að virkja má aflið áður en það er tengt inn á flutningskerfið með hliðsjón af því að nokkurn tíma tekur að auka aflvinnsluna og að teknu tilliti til rekstrarþátta. Orkunni sem framleidd er með frá tekið varaafli meðan á virkjun þess stendur má ekki úthluta til jöfnunaráhópa gegnum heildsölumarkaði og hún má ekki leiða til breytinga á ójöfnuði milli þeirra.

⁽¹³⁸⁾ Sjá 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.

- (b) draga úr hvötum til fjárfestinga í flutningsgetu millilandatenginga – til dæmis með því að draga úr tekjum sem starfandi eða nýjar tengingar geta aflað í tengslum við kerfisöng.
 - (c) grafa undan tengingu landsmarkaða, þar á meðal innandagsmarkaða og jöfnunarmarkaða,
 - (d) grafa undan ákvörðunum um fjárfestingar í vinnslugetu sem teknar voru áður en ráðstöfunin kom til.
367. Til að ekki sé grafið undan hvötum til eftirspurnarstýringar og aukið á markaðsbresti sem leiða til þess að grípa þarf til ráðstafana til að tryggja afhendingaröryggi, svo og til að opinber afskipti til að tryggja afhendingaröryggi verði eins lítil og kostur er, skal kostnaður vegna ráðstöfunar til að tryggja afhendingaröryggi felldur á þá markaðsaðila sem auka þörfina á slíkri ráðstöfun með háttsemi sinni. Því markmiði má ná til dæmis með því að láta raforkunotendur bera kostnað af ráðstöfun til að tryggja afhendingaröryggi þegar raforkueftirspurn er mest eða með því að láta notendur á svæðinu þar sem framboð er ófullnægjandi bera kostnað af ráðstöfun til að koma í veg fyrir kerfisöng þegar afl samkvæmt þeirri ráðstöfun er tengt inn á kerfið. Hins vegar má falla frá kröfu um slíka skiptingu kostnaðar ef stjórnvöld aðildarríkisins leggja fram greiningu studda gögnum, þar á meðal ábendingum sem fram hafa komið í opinbera samráðinu, sem sýna að þessi aðferð við kostnaðarskiptingu myndi draga úr hagkvæmni ráðstöfunarinnar eða hafa í för með sér alvarlega samkeppnisröskun sem ótvírætt myndi grafa undan hugsanlegum ávinningi af slíkri kostnaðarskiptingu.
368. Litið er svo á að vissar aðstoðarráðstafanir hamli samkeppni og milliríkjavíðskiptum svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp. Einkum eru vissar aðstoðarráðstafanir þess eðlis að þær geta aukið á markaðsbresti og leitt til óhagkvæmni sem bitnar á neytendum og velferð samfélagsins. Dæmi um það er að ráðstafanir – þar á meðal ráðstafanir til að koma í veg fyrir kerfisöng og ákvæði um rjúfanlega orku – sem virða ekki losunarmörk sem gilda um kerfi til að tryggja framboð á afli og þjónustu samkvæmt 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943 og geta ýtt undir nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu með mest mengandi tegundum jarðefnaeldsneytis, svo sem kolum, dísilólú, brúnkolum, olíu, mó og leirsteinsólú, auka neikvæð umhverfisúthrif á markaðnum.
369. Ráðstafanir sem ýta undir nýjar fjárfestingar í orkuvinnslu með jarðgasi geta stuðlað að auknu afhendingaröryggi en valdið meiri neikvæðum umhverfisúthrifum þegar til lengri tíma er litið en fjárfestingar í tæknilausnum sem byggjast á nýtingu orkugjafa án kolefnislosunar. Til að framkvæmdastjórnin geti staðfest með vægismati að ávinningur af slíkum ráðstöfunum vegi þyngra en hamlandi áhrif þeirra skulu stjórnvöld aðildarríkjanna skýra hvernig þau hyggjast tryggja að fjárfestingarnar stuðli að loftslagsmarkmiði Evrópusambandsins fyrir árið 2030 og markmiðinu um loftslagshlutleysi árið 2050. Þau skulu einkum skýra hvað gert verður til að koma í veg fyrir að fjárfestingarnar bindi fyrirtæki við jarðgasknúin orkuvinnslutæki til langframa. Það má gera, svo dæmi sé tekið, með vísan til bindandi skuldbindinga aðstoðarþega um að taka í notkun tæknilausnir til að draga úr kolefnislosun, svo sem föngun og bindingu eða föngun og nýtingu kolefnis, láta jarðgas víkja fyrir endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi gasi eða leggja iðjuverið niður innan tímamarka sem samræmast loftslagsmarkmiðum Evrópu-sambandsins.
370. Þegar um ræðir stakar aðstoðarráðstafanir eða aðstoðarkerfi sem nýtast óvenju þröngum hópi aðstoðarþega eða fyrirtæki með ríkjandi stöðu á markaði skulu stjórnvöld aðildarríkjanna jafnframt færa sönnur á að fyrirhuguð ráðstöfun muni ekki auka markaðsstyrk fyrirtækjanna.

4.9 Aðstoð vegna framkvæmda við orkumannvirki

4.9.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

371. Ef loftslagsmarkmið Evrópusambandsins eiga að nást þarf að ráðast í miklar fjárfestingar í orkumannvirkjum og endurnýjun þeirra. Nútímaleg orkumannvirki eru forsenda þess að orkumarkaður Evrópusambandsins geti fullnægt loftslagsmarkmiðum og jafnframt tryggt afhendingaröryggi. Fullnægjandi orkumannvirki eru nauðsynlegur þáttur í skilvirkum orkumarkaði. Með endurbótum á orkumannvirkjum er stuðlað að auknum kerfisstöðugleika, fullnægjandi orkuvinnslugetu, samþættingu mismunandi orkugjafa og öruggu framboði í orkukerfum þar sem uppbygging hefur ekki verið næg.
372. Ef markaðsaðilar hafa ekki tök á að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum getur reynt nauðsynlegt að veita ríkisaðstoð til að vinna bug á slíkum markaðsbrestum og tryggja að komið sé til móts við ríka þörf Evrópusambandsins á þessu sviði. Meðal markaðsbresta sem vart getur orðið á sviði orkumannvirkja eru vandkvæði sem tengjast samhæfingu ólíkra hagsmuna og markmiða. Ólíkir hagsmunir fjárfesta, óvissa um árangur samstarfs og kerfisáhrif eru allt þættir sem geta hindrað að tiltekið verkefni komist á framkvæmdastig eða spillt árangursríki útfærslu þess. Um leið geta orkumannvirki haft umtalsverð jákvæð úthrif, en því getur einnig fylgt misræmi í því hvernig kostnaður og ávinningur dreifist milli markaðsaðila og aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin lítur því svo á að aðstoð til uppbyggingar á orkumannvirkjum geti styrkt

innri markaðinn með því að stuðla að lausn á þessum markaðsbrestum. Þetta á einkum við um ríkjasamstarf um mannvirkjaframkvæmdir, til dæmis verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunamálum samkvæmt skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 347/2013.

373. Í samræmi við auglýsingu um hugtakið aðstoð⁽¹³⁹⁾ fellur stuðningur vegna uppbyggingar orkumannvirkja ekki undir reglur um ríkisaðstoð ef sú uppbygging á sér stað á grundvelli lögbundins einkaleyfis. Á sviði orkumála varðar þetta einkum þau aðildarríki sem hafa hagað löggjöf sinni þannig að bygging og rekstur tiltekinna mannvirkja er að öllu leyti í höndum flutningskerfisstjóra eða dreifikerfisstjóra.
374. Litið er svo á að fyrir hendi sé lögbundið einkaleyfi án þess að um nokkra samkeppnisröskun geti verið að ræða þegar öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Bygging og rekstur mannvirkisins hafi verið felld undir lögbundið einkaleyfi sem stofnað er til í samræmi við löggjöf sambandsins. Þannig hagar til þegar flutningskerfisstjóri eða dreifikerfisstjóri er eini aðilinn sem hefur rétt til þess samkvæmt lögum að annast tilteknar tegundir fjárfestinga eða starfsemi og engum öðrum er heimilt að reka annað kerfi samhliða⁽¹⁴⁰⁾.
 - (b) Með lögbundna einkaleyfinu sé ekki aðeins girt fyrir samkeppni á markaðnum, heldur einnig samkeppni um markaðinn í þeim skilningi að fyrirtæki eigi þess ekki kost að keppa um að fá úthlutað einkaleyfi til að annast rekstur mannvirkjanna sem um ræðir.
 - (c) Þjónustan sé ekki veitt í samkeppni við aðra þjónustu.
 - (d) Ef rekstraraðili orkumannvirkjanna rekur einnig starfsemi á öðrum markaði (öðru markaðssvæði eða öðrum vörumarkaði) sem samkeppni ríkir á sé girt fyrir að sú starfsemi geti notið víxlنيðurgreiðslna gegnum tekjur af einkaleyfisstarfseminni. Þetta krefst þess að viðhöfð sé bókhaldsleg aðgreining, að útgjöld og tekjur séu heimfærðar á einstaka rekstrarliði á tilhlýðilegan hátt, og að opinber framlög vegna þjónustunnar sem veitt er samkvæmt lögbundnu einkaleyfi geti ekki nýst í tengslum við aðra starfsemi. Að því er varðar raforku- og gasmannvirki standa allar líkur til að þessum áskilnaði sé fullnægt því að mælt er fyrir um það í 56. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 og 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB að lóðrétt samþætt fyrirtæki skuli halda sérstakt bókhald fyrir hverja tegund starfsemi sem þau hafa með höndum.
375. Á sama hátt er litið svo á að engin ríkisaðstoð komi við sögu í tengslum við fjárfestingar í orkumannvirkjum sem rekin eru við aðstæður þar sem „náttúruleg einokun“ ríkir, en þær aðstæður teljast vera fyrir hendi þegar öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- (a) Mannvirkið sé rekið án beinnar samkeppni við önnur slík, en þannig hagar til þegar engar efnahagslegar forsendur eru til að koma upp sambærilegu orkumannvirki og flutningskerfisstjóri eða dreifikerfisstjóri er því eini rekstraraðilinn.
 - (b) Óverulegar fjárfestingar, aðrar en fjárfestingar hins opinbera, eigi sér stað í mannvirkjum orkukerfa í greininni og aðildarríkinu sem um ræðir.
 - (c) Mannvirkin hafi ekki verið reist með það fyrir augum að þau nýtist einu fyrirtæki eða atvinnugrein sérstaklega heldur að þau gagnist samfélaginu í heild.

⁽¹³⁹⁾ Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hugtakið „ríkisaðstoð“ eins og það er notað í 1. mgr. 107. gr. sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtð. ESB C 262, 19.7.2016, bls. 1). „Ríkisaðstoð“ er hlutlægt, lögfræðilegt hugtak sem er skilgreint með beinum hætti í sáttmálanum (dómur Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, *British Aggregates* gegn framkvæmdastjórn, C-487/06 P, ECLI:EU:C:2008:757, 111. mgr.) og hvers kyns afstaða sem lýst er í 373.–375. mgr. er því með fyrirvara um túlkun dómstóla Evrópusambandsins á því hugtaki (dómur Evrópudómstólsins frá 21. júlí 2011, *Alcoa Trasformazioni* gegn framkvæmdastjórn, C-194/09 P, ECLI:EU:C:2011:497, 125. mgr.); túlkun sáttmálanum ræðst ávallt fyrst og fremst af dómaframkvæmd dómstóla Evrópusambandsins.

⁽¹⁴⁰⁾ Lögbundið einkaleyfi er fyrir hendi þegar lög eða opinber fyrirmæli kveða á um að tilteknum þjónustuveitanda sé einum heimilt að annast tilteknar þjónustu á ákveðnu landsvæði (sem getur einnig verið afmarkaður hluti aðildarríkis), og skýrt bann er lagt við því að önnur fyrirtæki bjóði þá þjónustu (jafnvel þótt tilgangurinn sé að mæta eftirspurn tiltekinna hópa viðskiptamanna sem ekki er sinnt á annan hátt). Það eitt að tilteknu fyrirtæki hefur verið falið að annast almannaþjónustu er þó ekki næg ástæða til að álykta að það fyrirtæki starfi samkvæmt lögbundnu einkaleyfi.

- (d) Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu einnig tryggja að fjárveitingar vegna byggingar og/eða rekstrar mannvirkja í orkukerfinu geti ekki nýst til víxlniðurgreiðslna eða óbeinna niðurgreiðslna á kostnaði við aðra atvinnustarfsemi. Að því er varðar raforku- og gasmannvirki sjá 374. mgr..

4.9.2 *Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja*

376. Ákvæði þessa undirkafla (undirkafla 4.9) gilda um aðstoð vegna fjárfestinga til uppbyggingar eða endurbóta á orkumannvirkjum, samkvæmt skilgreiningu 36. tölul. 19. mgr. ⁽¹⁴¹⁾. Til styrkhæfra fjárfestinga teljast meðal annars stafvæðing, uppsetning snjallbúnaðar í orkumannvirkjum, t.d. í þeim tilgangi að undirbúa nýtingu orku sem er framleidd með endurnýjanlegum eða lítt kolefnislosandi orkugjöfum, og endurbætur til að auka viðnámsþol gegn loftslagsbreytingum. Rekstrarkostnaður skal að jafnaði greiddur af notendum kerfisins og því telst yfirleitt ekki þörf á aðstoð vegna þeirra útgjalda. Aðstoð vegna rekstrar mannvirkja getur þó talist samrýmanleg innri markaðnum í undantekningartilvikum, þ.e. ef stjórnvöld aðildarríkis sýna fram á að ekki sé unnt að fella rekstrarkostnaðinn á notendur kerfisins og rekstraraðstoðin tengist ekki óafturkræfum kostnaði heldur leiðir til breytinga á háttsemi sem stuðla að markmiðum á sviði afhendingaröryggis eða umhverfisverndar. Verkefnið verður metið samkvæmt ákvæðum þessa undirkafla nema það sé undanþegið eftirliti með ríkisaðstoð (sjá 374. og 375. mgr.).

377. Ákvæði undirkafla 4.9 gilda einnig, til 31. desember 2023, um orkugeyma sem eru tengdir flutnings- eða dreifilínum („frístandandi“ raforkugeyma ⁽¹⁴²⁾) óháð spennu ⁽¹⁴³⁾.

4.9.3 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*

4.9.3.1 *Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði*

378. Ákvæði undirkafla 3.2.1.1 og 3.2.1.2 gilda ekki um aðstoð vegna orkumannvirkja.

379. Ákvæði undirkafla 3.2.1.1 og 3.2.1.2 gilda ekki um aðstoð vegna orkumannvirkja. Orkumannvirki eru venjulega fjármögnuð með notendagjöldum. Í mörgum mannvirkjaflokkum eru slík gjöld háð opinberum reglum sem ætlað er að tryggja að nauðsynlegar fjárfestingar eigi sér stað jafnframt því sem gætt er að réttindum notenda og tryggt að gjöldin endurspeglí raunverulegan kostnað og séu ákveðin án afskipta ríkisins.

380. Ríkisaðstoð er ein þeirra leiða sem fara má til að vinna bug á markaðsbrestum sem ekki er unnt að bæta úr að fullu með lögboðnum gjaldskrá. Þegar sýna þarf fram á að ríkisaðstoðar sé þörf gildir þannig eftirfarandi:

- (a) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunamálum samkvæmt skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2013 og falla að öllu leyti undir löggjöf um innri orkumarkaðinn fylgi markaðsbrestir sem fólgnir eru í samhæfingarvanda og valda því að ekki er alltaf nægilegt að fjármagna verkefnið með notendagjöldum eingöngu, og því beri að heimila ríkisaðstoð vegna þeirra.
- (b) Þegar um ræðir verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunamálum og eru að hluta eða að fullu undanþegin löggjöf um innri orkumarkaðinn, svo og að því er varðar aðra mannvirkjaflokka, ræðst mat á því hvort ríkisaðstoðar er þörf af niðurstöðu athugunar í hverju einstöku máli. Eftirtalin atriði verða höfð til hliðsjónar í mati framkvæmdastjórnarinnar: i) Að hversu miklu leyti markaðsbrestur er ástæðan fyrir ófullnægjandi uppbyggingu nauðsynlegra mannvirkja. ii) Í hversu ríkum mæli þriðju aðilar geta nýtt sér mannvirkin og hversu ítarlegar gjaldskrárkvæðir hafa verið settar. iii) Í hversu ríkum mæli verkefnið stuðlar að afhendingaröryggi orku í Evrópusambandinu eða markmiðum sambandsins á sviði loftslagshlutleysis. Þegar um ræðir mannvirki sem teygja sig milli

⁽¹⁴¹⁾ Ákvæði þessa undirkafla gilda ekki um verkefni sem snúast um mannvirki til sérstakra nota og/eða önnur orkumannvirki sem tengjast starfsemi á sviði framleiðslu og/eða notkunar orku.

⁽¹⁴²⁾ Það er annarra orkugeyma en þeirra sem eru tengdir innan við orkumæli.

⁽¹⁴³⁾ Stuðningur til að annast geymslu orku getur einnig komið til mats samkvæmt undirköflum 4.1, 4.2, 4.3 og 4.8 eftir því sem við á. Orkugeymar sem flokkaðir eru sem verkefni sem varða sameiginlega hagsmuni – til samræmis við viðeigandi löggjöf um samevrópsk raforkunet – teljast orkumannvirki samkvæmt þessum undirkafla og stuðningur vegna þeirra kemur til mats samkvæmt undirkafla 4.9. Stuðningur vegna orkugeyma sem eru „í eigu eða undir stjórn“ flutningskerfisstjóra eða dreifikerfisstjóra, í samræmi við 54. gr. og/eða 36. gr. tilskipunar 944/2019, fellur einnig undir ákvæði undirkafla 4.9.

aðildarríkis sambandsins og ríkis utan þess, og verkefnið er ekki að finna á skrá um verkefni sem varða gagnkvæma hagsmuni, kann einnig að verða litið til annarra þátta við mat á því hvort verkefnið er samrýmanlegt reglum innri markaðarins ⁽¹⁴⁴⁾.

- (c) Þegar um ræðir orkugeyma kann framkvæmdastjórnin að krefja stjórnvöld aðildarríkisins um gögn því til stuðnings að fyrir hendi sé sérstakur markaðsbrestur að því er varðar uppbyggingu aðstöðu til að veita hliðstæða þjónustu.

4.9.3.2 Meðalhófs gætt við úthlutun aðstoðar

381. Mat á því hvort meðalhófs er gætt við úthlutun aðstoðar fer fram á grundvelli reglunnar um fjármögnunarahalla sem fjallað er um í 48., 51. og 52. mgr. Í tengslum við aðstoð vegna orkumannvirkja er gengið út frá því, eins og fram kemur í 52. mgr., að atvikarás án aðstoðar sé sú staða mála að fallið yrði frá verkefninu. Nauðsynlegt getur reynst að setja ákvæði sem heimila eftirlit með útgjöldum og endurheimt ofgreiddrar aðstoðar eftirá ef hætta er á óvæntum ágóða, t.d. þegar veitt aðstoð nálgast leyfilegt hámark, ásamt því að búa aðstoðarþegum áfram hvata til að halda útgjöldum sínum í lágmarki og auka smám saman hagkvæmni í rekstrinum.

4.9.4 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat

382. Ákvæði undirkafla 3.2.2 gilda ekki um orkumannvirki. Nálgun framkvæmdastjórnarinnar í greiningu á samkeppnisáhrifum ríkisaðstoðar sem úthlutað er vegna orkumannvirkja verður sem hér segir:
- (a) Með vísan til gildandi ákvæða í löggjöf um innri orkumarkaðinn, sem hafa það markmið að efla samkeppni, verður almennt litið svo á að aðstoð vegna orkumannvirkja sem falla að öllu leyti undir ákvæði þeirrar löggjafar hafi ekki óeðlilega mikil röskunaráhrif ⁽¹⁴⁵⁾.
- (b) Þegar um ræðir mannvirkjaframkvæmdir sem eru að hluta eða að fullu undanþegar löggjöf um innri orkumarkaðinn fer fram mat í hverju einstöku máli á hugsanlegum samkeppnisröskunum, einkum með hliðsjón af því hversu ríkan aðgang þriðju aðilar hafa að mannvirkjunum, hvort völ er á öðrum sambærilegum mannvirkjum, hvort hætta er á að einkafjárfestingum verði rutt til hliðar og hvernig samkeppnisstöðu aðstoðarþega er háttáð. Ef mannvirki eru að fullu undanþegin löggjöf um innri markaðinn eru samkeppnishamlandi áhrif aðstoðar litið sérstaklega alvarlegum augum.
- (c) Auk þess sem nefnt er í lið a) og b) er litið svo á að í tengslum við fjárfestingar á sviði mannvirkja fyrir jarðgas verði stjórnvöld aðildarríkjanna að sýna fram á að þær hafi eftirtalin jákvæð áhrif sem geti vegið upp neikvæð samkeppnisáhrif þeirra. i) Að mannvirkin séu þannig gerð að þau geti nú þegar tekið við vetni og að þau leiði til aukinnar notkunar á endurnýjanlegu gasi, eða á hinn bóginn hvaða ástæður standa í vegi fyrir því að hanna þau þannig að þau geti tekið við vetni og um leið að verkefnið verði ekki til þess að binda fyrirtæki við jarðgas sem eldsneyti. (ii) Að fjárfestingin stuðli að loftslagsmarkmiði Evrópusambandsins fyrir árið 2030 og markmiðinu um loftslags-hlutleysi árið 2050.
- (d) Þegar um ræðir stuðning vegna orkugeyma – og annarra mannvirkjaverkefna sem teljast verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunamálum eða verkefni sem varða gagnkvæma hagsmuni en falla ekki undir löggjöf um innri orkumarkaðinn – verður í matinu einkum hugað að hættunni á samkeppnisröskun á tengdum þjónustumörkuðum og á öðrum orkumörkuðum.

4.10 Aðstoð vegna framkvæmda við hita- og kæliveitur

⁽¹⁴⁴⁾ Í athugun framkvæmdastjórnarinnar verður einkum litið til þess hvort hlutaðeigandi ríki ut an sambandsins búa við löggjöf sem er í góðu samræmi við sambandslöggjöf og hvort þau styðja almenn markmið sambandsins á þessu sviði, einkum þau sem varða traustan innra orkumarkað, afhendingaröryggi raforku á grundvelli samstarfs og samstöðu þjóða, orkukerfi sem þróast í átt að minni kolefnislosun í samræmi við Parísarsamninginn og markmið Evrópusambandsins í loftslagsmálum, og að forðast kolefnisleka.

⁽¹⁴⁵⁾ Þegar um ræðir mannvirki sem teygja sig milli eins aðildarríkis sambandsins og eins eða fleiri ríkja utan þess: - Að því er varðar þann hluta mannvirkjanna sem er á yfirráðasvæði sambandsins verða verkefnið að samræmast ákvæðum tilskipana 2009/73/EB og (ESB) 2019/944. - Að því er varðar ríkið eða ríkin utan sambandsins verða verkefnið að lúta löggjöf sem er í góðu samræmi við sambandslöggjöf og styður almenn markmið sambandsins á þessu sviði, einkum þau sem varða traustan innra orkumarkað, afhendingaröryggi raforku á grundvelli samstarfs og samstöðu þjóða, orkukerfi sem þróast í átt að minni kolefnislosun í samræmi við Parísarsamninginn og markmið Evrópusambandsins í loftslagsmálum, ásamt því sérstaka markmiði að forðast kolefnisleka.

4.10.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

383. Framkvæmdir við hita- og kæliveitur geta haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bæta orkunýtni og auka sjálfbærni kerfisins sem aðstoðin rennur til. Í sérlægum um aðgerðir til að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa (tilskipun 2018/2001/ESB) er sérstaklega kveðið á um að stjórnvöld aðildarríkjanna skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til að byggja upp orkunýtnar hita- og kæliveitur til að stuðla að upphitun og kælingu með endurnýjanlegum orkugjöfum⁽¹⁴⁶⁾.
384. Umhverfisúthrif sem fylgja rekstri hita- og kæliveitna geta hins vegar leitt til óhagkvæmni á þann hátt að of litlir fjármunir renni til uppbyggingar og endurbóta á slíkum kerfum. Ríkisaðstoð getur komið að gagni við að bæta úr þessum markaðsbresti með því að fjölga þeim hagkvæmu fjárfestingarverkefnum sem ráðist er í eða með því að mæta tímabundinni aukningu rekstrarkostnaðar sem stafar af þörfinni á að kynna þann tilgang hitaveitukerfa að stuðla að umhverfisvernd.

4.10.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

385. Stuðningur sem takmarkast við dreifikerfi hitaveitna getur við vissar aðstæður talist falla utan ákvæða um eftirlit með ríkisaðstoð þar sem litið er á hann sem ráðstöfun á sviði mannvirkja sem hefur ekki áhrif á samkeppni og milliríkjavíðskipti. Þetta á einkum við um þau dreifikerfi hitaveitna sem eru rekin á sama hátt og önnur orkumannvirki, þ.e. með aðskilnaði frá varmavinnslu, ákvæðum um aðgang þriðju aðila og gjaldskrárvöðum.
386. Við þær aðstæður gilda sömu skilyrði og í 374. og 375. mgr. þegar dreifikerfi hitaveitna eru rekin þar sem náttúruleg einokun ríkir eða lögbundið einkaleyfi gildir, nema hvort tveggja eigi við⁽¹⁴⁷⁾.
387. Verkefnið verður metið samkvæmt ákvæðum þessa undirkafla nema það sé undanþegið eftirliti með ríkisaðstoð (sjá 385. mgr.⁽¹⁴⁸⁾).
388. Ákvæði þessa undirkafla gilda um aðstoð sem úthlutað er vegna byggingar, endurbóta eða rekstrar á orkuverum og orkugeymslustöðvum hita- og kæliveitna, á dreifikerfinu eða hvoru tveggja.
389. Slíkar ráðstafanir snúast venjulega um aðstoð vegna byggingar, endurbóta og rekstrar á orkuveri með það fyrir augum að nýta endurnýjanlega orku⁽¹⁴⁹⁾, glatvarma eða skilvirka samvinnslu, þar á meðal varmageymslulausnir, eða aðstoð vegna endurbóta á dreifikerfinu til að minnka tap og auka nýtni, meðal annars með snjallbúnaði og stafrænum lausnum⁽¹⁵⁰⁾. Aðstoð sem veitt er til að nýta úrgang til orkuvinnslu getur talist samrýmanleg innri markaðnum samkvæmt ákvæðum þessa undirkafla ef hún takmarkast annað hvort við úrgang sem samræmist skilgreiningunni á endurnýjanlegum orkugjöfum eða úrgang sem notaður er sem eldsneyti í stöðvum sem falla undir skilgreininguna á skilvirkri samvinnslu.

⁽¹⁴⁶⁾ Eftirfarandi ákvæði er að finna í 20. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001: „Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, ef slíkt á við, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til að koma upp orkunýtnum hita- og kæliveitum og greiða í þeim tilgangi fyrir uppbyggingu stórra orkuvera sem nýta lífmassa, sólarorku, umhverfisorku og jarðhita, svo og upphitun og kælingu með glatvarma og -kælingu“ [óstaðf. þýð.].

⁽¹⁴⁷⁾ Til að öruggt megi teljast að dreifikerfi sé í raun rekið með þeim hætti að það sé opið notendum í samræmi við ákvæði svonefndrar SEIP-orðsendingar (sjá undirkafla 4.3.3 í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um fjárfestingaráætlun fyrir sjálfbærni í Evrópu – viðauki við orðsendinguna um Grænan samfélagsáttmála – frá 14.1.2020, COM(2020) 21 lokag.) verða að jafnaði að vera fyrir hendi – hliðstætt reglum innra markaðarins á sviði orkumála, einkum að því er varðar gas og raforku – sérstakar reglur sem taka til fleiri þátta en „bókhaldslegrar aðgreiningar“ (og mæla þannig fyrir um aðgang þriðju aðila, aðgreiningu þjónustupátta og gjaldskrárvæðingum).

⁽¹⁴⁸⁾ Þó að stuðningur við dreifikerfi hitaveitna sé undanþeginn ákvæðum um ríkisaðstoð (með vissum skilyrðum) þar sem náttúruleg einokun ríkir eða lögbundið einkaleyfi gildir, nema hvort tveggja eigi við, gilda reglur um ríkisaðstoð áfram um allan stuðning vegna varmavinnslu hitaveitna.

⁽¹⁴⁹⁾ Það hlutfall orkunnar sem varmadælur skila frá sér sem telja ber endurnýjanlegt skal reiknað samkvæmt ákvæðum VII. viðauka með tilskipun 2018/2001/ESB. Ef rafmagn er notað getur öll sú orka talist fyllilega endurnýjanleg með hliðstæðum útreikningi og notaður er til að metaraforku fyllilega endurnýjanlega samkvæmt tilskipun 2018/2001/EB – og framseldri löggjöf – eða öðrum jafngildum aðferðum sem tryggja að öll raforka sem notuð er sé unnin með endurnýjanlegum orkugjöfum, að því tilskildu að endurnýjanleg orka sé ekki tvítalin og ekki komi til ofgreiðslu aðstoðar. Stuðningur vegna nýrra fjárfestinga eða endurbóta – eða rekstrar – má aldrei tengjast sambrennslustöðvum sem nota annað eldsneyti en endurnýjanlega orkugjafa eða glatvarma.

⁽¹⁵⁰⁾ Hitunar- og kælibúnaður, þar á meðal varmagemar, í húsnæði notenda, sbr. 138. mgr., getur einnig fallið undir þetta þegar hann er tengdur hita- eða kæliveitukerfi.

390. Ef aðstoð er úthlutað vegna endurbóta á hita- eða kæliveitukerfi án þess að viðmiðum um skilvirka hita- og kæliveitu sé fullnægt á þeim tíma⁽¹⁵¹⁾ skulu stjórnvöld aðildarríkisins skuldbinda sig til að tryggja að aðstoðarþegi hefji framkvæmdir til að ná þeim viðmiðum innan þriggja ára eftir að endurbótum lýkur.

4.10.3 Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði

391. Ákvæði undirkafla 3.2.1.1 og 3.2.1.2 gilda ekki um aðstoð vegna hita- og kæliveitna. Litið er svo á að ríkisaðstoð geti komið að gagni við að bæta úr markaðsbrestum með því að hleypa af stað þeim fjárfestingum sem nauðsynlegar eru til að ráðast megi í uppbyggingu, stækkun eða endurbætur á skilvirkum hita- og kæliveitukerfum.

392. Rekstrarkostnaður skal að jafnaði greiddur af notendum hitaveitna og því telst yfirleitt ekki þörf á aðstoð vegna þeirra útgjalda. Ef stjórnvöld aðildarríkis færa sönnur á að rekstrarkostnaður verði ekki felldur inn í verð til notenda án þess að grafa undan umhverfisvernd getur rekstraraðstoð vegna varmavinnslu talist samrýmanleg innri markaðnum að því tilskildu að auknum árangri í umhverfisvernd (valdi til dæmis minni losun koltvísýrings og annarra mengunarefna en aðrar upphitunaraðferðir⁽¹⁵²⁾). Dæmi um þetta er þegar þegar fyrirliggjandi gögn sýna að notendur hitaveitna (eða aðrir aðilar sem hafa enga atvinnustarfsemi með höndum) myndu skipta yfir í meira mengandi varmagjafa ef engin rekstraraðstoð væri veitt⁽¹⁵³⁾ eða að án slíks stuðnings væri hætt við að rekstrargrundvöllur hitaveitunnar brysti með þeim afleiðingum að meira mengandi upphitunaraðferðir tækju við. Að því er varðar aðstoð vegna rekstrar varmavinnslustöðva hitaveitna gilda ákvæði 122. og 126. mgr.

393. Auk þessa getur ríkisaðstoð vegna skilvirkra hita- og kæliveitukerfa sem nýta úrgang til varmavinnslu stuðlað að aukinni umhverfisvernd að því tilskildu að metakerfi úrgangs sé ekki sniðgengið⁽¹⁵⁴⁾.

4.10.4 Meðalhófs sé gætt við úthlutun aðstoðar

394. Mat á því hvort meðalhófs er gætt við úthlutun aðstoðar fer fram á grundvelli reglunnar um fjármögnunarahalla sem fjallað er um í 48., 51. og 52. mgr.

395. Þegar um ræðir byggingu, endurbætur og rekstur á dreifikerfum, sbr. 52. mgr., er atvikarás án aðstoðar sú staða mála að fallið yrði frá verkefninu.

4.10.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti og vægismat

396. Ákvæði undirkafla 3.2.2 gilda ekki um aðstoð vegna hita- og kæliveitna. Litið er svo á að aðstoð vegna endurbóta, byggingar eða rekstrar hita- og kæliveitna sem nota mest mengandi gerðir jarðefnaeldsneytis, svo sem kol, dísilolíu, brúnkol, olíu og dísilolíu, hamli samkeppni og milliríkjavíðskiptum svo mjög að hugsanlegur ávinningur geti tæpast vegið það upp nema öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

- (a) Aðstoðin takmarkist við fjárfestingar í dreifikerfinu.
- (b) Dreifikerfið sé þegar þannig úr garði gert að það megi nota til hitunar eða kælingar á grundvelli endurnýjanlegra orkugjafa, glatvarma eða kolefnishlutlausra orkugjafa.
- (c) Aðstoðin leiði ekki til aukinnar orkuvinnslu með mest mengandi tegundum jarðefnaeldsneytis (til dæmis á þann hátt að notendum kerfisins fjölgi)⁽¹⁵⁵⁾.

⁽¹⁵¹⁾ Sjá 41. tölul. 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.

⁽¹⁵²⁾ Í þessu tilliti þurfa stjórnvöld aðildarríkjanna einkum sýna fram á að hitaveitukerfin sem fá aðstoð hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að auka nýtni, draga úr losun koltvísýrings og annarra mengunarvalda og minnka kerfistap.

⁽¹⁵³⁾ Þeir notendur hitaveitna sem eru fyrirtæki sem hafa með höndum atvinnustarfsemi verðahvað sem öðru líður að bera óskertan hlut í hitunarkostnaði, það er að minnsta kosti jafngildi kostnaðar við ódýrustu hitun af öðru tagi, til að komast megi hjá samkeppnisröskun á öðrum mörkuðum.

⁽¹⁵⁴⁾ Þrepin í metakerfi úrgangs eru a) varnir gegn myndun úrgangs, b) undirbúningur endurnýtingar, c) endurvinnsla, d) önnur endurheimt, t.d. endurheimt orku, og e) förgun. Sjá 1. tölul. 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

⁽¹⁵⁵⁾ Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu færa sönnur á að ráðstafanir hafi verið gerðar til að bæta sjálfbærum varmagjöfum við kerfið til að geta sinnt auknum fjölda notenda.

- (d) Skýr áætlun hafi verið gerð um hvenær notkun mest mengandi tegunda jarðefnaeldsneytis verði hætt, með hliðsjón af loftslagsmarkmiði Evrópusambandsins fyrir árið 2030 og markmiðinu um loftslagshlutleysi árið 2050 ⁽¹⁵⁶⁾.

397. Að því er varðar byggingu, endurbætur eða rekstur á varmavinnslustöðvum hitaveitna geta ráðstafanir sem ýta undir nýjar fjárfestingar í orkuverum sem brenna jarðgasi, eða rekstur slíkra orkuvera, dregið úr losun gróðurhúsagasa til skamms tíma litið en valdið meiri neikvæðum umhverfisúthrifum en önnur hugsanleg fjárfestingarverkefni, eða í samanburði við atvikarás án aðstoðar, þegar til lengri tíma er litið. Til að slíkar fjárfestingar í nýtingu jarðgass, eða rekstur slíkra stöðva, geti talist hafa jákvæð umhverfisáhrif skulu stjórnvöld aðildarríkjanna skýra hvernig þau hyggjast tryggja að fjárfestingin stuðli að loftslagsmarkmiði Evrópusambandsins fyrir árið 2030 og markmiðinu um loftslagshlutleysi árið 2050, og þó einkum hvernig komið verður í veg fyrir að fjárfestingin bindi fyrirtæki við orkuvinnslu með jarðgasi eða ryðji til hlíðar fjárfestingum í minna mengandi tæknilausnum sem þegar eru á markaði, og standi þannig í vegi fyrir þróun minna mengandi lausna og notkun þeirra. Það má gera, svo dæmi sé tekið, með vísan til bindandi skuldbindinga aðstoðarþega um að taka í notkun tæknilausnir á borð við föngun og bindingu eða föngun og nýtingu kolefnis, láta jarðgas víkja fyrir endurnýjanlegu eða lítt kolefnislosandi gasi eða leggja iðjuverið niður innan tímamarka sem samræmast loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins.
398. Í tengslum við greiningu framkvæmdastjórnarinnar á samkeppnisáhrifum ríkisaðstoðar sem úthlutað er vegna hita- og kæliveitukerfa verður unnið vægismat þar sem ávinningur af verkefninu þegar litið er til orkunýtni og sjálfbærni ⁽¹⁵⁷⁾ er borinn saman við hamlandi áhrif þess á samkeppni, einkum hugsanleg neikvæð áhrif á aðrar tæknilausnir sem hugsanlegt væri að nota og seljendur þjónustu og búnaðar á sviði hita- og kælitækni. Í því tilliti verður horft til þess hvort hitaveitukerfið er eða gæti verið opið þriðju aðilum ⁽¹⁵⁸⁾ og hvort unnt væri að taka upp annars konar, og sjálfbær, hitunarkerfi ⁽¹⁵⁹⁾.

4.11 Aðstoð sem fólgin er í afslætti af raforkugjöldum stórnotenda raforku

4.11.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

399. Fjármuna til að koma í kring breytingum á hagkerfi Evrópusambandsins til samræmis við orðsendinguna um Grænan samfélagsáttmála Evrópu er aflað að hluta til með gjöldum á raforkunotkun. Til að Grænn samfélagsáttmáli komist í kring verða stjórnvöld aðildarríkjanna að móta metnaðarfulla stefnu um minni notkun kolvetnaeldsneytis til að draga megi verulega úr losun gróðurhúsagasa í sambandinu fyrir árið 2030 og loftslagshlutleysi verði náð árið 2050. Í því tilliti er sennilegt að stjórnvöld aðildarríkjanna haldi áfram að fjármagna slíka stefnu með gjöldum og því er hugsanlegt að til hækunar komi á þeim gjöldum. Þótt stuðningur til að draga úr kolefnislosun sé fjármagnaður með gjöldum beinist sú ráðstöfun sem slík ekki að því að draga úr neikvæðum úthrifum. Gjöld af því tagi eru því ekki umhverfsgjöld með tilliti til þessara leiðbeinandi reglna og ákvæði undirkafla 4.7.1 gilda ekki um þau.
400. Í vissum greinum atvinnulífsins sem eru einkar háðar milliríkjavíðskiptum og treysta mjög á raforku til virðissköpunar getur sú kvöð að greiða án afsláttar gjöld á raforkunotkun sem lögð eru á til að fjármagna stefnumið á sviði orku- og umhverfismála aukið hættuna á að starfsemi í þeim greinum flytjist frá Evrópusambandinu til staða þar sem engar reglur gilda um umhverfisvernd eða minni kröfur eru gerðar á því sviði. Við það bætist að gjöld af þessu tagi hækka raforkuverð sem hlutfall af kostnaði vegna beinnar losunar sem hlýst af því að nota aðra orkugjafa og þau geta því haft letjandi áhrif á rafvæðingu iðnframleiðslu, en hún er sjálfur kjarninn í þeirri viðleitni að draga úr kolefnislosun í hagkerfi sambandsins. Til að draga úr þessari hættu og vinna gegn neikvæðum umhverfisáhrifum er stjórnvöldum aðildarríkjanna heimilt að veita fyrirtækjum í þeim greinum atvinnulífsins sem hér um ræðir afslátt af þessum gjöldum.
401. Í þessum undirkafla er rakið hvaða viðmiðum verður beitt í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort afsláttur sem vissum stórnotendum raforku er veittur af raforkugjöldum greiðir fyrir þróun tiltekinnar atvinnustarfsemi, hefur hvatningaráhrif, er nauðsynlegur, heppilegur og í samræmi

⁽¹⁵⁶⁾ Stjórnvöld aðildarríkjanna geta til dæmis lagt fram gögn því til stuðnings að hitaveitukerfin sem um ræðir falli annað hvort undir landsáætlun eða svæðisáætlun um að draga úr kolefnislosun eða samþættar orku- og loftslagsáætlanir ríkja sem gerðar eru í samræmi við I. viðauka með reglugerð (ESB) 2018/1999 um nauðsyn þess að byggja upp ný hita- og kæliveitukerfi sem nýta endurnýjanlega orkugjafa til að vinna að því markmiði sambandsins sem sett er í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 og takast á hendur skuldbindingar um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í samræmi við áfanga- og lokamarkmið um loftslagshlutleysi árið 2050.

⁽¹⁵⁷⁾ Með vísan til þess að kerfin komi að gagni við að milda áhrif loftslagsbreytinga, en það er skilgreint umhverfismarkmið samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852, ef engar augljósar vísbendingar eru um brot gegn reglunni um að valda ekki verulegum skaða.

⁽¹⁵⁸⁾ Sjá einnig 24. gr. tilskipunar 2018/2001/ESB.

⁽¹⁵⁹⁾ Sjá einnig 5. mgr. 18. gr. og 24. gr. tilskipunar 2018/2001/ESB.

við meðalhóf, og hver samkeppnisáhrif hans eru. Viðmið 3. kafla um hvenær aðstoð telst samrýmanleg innri markaðnum gilda aðeins að því marki sem engar sérreglur um það er að finna í undirkafla 4.11.

402. Framkvæmdastjórnin hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að finna hvaða greinar atvinnulífsins eru viðkvæmastar fyrir hættunni sem nefnd er í 400. mgr. og sett skilyrði fyrir því að meðalhófs teljist hafa verið gætt sem byggjast á því að verði afslátturinn of mikill eða sé hann veittur of mörgum raforkunotendum getur það þrengt að heildarfjárveitingum til stuðnings orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum og leitt til afar mikillar röskunar á samkeppni og milliríkjavíðskiptum.

4.11.2 *Gjöldssvið: Gjöld sem heimilt er að veita afslátt af*

403. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er heimilt að veita afslátt af gjöldum á raforkunotkun sem lögð eru á til að fjármagna stefnumið á sviði orku- og umhverfismála. Átt er við gjöld sem lögð eru á til að standa straum af stuðningi vegna notkunar endurnýjanlegra orkugjafa eða samvinnslu varma og raforku og gjöld sem lögð eru á til að standa straum af niðurgreiðslu gjalda af félagslegum ástæðum eða orkuverðs á afskekktum svæðum. Ákvæði undirkafla 4.11 gilda ekki um gjöld sem endurspeglar hluta kostnaðar við að koma rafmagni til hlutaðeigandi aðstoðarþega. Undanþágur frá tengigjöldum eða gjöldum sem lögð eru á til að standa straum af kerfum til að tryggja framboð á afli og þjónustu falla til að mynda ekki undir ákvæði þessa undirkafla. Gjöld sem lögð eru á notkun annarrar orku, einkum jarðgass, falla ekki heldur undir ákvæði undirkaflans.

404. Staðarval fyrirtækja og neikvæð umhverfisáhrif vegna þess er háð samanlögðum fjárhagslegum áhrifum gjalda sem veita má afslátt af. Ef stjórnvöld aðildarríkjanna hyggjast gera ráðstafanir sem koma til mats samkvæmt þessum undirkafla skulu þau því fella allan slíkan afslátt inn í eitt kerfi og láta framkvæmdastjórninni í té, þegar ráðstöfunin er tilkynnt, upplýsingar um heildaráhrif allra gjalda sem um ræðir og allan fyrirhugaðan afslátt. Verði ákveðið síðar að taka upp enn frekari afslátt af gjöldum sem falla undir ákvæði þessa undirkafla skulu stjórnvöld aðildarríkisins senda inn tilkynningu um breytingu á kerfinu sem er í gildi.

4.11.3 *Samkeppni og milliríkjavíðskiptum sé raskað sem minnst*

4.11.3.1 *Styrkhæfi*

405. Að því varðar gjöld sem falla undir ákvæði undirkafla 4.11.2 ræðst hættan á að starfsemi í tiltekinni grein flytjist frá Evrópusambandinu til staða þar sem engar reglur gilda um umhverfisvernd eða minni kröfur eru gerðar á því sviði fyrst og fremst af því hversu háð greinin er raforkunotkun og milliríkjavíðskiptum. Af þeim sökum er aðeins heimilt að veita aðstoð fyrirtækjum í:

- (a) greinum sem veruleg hætta steðjar að, þ.e. greinum þar sem margföldun hlutfalls milliríkjavíðskipta og hlutfalls raforkunotkunar samsvarar að minnsta kosti 2% í Evrópusambandinu í heild og þar sem hlutfall milliríkjavíðskipta og hlutfall raforkunotkunar er að minnsta kosti 5% hvort um sig í Evrópusambandinu í heild,
- (b) greinum sem hætta steðjar að, þ.e. greinum þar sem margföldun hlutfalls milliríkjavíðskipta og hlutfalls raforkunotkunar samsvarar að minnsta kosti 0,6% í Evrópusambandinu í heild og þar sem hlutfall milliríkjavíðskipta og hlutfall raforkunotkunar er að minnsta kosti 4% annars vegar og 5% hins vegar í Evrópusambandinu í heild.

Greinar sem fullnægja þessum styrkhæfisviðmiðum eru taldar upp í I. viðauka.

406. Þó að grein eða undirgrein⁽¹⁶⁰⁾ sé ekki talin upp í I. viðauka getur hún talist styrkhæf að því tilskildu að hún fullnægi styrkhæfisviðmiðum 405. mgr. og að stjórnvöld aðildarríkjanna færi sönnur á það með gögnum sem sýna stöðu greinarinnar eða undirgreinarinnar í sambandinu í heild⁽¹⁶¹⁾; gögnin skulu hafa hlotið vottun óvilhalls sérfræðings og ná til samfellds tímabils sem er að minnsta kosti þrjú ár og hefst eigi fyrr en 2013.

⁽¹⁶⁰⁾ Samkvæmt skilgreiningu atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna („NACE, 2. endursk.“) allt niður í kóðun með átta tölustöfum (þ.e. sem samsvarar skiptingu í vöruskrá sambandsins, „PRODCOM“).

⁽¹⁶¹⁾ Til dæmis gögnum sem taka til verulegs hlutfalls af heildarvinnsluvirði viðkomandi greinar eða undirgreinar í Evrópusambandinu í heild.

407. Sé sú leið farin að styðja einvörðungu tiltekinn hluta styrkhæfra fyrirtækja, eða veita styrkhæfum fyrirtækjum í sama flokki samkvæmt annað hvort stafl. a) eða stafl. b) í 405. mgr. mismikinn afslátt, skulu stjórnvöld aðildarríkisins sýna að sú ákvörðun hafi verið tekin samkvæmt málefnaegum og gagnsæjum sjónarmiðum og þannig að jafnræðis væri gætt og að aðstoð sé að jafnaði úthlutað á sama hátt til allra styrkhæfra fyrirtækja sem starfrækt eru í sömu grein atvinnulífsins og búa við sambærilegar aðstæður.

4.11.3.2 Meðalhófs sé gætt við úthlutun aðstoðar

408. Litið verður svo á að meðalhófs hafi verið gætt ef aðstoðarþegar í greinum sem fullnægja skilgreiningu stafl. a) eða b) í 405. mgr. greiða að minnsta kosti 15% annars vegar og 25% hins vegar af kostnaði vegna raforkugjalda sem aðildarríkið fellir undir kerfi sitt. Framkvæmdastjórnin lítur einnig svo á að til að meðalhófs teljist vera gætt megi afsláttur ekki leiða til þess að gjaldið verði lægra en 0,5 EUR/MWh.

409. Framlag fyrirtækjanna sjálfra samkvæmt 408. mgr. getur þó orðið herra en svo að viðkvæmstu fyrirtækin geti staðið undir því. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er því heimilt að fara í staðinn þá leið að takmarka kostnaðarauka vegna raforkugjalda við 0,5% af heildarvinnsluvirði fyrirtækja í greinum sem falla undir stafl. a) í 405. mgr. og 1% af heildarvinnsluvirði fyrirtækja í greinum sem falla undir stafl. b) í 405. mgr. Framkvæmdastjórnin lítur einnig svo á að til að meðalhófs teljist vera gætt megi afsláttur ekki leiða til þess að gjaldið verði lægra en 0,5 EUR/MWh.

410. Litið verður svo á að meðalhófs hafi verið gætt ef herra aðstoðarhlufall samkvæmt 408. og 409. mgr. er látið gilda um fyrirtæki í greinum sem falla undir stafl. b) í 405. mgr., að því tilskildu að þau fyrirtæki dragi úr kolefnislosun vegna raforkunotkunar sinnar. Í því skyni skulu kolefnislausir orkugjafir vera að baki að minnsta kosti 50% raforkunnar sem aðstoðarþegar kaupa, og þar af skulu að minnsta kosti 10% vera háð framvirkum samningi á borð við raforkukaupasamning eða að minnsta kosti 5% koma frá orkuvinnslu á eða nálægt starfstöð.

411. Að því er varðar ákvæði 409. mgr. er heildarvinnsluvirði fyrirtækis skilgreint sem heildarvinnsluvirði á þáttaverði, en það er heildarvinnsluvirði á markaðsverði að frádregnum óbeinum sköttum og að viðbættum opinberum styrkjum. Heildarvinnsluvirði á þáttaverði má reikna sem veltu að viðbættu eignfærðu framleiðsluvirði, að viðbættum öðrum rekstrartekjum, að viðbættum eða frádregnum birgðabreytingum, að frádregnum kaupum á vörum og þjónustu⁽¹⁶²⁾, að frádregnum öðrum sköttum á vörur sem eru veltutengdir en ekki frádráttarbærir, að frádregnum framleiðslutengdum gjöldum og sköttum. Heildarvinnsluvirði á þáttaverði má einnig reikna sem vergan rekstrarafgang að viðbættum starfsmannakostnaði. Tekjur og gjöld sem flokkuð eru sem fjármunatengdar eða óreglulegar tekjur eða gjöld í bókhaldi fyrirtækis teljast ekki til vinnsluvirðis. Vinnsluvirði á þáttaverði er reiknað á vergum grunni, þ.e. virðisbreytingar (til að mynda afskriftir) dragast ekki frá⁽¹⁶³⁾.

412. Að því er varðar ákvæði 411. mgr. verður notað hreint meðaltal síðustu þriggja ára sem gögn liggja fyrir um.

4.11.3.3 Tegund ríkisaðstoðar

413. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta ákveðið að aðstoð skuli vera fólgin í lækkun gjalda, fastri árlegri greiðslu (endurgreiðslu) eða einhverri blöndu af þessu tvennu⁽¹⁶⁴⁾. Ef aðstoðin er fólgin í lækkun gjalda skal komið á fót skipulegu eftirliti til að tryggja að ofgreidd aðstoð, ef einhver er, sé endurgreidd eigi síðar en 1. júlí eftirfarandi árs. Ef aðstoðin er fólgin í endurgreiðslu skal hún reiknuð á grundvelli mælinga á raforkunotkun, og eftir því sem við á einnig á grundvelli heildarvinnsluvirðis tímabilsins sem gjöldin sem um ræðir voru lögð á.

4.11.3.4 Orkuúttekt og stjórnunarkerfi

⁽¹⁶²⁾ Hugtakið „vörur og þjónusta“ tekur ekki til starfsmannakostnaðar.

⁽¹⁶³⁾ Kóði 12 15 0 samkvæmt lögjöfinni sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (Stjtíð. EB L 014, 17.1.1997, bls. 1).

⁽¹⁶⁴⁾ Fastar árlegar greiðslur (endurgreiðslur) hafa þann kost að fyrirtækin sem njóta aðstoðarinnar búa öll við sömu hækkun á jaðarkostnaði raforku (þ.e. sömu hækkun á raforkuverði fyrir hverja MWh sem við bætist), en þannig er dregið úr hættunni á samkeppnisröskun innan greinarinnar.

414. Að því er varðar aðstoð sem úthlutað er í samræmi við ákvæði undirkafla 4.11 skulu stjórnvöld aðildarríkisins skuldbinda sig til að sannreyna að aðstoðarþegi fullnægi þeirri skyldu að annast orkuúttekt í skilningi 8. gr. tilskipunar 2012/27/ESB. Úttektin getur annað hvort farið fram sem sjálfstæð úttekt eða á grundvelli vottaðs orkustjórnunar- eða umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við 8. gr. orkunýtnitilskipunarinnar.
415. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu einnig skuldbinda sig til að sannreyna að aðstoðarþegar sem eiga að annast orkuúttekt í skilningi 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 2012/27/ESB geri eitt eða fleira af eftirtöldu:
- (a) Fylgi ráðleggingum í orkuúttektarskýrslunni ef endurgreiðslutími vegna fjárfestinganna sem um ræðir er skemmri en þrjú ár og fjárfestingarkostnaðurinn í samræmi við meðalhóf.
 - (b) Dragi úr kolefnislosun vegna raforkunotkunar sinnar þannig að kolefnislausir orkugjafar séu að baki að minnsta kosti 30% notkunarinnar.
 - (c) Verji verulegum hluta af að minnsta kosti 50% aðstoðarfjárhæðarinnar til verkefna sem leiða til þess að losun gróðurhúsagasa frá stöðinni minnkar umtalsvert; sú fjárfesting skal, eftir því sem við á, leiða til þess að losunin verði talsvert undir gildandi viðmiðum fyrir úthlutun heimilda án endurgjalds í viðskiptakerfi Evrópusambandsins fyrir losunarheimildir.
- 4.11.3.5 Reglur til bráðabirgða
416. Til að ekki verði skyndilegar breytingar á gjaldabýrði einstakra fyrirtækja sem fullnægja ekki styrkhæfisskilyrðum samkvæmt undirkafla 4.11 er stjórnvöldum aðildarríkjanna heimilt að setja reglur sem gilda til bráðabirgða fyrir þau fyrirtæki. Bráðabirgðareglur af því tagi skulu takmarkast við fyrirtæki sem fullnægja báðum eftirtöldum viðmiðum.
- (a) Þau hafi hlotið, að minnsta kosti annað af síðustu tveimur árum áður en breytingar eru gerðar í samræmi við stafl. a) í 468. mgr., aðstoð sem fólgin var í afslætti af gjöldum samkvæmt innlendri aðstoðaráætlun sem lýst hafði verið samrýmanleg innri markaðnum á grundvelli ákvæða undirkafla 3.7.2 í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020 ⁽¹⁶⁵⁾.
 - (b) Þau hafi fullnægt, þegar aðstoð var úthlutað í samræmi við ákvæði stafl. a) í 416. mgr., styrkhæfisviðmiðum samkvæmt undirkafla 3.7.2 í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020.
417. Um bráðabirgðareglur af þessu tagi gildir að skilyrðin sem leiðir af beitingu styrkhæfis- og samrýmanleikaviðmiða undirkafla 4.11 verða að breytast í áföngum og þannig að þær breytingar séu afstaðnar árið 2028 í samræmi við eftirfarandi:
- (a) Að því er varðar gjöld sem lögð eru á vegna áranna fram til 2026 greiði hvert fyrirtæki sem um ræðir að minnsta kosti 35% kostnaðar vegna raforkugjalda sem aðildarríki fellir undir kerfi sitt eða fjárhæð sem samsvarar 1,5% af heildarvinnsluvirði fyrirtækisins.
 - (b) Að því er varðar gjöld sem lögð eru á vegna ársins 2027 greiði hvert fyrirtæki sem um ræðir að minnsta kosti 55% kostnaðar vegna raforkugjalda sem aðildarríki fellir undir kerfi sitt eða fjárhæð sem samsvarar 2,5% af heildarvinnsluvirði fyrirtækisins.
 - (c) Að því er varðar gjöld sem lögð eru á vegna ársins 2028 greiði hvert fyrirtæki sem um ræðir að minnsta kosti 80% kostnaðar vegna raforkugjalda sem aðildarríki fellir undir kerfi sitt eða fjárhæð sem samsvarar 3,5% af heildarvinnsluvirði fyrirtækisins.
418. Í bráðabirgðareglunum má setja það ákvæði að aðstoðarhlutföll samkvæmt stafl. a) í 417. mgr. skuli gilda allan gildistíma regnanna, að því tilskildu að fyrirtækin sem um ræðir dragi úr kolefnislosun vegna raforkunotkunar sinnar. Í því skyni skulu kolefnislausir orkugjafar vera að baki að minnsta kosti 50% raforkunnar sem aðstoðarþegar kaupa, og þar af skulu að minnsta kosti 10% vera háð framvirkum samningi á borð við raforkukaupasamning eða að minnsta kosti 5% koma frá orkuvinnslu á eða nálægt starfstöð.

⁽¹⁶⁵⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020 (Stjtið. ESB C 200, 28.6.2014).

419. Litið er svo á að aðstoð sem hefur ekki verið tilkynnt en er fólgin í afslætti sem vissum stórnótendum raforku hefur verið veittur af raforkugjöldum áður en þessar leiðbeinandi reglur voru birtar geti talist samrýmanleg innri markaðnum þegar báðum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- (a) Aðstoðin hafi verið nauðsynleg til að greiða fyrir þróun atvinnustarfsemi á vegum aðstoðarþega.
- (b) Samkeppnisröskun hafi ekki verið óeðlilega mikil.

4.12 Aðstoð vegna lokunar orkuvera sem brenna kolum, mó eða leirsteinsolíu og námarekstrar sem tengist vinnslu kola, mós eða leirsteinsolíu

420. Ráðstafanir til að hætta orkuvinnslu með kolum, mó og leirsteinsolíu eru einn mikilvægasti þátturinn í þeirri viðleitni að draga úr kolefnislosun orkugeirans í Evrópusambandinu. Í undirkjöflum 4.12.1 og 4.12.2 kemur fram samkvæmt hvaða reglum aðstoðarráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær varða tvenns konar aðstoð sem stjórnvöld aðildarríkjanna geta veitt til að styðja lokun orkuvera sem brenna kolum (annað hvort steinkolum og brúnkolum), mó eða leirsteinsolíu og námarekstrar sem tengist slíku eldsneyti (báðar tegundir starfsemi hér nefndar „kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi“).

421. Í undirkjöflum 4.12.1 og 4.12.2 er rakið hvaða viðmiðum verður beitt í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort slíkar ráðstafanir teljast hafa hvatningaráhrif, eru nauðsynlegar, heppilegar og í samræmi við meðalhóf, og hver samkeppnisáhrif þeirra eru. Viðmið 3. kafla um hvenær aðstoð telst samrýmanleg innri markaðnum gilda aðeins að því marki sem engar sérreglur um það er að finna í undirkjöflum 4.12.1 og 4.12.2.

422. Sérstakir erfiðleikar tengjast því að ná fram hröðum orkuskiptum í aðildarríkjum þar sem þjóðartekjur á íbúa eru lágar. Til að styðja græn umskipti á svæðunum sem minnkandi notkun mest mengandi orkugjafanna bitnar mest á getur reynst nauðsynlegt fyrir stjórnvöld aðildarríkjanna að sjá til þess að samhlíða því að kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi er lögð niður sé ráðist í fjárfestingar í umhverfishæfari orkuvinnslu, til að mynda með jarðgasi. Allt til 31. desember 2023 getur framkvæmdastjórnin ákveðið að mat á slíkum fjárfestingum í aðildarríkjum þar sem verg landsframleiðsla á íbúa að raunvirði á markaðsverði í EUR nam 35% eða minna af meðaltali Evrópusambandsins árið 2019 skuli byggt á öðrum viðmiðum en kveðið er á um í þessum leiðbeinandi reglum. Verkefni sem falla undir ákvæði þessa liðar verða að:

- (a) fela í sér að samtímis því að komið er upp nýrri orkuvinnslu með fjárfestingunni séu lögð niður, eigi síðar en árið 2026, orkuver sem brenna kolum, mó eða leirsteinsolíu og hafa að minnsta kosti sömu vinnslugetu og nýju orkuverin,
- (b) tengjast aðildarríkjum þar sem ekki hefur verið komið upp kerfi til að tryggja framboð á affli og þjónustu og stjórnvöld skuldbinda sig til að gera þær markaðsumbætur sem þörf er á til að tryggja afhendingaröryggi raforku á komandi árum án þess að grípa þurfi til ráðstafana til stuðnings einstökum fyrirtækjum og
- (c) vera þáttur í trúverðugri og metnaðarfullri áætlun um að draga úr kolefnislosun sem meðal annars felur í sér að koma í veg fyrir að til verði verðlausar eignir, með vísan til gildandi markmiða fyrir árin 2030 og 2050 (sbr. 129. mgr.).

4.12.1 Aðstoð til að hætta arðbærri kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi fyrr en áætlað var

4.12.1.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð

423. Hreyfingin í þá átt að leggja niður kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi byggist að miklu leyti á opinberum reglum, markaðsþáttum á borð við áhrif kolefnislosunarkvóta og samkeppni frá endurnýjanlegum orkugjöfum með lítinn jaðarkostnað.

424. Stjórnvöld aðildarríkjanna geta þó ákveðið að flýta þessum markaðsdrifnu umskiptum með því að banna orkuvinnslu með eldsneyti af þessu tagi að tilteknum tíma liðnum. Með slíku banni geta skapast aðstæður þar sem hætta verður arðbærri kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi áður en fyrirhuguðum rekstartíma lýkur með þeim afleiðingum að fyrirtækin verða af hagnaði. Stjórnvöldum aðildarríkjanna kann að þykja ráðlegt að semja við fyrirtæki um bætur vegna þessa án málarekstrar til að tryggja réttarvissu og fyrirsjáanleika og greiða þannig fyrir grænum umskiptum.

4.12.1.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

425. Í þessum undirkafla kemur fram samkvæmt hvaða reglum ráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær eru gerðar til að flýta því að arðbær kola-, mó- og leirsteinsölu- starfsemi verði lögð niður. Bætur af þessu tagi yrðu almennt reiknaðar á grundvelli hagnaðarins sem fyrirtækin verða af vegna lokunar starfseminnar fyrir en áætlað var. Þær geta einnig tekið til kostnaðarauka fyrirtækjanna, til dæmis aukinna almannatrygginga- eða umhverfisgjalda, ef sá kostnaður er bein afleiðing þess að arðbær starfsemi er lögð niður fyrir en áætlað var. Undir slíkan kostnaðarauka getur ekki fallið kostnaður sem einnig hefði fallið til þótt engin aðstoð hefði verið veitt.

426. Ráðstafanir sem falla undir ákvæði þessa undirkafla geta greitt fyrir uppbyggingu tiltekinnar atvinnustarfsemi eða tiltekinnar atvinnusvæða. Þær geta til dæmis skapað svigrúm til uppbyggingar nýrrar orkuvinnslu í samræmi við markmið Græns samfélagsáttmála til að bæta upp samdrátt vinnslugetu þegar orkuverum er lokað fyrir en áætlað var. Ef engar ráðstafanir eru gerðar er hætt við að slík uppbygging eigi sér ekki stað í sama mæli. Fyrirsjáanleiki og réttarvissa sem slíkar ráðstafanir hafa í för með sér geta greitt fyrir því að kola-, mó- og leirsteinsölu- starfsemi sé lögð niður á skipulegan hátt.

4.12.1.3 Hvatningaráhrif

427. Ráðstöfunin verður að koma í kring breytingum á háttsemi fyrirtækjanna sem leggja niður kola-, mó- og leirsteinsölu- starfsemi áður en fyrirhuguðum rekstrartíma lýkur. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort þetta gerist verður atvikarás með aðstoð (þ.e. áhrif ráðstöfunarinnar) borin saman við atvikarás án aðstoðar (þ.e. þá stöðu mála að engin ráðstöfun sé gerð). Ráðstöfunin má ekki verða til þess að farið sé á svig við reglur sem gilda um ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi.

4.12.1.4 Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði

428. Litið er svo á að ráðstöfun sé nauðsynleg ef stjórnvöld aðildarríkisins geta fært sönnur á að hún beinist að aðstæðum þar sem hún getur leitt til verulegra umbóta sem ekki nást fram fyrir tilstuðlan markaðsaflanna einna. Það getur til dæmis gerst með því að orkuvinnsla með kolum, mó og leirsteinsölu sé lögð niður og þannig sé stuðlað að uppbyggingu orkuvinnslu með öðrum orkugjöfum sem ekki myndi eiga sér stað í sama mæli án ráðstöfunarinnar. Í því tilliti getur framkvæmdastjórnin einnig horft til þess hvort sambærilegur samdráttur koltvísýringslosunar hefði náðst fram fyrir tilstuðlan markaðarins sjálfs án ráðstöfunarinnar eða hvort ráðstöfunin stuðlar verulega að réttarvissu og fyrirsjáanleika sem ekki hefði verið fyrir hendi að öðrum kosti, og greiði þannig fyrir grænum umskiptum.

429. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu einnig færa sönnur á að fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun sé heppilegt stjórnæki til að ná settu markmiði, en það merkir að sama árangri verður ekki náð með öðrum stjórnækjum og aðstoðarúrræðum sem valda minni röskun. Það á til dæmis við ef ráðstöfunin hentar vel til að stuðla að uppbyggingu orkuvinnslu með öðrum orkugjöfum, án þess að raska um of eðlilegri starfsemi markaða og atvinnuástandi, og til að tryggja að lokunin sé fyrirsjáanleg jafnframt því að stuðla að markmiðum um minni losun koltvísýrings.

4.12.1.5 Meðalhóf

430. Aðstoð ber almennt að úthluta að undangengnu samkeppnisútboði sem haldið er í samræmi við skýr og gagnsæ sjónarmið og þannig að jafnræðis sé gætt, í samræmi við ákvæði undirkafla 3.2.1.3⁽¹⁶⁶⁾. Þessi áskilnaður gildir ekki ef stjórnvöld aðildarríkisins geta gert grein fyrir hlutlægum ástæðum sem valda því að samkeppni yrði að líkindum ekki nægileg í slíku útboði. Dæmi um það er þegar þegar hugsanlegur heildarfjöldi bjóðenda er lítill, að því tilskildu að orsök þess sé ekki að styrkhæfisviðmið stríði gegn jafnræðissjónarmiðum.

431. Ef aðstoð er úthlutað að undangengnu samkeppnisútboði gengur framkvæmdastjórnin út frá því að meðalhófs hafi verið gætt og að aðstoðin sé ekki meiri en nauðsynlegt getur talist.

⁽¹⁶⁶⁾ Áskilnaður 50. mgr. um 30% hlutfall viðmiða gildir ekki um útboð sem haldin eru í samræmi við ákvæði undirkafla 4.12. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er heimilt að horfa til annarra viðmiða að auki, svo sem umhverfisávinning sem stefnt er að.

432. Ef samkeppnisútbod er ekki haldið verður gengið úr skugga um það í hverju máli um sig hvort meðalhófs hafi verið gætt til að staðfesta að greiddar bætur séu ekki hærri en nauðsynlegt getur talist. Í því tilliti verða forsendurnar sem stjórnvöld aðildarríkisins notuðu til að ákvarða hagnaðinn sem fyrirtæki verða af og kostnaðarauka þeirra, sem hvort tveggja var lagt til grundvallar við útreikning bóta vegna atvinnustarfsemi sem lögð var niður fyrr en áætlað var, teknar til ítarlegrar greiningar með því að bera saman áætlaðan hagnað í atvikarás með og án hagnaðar. Atvikarás án aðstoðar skal byggð á vel rökstuddum forsendum og raunhæfum ályktunum um markaðsþróun og endurspeglar áætlaðar tekjur og útgjöld hverrar rekstrareiningar sem um ræðir, auk þess sem hafa ber hliðsjón af beinum rekstrartengslum sem kunna að vera fyrir hendi milli eininganna.
433. Ef kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi er lögð niður meira en þremur árum eftir að ákvörðun um bætur var tekin skulu stjórnvöld aðildarríkisins setja ákvæði um endurútreikning bótanna á grundvelli nýrra forsendna, nema þau geti sýnt að slíkur endurútreikningur eigi ekki rétt á sér vegna óvenjulegra aðstæðna í málinu sem um ræðir.
- 4.12.1.6 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjavíðskipti
434. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu gera grein fyrir væntanlegum umhverfisávinningi af ráðstöfuninni og áætla hversu mikill hann verður, eftir því sem unnt er með því að tilgreina hann sem fjárhæð aðstoðar fyrir hvert tonn koltvísýringsgildis sem ekki er losað út í andrúmsloftið. Jafnframt verður litið jákvæðum augum á ráðstafanir sem fela í sér valkvæða niðurfellingu losunarkvóta koltvísýrings innan landsins.
435. Mikilvægt er að haga ráðstöfuninni með þeim hætti að samkeppnisröskun verði sem minnst á markaðnum. Ef aðstoð er úthlutað að undangengnu samkeppnisútbóði sem er opið öllum fyrirtækjum sem hafa með höndum kola-, mó- eða leirsteinsolíustarfsemi á jafnræðisgrundvelli gengur framkvæmdastjórnin út frá því að aðstoðin valdi lítilli röskun á samkeppni og milliríkjavíðskiptum. Ef samkeppnisútbod er ekki haldið verða áhrif aðstoðarinnar á samkeppni og milliríkjavíðskipti metin með hliðsjón af tilhögun ráðstöfunarinnar og áhrifum hennar á markaðnum sem um ræðir.
- 4.12.2 *Aðstoð vegna sérstaks kostnaðarauka sem til fellur þegar ósamkeppnishæf kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi er lögð niður*
- 4.12.2.1 Ástæður þess að rétt telst að veita aðstoð
436. Þegar ósamkeppnishæf kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi er lögð niður getur það valdið verulegri hækkun á kostnaði orkuvera og námarekstrar vegna almannatrygginga- og umhverfisgjalda. Stjórnvöldum aðildarríkjanna er heimilt að veita aðstoð til að standa undir sérstökum kostnaðarauka af því tagi til að draga úr félagslegum og svæðisbundnum afleiðingum lokunarinnar.
- 4.12.2.2 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja
437. Í þessum undirkafla kemur fram samkvæmt hvaða reglum ráðstafanir teljast samrýmanlegar innri markaðnum þegar þær eru gerðar til að mæta sérstökum kostnaðarauka vegna lokunar ósamkeppnishæfrar kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi.
438. Ráðstafanir sem falla undir þennan undirkafla geta gert svæðinu sem um ræðir auðveldara að takast á við breytingar í félags-, umhverfis- og öryggismálum.
439. Ákvæði þessa undirkafla gilda að því leyti sem ráðstöfunin fellur ekki undir ákvörðun ráðsins frá 10. desember 2010 um ríkisaðstoð sem veitt er til að flýta lokun ósamkeppnishæfra kolanáma ⁽¹⁶⁷⁾.
- 4.12.2.3 Aðstoðin sé nauðsynlegt og heppilegt úrræði
440. Litið verður svo á að aðstoð sem veitt er til að standa undir sérstökum kostnaðarauka sé nauðsynleg og heppileg ef hún getur stuðlað að því að draga úr félagslegum áhrifum og umhverfisáhrifum lokunar kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi á svæðinu og í aðildarríkinu sem um ræðir.
- 4.12.2.4 Aðstoð hafi hvatningaráhrif og sé veitt í samræmi við meðalhóf

⁽¹⁶⁷⁾ Ákvörðun ráðsins frá 10. desember 2010 um ríkisaðstoð sem veitt er til að flýta lokun ósamkeppnishæfra kolanáma (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 24).

441. Ríkisaðstoð vegna sérstaks kostnaðarauka má aðeins nota til að standa undir kostnaði sem stafar af lokun ósamkeppnishæfrar kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemi.
442. Þær tegundir kostnaðar sem teljast styrkhæfar í þessu samhengi eru taldar upp í II viðauka. Kostnaður sem fellur til vegna brota á lögum og reglum um umhverfisvernd og kostnaður sem tengist núverandi framleiðslu er ekki styrkhæfur.
443. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB⁽¹⁶⁸⁾ og annarra ákvæða á þessu sviði í lögum sambandsins⁽¹⁶⁹⁾ getur aðstoð sem veitt er til að standa undir sérstökum kostnaðarauka vegna umhverfisverndar aðeins talist hafa hvatningaráhrif ef ekki liggur fyrir hvaða aðili eða fyrirtæki olli umhverfistjóninu eða engar lagalegar forsendur eru fyrir því að draga þann aðila til ábyrgðar og skylda hann til að standa strauð af kostnaði við að fyrirbyggja og bæta umhverfistjón í samræmi við mengunarbótaregluna.
444. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu færa sönnur á að allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal réttarlegar, hafi verið gerðar til að grafast fyrir um hvaða aðili eða fyrirtæki olli umhverfistjóninu og gera þeim aðila eða því fyrirtæki að bera kostnaðinn af úrbótum. Ef ekki liggur fyrir hvaða aðili eða fyrirtæki ber umhverfisábyrgðina samkvæmt gildandi lögum eða þeim aðila eða fyrirtæki verður ekki gert að bera kostnaðinn er heimilt að veita aðstoð vegna alls kostnaðar við úrbætur eða aðgerðir til að færa vistkerfi til fyrra horfs og slík aðstoð getur þá talist hafa hvatningaráhrif. Líta má svo á að fyrirtæki verði ekki gert að bera kostnað af úrbótum vegna umhverfistjóns sem það hefur valdið ef það er ekki lengur til í lagalegum skilningi og ekkert annað fyrirtæki getur talist hafa tekið við lagalegu eða rekstrarlegu hlutverki þess⁽¹⁷⁰⁾, svo og þegar fjárhagslegar ábyrgðir nægja ekki til að tryggja að kostnaðurinn verði greiddur.
445. Aðstoðarfjárhæðin verður að takmarkast við sérstakan kostnaðarauka aðstoðarþega og ekki má veita meiri aðstoð en sem nemur raunverulegum útgjöldum. Þess verður krafist að stjórnvöld aðildarríkisins geri skýra og sérstaka grein fyrir aðstoð sem veitt er vegna sérhvarrar tegundar styrkhæfs kostnaðar samkvæmt upptalningunni í II. viðauka. Ef stjórnvöld aðildarríkisins úthluta aðstoð vegna slíks kostnaðar á grundvelli áætlaðra útgjalda, áður en þau hafa fallið til hjá aðstoðarþega, skulu þau ganga úr skugga um útgjöldin eftirá með vísan til ítarlegs uppgjörs sem aðstoðarþegi sendir stofnuninni sem annast úthlutun aðstoðar, þar á meðal reikninga eða vottorða sem sýna útgjöldin, og leiðréttu aðstoðarfjárhæðir í samræmi við það.

4.12.2.5 Unnið gegn óeðlilega hamlandi áhrifum á samkeppni og milliríkjaviðskipti

446. Ef aðstoðin takmarkast við sérstakan kostnaðarauka aðstoðarþega lítur framkvæmdastjórnin svo á að hún valdi lítilli röskun á samkeppni og milliríkjaviðskiptum.
447. Aðstoð sem fyrirtæki fá úthlutað vegna sérstaks kostnaðarauka skal koma fram á rekstrarreikningi aðstoðarþega sem sérstakur tekjuliður aðgreindur frá veltu. Ef aðstoðarþegi heldur áfram viðskiptum eða rekstri eftir að kola-, mó- og leirsteinsolíustarfsemin sem um ræðir hefur verið lögð niður skal haldið nákvæmt og aðgreint bókhald fyrir þá starfsemi. Umsýslu veittrar aðstoðar skal haga þannig að engin hætta sé á að fjármunirnir verði nýttir í tengslum við aðra starfsemi sama fyrirtækis.

4.13 Aðstoð til að stunda rannsóknir eða veita ráðgjafarþjónustu á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála

4.13.1 Gildissvið og tegundir atvinnustarfsemi sem heimilt er að styrkja

⁽¹⁶⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess (Stjtíð. ESB L 143 30.4.2004, bls. 56).

⁽¹⁶⁹⁾ Sjá einnig auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar að því er varðar sameiginlegan skilning á hugtakinu „umhverfistjón“ eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess 2021/C 118/01 (Stjtíð. ESB C 118, 7.4.2021, bls. 1).

⁽¹⁷⁰⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2012)558 lokag. frá 17. október 2012 í máli SA.33496 (2011/N) – Austurríki – Einzelfall, Altlast, DECON Umwelttechnik GmbH, 65.–69. liður (Stjtíð. ESB C 14, 17.1.2013, bls. 1).

448. Ákvæði þessa undirkafla gilda um aðstoð sem veitt er til að stunda rannsóknir eða veita ráðgjafarþjónustu á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála með beinni tengingu við verkefni eða starfsemi sem þessar leiðbeinandi reglur taka til. Aðstoð má veita óháð því hvort rannsóknin eða ráðgjafarþjónustan leiðir til fjárfestingar sem fellur undir þessar leiðbeinandi reglur.
449. Rannsóknin eða ráðgjafarþjónustan má ekki vera starfsemi sem sinnt er með samfelldum eða reglulegum hætti né tengjast venjulegum rekstrarkostnaði fyrirtækisins.
- 4.13.2 *Hvatningaráhrif*
450. Áskilnaður samkvæmt 451. mgr. bætist við áskilnað samkvæmt undirkafla 3.1.2.
451. Aðstoð vegna orkuúttektar sem skylt er að láta fara fram samkvæmt tilskipun 2012/27/ESB telst aðeins hafa hvatningaráhrif ef um ræðir orkuúttekt sem bætist við lögboðna orkuúttekt samkvæmt tilskipuninni.
- 4.13.3 *Meðalhöf*
452. Styrkhæfur kostnaður er kostnaður við rannsókn eða ráðgjafarþjónustu sem tengist verkefnum eða starfsemi sem ákvæði þessara leiðbeinandi reglna gilda um. Ef rannsókn eða ráðgjafarþjónusta snýr aðeins að hluta til að fjárfestingum sem falla undir þessar leiðbeinandi reglur er styrkhæfur kostnaður sá kostnaður við rannsóknina eða ráðgjafarþjónustuna sem tengist þeim fjárfestingum.
453. Aðstoðarhlutfallið má ekki verða hærra en sem samsvarar 60% af styrkhæfum kostnaði.
454. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 20 prósentustig vegna rannsókna og ráðgjafarþjónustu í þágu lítilla fyrirtækja og um 10 prósentustig vegna rannsókna og ráðgjafarþjónustu í þágu meðalstórra fyrirtækja.
- 5. MAT**
455. Til að tryggja enn frekar að samkeppni og viðskipti raskist sem minnst getur framkvæmdastjórnin krafist þess að fram fari eftirámat á tilkynningarskyldum aðstoðarkerfum. Mat skal fara fram á kerfum sem eru þess eðlis að hættan á röskun samkeppni og milliríkjavíðskipta er sérstaklega mikil, þ.e. kerfum sem hætt er við að takmarki eða raski samkeppni verulega ef framkvæmd þeirra er ekki endurskoðuð tímanlega.
456. Áskilið verður að eftirámat fari fram á aðstoðarkerfum sem njóta mikilla fjárveitinga eða fela í sér nýnæmi, svo og þegar búist er við verulegum breytingum á markaðsaðstæðum, tækniáferðum eða gildandi reglum. Hvað sem öðrum sjónarmiðum líður verður áskilið að eftirámat fari fram á aðstoðarkerfum þegar fjárveiting vegna ríkisaðstoðarinnar er umfram 150 milljónir evra tiltekið ár eða 750 milljónir evra heildargildistíma kerfisins. Heildargildistími kerfisins er samanlagður gildistími kerfisins og þeirra aðstoðarkerfa sem komið hefur verið á fót áður í svipuðum tilgangi og á svipuðu landsvæði, frá 1. janúar 2022 að telja. Með hliðsjón af markmiðum slíks mats, og til að leggja ekki óhóflega stjórnsýslubyrði á stjórnvöld aðildarríkjanna og vegna lítilla aðstoðarverkefna, skal krafan um eftirámat aðeins gilda þegar heildargildistími kerfis er að minnsta kosti þrjú ár, frá 1. janúar 2022 að telja.
457. Falla má frá áskilnaði um eftirámat þegar um ræðir aðstoðarkerfi sem tekur beint við af öðru kerfi sem komið var á fót í svipuðum tilgangi og á svipuðu landsvæði, að því tilskildu að mat hafi farið fram á því kerfi, að lokamatsskýrsla hafi verið gefin út í samræmi við matsáætlun sem hlaut samþykki framkvæmdastjórnarinnar, og að sú skýrsla hafi engar neikvæðar niðurstöður að geyma. Ef lokamatsskýrsla aðstoðarkerfis samræmist ekki samþyktri matsáætlun skal stöðva framkvæmd kerfisins án tafar.
458. Eftirámat skal fara fram með það að markmiði að ganga úr skugga um að fullnægt hafi verið forsendum og skilyrðum sem lágu því til grundvallar að aðstoðarkerfið var talið samrýmanlegt innri markaðnum, einkum þeim að ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg og skilað viðhlítandi árangri að teknu tilliti til almennra og sérstakra markmiða hennar, og niðurstöður matsins skulu hafa að geyma vísbendingar um áhrif kerfisins á samkeppni og milliríkjavíðskipti.
459. Stjórnvöld aðildarríkisins skulu tilkynna drög að matsáætlun, sem verða felld inn í mat framkvæmdastjórnarinnar á aðstoðarkerfinu, sem hér segir:

- (a) Samtímis tilkynningu um aðstoðarkerfið ef fjárveiting til úthlutunar ríkisaðstoðar samkvæmt kerfinu er umfram 150 milljónir evra tiltekið ár eða 750 milljónir evra heildargildistíma kerfisins.
 - (b) Áður en 30 virkir dagar eru liðnir frá því að gerð er umtalsverð breyting sem veldur því að fjárveiting vegna kerfisins verður umfram 150 milljónir evra tiltekið ár eða 750 milljónir evra allan gildistíma kerfisins.
 - (c) Áður en 30 virkir dagar eru liðnir frá því að skráð eru í opinbert bókhald útgjöld í kerfinu umfram 150 milljónir evra vegna næstliðins árs, þegar um ræðir kerfi sem falla ekki undir stafl. a) eða b).
460. Drög að matsáætlun verða að fylgja sameiginlegum grunnreglum um aðferðir við framkvæmd mats sem framkvæmdastjórnin gerir grein fyrir⁽¹⁷¹⁾. Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar skal matsáætlunin birt opinberlega.
461. Eftirámatið skal vera í höndum sérfræðings sem er óháður stofnuninni sem annast úthlutun aðstoðar og fara fram í samræmi við matsáætlunina. Í tengslum við hvert mat skal gefa út að minnsta kosti eina framvinduskýrslu og eina lokamatsskýrslu. Báðar skýrslurnar skulu birtar opinberlega.
462. Þegar um ræðir aðstoðarkerfi sem njóta ekki ákvæða hópundanþágureglugerðar af þeim ástæðum einum að fjárveitingar vegna þeirra eru miklar verður mat á því hvort þau eru samrýmanleg innri markaðnum byggt á matsáætluninni eingöngu.
463. Lokamatsskýrslan skal berast framkvæmdastjórninni nægilega snemma til að tími gefist til að meta hvers kyns áform um framlengingu ráðstöfunarinnar, og eigi síðar en níu mánuðum áður en gildistími hennar rennur út. Þann tíma má stytta þegar um ræðir kerfi sem ekki verður skylt að meta fyrir en á síðustu tveimur árum framkvæmdatímans. Í ákvörðun sem tekin er um samþykkt aðstoðarkerfisins verður tilgreint nákvæmlega hversu víðtækt matið á að vera hverju sinni og hvernig því skal hagað. Í tilkynningu um aðstoðarkerfi sem komið er á fót síðar í svipuðum tilgangi skal gera grein fyrir því hvernig tekið hefur verið tillit til niðurstaðna matsins.

6. SKÝRSLUGJÖF OG VÖKTUN

464. Samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589⁽¹⁷²⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004⁽¹⁷³⁾ er stjórnvöldum aðildarríkjanna skylt að senda framkvæmdastjórninni árlegar skýrslur.
465. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu taka saman ítarleg gögn um allar aðstoðarráðstafanir. Gögnin skulu taka til allra upplýsinga sem nauðsynlegt er að hafa undir höndum til að staðfesta að skilyrðum um styrkhæf útgjöld og hæstu leyfileg aðstoðarlutföll sé fullnægt. Gögnin skulu geymd í 10 ár frá því að aðstoð er veitt og skal láta þau framkvæmdastjórninni í té hvenær sem þess er óskað.

7. NÁÐAR UM GILDISSVIÐ REGLANNA

466. Ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna verður beitt í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort tilkynningarskyld aðstoð á sviði loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála, sem úthlutað er eða fyrirhugað er að úthluta frá 27. janúar 2022, er samrýmanleg innri markaðnum. Aðstoð sem veitt hefur verið með ólögnum hætti verður metin í samræmi við reglurnar sem í gildi voru þegar aðstoðin var veitt.
467. Þessar leiðbeinandi reglur koma í stað leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020⁽¹⁷⁴⁾.
468. Framkvæmdastjórnin leggur til að stjórnvöld aðildarríkjanna geri eftirtaldir viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 108. gr. sáttmálans:

⁽¹⁷¹⁾ Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar, „Sameiginlegar aðferðir við mat á ríkisaðstoð“, SWD(2014) 179 lokag. frá 28.5.2014.

⁽¹⁷²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9.)

⁽¹⁷³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹⁷⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020 (Stjtíð. ESB C 200, 28.6.2014, bls. 1).

- (a) Stjórnvöld aðildarríkjanna geri, eigi síðar en 31. desember 2023, þær breytingar á gildandi aðstoðarkerfum á sviði umhverfisverndar og orkumála sem nauðsynlegar teljast til að þau samræmist ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna.
- (b) Stjórnvöld aðildarríkjanna gefi til kynna skýrt og fyrirvaralaust samþykki sitt við þeim viðeigandi ráðstöfunum sem lagðar eru til í stafl. a) í 468. mgr. áður en tveir mánuðir eru liðnir frá birtingardegi þessara leiðbeinandi reglna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Berist ekki svar verður litið svo á að stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríki séu mótfallin ráðstöfununum sem lagðar eru til.

8. ENDURSKOÐUN

- 469. Framkvæmdastjórnin hyggst hefja endurskoðun á þessum leiðbeinandi reglum 31. desember 2027 með það í huga að kanna árangurinn sem þær hafa skilað, hversu skilvirkar þær eru, hvort þær eiga enn við, hvort þær fylgja innri samræmi og hvort þær hafa í för með sér virðisauka.
- 470. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið hvenær sem vera skal að endurskoða þessar leiðbeinandi reglur eða breyta þeim ef slíkt reynist nauðsynlegt af ástæðum sem varða samkeppnisstefnu eða til að geta tekið fullnægjandi mið af öðrum stefnumiðum Evrópusambandsins, milliríkjaskuld-bindingum þess eða af öðrum gildum ástæðum.

I. VIÐAUKI

Skrá um atvinnugreinar sem eru styrkhæfar samkvæmt undirkafla 4.11

Atvinnugreinar sem veruleg hættu steðjar að, sbr. undirkafla 4.11.3.1	
NACE-kóði	Lýsing
0510	Steinkolanám
0620	Vinnsla á jarðgasi
0710	Járnnám
0729	Nám annarra málma en járns
0811	Grjótnám til skrautsteinagerðar og til bygginga, kalksteins-, gífs-, krítar- og flögubergsnám
0891	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar
0893	Saltvinnsla
0899	Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, ót.a.
1020	Fiskvinnsla; vinnsla krabbadýra og lindýra
1031	Vinnsla og geymsla á kartöflum
1032	Framleiðsla ávaxta- og grænmetissafa
1039	Vinnsla og geymsla ávaxta og grænmetis, ót.a.
1041	Framleiðsla á olíu og feiti
1062	Framleiðsla á mjólva og mjölvavöru
1081	Sykurframleiðsla
1086	Framleiðsla á jafnblönduðum matvælum og sjúkra- og sérfaði
1104	Framleiðsla á óeimudum, gerjuðum drykkjarvörum, ót.a.
1106	Maltgerð
1310	Forvinnsla og spuni á textíltrefjum
1320	Textílfvænaður
1330	Frágangur á textílum
1391	Framleiðsla á hekl- og prjónvoð
1393	Framleiðsla á gólfteppum og mottum
1394	Framleiðsla á snæri, reipi, seglgarni og netefni
1395	Framleiðsla á vefleysum og vörum úr þeim, að undanskildum fatnaði
1396	Framleiðsla annarra tækni- og iðnaðartextíla
1411	Framleiðsla á leðurfatnaði
1431	Framleiðsla á prjónuðum og hekluduðum sokkavörum
1511	Sútun leðurs; sútun og litun loðskinna
1610	Sögun, heflun og fúavörn á viði
1621	Framleiðsla á viðarspæni og plötum að grunni til úr viði
1622	Framleiðsla á samsettum parketgölfum
1629	Framleiðsla á annari viðarvöru; framleiðsla á vörum úr korki, hálm og fléttiefnum
1711	Framleiðsla á pappírskvoðu
1712	Framleiðsla á pappír og pappa
1722	Framleiðsla á vörum til heimilis- og hreinlætisnota
1724	Framleiðsla á veggfóðri
1920	Framleiðsla á hreinsuðum olíuvörum
2011	Framleiðsla á iðnaðargasi
2012	Framleiðsla á lit og litarefnum
2013	Framleiðsla á ólífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar, ót.a.

2014	Framleiðsla á lífrænum grunnefnum til efnaiðnaðar, ót.a.
2015	Framleiðsla á tilbúnum áburði og köfnunarefnissamböndum
2016	Framleiðsla á plasthráefnum
2017	Framleiðsla á syntetísku gúmmí til úrvinnslu
2059	Framleiðsla á efnavörum, ót.a.
2060	Framleiðsla gervipráðar
2110	Framleiðsla á efnum til lyfjagerðar
2211	Hjólbarða- og slönguframleiðsla, sölun hjólbarða
2219	Framleiðsla á öðrum gúmmívörum
2221	Framleiðsla á plötum, þynnum, slöngum og prófflum úr plasti
2222	Framleiðsla á umbúðaplasi
2229	Framleiðsla á plast vörum, ót.a.
2311	Framleiðsla á flotgleri
2312	Skurður og vinnsla á flotgleri
2313	Framleiðsla á glerilátum
2314	Framleiðsla á glertrefjum
2319	Framleiðsla og vinnsla á gleri, ót.a., þar á meðal glervöru til tæknilegra nota
2320	Framleiðsla á eldföstum vörum
2331	Framleiðsla á flisum og hellum úr leir
2342	Framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni
2343	Framleiðsla á einangurum og tengjum úr leir
2344	Framleiðsla á annari leirvöru til tæknilegra nota
2349	Framleiðsla á leirvörum, ót.a.
2351	Sementframleiðsla
2391	Framleiðsla á vörum til slípunar
2399	Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum, ót.a.
2410	Framleiðsla á járn, stáli og járnblendi
2420	Framleiðsla á rörum, pípum, holum prófflum og tengihlutum úr stáli
2431	Kalldráttur stanga
2432	Kaldvölsun flat stáls
2434	Kalldráttur víra
2442	Álframleiðsla
2443	Blý-, sink- og tinframleiðsla
2444	Koparframleiðsla
2445	Framleiðsla annarra málma sem ekki innihalda járn
2446	Vinnsla á kjarnorkueldsneyti
2451	Járnsteypa
2550	Eldsmíði, þrýstismíði, stönsun og völsun málma; sindurmótun
2561	Meðferð og húðun málma
2571	Framleiðsla á hnífapörum og eggjárnnum
2593	Framleiðsla á vörum úr vír, keðjum og fjöðrum
2594	Framleiðsla á boltum og skrúfum
2611	Framleiðsla á rafeindaflutnum
2720	Framleiðsla á rafhlöðum og rafgeymum
2731	Framleiðsla á ljósleiðaraköplum

2732	Framleiðsla á öðrum rafeinda- og rafmagnsvörum og köplum
2790	Framleiðsla á öðrum rafbúnaði
2815	Framleiðsla á legum, tannhjólum, drifum og drifbúnaði
3091	Framleiðsla vélhjóla
3099	Framleiðsla á farartækjum, ót.a.
Atvinnugreinar sem hætta steðjar að, sbr. undirkafla 4.11.3.1	
NACE-kóði	Lýsing
1011	Vinnsla og geymsla kjöts, þó ekki alifuglakjöts
1012	Vinnsla og geymsla alifuglakjöts
1042	Framleiðsla smjörflkis og svipaðrar feiti til manneldis
1051	Mjólkurbú og ostagerð
1061	Framleiðsla á kornvöru
1072	Framleiðsla á tvíbökum og kexi; framleiðsla á geymsluþolnu sætabrauði og kökum
1073	Framleiðsla á makkarónum, núðlum, kúskúsi og áþeknum vörum
1082	Súkkulaði- og sælgætisgerð; kakóframleiðsla
1085	Framleiðsla á tilbúnum máltíðum og réttum
1089	Önnur matvælaframleiðsla
1091	Framleiðsla húsdýrafóðurs
1092	Framleiðsla gæludýrafóðurs
1107	Gosdrykkjagerð; framleiðsla á ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni
1723	Framleiðsla á skrifpappír og skrifstofuvörum úr pappír og pappa
1729	Framleiðsla á annari pappírs- og pappavöru
2051	Sprengiefnaframleiðsla
2052	Límframleiðsla
2332	Framleiðsla á múrsteinum, flísum og byggingarvörum úr brenndum leir
2352	Kalk- og gifsframleiðsla
2365	Framleiðsla á vörum úr trefjasementi
2452	Stálsteypa
2453	Málmsteypa úr lét málmum
2591	Framleiðsla á stáltunnum og svipuðum flátum
2592	Framleiðsla á umbúðum úr lét málm
2932	Framleiðsla á öðrum íhlutum og aukabúnaði í vélknúin ökutæki

2. VIÐAUKI**Skilgreining á útgjöldum samkvæmt undirkafla 4.12.2**

1. Útgjöld fyrirtækja sem hafalagt niður kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi eða vinna að því að leggja slíka starfsemi niður
Eftirtaldir útgjaldaliðir eingöngu, og því aðeins að útgjöldin megi rekja til þess að kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi hafi verið lögð niður:
 - (a) Framlög til almannatrygginga til að standa undir greiðslum til starfsfólks sem hefur töku ellilífeyris áður en lögboðnum eftirlaunaaldri er náð.
 - (b) Aðrar óhefðbundnar greiðslur til starfsfólks sem sagt hefur verið eða sagt verður upp.
 - (c) Greiðsla lífeyris og bóta, umfram lögboðin gjöld, til starfsfólks sem sagt hefur verið eða sagt verður upp og starfsfólks sem á rétt á slíkum greiðslum áður en til lokunar kemur.
 - (d) Útgjöld sem fyrirtækin inna af hendi til að endurmennta starfsfólk og auðvelda því atvinnuleit í öðrum greinum en kola-, mó- og leirsteinsólufúvinnslu.
 - (e) Afhending kola, mós eða leirsteinsólufu endurgjaldslaust til starfsfólks sem sagt hefur verið eða sagt verður upp og starfsfólks sem á rétt á slíku áður en til lokunar kemur, eða samsvarandi fjárhæð.
 - (f) Eftirstæð útgjöld sem koma til vegna sérstakra stjómssýsluákvæða, lagaákvæða eða skattareglna sem gilda um kola-, mó- og leirsteinsólufúvinnslu.
 - (g) Viðbótarframkvæmdir neðanjarðar til að tryggja öryggi þegar starfsemi á sviði kola, mó- eða leirsteinsólufúvinnslu er lögð niður.
 - (h) Tjón vegna námavinnslu, að því tilskildu að það hafi orðið af völdum kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi sem lögð hefur verið eða lögð verður niður.
 - (i) Hvers kyns útgjöld sem réttmætt er að tengja hreinsunarvinnu í aflögðum orkuverum og námum, þar á meðal:
 - eftirstæð útgjöld sem stafa af greiðslum til stofnana sem annast vatnsveitu og fráveitu,
 - önnur eftirstæð útgjöld vegna vatnsveitu og fráveitu,
 - (j) eftirstæð útgjöld vegna sjúkratryggingar fyrrverandi starfsfólks,
 - (k) útgjöld sem tengjast uppsögn eða breytingum á gildandi samningum (sem nemur andvirði allt að 6 mánaða framleiðslu),
 - (l) afskriftir eigna umfram það sem venjulegt er, að því tilskildu að ástæðan sé að kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi hafi verið lögð niður,
 - (m) uppgæðslukostnaður.

Draga ber verðmætisaukningu lóða og lands frá styrkhæfum útgjöldum sem falla undir útgjaldaliðina g), h), i) og m).

2. Útgjöld á vegum fleiri en eins fyrirtækis

Eftirtaldir útgjaldaliðir eingöngu:

- (a) Auknar greiðslur, umfram lögboðin framlög, til að standa undir almannatryggingakostnaði vegna fækkunar greiðenda slíkra gjalda í kjölfar þess að kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi er lögð niður.
- (b) Útgjöld vegna vatnsveitu og fráveitu sem rekjama til þess að kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi hefur verið lögð niður.
- (c) Auknar greiðslur til stofnana sem annast vatnsveitu og fráveitu, að því tilskildu að útgjaldaaukningin stafi af samdrætti í framleiðslu sem er andlag vatns- og fráveitugjalda í kjölfar þess að kola-, mó- og leirsteinsólufustarfsemi er lögð niður.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2022/EES/68/02

(mál M.10790 – SALIC/OLAM/OLAM AGR)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Saudi Agricultural and Livestock Investment Company („SALIC“, Sáði-Arabíu), sem lýtur yfirráðum Public Investment Fund (Sáði-Arabíu)
- Olam Group Limited („Olam Group“, Singapúr), sem lýtur yfirráðum Temasek Holdings (Private) Limited (Singapúr)
- Olam Agri Holdings Pte. Ltd. („Olam Agri“, Singapúr), sem tilheyrir Olam Group

SALIC og Olam Group ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Olam Agri í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SALIC er fjárfestingarfélag í Sáði-Arabíu sem starfar á sviði landbúnaðar og matvælaíðnaðar með fjárfestingar bæði í Sáði-Arabíu og á alþjóðavísu.
- Olam Group starfar um allan heim á sviði matvælaíðnaðar og landbúnaðar í gegnum ýmis dótturfélög sín. Olam Group lýtur yfirráðum Temasek, fjárfestingarfélags með fyrirtæki sem starfa við fjölmargar atvinnugreinar, m.a. landbúnaðar- og matvælageiranum.
- Olam Agri starfar um allan heim sem viðskiptamaður og vinnsluaðili landbúnaðarvara með starfsemi sem spannar alla virðiskeðjuna (búskapur, uppruni, heildverslun, vinnsla, fínvinnsla, dreifing).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 414, 28.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10790 – SALIC/OLAM/OLAM AGR

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10800 – AHLSELL/SANISTAL)

2022/EES/68/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Ahlsell Danmark ApS (Danmörku, „Ahlsell“), sem lýtur yfirráðum CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. (Lúxemborg, „CVC“)
- Sanistál A/S (Danmörku, „Sanistal“)

Ahlsell öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Sanistal í heild.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum og yfirtökutilboði sem tilkynnt var 24. maí 2022.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CVC er stórt fyrirtæki sem stýrir fjárfestingum um allan heim sem einblínir á óskráð hlutabréf, eftirmarkaði og lán.
- Ahlsell er í verðbréfasafni CVC og er smásali og dreifingaraðili, aðallega á uppsetningarvörum, verkfærum og birgðum til fyrirtækja á Norðurlöndum.
- Sanistal býður upp á fjölbreytt úrval af vörum með aðaláherslu á pípulagnir, hita, loftræstingu, loftkælingu, verkfæri og birgðir, þ.m.t. persónulegan hlífðarbúnað, fyrir iðnað og byggingu í Danmörku og Eyrstrasaltsríkjunum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 410, 26.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10800 – AHLSELL/SANISTAL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10892 – APOLLO/HINES/VI-BA/AEDES)

2022/EES/68/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Apollo Global Real Estate Management, L.P. („Apollo“, Bandaríkjunum)
- Hines International Real Estate Holdings L.P. („Hines“, Bandaríkjunum)
- VI-BA S.r.l. („VI-BA“, Ítalíu)
- Aedes SIIQ S.p.A. („Aedes“, Ítalíu)

Apollo, Hines og VI-BA („kaupendurnir“) öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Aedes.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Apollo starfar um allan heim og stýrir fjárfestingum í sérhæfðum eignum.
- Hines er alþjóðlegt fyrirtæki sem annast fjárfestingar í fasteignum, fasteignaþróun og -stjórnun.
- VI-BA starfar við fjárfestingar, byggingu, þróun, útleigu og sölu fasteigna.

3. Aedes er fyrirtæki sem starfar við fjárfestingar í fasteignum, sem á eignasafn 65 fasteigna sem einkum eru staðsettar á norðurhluta Ítalíu og eru helst notaðar sem verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 412, 27.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10892 – APOLLO/HINES/VI-BA/AEDES

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Brefasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2022/EES/68/05

(mál M.10906 – INFRAVIA/LIBERTY GLOBAL/TELEFÓNICA/OPAL)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- InfraVia Capital Partners S.A.S. („InfraVia“, Frakklandi)
- Liberty Global plc („Liberty Global“, Bretlandi)
- Telefónica, S.A. („Telefónica“, Spáni)
- Liberty Global Investment JVco Limited („Opal“, Bretlandi)

InfraVia, Liberty Global og Telefónica öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Opal.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- InfraVia, sjálfstætt fjárfestingarfélag sem starfar sem rekstrarfélag fjárfestingarsjóða sem sérhæfa sig í innviða- og tæknigeiranum.
- Liberty Global, starfræksla á kapaldreifikerfum fyrir sjónvarp, breiðbandsnettengingu, talsímaþjónustu og farsímaþjónustu í ýmsum Evrópulöndum, m.a. í gegnum VMED O2 UK Limited („Virgin Media O2“) í Bretlandi, sem lýtur sameiginlegum yfirráðum með Telefónica.
- Telefónica, alþjóðlegt fjarskiptafyrirtæki sem starfrækir fastlínu- og fjarskiptanet og annast farsíma-, fastlínu-, net- og sjónvarpsþjónustu undir nokkrum vörumerkjum, m.a. í gegnum Virgin Media O2 í Bretlandi, sem lýtur sameiginlegum yfirráðum með Liberty Global.

3. Starfsemi Opal mun felast í að reisa og reka ljósleiðaranet fyrir heimili á heilðsölustigi það fyrir augum að selja netið til Virgin Media O2, þriðju aðila netþjónustuaðila og viðskiptavina í Bretlandi.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 410, 26.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10906 – INFRAVIA/LIBERTY GLOBAL/TELEFÓNICA/OPAL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Brefasími: +32 22964301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2022/EES/68/06

(mál M.10910 – MACQUARIE/ABERDEEN/AIP/CERTAIN MÁSMÓVIL ASSETS)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Macquarie Asset Holdings Limited („Macquarie“, Bretlandi)
- Aberdeen Infrastructure (Holdco) IV B.V. og Aberdeen Infrastructure (Holdco) IV-A B.V. (einu nafni „Aberdeen“, Niðurlöndum)
- Arjun Infrastructure Partners Limited („AIP“, Bretlandi)
- Net ljósleiðaratenginga til heimila („Certain MásMóvil Assets“, Spáni) sem stendur í eigu MásMóvil Broadband S.A.U.

Macquarie, Aberdeen og AIP öðlast óbein sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í gegnum Uclés Infraco, S.L. („Uclés Infraco“, Spáni), yfir tilteknum eignum MásMóvil.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Macquarie er alþjóðlegur fjárfestinga-, banka- og fjármálaþjónustuveitandi með ýmiss konar starfsemi, m.a. fjárfestingar í fjölbreyttum atvinnugreinum, s.s. auðlindum og hrávöru, orku, fjármálastofnunum, innviðum og fasteignum.
- Aberdeen er eignastýringarfyrirtæki sem stýrir fjölbreyttum eignaflokkum, þ.e. hlutabréfum, skuldabréfum, fasteignum, innviðum og óskráðum hlutabréfum. Fyrirtækið er virkt í mörgum atvinnugreinum, m.a. flutninga-starfsemi, félagslega innviði, meðhöndlun úrgangs og vatns og framleiðslukerfi fyrir hreina orku.
- AIP er sjálfstætt eignastýringarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framkvæmd og stýringu fjárfestinga í innviðum á meðalstórum markaði. Í gegnum stýrð fyrirtæki í eignasafni sínu er AIP virkur þátttakandi í mismunandi geirum, þar á meðal flutningum (ferjuútgerð og þjónusta á hraðbrautum), endurnýjanlegri orku (sólarkuver, vindorkuver á hafi úti og á landi, líforkuver, vatns- og frárennslisfyrirtæki), eftirlitsskyldum geirum (sambætt orkuveita og orkudreifing) og stafrænum innviðum (trefjar).
- Tiltæknar MásMóvil eignir sem samanstanda af neti ljósleiðaratenginga til heimila sem mun verða starfrækt af Uclés Infraco með stuðningi systurfyrirtækis síns Pentacom Investments (Spáni) Opco, S.L.U. („Onivia“, Spáni) (sem bæði lúta sameiginlegum yfirráðum Macquarie, Aberdeen og AIP) til að veita heildsöluaðgang að breiðbandstengdri netaðgangsjónustu til netþjónustuaðila þannig að þeir geti síðan veitt netaðgangsjónustu í smásölu til endanlegra viðskiptavina. Onivia (ásamt Uclés Infraco) er innviðafyrirtæki sem veitir breiðbandsþjónustu í heildsölu á Spáni.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að geta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 409, 25.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10910 – MACQUARIE/ABERDEEN/AIP/CERTAIN MÁSMÓVIL ASSETS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Brefasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

(2) Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10925 – BNP PARIBAS/TERBERG BUSINESS LEASE GROUP)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2022/EES/68/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Arval B.V. („Arval“, Niðurlöndum), sem lýtur yfirláðum BNP Paribas S.A. („BNP Paribas“, Frakklandi)
- Terberg Business Lease Group B.V. („TBLG“, Niðurlöndum)

Arval öðlast yfirláð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir TBLG í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Arval: útleiga ökutækja til fyrirtækja og einstaklinga. Í takmörkuðum mæli býður Arval einnig upp á viðbótar samgöngulausnir. Arval lýtur yfirláðum BNP Paribas (Frakklandi) sem starfar við bankastarfsemi um allan heim.
- TBLG: útleiga ökutækja til fyrirtækja og einstaklinga í Niðurlöndum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 414, 28.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10925 – BNP PARIBAS/TERBERG BUSINESS LEASE GROUP

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10928 – ICI/BENVIC)

2022/EES/68/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- International Chemical Investors 4 SE („ICI“, Lúxemborg)
- Benvic Group SAS („Benvic“, Frakklandi)

ICI öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Benvic í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ICI er iðnaðarsamsteypa sem einbeitt sér að meðalstórum efna- og lyfjafyrirtækjum og starfar, í gegnum Vynova Holding S.A., við framleiðslu á harðplasti úr PVC („S-PVC“).
- BENVIC framleiðir PVC-sambönd.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 409, 25.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10928 – ICI/BENVIC

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2022/EES/68/09****(mál M.10953 – ADD/TOTALENERGIES/TOTAL EGYPT)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. október 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Abu Dhabi National Oil Company for Distribution PJSC („ADD“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum), sem tilheyrir Abu Dhabi National Oil Company PJSC („ADNOC“)
- TotalEnergies Marketing Afrique SAS („TotalEnergies“, Frakklandi), dótturfélag alfarið í eigu TotalEnergies S.E.
- TotalEnergies Marketing Egypt LLC („Total Egypt“, Egyptalandi), dótturfélag TotalEnergies

ADD og TotalEnergies öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Total Egypt.

Samruninn á sér stað með kaupum á kvóta.⁽²⁾

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ADD markaðssetur og dreifir olúvörum í fjölbreyttum atvinnugreinum.
 - TotalEnergies starfar við rannsóknir, iðnað og viðskipti með kolvatnsefni og afleiður þeirra í öllum myndum og almennt við svipaða starfsemi á sviði orkumála um allan heim, einkum á meginlandi Afríku.
3. Total Egypt starfar við smásölu eldsneytis, smásölu annarra vara en eldsneytis (smásölu á matvöru og bílaþvottaþjónustu), smurólú, flugvélaeldsneyti og dreifingu eldsneytis í lausri vigt í Egyptalandi.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽³⁾.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 412, 27.10.2022. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10953 – ADD/TOTALENERGIES/TOTAL EGYPT

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Brefasími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Eignir TotalEnergies eru í gegnum kvóta í stað hlutabréfa og því felur fyrirhuguð yfirtaka í sér kaup á kvóta í stað hlutabréfa.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2022/EES/68/10**
(mál M.10347 – SYNTHOS/TRINSEO (SYNTHETIC RUBBER BUSINESS))

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. október 2021 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32021M10347. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2022/EES/68/11**
(mál M.10612 – NIS/HIPP)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10612. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10660 – MONTAGU/HG/WAYSTONE/KB ASSOCIATES)

2022/EES/68/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. júní 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10660. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10725 – SK CAPITAL PARTNERS/POLYMER ADDITIVES HOLDINGS)

2022/EES/68/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. júlí 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10725. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10819 – OMERS/APG/GROENDUS)

2022/EES/68/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10819. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10826 – GOLDMAN SACHS/NORGINE)

2022/EES/68/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10826. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10852 – 3D SYSTEMS/DUSSUR/JV)

2022/EES/68/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. október 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10852. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10863 – HANWHA Q CELLS/ENERCITY/LYNQTECH)

2022/EES/68/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. október 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10863. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10864 – AGC GLASS EUROPE/INTERPANE)

2022/EES/68/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10864. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10870 – CAPVEST/NATRA)

2022/EES/68/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10870. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2022/EES/68/20****(mál M.10898 – PLATINUM EQUITY GROUP/HOP LUN)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. september 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10898. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2022/EES/68/21****(mál M.10902 – FEV CONSULTING/MITSUBISHI CORPORATION/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. október 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10902. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2022/EES/68/22****(mál M.10909 – KFW/NEDERLANDSE GAS UNIE/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. október 2022 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32022M10909. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjrtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu 2022/EES/68/23
ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti sem gilda frá 1. nóvember 2022**

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004) (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1)

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtíð. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi eins og fram kemur í orðsendingunni og fer það eftir beitingu viðmiðunaryaxtanna. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Vextir sem hafa breyst eru feitletraðir.

Fyrri tafla birtist í Stjtíð. ESB C 367, 26.9.2022, bls. 11 og EES-viðbæti nr. 62, 29.9.2022, bls. 14.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.11.2022	–	1,49	1,49	0,00	1,49	6,95	1,49	1,90	1,49	1,49
1.10.2022	31.10.2022	1,03	1,03	0,00	1,03	6,95	1,03	1,45	1,03	1,03
1.9.2022	30.9.2022	0,71	0,71	0,00	0,71	6,95	0,71	1,12	0,71	0,71
1.8.2022	31.8.2022	0,38	0,38	0,00	0,38	5,73	0,38	0,81	0,38	0,38
1.7.2022	31.7.2022	0,02	0,02	0,00	0,02	5,73	0,02	0,44	0,02	0,02
1.6.2022	30.6.2022	-0,19	-0,19	0,00	-0,19	4,85	-0,19	0,24	-0,19	-0,19
1.5.2022	31.5.2022	-0,35	-0,35	0,00	-0,35	4,85	-0,35	0,08	-0,35	-0,35
1.4.2022	30.4.2022	-0,49	-0,49	0,00	-0,49	4,00	-0,49	0,00	-0,49	-0,49
1.3.2022	31.3.2022	-0,49	-0,49	0,00	-0,49	4,00	-0,49	-0,03	-0,49	-0,49
1.2.2022	28.2.2022	-0,49	-0,49	0,00	-0,49	3,29	-0,49	-0,03	-0,49	-0,49
1.1.2022	31.1.2022	-0,49	-0,49	0,00	-0,49	2,49	-0,49	-0,01	-0,49	-0,49

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.11.2022	–	1,49	1,49	1,49	0,26	13,13	1,49	1,49	1,49	1,49
1.10.2022	31.10.2022	1,03	1,03	1,03	0,26	11,15	1,03	1,03	1,03	1,03
1.9.2022	30.9.2022	0,71	0,71	0,71	0,26	9,23	0,71	0,71	0,71	0,71
1.8.2022	31.8.2022	0,38	0,38	0,38	0,26	7,67	0,38	0,38	0,38	0,38
1.7.2022	31.7.2022	0,02	0,02	0,02	0,26	6,24	0,02	0,02	0,02	0,02
1.6.2022	30.6.2022	-0,19	-0,19	-0,19	0,26	6,24	-0,19	-0,19	-0,19	-0,19
1.5.2022	31.5.2022	-0,35	-0,35	-0,35	0,26	5,40	-0,35	-0,35	-0,35	-0,35
1.4.2022	30.4.2022	-0,49	-0,49	-0,49	0,26	4,66	-0,49	-0,49	-0,49	-0,49
1.3.2022	31.3.2022	-0,49	-0,49	-0,49	0,26	4,02	-0,49	-0,49	-0,49	-0,49
1.2.2022	28.2.2022	-0,49	-0,49	-0,49	0,26	3,17	-0,49	-0,49	-0,49	-0,49
1.1.2022	31.1.2022	-0,49	-0,49	-0,49	0,26	2,38	-0,49	-0,49	-0,49	-0,49

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.11.2022	–	1,49	1,49	1,49	7,17	1,49	7,97	1,88	1,49	1,49	1,76
1.10.2022	31.10.2022	1,03	1,03	1,03	7,17	1,03	6,58	1,55	1,03	1,03	1,76
1.9.2022	30.9.2022	0,71	0,71	0,71	7,17	0,71	6,58	1,22	0,71	0,71	1,52
1.8.2022	31.8.2022	0,38	0,38	0,38	5,81	0,38	5,10	0,82	0,38	0,38	1,19
1.7.2022	31.7.2022	0,02	0,02	0,02	5,81	0,02	5,10	0,50	0,02	0,02	1,19
1.6.2022	30.6.2022	-0,19	-0,19	-0,19	4,88	-0,19	4,40	0,22	-0,19	-0,19	1,02
1.5.2022	31.5.2022	-0,35	-0,35	-0,35	4,06	-0,35	3,38	0,08	-0,35	-0,35	0,86
1.4.2022	30.4.2022	-0,49	-0,49	-0,49	3,42	-0,49	3,38	-0,01	-0,49	-0,49	0,66
1.3.2022	31.3.2022	-0,49	-0,49	-0,49	2,85	-0,49	2,74	-0,04	-0,49	-0,49	0,66
1.2.2022	28.2.2022	-0,49	-0,49	-0,49	2,04	-0,49	2,74	-0,05	-0,49	-0,49	0,66
1.1.2022	31.1.2022	-0,49	-0,49	-0,49	1,21	-0,49	2,27	-0,03	-0,49	-0,49	0,51

Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)

2022/EES/68/24

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Eftirfarandi ákvarðanir hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

Efni	Tilvísun ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
Tríklórétýlen (TCE) EB nr. 201-167-4; CAS nr. 79-01-6	C(2022) 6874	3. október 2022	REACH/22/31/0	Stjtið. ESB C 388, 10.10.2022, bls. 6
4-(1,1,3,3-Tetrametýlbútyl)fenól, etoxýlerað (4-tert-OPnEO) EB-nr.: -, CASnr.: -	C(2022) 6922	4. október 2022	REACH/22/28/0 REACH/22/28/1 REACH/22/28/2	Stjtið. ESB C 390, 11.10.2022, bls. 2

Ákvarðanirnar er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: Authorisation (europa.eu) https://ec.europa.eu/growth/sectors/chemicals/reach/authorisation_en

⁽¹⁾ [Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.](#)